

ÁRSSKÝRSLA SJÁLANDSSKÓLA

2012



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Hagnýtar upplýsingar	4
Áherslur í starfi Sjúlandsskóla árið 2011 – 2012	19
Tyllidagar og viðburðir á skólaárinu	20
Samstarf heimilis og skóla	30
Skýrsla foreldrafélags Sjúlandsskóla	31
Þróunarverkefni á skólaárinu	32
<i>Samtantekt og mat á árangri skólastarfsins</i>	35
Skýrslur umsjónarkennara	38
Skýrsla dönskukennara	95
Skýrsla enskukennara	101
Skýrslur list og verkgreinakennara	107
Stuðningsþjónusta	159
Tómstundaheimilið Sælukot	176
Fylgiskjal 1	183
Fylgiskjal 2	184
Fylgiskjal 4	193
Fylgiskjal 5	201

Inngangur

Ársskýrsla Sjúlandsskóla 2011-2012 er sjöunda skýrsla skólans frá upphafi. Ársskýrslan er skrifuð með það í huga að gefa lesendum skýra mynd af skólastarfinu eins og kostur er. Allir kennarar og starfsfólk skólans koma að gerð skýrslunnar með lýsingu á þeim störfum sem þeir hafa innt af hendi á skólaárinu. Skýrslunni er ætlað að varpa ljósi á það framsækna starf sem fram fer í skólanum sem og hindranir sem verið hafa á veginum með það að leiðarljósi að bæta og þróa starfið í Sjúlandsskóla.

Sjúlandsskóli er heildstæður, einsetinn grunnskóli með 1. -10. bekk. Foreldrar í Garðabæ hafa val um grunnskóla. Þess vegna dreifist búseta nemenda og um eiginleg skólahverfi er ekki að ræða. Nærhverfi Sjúlandsskóla eru Ásahverfi, Grundir, Sjúlandshverfi, Prýði og Nes. Hverfið markast af Hafnarfjarðarvegi í suður, Gálgahrauni í vestur, Arnarnesvogi í norður og Kópavogi í austur.

Fyrsti skóladagur skólaársins 2011-2012 var 22. ágúst og voru 251 nemandi skráður við skólann. Foreldraviðtöl voru boðuð fyrsta skóladaginn. Fyrirkomulagið var með þeim hætti að nemendur voru boðaðir í viðtal til umsjónarkennara með forráðamönnum. Markmið þessara viðtala var að kynna nýjum nemendum, fara yfir skipulag vetrarins með eldri nemendum og skerpa á markmiðum hvers og eins.

Sjúlandsskóli starfar eftir aðalnámskrá grunnskóla og grunnskólalögum. Skóladagatal skólans er í fylgiskjali númer 2. Skólastjóri á sjöunda starfsári skólans var Edda Björg Sigurðardóttir og aðstoðarskólastjóri var Sesselja Þóra Gunnarsdóttir.

Í nóvember 2011 fékk Sjúlandsskóli Íslensku menntaverðlaunin fyrir nýsköpun og farsælt samhengi í fræðslustarfi. Verðlaunin eru viðurkenning á þeirri vegferð sem hafin var haustið 2005 við stofnun skólans en starfsfólk hans hefur frá upphafi haft metnaðarfullt markmið með áherslu á einstaklingsmiðað nám, fjölbreytta, sveigjanlega og lýðræðislega kennsluhætti, sköpun og tjáningu.


Skýrslan skiptist í átján kafla auk formála. Skýrslunni er dreift til skólaráðs, stjórnar foreldrafélagsins, skólanefndar Garðabæjar, forstöðumanns fræðslu- og menningarviðs ásamt deildarstjóra skóladeildar. Skólaskýrslan 2011-2012 er einnig birt á vef Sjúlandsskóla ásamt ýmsum öðrum upplýsingum sem lúta að skólastarfinu.

Sjúlandsskóli, 25. júní 2012, Sesselja Þóra Gunnarsdóttir, aðstoðarskólastjóri.

Hagnýtar upplýsingar

Nemendur

Samtals voru 251 nemandi í skólanum á skólaárinu. Stúlkur í skólanum voru 121 og drengir voru 130. Í 1. og 2. bekk var samkennsla í tveimur umsjónarhópum með alls 47 nemendur. Samkennsla var í 3. og 4. bekk í tveimur umsjónarhópum með alls 47 nemendur. Í 5. – 6. bekk var samkennsla í þremur umsjónarhópum með alls 65 nemendur. Tveir umsjónarhópar voru í 7. bekk með alls 29 nemendur. Í unglingsdeild var kennt í einum umsjónarhópi í hverjum árgangi fyrir sig nema í 8. bekk en þar voru tveir umsjónarhópar. Í 8. bekk voru 31 nemandi, 16 nemendur í 9. bekk og 16 nemendur í 10. bekk.




Fjöldi nemenda í Sjálandsskóla á árunum 2005 – 2011


Nemendafjöldi í Sjálandsskóla hefur aukist jafnt og þétt frá árinu 2005. Áætlaður fjöldi nemenda á skólaárinu 2012-2013 er um það bil 260 nemendur. Í töflunni hér fyrir neðan er þróun nemendafjölda frá 2005 – 2011. Einnig er línurit sem sýnir nemendapróun Sjálandsskóla.

Þróun nemendafjölda

2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
85	114	167	182	238	249	251




Eftirfarandi súlurit sýnir búsetu nemenda í Sjálandsskóla skipt eftir hverfum Garðabæjar. Einhverjir nemendur skólans búa utan sveitafélagsins og flokkast þeir undir annað.



Ástundun

Samantekt ástundunar leiðir í ljós að skráðir veikindadagar í Mentor eru samtals 1675. Beðið var um leyfi fyrir nemendur í 1003 daga.

Ef tekið er meðaltal af þessum fjarvistum þá er hver nemandi veikur í 6,6 daga og í leyfi að meðaltali 4 daga. Eftirfarandi tafla sýnir ástundun nemenda eftir árgöngum.



Bekkur	2008-2009		2009-2010		2010-2011		2011-2012	
	Veikindi	Leyfi	Veikindi	Leyfi	Veikindi	Leyfi	Veikindi	Leyfi
1.2. bekkur							139	95
3.4. bekkur	157	190	258	152	240	140	202	106
5.6. bekkur	246	120	362	195	372	238	253	185
7. bekkur	59	34	99	30	263	242	163	132
8. bekkur	115	83	202	91	107	51	204	192
9. bekkur			141	111	209	75	97	93
10. bekkur					118	140	135	45

Starfsmenn

Í Sjúlandsskóla starfar hópur fagmenntaðra og ófaglærðra starfsmanna sem vinna í sameiningu að því að byggja upp skólastarf sem einkennist af vilja og virðingu en það eru einkunnarorð skólans. Sameiginlega hafa allir starfsmenn Sjúlandsskóla hag nemenda að leiðarljósi. Þeir starfa undir verkstjórn skólastjórnenda og eiga í nánu samstarfi sín á milli, við nemendur, foreldra og aðra sem að skólastarfinu koma. Allir starfsmenn skólans bera mikla

ábyrgð á skólastarfinu jafnt undirbúningi, framkvæmd og mati og leggja metnað sinn í að styðja hvern annan í starfi. Starfsmenn skólans miðla þekkingu sín á milli, reynslu og færni og nýta sér þau tækifæri sem gefast til þess að vaxa í starfi jafnt innan veggja skólans sem utan.

Skólaárið 2011-2012 störfuðu við skólann 49 starfsmenn. Kennarar voru 28 og þar af tveir stjórnendur. Einn umsjónarmaður félagsmiðstöðvar, einn kennsluráðgjafi, einn þroskajálfi, þrjár stuðningsfulltrúar, einn bókaforður, sex starfsmenn við tólmstundaheimili, fimm skólaliðar, einn ritari og einn umsjónarmaður með húsnæði skólans.



Eftirtaldir starfsmenn störfuðu við skólann í fullu starfi og afleysingu skólaárið 2011-2012.


Nafn	Staða	Netfang
Anna Lilja Torfadóttir	Tungumál o.fl	annalilja (há) sjalandsskoli.is
Aron Friðrik Georgsson	Stuðningur (frá 1. mars)	
Ásta Sölvadóttir	Kennari/sérkennsla	Astas (há) sjalandsskoli.is
Berglind Þórðardóttir	Umsjónarkennari	Berglindtho (há) sjalandsskoli.is
Bjarney Gísladóttir	Bókaforður	bjarneyg (há) sjalandsskoli.is
Bryndís Rail	Sérkennari	bar (há) sjalandsskoli.is
Darri Steinn Konráðsson	Starfsmaður Sælukots	
Davíð Örvar Ólafsson	Íþróttakennari /Sælukot	davido (há) sjalandsskoli.is
Dorin Tamasan	Skólaliði	dorint (há) sjalandsskoli.is
Edda Björg Sigurðardóttir	Skólastjóri	edda (há) sjalandsskoli.is
Elfa Hrönn Friðriksdóttir	Umsjónarkennari	elfa (há) sjalandsskoli.is
Erna Sif Auðunsdóttir	Fæðingarorlof	ernaa (há) sjalandsskoli.is
Eygló R. Sigurðardóttir	Kennsluráðgjafi	eyglor (há) sjalandsskoli.is
Guðný Margrét Magnúsdóttir	Smíðakennari (frá 1. jan)	gudnymm@simnet.is
Guðrún Dóra Jónsdóttir	Myndmenntakennari	Gudrunj (há) sjalandsskoli.is
Harpa Maren Sigurgeirsdóttir	Námsráðgjafi	harpamaren (há) sjalandsskoli.is
Hilmar Þór Sigurjónsson	Starfsmaður Sælukots	
Helgi Grímsson	Námsleyfi	helgi(há)sjalandsskoli.is
Hrafnhildur Sigurðardóttir	Umsjónarkennari	hrafnhildursig (há) sjalandsskoli.is
Hrafnhildur Sævarsdóttir	Íþróttakennari	hrafnhs (há) sjalandsskoli.is
Ingunn Þóra Hallsdóttir	Umsjónarkennari	ingunnth (há) sjalandsskoli.is
Ingvar Þór Guðjónsson	Umsjónarkennari	Ingvarg (há) sjalandsskoli.is
Ingveldur Karlsdóttir	Umsjónarkennari	ingveldurk (há) sjalandsskoli.is
Íris Björk Baldursdóttir	Umsjónarkennari	irisb (há) sjalandsskoli.is

Jóhanna Elísa Magnúsdóttir	Meðferðarfulltrúi	johannam (há) sjalandsskoli.is
Jóhanna M Fleckenstein	Tómstundafræðingur	Johannaf (há) sjalandsskoli.is
Leonard Bizoi	Skólaliði	leonardb (há) sjalandsskoli.is
Linda Rán Úlfarsdóttir	Skólaliði	lindau(há)sjalandsskoli.is
Margrét Helgadóttir	Umsjónarkennari	maggy (há) sjalandsskoli.is
Margrét Tómasdóttir	Umsjónarkennari	margrett (há) sjalandsskoli.is
Margrét Þorleifsdóttir	Umsjónarkennari	margretth (há) sjalandsskoli.is
Ólafur Schram	Tónmenntakennari	olafurs (há) sjalandsskoli.is
Ósk Auðunsdóttir	Umsjónarkennari	oska (há) sjalandsskoli.is
Sesselja Þóra Gunnarsdóttir	Aðstoðarskólalastjóri	sesseljag (há) sjalandsskoli.is
Sigríður Gísladóttir	Yfirproskabjálfi (til 31. des)	sigridurg (há) sjalandsskoli.is
Sigríður Ólafsdóttir	Sérkennari	sigriduro (há) sjalandsskoli.is
Sigurbjörg Ósk H Sigurðardóttir	Umsjónarkennari	Sigubjorgs (há) sjalandsskoli.is
Sigurður Guðleifsson	Umsjónarmaður	sigu (há) sjalandsskoli.is
Sigurður Grétar Sigurjónsson	Stuðningur (1.des-1.mars)	
Silja Kristjánsdóttir	Textílkennari	Siljak (há) sjalandsskoli.is
Soffía Dagmar Þorleifsdóttir	Ritari	soffiath (há) sjalandsskoli.is
Sonia Dias F.C. Leite	Skólaliði	soniad (há) sjalandsskoli.is
Steinunn G Thorarensen	Yfirproskabjálfi (frá 1. jan)	Steinunnt (há) sjalandsskoli.is
Svanhildur Gísladóttir	Skólaliði	svanhildurgi (há) sjalandsskoli.is
Tandri Már Konráðsson	Starfsmaður Sælukots	
Þórdís Þórðardóttir	Afleysingar	
Þórey Íris Halldórsdóttir	Umsjónarkennari	thoreyh (há) sjalandsskoli.is
Þórhildur Gunnarsdóttir	Stuðningsfulltrúi	torgun25 (há) gmail.com

Starfsmenna stoðþjónusta Sjálandsskóla

Brynjólfur G. Brynjólfsson	Sálfræðingur	brynjolfur (há) gardabaer.is
Kristín Blöndal Magnúsdóttir	Hjúkrunarfræðingur	kristinb (há) sjalandsskoli.is
Stella Hermannsdóttir	Talmeinafræðingur	stellahe(há)gardabaer.is
Trausti Valsson	Sálfræðingur	trausti (há) gardabaer.is





Símenntun starfsmanna

Starfsmenn Sjálandsskóla sækja námskeið í skyndihjálparáætlun á milli ára. Þeir starfsmenn sem ekki voru með skyndihjálparáætluninni í gildi sóttu námskeið á vegum skólans 11. og 12. ágúst 2011. Kennarar sem sóttu slíkt námskeið haustið 2010 komu til starfa mánudaginn 15. ágúst 2011. Fyrsta verkefni kennara og liður í endurmenntun var ráðstefna áhugafólks um skólaþróun með yfirskriftinni „vinnum saman þvert á greinar.“ Einnig voru fyrstu dagarnir nýttir til samráðs í teyrum og nánari undirbúning fyrir komandi vetur. Ítarlega var farið yfir hugmyndafræði og innra skipulag skólans ásamt breyttum áherslum í námsmati. Innleiðing námsmats í mentor hófst strax á haustdögum með það að markmiði að skila námsmati nemenda til forráðamanna í gegnum mentor vorið 2012.

Starfsmenn skólans störfuðu samkvæmt gildandi símenntunaráætlun fyrir skólaárið 2011-2012. Persónuleg endurmenntun kennara var fjölbreytileg og í samræði við þarfir kennara til að sinna sínu starfi. Allir kennarar skiluðu yfirlitsblaði um endurmenntun sína til aðstoðarskólastjóra við lok skólaársins. Kennarar og starfsfólk Sjálandsskóla fór í endurmenntunarferð til Toronto – Kanada dagana 8. – 14. júní. Farið var í tvær skólaheimsóknir og einnig sótti starfsfólkið fyrirlestur um Ppc program (positive peer culture). Heimsóknin var bæði lærdómsrík og fræðandi.

Ráðningar starfsfólks

Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahópnum á skólaárinu. Í ágúst 2010 bættust sjö nýir starfsmenn í hópinn, fjórir kennarar, tveir skólaliðar og einn kennsluráðgjafi í afleysingu vegna veikinda. Einn kennaranna leysti af í fæðingarorlofi, einn leysti af í starfsleyfi og tveir leystu af í veikindaleyfi. Í janúar 2012 fór yfirproskapjálfi Sjálandsskóla í launalaust leyfi og

var þroskaþjálfari fenginn í afleysingu frá áramótum. Einnig hætti smíðakennari sem var í afleysingu um áramót og var nýr ráðinn inn í staðinn. Allir nýir starfsmenn voru kallaðir í viðtal með skólustjóra og aðstoðarskólustjóra. Við ráðningu allra starfsmanna var lögð rík áhersla á að allt starfsfólk skólans starfaði í teyllum og nánun samstarfi með það helsta hlutverk að starfa með börnum að fjölbreyttum verkefnum. Einnig var lögð rík áhersla á að starfsfólk sýndi sveigjanleika og væri tilbúið að grípa inn í störf annarra starfsmanna ef aðstæður krefðust þess. Stefna Sjúalandsskóla er að þeir sem sinna kennslu hafi til þess fullgild réttindi og gekk það eftir.

Forföll starfsmanna

Þegar upp komu forföll hjá kennurum var leitast við að tryggja sem minnsta röskun á starfi nemenda og þeir fylgdu stundatöflu eins og kostur var. Kennarar Sjúalandsskóla störfuðu áfram eftir samkomulagi kennara við Garðabæ þar sem ákvæði í samningnum gerir ráð fyrir því að kennarar bæti á sig forföllum annarra kennara í teyllum án sérstakrar greiðslu. Þetta fyrirkomulag átti við um forföll á fyrsta degi. Þá sinntu kennarar, forfallakennara og skólustjórnendur forfallakennslu þegar við átti. Oft sinntu skólaliðar eftirliti með nemendum í forföllum kennara en þá með leiðsögn. Forföll annarra starfsmanna voru í flestum tilvikum leyst með hagræðingu og flutningi verkefna. Þegar forföll starfsmanna á skólaárinu er borin saman við forföll síðasta árs hefur skráðum veikindadögum fækkað um 54 % en veikindi vegna barna haldast óbreytt. Sjá nánar forföll skólaársins 2011-2012 í töflunni hér fyrir neðan.

	Veikindi	Veikindi barna	Samtals
Kennarar	91	43	134
Aðrir	111	34	145
Samtals	202	77	279

Samkomulag um vinnutímaskilgreiningu milli Sjúalandsskóla og Garðabæjar.

Í ágúst 2011 undirrituðu fulltrúar Garðabæjar og kennara Sjúalandsskóla samkomulag um breytta vinnutímaskilgreiningu og breytt vinnuframlag kennara sem tók strax gildi og verður tekið til endurskoðunar eftir tvö ár. Þetta samkomulag er sambærilegt því er gildi á skólaárinu 2009-2010 og 2010-2011. Helsta breytingin á milli ára er að núgildandi samkomulag hefur lengri gildistíma en fyrri. Samkomulagið fól í sér að vinnutímaákvæði kennara yrðu hliðstæð og hjá öðrum háskólamenntuðum starfsmönnum sveitarfélaga, þ.e. á bilinu frá kl. 8 – 17 og

innan þeirra tímamarka væri öll vinnuskylda kennara. Markmið samkomulagsins var að tryggja enn frekar vinnuumhverfi þar sem kennarar vinna saman sem hópur fagmanna að undirbúningi, framkvæmd og mati skólastarfs, undir verkstjórn skólustjóra; nemendum, starfsmönnum og skólastarfinu í heild sinni til bóta.

Það er mat kennara, trúnaðarmanna og skólustjórnenda að vinna samkvæmt samkomulagi sé mjög mikilvæg fyrir skólastarf í Sjúlandsskóla og henti innra skipulagi skólastarfsins afar vel.

Starfmannasamtöl

Starfsmannasamtöl voru í mars og apríl og tóku skólustjórnendur þau við kennara og starfsmenn en umsjónarmaður tók viðtöl við skólaliða. Í starfsmannasamtölum var stuðst við umræðublað sem starfsmaður fékk sent fyrir viðtalið. Meðal annars var rædd líðan starfsmanns í vinnunni, starfsánægja, starfið sjálft, samskipti og endurmenntun starfsmanns. Önnur mál sem stjórnendur og starfsmaður töldu mikilvæg voru einnig rædd.

Ytri tengsl

Hátíðarsalur Sjúlandsskóla var nýttur til fjölmargra viðburða. Til að mynda var haldið ársþing samtaka áhugafólks um skólaþróun, vinabæjarmót, íbúafundir nærliggjandi fjölbýlishúsa, hverfaskiptir íbúafundir á vegum Garðabæjar, fundir grunnstoðar Garðabæjar, skemmtikvöld á vegum foreldrafélags Sjúlandsskóla, skemmtanir á vegum Sjúlandsskóla sem og skemmtanir á vegum Alþjóðaskólans. Einnig var Klifið með aðstöðu í Sjúlandsskóla fyrir námskeið á sínum vegum.

Fjölmargir gestir komu í vetur og kynntu sér starfsemi skólans og bygginguna. m.a.:

- Kennarar frá grunnskólanum á Höfn í Hornafirði
- Kennarar frá grunnskólum Vestfjarða
- Kennarar frá Smáraskóla í Kópavogi
- Kennarar frá skóla Ísaks Jónssonar
- Kennaranemar úr Háskóla Íslands – menntavísindasviði
- Skólafólk tengt Comeniusarverkefninu „Fit for life, fit for Europe“
- Comeniusargestir frá verkefninu ”Treasure island”
- Grunnskólanemendur frá Þýskalandi
- Comeniusargestir í tengslum við ráðstefnu um útikennslu.

Stjórnendur og kennarar skólans aðstoðuðu einnig fjölmarga kennaranema með því að svara spurningalistum, viðtölum og aðstoðuðu nema með lokaritgerðir.

Tengsl við aðra grunnskóla, leikskóla, atvinnulíf, íþróttta- og æskulýðsfélög, kirkju og frjáls félagasamtök.

Sjálundsskóli átti margháttað samstarf við aðila innan Garðabæjar að þróun skólastarfs.

- Skólastjórnendur og kennarar 1.- 2. bekkjar áttu í samstarfi við leikskóla í bænum vegna "brúum bilið" verkefnisins.
- Skólastjóri og kennarar í 7. bekk áttu samráð við Garðaskóla vegna flutnings nemenda í og úr Sjálundsskóla.
- Náíð samstarf var við leikskólann Sjáland og voru mánaðarlegar heimsóknir milli skóla allan veturinn. Einnig lásu nemendur í 2. bekk fyrir leikskólann einu sinni í viku.
- Starfsfólk og nemendur Sjálundsskóla áttu mikið og gott samstarf við Alþjóðaskólann á Íslandi.
- Skólinn átti gott samstarf við starfsfólk íþróttamiðstöðvarinnar í Sjálandi.
- Samráð var haft við Stjórnuna vegna verkefnis með 5.-6. bekk.
- Kennsluráðgjafi í upplýsinga - og tæknimennt vann að þróun fagsins í samstarfi við kennsluráðgjafa í öðrum grunnskólum Garðabæjar.
- Skólastjórnendur áttu reglulega fundi með skólastjórum í Garðabæ og sátu fundi grunnskólafulltrúa.
- Sjálundsskóli hélt helgistund í Vídalínskirkju í samstarfi við sóknarprest.
- Nemendur tónlistarskóla Garðabæjar sem lögðu stund á hljóðfæranám í Sjálundsskóla héldu jólatónleika í skólanum.
- Nemendur skólans fóru í fjölmargar vettvangsferðir í nágrenni skólans allt skólaárið.
- Kennarar og þroskaþjálfari í unglingadeild áttu samstarf við FG vegna fjarnáms nemenda og flutnings nemenda milli skóla.
- Skólinn átti í samstarfi við fjölmargar bæjarstofnanir t.d. starfsfólk stofnana ÍTG, áhaldahús, garðyrkjudeild og bæjarskrifstofur vegna undirbúning og framkvæmd skólastarfsins.
- Kennara og starfsfólk skólans átti fagfundi með grunnskólum Garðabæjar tvisvar á sl. skólaári.
- Skólinn tók þátt í Comeniusarverkefninu „Fit for Life – fit for Europe“ og verkefninu "Treasure island"

Skólaárið

Samkvæmt skóladagatali eru skóladagar nemenda 180. Kennsludagar nemenda voru 173 og skertir dagar skólaárið 2011 - 2012 alls sjö. Skertir dagar eru það þegar nemendur mæta aðeins hluta úr degi. Þeir dagar eru skólasetningardagur, tveir foreldradagar, dagur vegna jólaskemmtunar, öskudagur, innilega og skólaslitadagur. Kennsla fellur niður í jólaleyfi nemenda sem er frá 21. desember til og með 4. janúar. Vetrarleyfi var 13. til og með 17. febrúar og páskaleyfi 2. apríl til og með 9. apríl. Kennsla féll niður vegna fimm skipulagsdaga kennara á skólaárinu, þ.e. 16. september, 24. október, 4. janúar, 20. apríl og 7. júní.

Aðrir dagar á skólaárinu þar sem brugðið var út frá hefðbundnu skólastarfi hjá öllum nemendum skólans voru:

13. september	Gróðursetningardagur
28. september	Íþróttadagur
16. nóvember	Dagur íslenskrar tungu
1. desember	Fullveldishátíð
14.-16. desember	Jólafondur
22. febrúar	Öskudagur
17. apríl	Skíðaferð - dagsferð
27. apríl	Dagur umhverfisins
13.-18. maí	Föt sem framlag
4. júní	Íþróttadagur
5.-6. júní	Innilega

Þess ber þó að geta að ekki var um að ræða skerta kennsludaga heldur breytt fyrirkomulag. Aðeins öskudagur var einum tíma styttri en venja er. Fjallað er sérstaklega um skipulag þessara daga í sérstökum kafla. Einnig má lesa um flesta þessa viðburði í fréttadagbók (fylgiskjal 8).

Skóladagur nemenda

Skólastarf hefst kl. 8:15 og lýkur klukkan 14:05.

Skólahúsnæðið er opið frá kl. 7:30 á morgnana. Nemendur geta mætt í skólann frá klukkan 7:30 á morgnana en umsjónarmaður húsnæðis sér um gæslu fyrst á morgnana til klukkan 8:00 þegar starfsmenn almennt mæta. Eftir að skóla lýkur býðst nemendum í 1.-4. bekk lengd viðvera til klukkan 17:15 sem er starfrækt á vegum tómstundaheimilis skólans-Sælukots.

Á samkomusal komu nemendur í 1.-7.bekk saman á hverjum morgni í hátíðarsalnum og sungu saman tvö lög, sáu skemmtiatriði ef slíkt var í boði og hlustuðu á tilkynningar. Skólastjóri stýrði samkomu og allir starfsmenn skólans tóku þátt í henni. Foreldrar og forráðamenn voru ávallt velkomnir að taka þátt í samkomu og nýttu margir sér það. Í 8. og 10. bekk hófst kennsla strax klukkan 8:15. Nemendur í 8. og 10. bekk komu af og til í morgunsöng.

Nemendur fá 10 mínútna langan nestistíma og 20 mínútna útivistartíma fyrir hádegi. Nesti og útivist eru tvískipt þannig að 1.-4. bekkur byrjar útivist á meðan 5.-7. bekkur er í nesti. Í nestistímanum er létt hressing í kennslurýminu og lögð er áhersla á að nemendur komi með ávexti eða grænmeti.

Sami háttur er hafður á í hádegishléinu en borðað er í matsalnum. Öllum nemendum gefst kostur á að kaupa hádegismat í skólanum eða koma með nesti. Hægt er að hita í örbylgjuofni og/eða nýta samlokugrill í skólanum.

Starfsmenn skipta með sér gæslu í öllum frímínútum bæði úti og inni eftir því sem við á.

Nemendur sækja íþróttakennslu og sund í íþróttahúsi Sjálandsskóla eina klst. á viku í hvorri grein. Auk þess fara nemendur í útikennslu einn dag í viku alls þrjár kennslustundir.

Í umsjónartíma áttu nemendur stund með umsjónarhópnum sínum á umsjónarsvæði. Farið var í markvissa málörvun, lífsleikni, skipulag eða uppgjör dagsins eftir því hvort um var að ræða umsjónartíma í upphafi eða lok dags.

Á milli kennslustunda áttu nemendur hlé. Þetta hlé var notað til næringar, útiveru, hreyfingar og slökunar. Í frímínútum gátu nemendur valið um hvort þeir færu út á skólalóð til leikja og íþróttar eða væru inni í rólegum leikjum, spilum, handavinnu eða vinnu með þroskandi leikföng. Einnig stóð nemendum til boða að vinna verkefni í listgreinastofum tvisvar í viku og á bókasafni skólans tvisvar í viku.

Hver kennslustund hjá 1.-7. bekk var 60 mínútur og skipti þá ekki máli að hvaða fagi var unnið. Kennarar voru afar sáttir við þessa tímalengd og hentaði það skólastarfinu vel. Kennslustundir hjá 8. og 10. bekk voru ýmist 40 eða 60 mín.

Skóladagurinn var jafn langur hjá öllum nemendum í 1.-7. bekk. Var það upphaflega gert til þess að stuðla að betra næði í lok skóladags þar sem allir árgangar voru saman á heimasvæði. Þannig fengu yngstu nemendur talsvert lengri skóladag en gengur og gerist en 5., 6. og 7. bekkur í við styttri. Á mánudögum voru nemendur í 8. og 10. bekk í kennslu til 14:50 á öðrum dögum lauk skóladegi þeirra kl. 14:05. Unglingadeildin hefur styttri frítíma á milli kennslustunda og voru því með lengri kennslutíma þrátt fyrir að lengd skóladagsins væri sú sama fjóra daga vikunnar. Var þetta gert með samþykki foreldraráðs, grunnskólafulltrúa og menntamálaráðuneytis. Þetta fyrirkomulag skóladags gafst afar vel og hefur því verið haldið áfram.

Sérstakir foreldraviðtals dagar voru hafðir að hausti og aftur að vori. Var þetta nýbreytni í skólastarfinu sem gafst vel.

Engir sérstakir prófdagar voru hafðir í 1.-7. bekk en á unglingsstigi voru þrjú prófdagar.

Skólahúsnæði- skólalóð

Skólinn er staðsettur í útjaðri Sjúalandshverfis í fjöruborðinu í Arnarnesvogi. Hann stendur við Löngulínu 8, 210 Garðabæ. Hraunholtslækur rennur undir skólabygginguna og stendur skólinn við fjöruna í Arnarnesvogi. Tveir inngangar eru við skólann. Nemendur nota innganginn við Ránargrund en einnig er hátíðarinnangangur við Löngulínu sem einnig er inngangur fyrir íþróttahús skólans.

Skólalóðin

Á lóð við annan áfanga skólans eru nokkur svæði sem nýtast vel í skólastarfinu. Við norðurenda íþróttahúss er þrek- og teygjustöð. Við vesturenda er hringsvið, áttaviti og skákborð og á suðurhlið hópeflisstöð.

Fjaran og Arnarnesvogurinn

Nálægð við Arnarnesvoginn og Hraunholtslæk skiptir miklu máli í skólastarfinu og nýttist afar vel í allri útikennslu. Nemendur læra fljótt og vel að lækurinn og fjaran er ekki leiksvæði og þar má aðeins vera með starfsmanni skólans. Umsjónarmaður skólans (húsvörður) fór öðru hvoru með barnahópa í „veiðiferðir“ niður í fjöru í frímínútum vor og haust. Aflinn var settur í 2000 ltr. kaldsjávarbúr sem staðsett er í anddyri skólans.

Öllum nemendum 5.-10. bekkjar stóð til boða að fara út á sjó að hausti og vori. Haldið var sérstakt þriggja daga námskeið, annars vegar fyrir stelpur og hins vegar stráka í meðferð kajakanna. Við opnun sundlaugar opnaðist nýr möguleiki í starfi siglingaklúbbs skólans.

Skólahúsnæðið

Skólaárið 2011-2012 var nýting á skólahúsnæðinu góð. Þannig voru öll heimasvæðin fullnýtt til kennslu. Annar áfangi skólans var einnig full nýttur frá morgni til kvölds. Í öðrum áfanga er hátíðar og matsalur, eldhús, tónlistarmiðstöð (tónmenntastofa og fimm herbergi til hljóðfæranáms), íþróttamiðstöð (þrír íþróttasalir og sundlaug) og tómstundaheimili. Nýja húsnæðið hefur nýst afar vel og hentar skólastarfinu vel. Einnig gegnir það hlutverki samfélagsmiðstöðvar í Garðabæ þar sem fjöldi borgara kemur saman í hverri viku til íþróttaiðkunar ýmiss konar.

Heimasvæði

Skólaárið var nemendum skipt á milli heimasvæða. 1.-4. bekkur var saman á neðri heimasvæði í fjórum umsjónarhópum, 5.-6. bekkur var saman á efra heimasvæði í þremur umsjónarhópum. 7. bekkur var á efri hæð í syðri álmu með tveimur umsjónarhópum. Unglingdæildin með nemendum í 8.-10. bekk var á heimasvæði á neðri hæð í syðri álmu. Alþjóðaskólinn var með umsjónarsvæði á efri hæð syðri álmu og á palli fyrir ofan bókasafn skólans.

Sérgreinastofur

Hefðbundið skólasafn og tölvustofa sameinast í upplýsingamiðstöð Sjálandsskóla. Nokkuð hefur bæst í bókakost safnsins þó eflaust megi enn bæta við bókakostinn. Foreldrafélag skólans gaf eitt bekkjarsett að gjöf til skólans.

Innangengt er á milli saumastofu (textílmenn), myndmenntastofu og smíðastofu (hönnun og tæknimenn) og hafa þeir kennarar sem þar kenna sameiginlega vinnuástöðu.

Íþróttakennsla fór fram á battavelli fyrir framan skólann og í íþróttasal skólans. Sundkennsla fór fram í sundlaug skólans.

Samfélagsmiðstöð

Á skólaárinu hefur skólinn verið sannkölluð samfélagsmiðstöð. Skólahúsnæðið nýtist mörgum bæjarbúum og fjölmargar stofnanir, félagasamtök og skólar notfæra sér skólabygginguna og er starf í henni flesta daga vikunnar frá morgni til kvölds.

Meðal notenda eru: Sjálandsskóli, Alþjóðaskólinn, Leikskólinn Sjáland, Tómsundaheimilið Sælukot, Símenntunarmiðstöðin Klifið, Tónlistarskóli Garðabæjar, Félagsmiðstöðin Garðalundur / Herkúlez, Jónshús, Barnaskóli Hjallastefnunnar, Ungmennafélagið Stjarnan, Júðofélag Garðabæjar, ungbarna- og meðgöngusund, Dance Center og Kajakfélagið.

Áherslur í starfi Sjálandsskóla árið 2011 – 2012

Helstu áhersluatriði á skólaárinu 2011 – 2012 voru samkvæmt skólaskýrslu 2010 – 2011 og starfsáætlun:

- Setja vinarhópana í fast form í 1.-4. bekk með jákvæðu og hvetjandi frumkvæði skólans.
- Starfsmenn og foreldrar þurfa að vera vakandi fyrir nýjum möguleikum varðandi vinarhópaformið fyrir eldri nemendur
- Byggja upp opið hús fyrir 5.-7. bekk t.d. vikulega í samstarfi við æskulýðsfulltrúa Garðabæjar og hina skólana.
- Tryggja betra upplýsingastreymi frá Garðalundi og skoða kosti þess að byggja upp sjálfstæða félagsmiðstöð í Sjálandsskóla til jafns við Garðalund í Garðaskóla undir sameiginlegri stjórn æskulýðsfulltrúa.
- Kennarar leiði frekara þróunarstarf varðandi heimspekiumræðu með börnum og vinnu með umhverfismál.
- Skoða betur kosti þess og galla að reka sjálfstætt framleiðslueldhús í skólanum.
- Gera stefnu skólans um heimavinnu sýnilega á heimasíðu skólans undir *Námið*.
- Hvetja kennara til að nýta hæfileika og sérþekkingu foreldra í skólastarfinu. Þetta þarf að taka upp á námsefniskynningum.
- Efla frekar þátttöku Sjálandsskóla í heilsueflandi grunnskóla í samvinnu við Lýðheilsustöð.

Tyllidagar og viðburðir á skólaárinu

Íslensku Menntaverðlaunin 2011

Afhending Íslensku menntaverðlaunanna fóru fram við hátíðlega athöfn í hátíðarsal Sjálandsskóla þann 9. nóvember 2011. Verðlaunin voru stofnuð af forseta Íslands árið 2005 og eru einkum bundin við grunnskólastarfið. Þau eru veitt í fjórum flokkum:

- Skóli sem sinnt hefur nýsköpun.
- Kennari sem skilað hefur merku ævistarfi.
- Ungt fólk sem við upphaf kennsluferils síns hefur sýnt hæfileika.
- Höfundur námsefnis.

Sjálandsskóli hlaut verðlaun í flokknum *Skóli sem sinnt hefur nýsköpun*. Verðlaunin eru æðsta viðurkenning sem hægt er að hljóta fyrir skólastörf. Í fréttatilkynningu frá Forseta Íslands segir:

Sjálandsskóli tók til starfa haustið 2005. Frá upphafi voru starfinu sett afar metnaðarfull markmið. Áhersla var lögð á einstaklingsmiðað nám, fjölbreytta, sveigjanlega og lýðræðislega kennsluhætti, sköpun og tjáningu. Skólabyggingin sjálf er einstakt umhverfi utan um þetta metnaðarfulla starf. Kennslurýmin eru opin og áhersla lögð á að nemendur taki þátt í að skipuleggja námið. Þeir gera sér námsáætlanir í samstarfi við kennara sína og bera meiri ábyrgð á starfi sínu en víða gerist. Fáir skólar bjóða jafn fjölbreytt og áhugavert val á unglिंगastigi. Þar geta nemendur valið milli 50 ólíkra viðfangsefna; útieldun, ítölsk matargerð, skartgripagerð, kajakróður, franska, sagnfræði og fatahönnun eru dæmi um þetta fjölbreytta val sem stenst fyllilega samjöfnuð við það sem gerist í fjölmennustu skólunum.

Þessi viðurkenning ere inn af hápunktum vetrarins og gefur starfsfólki skólans kraft til að halda áfram að þróa það framsækna umbótastarf sem ríkir í Sjálandsskóla.

Í maí kom menntamálaráðherra Katrín Jakobsdóttir og gestir frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu í heimsókn til að fylgja eftir Íslensku menntaverðlaununum.

Morgunsöngur

Morgunsöngur hefur verið í allan vetur. Sungin hafa verið tvö lög á hverjum morgni og reynt að hafa söngskrána fjölbreytta og að lögini höfði til sem flestra nemenda. Þá hafa lög markvisst verið kennd í tónmennt til að fjölga lögum sem nemendur þekkja og geta sungið vel. Í vetur hefur verið lögð áhersla á að nemendur syngi og þekki nokkur íslensk þjóðlög, lög við texta þjóðkunnra ljóðskálda, lög úr teiknimyndum og barnaleikritum, þjóðlög nokkurra annarra þjóða, ný og gömul barnalög og ný og gömul íslensk sönglög og dægurlög.

Reynt var að tengja morgunsönginn þeim þeim sem voru í gangi hverju sinni. Við fengum einnig góða gesti m.a. tónlistarmenn og leikara frá Færeyjum og tónlistarmann frá Grænlandi sem komu á vegum Norræna hússins.

Gróðursetningardagur í Sandahlíð

Sjálundsskóli fékk úthlutað landsvæði til ræktunar hjá Skógræktarfélagi Garðabæjar. Svæðið er í suðaustanverðri Sandahlíð nálægt Guðmundarlundi. Farið var með alla nemendahópa Þriðjudaginn 6. september í gróðursetningar- og útivistarferð. Nemendum skólans var skipt í fjóra hópa. Á meðan einn hópur plantaði birkiplöntum undir stjórn starfsfólks Garðyrkjudeildar Garðabæjar voru hinir við leiki í Guðmundarlundi. Afar vel hefur tekist að blanda nemendum í 1.-10.bekk saman í gróðursetninguna með það að leiðarljósi að eldri nemendum sé falið eftirlit með yngri nemendum. Í hádeginu voru grillaðar pylsur og svo var frjáls leikur á svæðinu. Dagurinn tókst mjög vel enda var veður gott og allir í sólskinsskapi.

Aðrir tyllidagar

Hefðbundið skólastarf var brotið upp með ýmsum uppákomum. Má þar nefna vinaviku sem endaði á Gleðidegi vikuna 7.-11. nóvember. Umboðsmaður barna kom í heimsókn og var með fyrirlestur ásamt því að fara í leiki með nemendum. Einnig voru unnin ýmis verkefni tengt vináttu og nemendur sömdu vinalag Sjálundsskóla sem var frumflutt á Gleðideginum. Í þessari sömu viku var dagur gegn einelti og fengum við fyrirlesara frá Jerico samtökunum sem ræddi við nemendur, foreldra og starfsfólk skólans um afleiðingar eineltis. Á Gleðideginum mættu nemendur og starfsfólk í betri fötunum og var tilkynnt úrslit í ljóða og sögukeppni sem fram fór í vinavikunni. Nemendur komu með veitingar á hlaðborð síns bekkjar. Þessi vika heppnaðist afar vel.

Einu sinni í mánuði vorum við með mismunandi uppákomur sem bæði nemendur og starfsfólk tóku þátt í má þar nefna hattadag, rauðan dag, náttfatadag, grænan dag, gulan dag og slæman hárdag. Þessir dagar heppnuðust mjög vel og gerði skólastarfið litríkara og skemmtilegra. Gert er ráð fyrir að þessir dagar verði áfram í svipaðri mynd.

Fullveldisdagurinn 1. desember

Fullveldisdagurinn hófst með því að nemendur í 8. bekk fluttu dagskrá sem var samansett af ýmsum fróðleik um fullveldishátíðina 1918, aðdraganda hennar og líf og starf Íslendinga á þeim tíma. Um leið og textinn var fluttur var sýnd glærusýning með ljósmyndum frá fullveldishátíðinni, frostavetrinum mikla og af húsum og lífsháttum Íslendinga. Að lokum sungu nemendur Sjúlandsskóla tvö ættjarðarlög. Nemandi úr Sjúlandsskóla sem stundar nám við Tónlistarskóla Garðabæjar lék á trompet. Dagskráin gekk vel og lögðu allir nemendur 8. bekkjar sitt af mörkum til að gera þessum merka degi í Íslandssögunni góð skil.

Jóladagskráin

Hefðbundið skólastarf var brotið upp að hluta hjá öllum árgöngum. Umsjón með verkefnum höfðu Guðrún Dóra Jónsdóttir, Sesselja Þóra Gunnarsdóttir og Silja Kristjánsdóttir.

Kennarar og starfsfólk í Sjúlandsskóla tóku þátt í að framkvæma öll verkefni.

Jóladagarnir voru 14. og 15. desember, samtals fjórar lotur með uppbroti á hefðbundinni stundatöflu í öllum árgöngum. Boðið var uppá níu valverkefni. Nemendur í 1.- 4. bekk máttu velja um fjögur verkefni. Nemendur í 5. – 7. bekk máttu velja um sex verkefni og nemendur í 8.-10. bekk máttu velja níu verkefni. Með þessu gátu nemendur valið sér verkefni eftir áhuga og getu, því verkefni voru mis erfið.

Verkefni

- Saltkrukka og jólanammi
- Skraut á jólatré úr trjágreinum
- Bókamerki
- Jólakúla úr álpappír
- Jólaskraut úr filti
- Pappamassaskál og jólanammi
- Spakmælabox
- Origami stjarna
- Origami fugl

Reynt var að nota það efni sem til var í skólanum ásamt því að verkefni voru valin með það í huga að endurnýta efni eins og kostur var.

Almennt gengu jóladagarnir mjög vel og voru nemendur ánægðir með það fyrirkomulag að mega velja sér verkefni í samræmi við áhugasvið þeirra. Verkefni voru hæfilega krefjandi og auðvelt var að aðlaga þau getu hvers og eins.

Verkefni sem unnin eru þvert á árganga hafa reynst vel í Sjálandsskóla og vilji er til að halda áfram að þróa verkefni sem henta vel til samvinnu milli árganga.

Árleg kirkjuferð í Vídalínskirkju var farin föstudaginn 16. desember kl. 11. Allir nemendur ásamt starfsfólki gengu fylktu liði til Vídalínskirkju þar sem Sr. Friðrik J. Hjartar tók á móti okkur. Nemendur tóku virkan þátt í hugvekjunni með söng, upplestri á jólasögu en einnig var einn nemandi valinn til að kveikja á kertunum á aðventukransinum. Eldri nemendur báru ábyrgð á að fylgja yngri nemendum upp í kirkju og sitja við hlið þeirra á meðan á athöfninni stóð. Þetta fyrirkomulag hefur gefist afar vel.

Litlu jólin voru haldin 20. desember. Dagurinn hófst með jólaskemmtun, þá helgileik, stofujól og endað með dansi í kringum jólatréð.

Öskudagurinn

Á öskudegi var brugðið út frá hefðbundnu skólastarfi. Nemendur máttu koma í öskudagsbúningi í skólann og starfsmenn voru einnig uppáklæddir í tilefni dagsins. Fyrsta stund fór í undirbúning söngatriða og hlutverkaleiki í búningum. Að loknum frímínútum var skemmtun og dans í samkomusal skólans. Að henni lokinni opnuðu ýmsar stöðvar í skólanum þar sem nemendur gátu m.a. slegið „Köttinn úr tunnunni“, farið í gegnum draugahús sem nemendur 8. bekkjar útbjuggu, farið í limbó, gengið á stultum og hoppað í hoppukastala.

Klukkan ellefu opnuðu þrettán „verslanir“ í skólanum þar sem nemendur gátu sungið söngva sína og fengið sælgæti að launum fyrir góðan söng. Sælgætið höfðu foreldrar gefið til skólans. Dagurinn endaði síðan með hádegisverði. Dagurinn tókst afar vel og voru börn og foreldrar ánægð með þennan dag. Nemendur í unglingadeild lögð hönd á plóginn á þessum degi.

Íþróttadagar

Íþróttadagur var haldinn þann 28. september 2011 frá kl. 10.10 – 14.00 með hádegishléi og frímínútum. Í morgunsöng var afhjúpað plaggat þar sem stendur að Sjálandsskóli sé heilsueflandi grunnskóli.

Það sem var í boði frá kl. 10.10-12.10 var að nemendum skólans var skipt í fjóra aldursblandaða hópa. Hóparnir voru 30 mínútur á hverjum stað í umhverfi skólans. Nemendur völdu sér tvö verkefni á þeirri stöð sem þeir voru á hverju sinni .

Staðsetningarnar voru eftirfarandi:

Skólalóð - Fótbolti á battavelli, stinger á körfunni sem er stök, brennó á brennóvellinum og kubbur á grasvelli.

Íþróttahús - Gryfjubolti og bandy í íþróttasal, borðtennis á palli, ásadans, stoppdans, setudans í matsal til kl. 11:00 og síðan í danssal.

Svæðið á milli íþróttahús og Jónshúss - Stígvélakast, reipitog, snú snú, sipp og kóngulóarhlaup.

Ylströnd - Blak, boccia, munkur ásamt því að vaða í ylströndinni og búa til sandkastala.

Starfsmenn á svæðunum sáu um að taka til dót sem þurfti og ganga frá því eftir notkun. Þá sáu þeir um að skipta nemendum á stöðvarnar.

Frá kl. 13.00-14.00 fór 1. – 7.bekkur í göngutúr (Arnarneshringinn) en 8.-10. bekkur fór í valgreinar.

Íþróttadagurinn gekk vel þó veðrið hefði mátt vera betra.

Þá var haldinn íþróttadagur 4. júní 2012. Íþróttadagurinn var allan daginn. Deginum var skipt í þrjár lotur og þrjár blandaðir hópar í hverri lotu. 1. -3. bekkur var saman, 4.-6. bekkur og 7.-9. bekkur. Hver hópur var 60 mínútur á hverju svæði. Nemendur fengu að velja sér stöðvar á svæðinu og gátu verið 15-20 mínútur á hverri stöð.

Svæðin og stöðvarnar voru eftirfarandi:

Skólalóð - Fótbolti á battavelli, stinger á körfunni sem er stök, körfubolti á velli, brennó á brennóvellinum, kubbur á grasvelli, pokahlaup, brettapallar og teygjÓ.

Íþróttahús - Gryfjubolti og bandy í íþróttasal, borðtennis á palli, kóngulóahlaup, hang og upphíftingur fyrir neðan hús, ásadans, stoppdans og setudans í matsal

Ylströnd og grassvæði - Stígvélakast, reipitog, snú snú, blak, boccia, kínakast, krikket og vaða/búa til sandkastala

Í lotu fjögur var val á milli fÓtboltamÓts, hjÓlaferðar, línuskautuferðar og kortaratleiks.

Dagurinn gekk vel, allir í gÓðum gír í gÓðu veðri.

Listadagar barna og ungmenna í Garðabæ

Umsjón með verkefninu höfðu Guðrún Dóra Jónsdóttir, Guðný Magnúsdóttir, Ólafur Schram og Silja Kristjánsdóttir.

Listadagar barna og ungmenna í Garðabæ voru haldnir 19. – 29. apríl 2012 og var yfirskriftin að þessu sinni hljómlist. Fulltrúi frá Sjálandsskóla sat undirbúningsfundi fyrir listadagana, en listgreinakennararnir sáu um að halda utan um undirbúninginn inni í skólanum.

Bækur

Sjálandsskóli hlaut styrk frá Garðabæ til þess að vinna verkefnið *Bækur* í samvinnu við bókasafn Garðabæjar. Verkefnið var unnið af öllum nemendum skólans vikuna fyrir listadagana. Listgreinakennararnir skipulögðu og stýrðu verkefninu, sem var unnið í smiðjum um allan skólann.

Með verkefninu var ætlunin að vekja athygli nemenda á bókum, hvetja þá til lesturs og til þess að nýta sér góðan bókakost bókasafnanna, í skólanum og á Garðatorgi. Úr gömlum og úr sér gegnum bókum voru búnir til skúlptúrar, lampar og húsgögn yfirdekk. Allt var þetta gert með þarfir bókasafnanna í huga, það er að segja lampar sem lesljós, stólar og borð. Þá var búinn til bókabíll, sem nemendur höfðu afnot af á skólalóðinni á meðan Listadögum stóð. Úr steinum sem klæddir höfðu verið litríkum blaðsíðum var hlaðin varða á skólalóðinni. Slíkir steinar vörðu líka leiðina frá Sjálandsskóla að bókasafni Garðabæjar. Súlur á göngum skólans svo og á bókasafninu voru jafnframt klæddar með blaðsíðum úr mismunandi bókum, teiknimyndasögusúla, ljóðasúla og landabréfabókasúla.

Á gögnum skólans var búið að stilla upp afrakstri vetrarins í myndmennt, smíðum og textílmennt.

Dagskrá Listadaga í Sjálandsskóla

Í Sjálandsskóla er mikið lagt upp úr morgunsöng á hverjum morgni og því var ákveðið að beina athyglinni að honum á Listadögunum. Vikuna 23. - 27. maí var gestum og gangandi boðið að koma í skólann kl. 8.10 – 8.30, taka þátt í morgunsöng og horfa á atriði sem hver árgangur hafði undirbúið.

Mánudaginn 23. maí sungu nemendur í 1. og 2. bekk lagið um það sem er bannað.

Þriðjudaginn 24. maí sungu nemendur í 3. og 4. bekk ættjarðarlög.

Miðvikudaginn 25. maí sýndu 5. og 6. bekkur leikritið *Loki*, byggt á norrænni goðafræði.

Fimmtudaginn 26. maí var 7. bekkur með söng- og dansatriði. Þau sungu *Stattu upp* og dönsuðu listadagadansinn við það.

Föstudaginn 27. maí sýndi unglingadeildin þrjú tónlistaratriði.

Annað

1. og 2. bekkur fór í vinnusmiðju í Hönnunarsafninu og bjó til hljóðfæri sem notuð voru í skrúðgöngu á sameiginlega Listadagahátíð við Garðatorg.

7. bekkur útbjóg 2 fuglahræður. Önnur var send á Garðatorg, en hin var höfð fyrir framan skólann.

Lífshlaupið

Lífshlaupið stóð frá 1. – 21. febrúar. Bæði nemendur og starfsfólk tóku þátt. Starfsfólki skólans var skipt í fjögur lið; Massar, Garpar, Köggjar og Hetjur og skráði hver og einn sína hreyfingu inn á vef lífshlaupsins. Kennarar í hverjum umsjónarhópi skráðu hreyfingu nemenda á hverjum degi. Nemendur þurftu að hreyfa sig að lágmarki 60 mínútur á dag til að fá daginn skráðan. Nemendur voru virkilega duglegir og hreyfðu sig mikið og skilaði það hópnum í 3. sæti í heildar keppninni eins og í fyrra. Starfsfólk skólans lenti í 7. sæti. Það setti þó strik í reikninginn hjá okkur að vetrarfrí kom inn í mitt átakið og var því skráð hreyfing minni en ella.

Árshátíð unglिंगadeildar

Árshátíð unglिंगadeildar Sjalandskóla var haldin fimmtudaginn 26. apríl. Nemendur stóðu að undirbúningi árshátíðar með aðstoð frá kennurum unglिंगadeildar og forstöðumanni Herkúlezar. Nemendur bjuggu til skreytingar og skreyttu hátíðarsalinn, útbjuggu auglýsingar og æfðu skemmtiatriði.

Húsið opnaði kl. 18 og hófst með fordrykk og myndatöku við sérhannaðan vegg sem nemendur höfðu útbúið. Allir nemendur unglिंगadeildarinnar nema einn kom á árshátíð. Fljótlega byrjuðu skemmtiatriði frá nemendum og kennurum. Á milli atriða var borðaður hátíðarkvöldverður. Klukkan 20:30 fóru nemendur á sameiginlegt ball Sjalandskóla og Garðaskóla sem haldið var í Ásgarði. Þeir sem komu fram voru Emmsjé Gauti, rapphljómsveitin Úlfur Úlfur, Friðrik Dór, bróðir hans Jón Jónsson og Einar Einstaki töframaður sýndi listir sínar. Einnig hélt skífupeytirinn Dj Frigore stuðinu uppi í lokin. Að balli loknu voru rútur sem óku nemendum heim. Þessi önnur árshátíð unglिंगadeildar Sjalandskóla var vel heppnuð og voru nemendur og kennarar ánægðir með kvöldið.

Hjólað í vinnuna

Hjólað í vinnuna/skólann átakið stóð frá 4. – 24. maí. Bæði starfsfólk og nemendur tóku þátt í verkefninu og eins og áður voru nemendur duglegir að koma í skólann fyrir eigin vélarafli. Starfsfólki skólans var skipt í þrjú lið og skráði hver og einn hversu marga kílómetra hann

hjólaði á hverjum degi á þar til gert blað sem liðstjóri í hverju liði skráði svo á vefinn. Nemendur fengu stig fyrir að koma í skólann fyrir eigin vélarafli; hjólandi eða gangandi. Nemendur 1.-4. bekkjar söfnuðu perlum á band fyrir hvern dag sem þeir komu fyrir eigin vélarafli í skólann. Þessi umbun virkaði hvetjandi á hópinn.

Föt sem framlag

Nemendur í 1. til 10. bekk tóku þátt í verkefninu „Föt sem framlag“.

„Föt sem framlag“ felst í því að íslensk börn og fjölskyldur þeirra safna vel með förunum fatnaði heima fyrir til að senda til Hvíta-Rússlands.

Rauði kross Íslands sér um að flytja fatnaðinn til Hvíta Rússland og þar er honum dreift af sjálfboðaliðum og starfsmönnum Rauða krossins. Í flestum tilvikum er um að ræða barnmarga foreldra, sem ekki geta keypt fatnað á börnin sökum fátæktar. Einnig njóta munaðarlaus börn góðs af fatnaðinum frá Íslandi.

Í hvern pakka átti að fara húfa, vettlingar, stuttermabolur sokkar, peysa og buxur. Nemendur skólans fengu póst um þetta verkefni í byrjun maí. Um miðjan maí komu nemendur með föt í skólann sem þeir vildu gefa í þetta verkefni. Nemendur 7. bekkjar sáu um að flokka fötin eftir kyni, raða þeim eftir stærðum og pakka í sérstaka poka. Alls voru útbúnir 93 fatapokar. Öll föt sem voru afgangur voru gefin til Rauðakross Íslands. Við teljum að verkefnið hefði mátt fara fyrir af stað en það var full seint að ljúka því ekki fyrir en í maí. Betra væri að hefja verkefnið fyrir páska.

Lionshlaup

Hið árlega Lionshlaup var haldið 16. maí 2012. Nemendur 5. bekkjar tóku þátt og var þetta boðhlaup á milli umsjónarhópanna þriggja. Ekki vildu allir nemendur taka þátt og voru því mismargir nemendur úr hverjum hópnum og því hlupu nokkrir tvisvar sinnum. Það voru félagar úr Lionsklúbbum Eik í Garðabæ sem stóðu fyrir hlaupinu eins og undanfarin ár og spjölluðu þeir aðeins við nemendur áður en hlaupið hófst. Gunnhildur Ýr Jónsdóttir fyrirlíði í meistaraflokki Stjórnunnar í kvennafótbolta ræddi einnig við nemendur. Hún sagði þeim frá sínum ferli og hversu mikilvægt væri að vinna að markmiðum sínum með æfingum og heilbrigðu lífni. Nemendur stóðu sig vel í hlaupinu. Mikill keppnisandi er í hópnum, og hvöttu stuðningsmenn liðin ákaft áfram. Þeir nemendur sem tóku þátt í hlaupinu fengu viðurkenningarskjöl og B hópinn sem bar sigur úr býtum hlaut verðlaunabikarinn. Í heildina var þetta skemmtilegur viðburður.

Innilega , útilega og vorhátíð

Dagana 5. – 6. júní var útivistardagur og innilega í Sjálandsskóla. Með yfirumsjón fóru Sesselja Þóra Gunnarsdóttir aðstoðarskólastjóri og Edda Björg Sigurðardóttir skólastjóri. Allir kennarar skólans og aðrir starfsmenn tóku þátt í frekari skipulagningu. Foreldrafélagið sá um skipulagningu á kvöldmatnum og morgunmatnum. Allir nemendur greiddu 850 krónur í fæðisgjald.

Að morgni þriðjudagsins 5. Júní komu nemendur með farangur í skólann, komu sér fyrir á svefnstað. Í framhaldinu var stutt umsjón með umsjónarkennara. Þá var farið af stað á Kleifarvatn. Fimm foreldrar tóku þátt í göngunni með okkur.

Farið með rútum að skátaskálanum Hverahlíð sem staðsettur er sunnan við Kleifarvatn. Í boði voru tvær gönguleiðir. Önnur þeirra var skipulögð fyrir nemendur í 1.-4. bekk og hin fyrir nemendur í 5.-7. bekk.

Fáeinir foreldrar sáu sér fært að fara með í gönguferðina og nýttust kraftar þeirra mjög vel þar sem leiðin sem valin var fyrir 5.-7.bekk hafði ekki verið farin áður. 18 gestir frá Comeniusar verkefninu „Treasure island“ fóru einnig með í gönguna. Ferðin heppnaðist ágætlega og allir nemendur skiluðu sér heilir heim en því miður slasaði einn comenius kennaranna sig og þurfti að aðstoða hana niður fjallið. Veður var gott þennan dag og nemendur voru ánægðir með gönguferðina.

Komið var tilbaka um klukkan tvö og fengu þá börnin sér nesti. Að því loknu tók við dótadagur, bíómynd og frjáls tími til undirbúnings kvöldvöku. Foreldrafélagið var með skipulagða leiki fyrir nemendur á ýmsum stöðvum á skólalóðinni, í íþróttasalnum. Þetta fyrirkomulag gekk mjög vel. Nokkur fjöldi foreldra mætti á kvöldvökuna og var það mjög skemmtilegt.

Kvöldverður var í umsjón foreldrafélagsins og fengu börnin grillaða hamborgara. Um kvöldið var sameiginleg kvöldvaka þar sem nemendur skemmtu með heimatilbúnum skemmtiatriðum, hver árgangur var með eitt til tvö atriði og umsjónarkennarar fengu að sjá atriðið áður en það var sýnt. Yngri nemendur áttu að vera komnir í ró um klukkan 22:00 en eldri nemendur máttu vaka til miðnættis. Þá átti að vera komin ró og ljósín voru slökkt. Foreldrafélagið skipti mér sér vöktum frá því að nemendur komu úr fjallgöngunni þar til frágangi var lokið á hádegi daginn eftir.

Nemendur voru ekki vaktir heldur fengu þeir rólegan morgun eftir þörfum hvers og eins. Allir nemendur áttu rólega stund á heimasvæðum sínum eftir morgunmatinn. Um kl. 11 fóru

nemendur í rólegheitum að ganga frá á heimasvæðinu sínu og ganga frá farangri sínum. Allir nemendur voru farnir heim upp úr kl. 11:30.

Starfsmenn skiptu með sér vöktum þennan dag.

Nemendur í 8. -9. bekk tóku ekki þátt í innilegu heldur fóru í útilegu í Skorradal. Nemendur byrjuðu á því að fara í sund í Mosfellsbæ. Þegar komið var á áfangastað var farið í gönguferð og snædd sameiginleg kvöldmáltíð. Nemendur í 10. bekk fóru í tveggja náttu ferð í Þórsmörk. Farnar voru stuttar gönguferðir og borðuð ein sameiginleg máltíð.

Samstarf heimilis og skóla

Virkt foreldrasamstarf er einn af hornsteinum góðs skólastarf og það þarf gott samstarf starfsmanna, foreldra og nemenda til að skapa góðan skóla. Forráðamenn eru mikilvægir samstarfsmenn skóla þar sem þeir bera ábyrgð á uppeldi og umönnun barna sinna. Afar mikilvægt er að foreldrar finni sig velkomna í skólann og að aðstoð þeirra sé vel þegin og hafi gildi í skólastarfinu. Þess er vænst að foreldrar fylgist náið með námsframvindu barnsins, hvetji það áfram, sýni áhuga, tali jákvætt um skóla og skólastarf við barnið og spyrji viðeigandi spurninga. Hvatt er til þess að foreldrar komi með virkum hætti að skólastarfinu með markvissum heimsóknnum á skólatíma, þátttöku í starfi umsjónarbekkja, foreldrafélags og foreldraráðs.

Viðhorfskönnun var lögð fyrir foreldra í nóvember til þess að fá fram viðhorf foreldra til fyrstu mánaðanna í starfi skólans. Niðurstöður könnunarinnar eru í fylgiskjali 3. Samkvæmt niðurstöðunum eru foreldrar almennt ánægðir með starfið í Sjálandsskóla og virðist nemendum líða vel í skólanum. Starf skólans er í samræmi við stefnuna, skólabragur og andi uppbyggilegur og starfsfólk lætur sér annt um velferð barnanna. Niðurstöður könnunarinnar var vegvísir fyrir starfið á vorönn og fyrir næsta skólaár og mikilvægar ábendingar foreldra notaðar til að gera enn betur.

Samstarf kennara og foreldra

Á haustdögum kynntu kennarar skólans komandi starfsár og helstu áherslur í starfi. Skólaárið hófst á foreldraviðtalsdegi þann 24. ágúst. Þar gafst dýrmætt tækifæri til þess að miðla upplýsingum milli foreldra og kennara. Á skólaárinu voru haldnir tveir sérstakir foreldraviðtalsdagar sá fyrri var 19. október og seinni 26. maí. Eins og gefur að skilja voru fundir, símtöl og tölvupóstsendingar tíðari hjá stórum hópi nemenda. Sérstakir viðtalstímar kennara voru ekki skráðir á töflu heldur var upplýsingagjöf og samráði við foreldra sinnt eins fljótt og hægt var. Gafst það fyrirkomulag afar vel. Rík áhersla var lögð á upplýsingastreymi til forráðamanna. Var það gert með vikulegum bréfum umsjónarkennara.

Foreldraheimsóknir

Fjölmargir foreldrar komu reglulega í morgunsöng og einnig var fjölmenni á viðburðum á samkomu í byrjun skóladags. Allir hópar héldu kynningar og aðrar uppákomur með forráðamönnum og var almenn ánægja með það. Markmið skólans var að allir nemendur kæmi a.m.k. einu sinni fram í morgunsöng. Það tókst og margir komu mun oftár fram en það.

Skýrsla foreldrafélags Sjálandsskóla

Á skólaárinu 2011-2012 skipuðu eftirfarandi stjórn foreldrafélags Sjálandsskóla:

Þórey Ólafsdóttir formaður

Bryndís Sigurðardóttir gjaldkeri

Sigrún Ósk Sigurðardóttir ritari

Harpa Hjartardóttir

Sigrún Fjóla Hilmarsdóttir

Í skólabyrjun stóð foreldrafélagið fyrir fundi með bekkjarfulltrúum. Farið var yfir fyrirhugaðar uppákomur á skólaárinu og hlutverk bekkjarfulltrúa voru kynnt. Rætt var um bekkjarkvöld og vinahópa og var það sett í hendur bekkjarfulltrúa að koma þeim á með viðkomandi kennurum.

Settir voru fastir fundir yfir allt skólaárið sem virkaði mjög vel, hádegisfundir sem haldnir voru fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði og voru bekkjarfulltrúar einnig boðaðir.

Árlegur laufabrauðsbakstur foreldrafélagsins féll niður þetta skólaár sökum anna stjórnarmanna en árlegt páskabingó var haldið.

Foreldrafélagið lagði sitt að mörkum í innilegunni sem heppnaðist mjög vel. Foreldrar tóku að sér skipulag á leikjum fyrir nemendum á milli kl.17-18. Einnig voru fulltrúar foreldrafélagsins sem sáu um kvöld og morgunmat ásamt því að bekkjarfulltrúar útveguðu foreldra til að gista með nemendum í skólanum. Þetta fyrirkomulag gekk mjög vel.

Á þessu skólaári voru ekki innheimt foreldrafélagsgjöld. Næsti Aðalfundur félagsins verður næsta haust en þá verður ný stjórn kosin.

Foreldrafélagið hefur átt fulltrúa í Grunnstoð Garðabæjar. Starfsemi Grunnstoðar hefur verið öflug en Grunnstoðin stóð fyrir skemmtilegum fræðslufundi sem haldinn var í Sjálandsskóla.

Kosið verður um nýja fulltrúa í foreldrafélaginu næsta vetur en núverandi formaður mun á næsta skólaári snúa sér alfarið að áframhaldandi vinnu með Grunnstoð Garðabæjar.

Þróunarverkefni á skólaárinu

Unnið var markvisst að þróun skólstarfsins og var skólastefna Garðabæjar 2010-2013 leiðarljós í þeirri vinnu. Innleiðing skólastefnu Garðabæjar hófst haustið 2010.

Sjálfsmatsteymi skólans er þannig skipað, Edda Björg Sigurðardóttir skólastjóri, Bryndísi Rail sérkenni, Ingunni Þóru Hallsdóttur umsjónarkennari og Margréti Helgadóttur umsjónarkennari. Skólinn vinnur eftir sjálfsmatskerfinu Gæðagreinir.

Starfsmenn Sjálandsskóla hafa sótt fjölmörg endurmenntunarnámskeið á vegum skólans og er það mikilvægur hlekkur í skólaþróun Sjálandsskóla. Auk þess hafa kennarar verið ötulir að sækja endurmenntun til að efla færni sína og starfsþróun.

Sjálfsmatshópurinn fór vandlega í gegnum spurningalista sem voru lagðir fyrir foreldra og starfsfólk. Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar á kennarafundi og fyrir skólaráði þar sem fulltrúar starfsmanna, foreldra og nemenda ræddu niðurstöðurnar og komu með tillögur að leiðum að þeim markmiðum sem voru til umfjöllunar. Niðurstöður könnunarinnar leiddu í ljós ánægju foreldra með skólstarfið. Eitt atriði í foreldrakönnunni lenti á aðgerðarbili en það tengist heimanámi nemenda. Skólinn hefur gert áætlun um úrbætur á næsta skólaári og leggur áherslu á samvinnu við foreldra í þeirri vinnu.

Allar niðurstöður starfsmannakönnunnar leiddu í ljós ánægju starfsfólks og lentu öll atriði á styrk- eða starfshæfu bili. Mikilvægt er hlúa að þeim þáttum sem eru styrkleikar skólans og í þróunaráætlun næsta skólaárs er sérstakur gaumur gefinn.

Þá hafa niðurstöður úr stærri rannsóknum eins og Skólapúlsins og Hagir og líðan verið notuð til að þróa og bæta skólstarfið.

Helstu þróunarverkefni skólans á skólaárinu 2011-2012 voru eftirfarandi:

Leiklist er ríkur þáttur í skólstarfi Sjálandsskóla. Allir nemendahópar skólans hafa tekið þátt í stórum uppfærslum á leiksýningum þar sem allir nemendur koma að vinnunni með einum eða öðrum hætti að vinnunni. Í vetur var nýtt þróunarverkefni reynt þar sem nemendur í 5.-7. bekk alls 90 nemendur unnu sameiginlega að uppfærslu á Bláa hnettinum sem sett var í söng- og dansleikjábúning. Þar voru flestar námsgreinar samþættar inn í uppfærsluna og afurðin var einstaklega vel heppnuð sýning.

Vinahópar. Í samvinnu við foreldrafulltrúa var lögð áhersla á að setja vinahópana í fastara form í 1. – 4. bekk.

Opið hús fyrir 5. -7. Í þróunaráætlun skólaársins var lagt upp með að byggja upp opið hús fyrir 5.-7. bekk í samstarfi við æskulýðsfulltrúa Garðabæjar og hina skólana. Ekkert hefur áunnist í þeim málum á þessu skólaári en telur brýnt að þróa þessa vinnu við félagsmiðstöðina á næsta skólaári.

Tryggja betra upplýsingastreymi frá Garðalundi. Í janúar 2012 var ráðinn starfsmaður í hlutastarf til að sinna félagsstarfi í unglingadeildinni til að tryggja jafnrétti og nægjanlegt upplýsingastreymi. Nemendur kusu um nafn á nýju starfsstöðina frá Garðalundi og nefndu hana Herkulez. Þó að eitthvað hafi áunnist í vetur hefur reynslan leitt í ljós mikilvægi þess að stofna sjálfstætt starfandi félagsmiðstöð í Sjálandsskóla.

Heimspeki. Hluti kennara hafa verið þátttakendur í þróunarstarfi varðandi heimspækiumræðu með börnum í samvinnu við kennara í Garðabæ.

Heimavinnu. Lögð var áhersla á gera heimanám sýnilegt á heimasíðu skólans undir hlekknum - *Námið*. Heimavinna í eldri bekkjum er sett inn á upplýsingakerfið Mentor. Þá var lögð áhersla á að einstaklingsmiða heimavinnu í samvinnu við foreldra. Þrátt fyrir þessar breytingar hafa niðurstöður foreldrakönnunar leitt í ljós að foreldrar telja heimavinnu of litla. Áfram verður unnið að því að þróa heimavinnu á næsta skólaári.

Sérþekking foreldra. Kennarar hvöttu foreldra til að koma með hæfileika og sérþekkingu foreldra í skólastarfið. Þetta var kynnt á námsefniskynningu.

Grænfánaskóli. Skólinn vinnur í anda annarra Grænfánaskóla og hefur það markmið að hljóta Grænfánann á skólaárinu 2012 – 2013.

Sjálandsskóli – heilsueflandi skóli: Sjálandsskóli hefur á undanförunum árum lagt mikla áherslu á heilsurækt. Á skólaárinu varð Sjálandsskóli fyrsti skólinn í Garðabæ til að hljóta nafnbótina heilsueflandi grunnskóli. Í vetur var lögð áhersla á hreyfingu og öryggi í heilsueflandi skólum fer fram skólastarf í anda heilsueflingar þar sem markvisst er unnið að því að efla og stuðla að velferð og góðri heilsu nemenda og starfsfólks. Þessi markmið samrýmast vel stefnu og starfi Sjálandsskóla. Á næsta skólaári verður lögð áhersla á öryggi og hreyfingu.

Mentor á undanförunum árum hefur verið lögð áhersla á að efla notkun á upplýsingakerfinu Mentor. Í vetur var lögð áhersla á að setja námsmat í kerfið. Nú er allt námsmat í

unglingadeild auk íslensku, stærðfræði, íþrótt og list- og verkgreina á yngra og miðstigi verið innleitt í Mentor kerfið.

Comeniusarverkefni. Sjálandsskóli tók þátt í tveimur Comeniusarverkefnum á skólaárinu.

Hreysti fyrir lífið er verkefni sem hófst haustið 2010 og lauk í maí 2012. Það var unnið með nemendum á miðstigi og var áhersla lögð á hreysti í víðum skilningi þess orðs.

Fjársjóðseyjan er evrópskt verkefni sem hófst haustið 2011 og lýkur vorið 2012. Það verkefni var unnið með yngsta stigi skólans og er áhersla lögð á að fjalla um vatn. Þáttökulöndin eiga það öll sameiginlegt að vera eyjar eða liggja að vatni/sjó.

Samtantekt og mat á árangri skólastarfsins

Sjöunda starfsár Sjálandsskóla var einstaklega farsælt og eftirminnilegt. Skólinn hefur náð góðum árangri í starfi sínu, margar skemmtilegar hefðir skapast og nýjar bæst við. Húsnæði skólans er vel nýtt og skólinn sannkölluð samfélagsmiðstöð þar sem margir hópar hafa aðsetur.

Íslensku menntaverðlaunin eru hvað eftirminnilegust á skólaárinu og árið verður greift í sögu skólans til frambúðar. Sjálandsskóli hlaut verðlaun í flokknum *Skóli sem sinnt hefur nýsköpun*. Verðlaunin eru æðsta viðurkenning sem hægt er að hljóta fyrir skólastörf og því mikill heiður og ekki hvað síst mikil hvatning að halda áfram að vera leiðandi í umbótastarfi og þróa framsæknar hugmyndir

Leiklist er ríkur þáttur í skólastarfi Sjálandsskóla. Allir nemendahópar skólans hafa tekið þátt í stórum uppfærslum á leiksýningum þar sem nemendur koma að vinnunni með einum eða öðrum hætti að vinnunni. Í vetur var nýtt þróunarverkefni reynt þar sem nemendur í 5.-7. bekk alls 90 nemendur unnu sameiginlega að uppfærslu á Bláa hnettinum sem sett var í söng- og dansleikjabúning. Þar voru flestar námsgreinar samþættar inn í uppfærsluna og afurðin var einstaklega vel heppnuð sýning.

Sjálandsskóli – heilsueflandi skóli: Sjálandsskóli hefur á undanförunum árum lagt mikla áherslu á heilsurækt. Á skólaárinu varð Sjálandsskóli fyrsti skólinn í Garðabæ til að hljóta nafnbótina *heilsueflandi grunnskóli*. Í vetur var lögð áhersla á hreyfingu og öryggi í heilsueflandi skólum fer fram skólastarf í anda heilsueflingar þar sem markvisst er unnið að því að efla og stuðla að velferð og góðri heilsu nemenda og starfsfólks. Þessi markmið samrýmast vel stefnu og starfi Sjálandsskóla. Á næsta ári mun Sjálandsskóli leggja áherslu á starfsfólk, matarræði og tannheilsu. Við munum að sjálfsgöðu halda áfram að leggja áherslu á þá þætti sem teknir voru fyrir þetta fyrsta ár.

Sjálandsskóli var þátttakandi í ýmsum verkefnum tengdum hreyfingu eins og undanfarin ár. Veturinn hófst á því að taka þátt í verkefni á vegum ÍSÍ sem heitir Göngum í skólann. Þá var íþróttadagur fyrir allan skólann í lok september. Ennfremur er skokkhópur og gönguhópur starfræktur fyrir starfsfólk skólans eftir lok vinnu á föstudögum.

Boðið var upp á leikfimi 1 – 2 sinnum í viku í janúar og febrúar fyrir starfsfólk Sjálandsskóla en það tók þátt í lífshlaupinu á vegum ÍSÍ eins og undanfarin ár.

Sett var á laggirnar íþróttanefnd í unglingsdeild sem stýrði klukkutíma miðvikudagssprikl fyrir unglingsana eftir skóla.

Sjáländsskóli tók í fyrsta sinn þátt í Skólahreysti og var mikil og góð stemming í unglingsdeildinni. Sjáländsskóli hefur frá stofnun skólans lagt áherslu á að nemendur komi gangandi eða hjólandi í skólann, á hvaða aldri sem þeir eru. Eins er mikil vakning hjá starfsfólki hvað varðar hreyfingu og þá er ekki lögð áhersla á keppni heldur að starfsfólk hreyfi sig sér til ánægju, heilsubótar og yndisauka.

Eftir áramót var ákveðið að Sjáländsskóli hæfi undirbúning að fá Grænfánann í samræmi við yfirlýsta stefnu skólans . Í starfinu fólst að:

- stofna umhverfisnefnd skólans en í henni sitja fimm starfsmenn skólans ásamt aðstoðarskólastjóra.
- meta stöðu umhverfismála í skólanum með því að útfylla þar til gerðan lista frá Landvernd.
- gera áætlun um aðgerðir og markmið til umhverfisbóta í skólanum. Ákveðið var að taka fyrir sörp og endurvinnslu hjá nemendum og starfsfólki.
- sinna stöðugu eftirliti og endurmati á umhverfismálum í skólanum.
- fræða nemendur um umhverfismál. Ákveðið var að næsta haust færu nemendur í skipulagðar ferðir með kennurunum sínum á næstu endurvinnslustöð.
- kynna stefnu sína út á við og fá aðra með. Verkefni næsta vetrar.
- setja skólanum formlega umhverfisstefnu. Verkefni næsta vetrar.

Þegar þessi skref hafa verið stigin getur skólinn sótt um að fá Grænfánann. Skólinn getur tekið sér þann tíma sem hann vill til að ná þessum markmiðum. Skólar á grænni grein geta sótt ráðgjöf til verkefnisstjóra Landverndar um allt sem lýtur að þessu starfi. Ætlunin er að gera það svo og fá ráðgjöf frá Íslenska gámafélaginu sem er þjónustuaðili Sjáländsskóla.

Mentor. Á undanförunum árum hefur verið lögð áhersla á að efla notkun á upplýsingakerfinu Mentor. Í vetur var markmiðið sett á að setja námsmat í kerfið. Við þá vinnu var rýnt í námsmarkmið Aðalnámskrár og námsmat skólans. .Allt námsmat í unglingsdeild auk íslensku, stærðfræði, íþróttar og list- og verkgreina á yngri og miðstigi hefur verið innleitt í Mentor kerfið. Notkun á kerfinu hefur jafnt og þétt aukist, má þar nefna skráningu ástundunar, sérkennslu, dagbókar og markmiðasetningar.

Garðalundur og Sjáländsskóli. Samvinna við félagsmiðstöðina Garðalundur er afar mikilvægur hlekkur í skólamenningu unglingsdeildar skólans. Í haust var mikil áhersla lögð á koma

Þessu samstarfi í viðunandi búning. Um áramót var starfsmaður ráðinn sem verkefnisstjóri í Sjálandsskóla á vegum Garðalundar. Fyrsta verkefni starfsmannsins var að láta nemendur unglingsdeildar velja nafn á starfsstöðina. Nemendur völdu nafnið Herkulez.

Heimavinna. Lögð var áhersla á gera heimanám sýnilegt á heimasíðu skólans undir linknum *Námið*. Heimavinna í eldri bekkjum er sett inn á upplýsingakerfið Mentor. Þá var lögð áhersla á að einstaklingsmiða heimavinnu í samvinnu við foreldra. Þrátt fyrir þessar breytingar hafa niðurstöður foreldrakönnunar leitt í ljós að foreldrar telja heimavinnu of litla. Áfram verður unnið að því að þróa heimavinnu á næsta skólaári.

Skýrslur umsjónarkennara

Skýrsla umsjónarkennara í 1. og 2. bekk.

Nemendur í 1. bekk voru 20 og í 2. bekk voru nemendur 27 þar af voru 26 strákar og 21 stelpa. Nemendunum var skipt í tvo umsjónahópa undir umsjón Ingunnar Þóru Hallsdóttur og Ingveldar Karlsdóttur. Jóhanna Elísa Magnúsdóttir leikskólakennari aðstoðaði inn í bekk allan veturinn. Linda Rán Úlfarsdóttir aðstoðaði inn í bekk einn tíma í viku. Aðrir kennarar sem kenndu í hópnum voru Anna Lilja Torfadóttir í íslensku, Guðrún Dóra Jónsdóttir í myndmennt, Guðný Margrét Magnúsdóttir kenndi hönnun og smíði, Hrafnhildur Sævarsdóttir kenndi íþróttir og sund ásamt því að vera í útikennslu, Silja Kristjánsdóttir kenndi textílmennt. Sigríður Ólafsdóttir sérkennari kom að hópnum og Ólafur Schram kenndi tónmennt. Einnig var Svanhildur Gísladóttir skólaliði okkur innan handar af og til yfir veturinn

Kennslustundir

Nemendurnir fengu 20 kennslustundir (60 mínútur hver stund) á viku. Námið fór fram í þemalotum og var samþætt. Þannig voru námsgreinarnar íslenska, stærðfræði, samfélagsfræði, náttúrufræði, kristinfræði, upplýsingatækni og lífsleikni kennd samþætt við efni lotunnar. Fyrirkomulag kennslunnar var gjarnan sett upp í hringekju. Fjöldi kennslustunda í hverri námsgrein var því mismikill eftir því hvaða viðfangsefni var um að ræða hverju sinni. Við vetrarlok er gert ráð fyrir að viðmiðunarstundum námsgreinanna hafi verið náð. Hönnun og smíði, textílmennt, myndmennt og lífsleikni voru kennd í lotum, tvær klukkustundir á viku í sjö vikur fyrir hvern nemanda. Tölvur voru kenndar á föstum tímum í töflu 30 mín á viku fyrir hvern nemanda. Íþróttir voru ein klukkustund á viku og tónmennt ein klukkustund aðra hverja viku. Sund var kennt í 40 mínútna kennslustundum og fór hver nemandi í sund ein kennslustund á viku. Reynt var eftir megni að samþætta sérgreinarnar við viðfangsefnin í þemunum og gekk það almennt mjög vel.

Helstu áherslur hópsins

Meginmarkmið í starfi vetrarins voru þau að börnunum liði vel í skólanum, að þau upplifðu jákvæða tilfinningu fyrir skólastarfinu og að vekja jákvæðan námsáhuga. Í upphafi var mikil áhersla lögð á almenna skólafærni. Skólinn, umhverfi hans og umgengnisreglur í skólasamfélaginu voru kynntar og æfðar. Lífsleikni var ríkur þáttur þennan vetur og mikið

unnið með vináttu, tillitsemi og samkennd. Á hverjum degi var frátekinn tími þar sem nemendur gátu talað um það sem þeim lá á hjarta hverju sinni.

Mikil áhersla var lögð á lestrarnám og ritun. Í byrjun skólaárs skiptum við nemendum upp í hópa eftir því hvar þeir voru staddir í lestri og var unnið þannig fram á vor. Nemendur höfðu þó möguleika á að fara á milli hópa eftir framvindu í náminu. Hjá 2. bekk var aukin áhersla lögð á einfalda málfræði og nemendum leiðbeint með stafsetningu. Höfuðáhersla var lögð á lestur og skrift, voru nemendur látnir lesa heima daglega og líka í skólanum.

Í stærðfræði var hópnum skipt upp þar sem nemendur unnu með samlagningu og frádrátt, gerðu athuganir og bjuggu til súlurit, unnu með form, fundu tugi og einingar, ásamt því að gera ýmis konar mælingar og skráningu. Auk þess byrjuðu nemendur í 2. bekk að vinna með verð og verðgildi, daga og mánuði, einnig að finna tölur á undan og á eftir, læra um hundrað og finna helmingi minna og tvöfalt meira.

Í öllum námsgreinum var stuðst við markmið Aðalnámskrár grunnskóla.

Þema	Tímalengd
Umhverfið- skólinn okkar	(4.vikur. 29. ágúst -15.sept)
Ég sjálfur	(4.vikur. 26. ágúst - 21.okt)
Tröll	(4.vikur. 1. – 25. nóv)
Kristinfræði	(3. vikur. 5. - 16. des og 26.-30 mars)
Kardemommubærinn	(5. vikur. 9.jan - 10.feb)
Land og þjóð	(4. vikur 27.febrúar - 23. mars)
Plöntur og dýr	(5. vikur. 23. apríl – 25.maí)

Mat á þemum

Í öllum þemum var nemandi metið út frá fjórum markmiðum það er: vandvirki, vinnusemi, sjálfstæði í vinnubrögðum og samvinnu nemenda.

Umhverfið – skólinn okkar:

Unnið var út frá því að nemendur fengju að kynnst hverjum öðrum, skólaumhverfinu og nánasta umhverfi skólans. Í útikennslu var gengið heim til allra nemenda í 1.-2. bekk og teknar myndir af þeim fyrir framan heimili sitt. Myndirnar voru notaðar í veggspjald sem

tengdi þær við götukort. Nemendur voru mjög áhugasamir fyrir þessum verkefni og í lokin var foreldrum boðið á kynningarkvöld þar sem nemendur fengu að segja frá því sem þeir höfðu lært.

Ég sjálfur:

Unnið var út frá því að skoða fjölbreytileikann í hópnum og vinna upplýsingar um nemendur. Útbúin var bók þar sem fram komu upplýsingar um m.a. útlitsupplýsingar, ættartré og heimili. Einnig var unnið með líkamshluta. Þemað vakti mikla lukku og höfðið efnið vel til nemenda.

Tröll:

Í þessu þema fengu nemendur ýmis konar fræðslu um tröll og þjóðsögur tengdum þeim. Nemendur útbjuggu tröll sem voru notuð til þess að setja í sameiginlegt listaverk á heimasvæði. Nemendur höfðu gaman að því að fræðast um þessar furðu verur og fá að takast á við að skapa stórt listaverk.

Kristinfræði:

Kristinfræði var kennd í tengslum við jól og páska. Í þeim tímum var farið yfir helstu viðburði tengda hátíðunum. Lokaafraksturinn var svo vinnubók sem nemendur höfðu fyllt inn í. Verkefnin voru skemmtileg og hæfðu markmiðunum vel.

Kardemommubærinn:

Sett var upp leikritið Kardemommubærinn. Börnin útbjuggu leikmynd og æfðu hlutverk sín í skólanum, en við hönnun búninga fengu börnin aðstoð foreldra. Í tónmennt æfðu börnin síðan söngvana. Afraksturinn voru sýningar sem bæði foreldrar, nemendur skólans og nemendur leikskólans Sjálands fengu að njóta. Þetta þema gekk vel en hefði mátt vera örlítið lengra.

Land og þjóð:

Í þemanu Land og þjóð fræddust börnin um íslenska fánann, sjaldamerkið, forseta Ísland, þjóðhátíðardag íslendinga, þjóðsönginn og Jón Sigurðsson. Nemendur gerðu bæði bókleg og verkleg verkefni. Hugað var að skapandi þætti þemaverkefnisins og var afraksturinn bók þar sem börnin söfnu saman upplýsingum úr þemanu. Nemendur fengu að fara í vettvangsferðir í Alþingishúsið og að Bessastöðum þar sem tekið var vel á móti hópnum og þeim sögð saga þessarar merku staða. Þemað gekk vel og var skemmtilegt að tengja Alþingishúsið og Bessastaði inn í vinnuna.

Plöntur og dýr:

Síðasta þemað okkar þennan veturinn var plöntur og dýr. Þar lærðu nemendur um fugla, fjöruþyr, tré og blóm. Lögð var áhersla á það að kenna þemað að mestu leiti utandyra enda viðfangsefnið vel til þess fallið. Farið var í fjöruferð, gróðursett tré á skólaóðinni og dýr og gróður í nánasta nágrenni skoðuð. Þemað var einstaklega vel heppnað og hafði veðurbliðan mikið um það að segja.

Skipulag kennslunnar

Unnið var út frá hugmyndum hugsmíðahyggju og hugmyndum um einstaklingsmiðað nám. Stuðst var við fjölbreyttar kennsluaðferðir en hlutbundin vinna, leikir, leitarnám, uppgötvunarnám og skapandi vinna voru þær aðferðir sem voru helst notaðar. Útikennsla var í hverri viku 2-3 kennslustundir. Mikil áhersla var lögð á að nemendur tileinkuðu sér sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulegðu eigið nám. Unnið var út frá sterkum hliðum hvers einstaklings og námið byggt upp út frá þeim. Fjölgreindakenningin var í hávegum höfð. Í upphafi og lok hvers dags hittist hver umsjónarhópur með umsjónarkennara þar sem dagurinn var ræddur og fengu nemendur þar stöðuga endurgjöf kennara á samskipti, framkomu og almennt gengi hópsins.

Námsbækur og gögn

Sproti 1A, 1B, 2A, 2B

Viltu reyna gulur, rauður, grænn og blár

Vasareiknir 1 og 2

Komdu og skoðuðu umhverfið

Ritrún

Stig af stigi 1-2

Vita meira og meira

Meira í dag en í gær

Vinnubók - Við lesum A

Vinnubók- Við lesum B

Leikur að orðum 1 og 2

Ýmsar lestrarbækur

Ýmsar handbækur í tengslum við viðfangsefnið hverju sinni

Sitt af hverju 1

Orðaskyggjir

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og kennara. Kennarar sendu út vikuleg fréttabréf í tölvupósti, ásamt „Gera mitt besta“ blöðunum í upphafi hvers þema. Foreldrar fengu einnig sendar heim námsmatsmöppur fyrir hluta skólaársins. Haldin var námskynning í byrjun skólaárs, formleg foreldraviðtöl voru tvisvar yfir veturinn og haldin var leiksýning fyrir foreldra.

Bekkjjarfulltrúar skipulögðu tvö bekkjarkvöld. Einnig tóku foreldrar virkan þátt í innilegu.

Ekki hafa verið auglýstir sérstakir viðtalstímar en foreldrar voru alltaf velkomnir í skólann til viðræðna við kennara og einnig var fólk duglegt að nota tölvupóst.

Ferðir/útikennsla

Hópurinn fór í fjölmargar ferðir. Farið var á Hönnunarsafn Íslands, gróðursett í Sandahlíð, farið á Bókasafn Garðabæjar, farið í hjólaferð, kirkjuferð og fjölmargar ferðir í nágrenni skólans. Vorferð var farin í Krísuvík og í Vigdísarvelli.

Verkefni í útikennslu:

Útikennsla er tengd við þemu, þannig að unnið var með markmið úr viðkomandi þema úti. Reynt var að hafa útiverkefni fjölbreytt og nálgast þannig sem flest markmið Aðalnámsskrár grunnskóla. Útikennslan tókst undantekningarlaust vel og vorum börnin mjög áhugasöm fyrir þeim verkefnum sem fyrir þau voru lögð.

- Berjamó í Gálgahrauni – drekka nesti úti, allir að kynnast og læra reglur í útikennslu, félagsfærni.
- Gönguferð að heimilum barnanna
- Gönguferð að heimilum barnanna
- Lummubakstur í Arnarnesi í tengslum við heimilisfræðiviku
- Íþróttadagur
- Gönguferð að heimilum barnanna
- Gróðursetningarferð í Guðmundarlund – allur skólinn (náttúrufræði)
- Kastalakeppni á ylströndinni – samvinna í tengslum við vinaverkefni

- Stöðvavinna, mælingar á hjartslætti og styrk ásamt því að elda yfir eldi
- Samveruleikur
- Leikur með elstu börnum leikskólans Sjáland í tengslum við Brúum bilið
- Ratleikur og tína steina í fjörunni
- Gleðidagur, spilað
- Hljóðfæragerð á Hönnunarsafninu og heimsókn á Bókasafn Garðabæjar
- Gönguferð í Gálgahraun með vasaljós í leit að Tröllum
- Vinastund í leikskólanum Sjálandi í tengslum við dag íslenskrar tungu
- Jólaföndur á Hönnunarsafninu
- Heimsókn á Bókasafn Garðabæjar
- Jólastund á heimasvæði
- Ratleikur með vísbendingum í nánasta umhverfi skólans
- Æfingar fyrir leiksýningu
- Æfingar fyrir leiksýningu
- Æfingar fyrir leiksýningu
- Dagur stærðfræðinnar verkefni unnin í tengslum við hann
- Ganga og ratleik í tilefni af Lífshlaupinu
- Bollukaffi í leikskólanum Sjáland
- Útikennsla féll niður vegna veðurs
- Vettvangsferð í Alþingishúsið
- Vettvangsferð á Bessastaði
- Bakstur úti í náttúrunni
- Ratleikur þar sem nemendur voru prófaðir úr námsefni í kristinfræði
- Hjóladaður, æfingar á skólalóð og hjólaferð
- Dagur umhverfisins, nemendur í 1-2 bekk ásamt nemendum í leikskólanum Sjáland tóku til í nánasta umhverfi og í lokin var haldin lummuveisla.
- Íþróttastöðvar á skólalóð
Íþróttasvöðvar í nánasta umhverfi skólans, börn í vorskóla taka þátt
- Ilströndin, byggja kastala og skoða dýrin í fjörunni
- Hjólaferð upp í Akraland
- Hjólaferð í Kópavogsdalinn

Ástundun

Veikindadagur samtals í hópnum voru 200 dagar og 2 stundir.

Leyfi voru 113 dagar og 12 stundir.

Samtals komu nemendur 329 sinnum of seint í skólann og var foreldrum gerð gein fyrir mikilvægi þess að mæta á réttum tíma á námskynningu í október því þá strax var farið að bera á því að nemendur mættu of seint.

Námsmat

Námsmat var unnið samhliða þeim verkefnum sem unnin voru og vorum viðmiðin í samræmi við markmið greinarinnar (íslenska, stærðfræði, tölvu- og upplýsingartækni, þemu). Kannanir voru lagðar reglulega fyrir og Leið til læsis. Námsmat var kynnt foreldrum fimm sinnum í vetur ýmist í námsmatsmöppum eða í Mentor. Tvisvar var því fylgt eftir með foreldraviðtölum. Í lok skólaársins var nemendum afhent námsmatsmappan ásamt því að fá allt mat vetrarins inn í Mentor.

Mat á vetrinum

Starfið í vetur gekk almennt mjög vel. Þemaloturnar voru í flestum tilfellum hæfilega langar og tókst okkur að vinna þau verkefni sem við lögðum upp með. Mikil áhersla var lögð á grunnfærni í lestri og ritun og gekk það vel. Námsárangur var að jafnaði mjög góður og stóðu nemendur sig vel í allri vinnu jafnt utan dyra sem innan.

Skýrsla umsjónarkennara í 3. og 4. bekk

Skólaárið 2011-2012 stunduðu 44 - 45 nemendur nám í 3. og 4. bekk. Skiptust þeir þannig að 28 nemendur voru í 3. bekk og 19 nemendur í 4. bekk. Kynjaskipting hópsins var stúlkur 21 og drengir 26. Um haustið hætti ein stúlka og undir vorið byrjaði einn drengur.

Nemendahópurinn skiptist í tvo umsjónarhópa með tveimur umsjónarkennurum. Þeir voru Íris Björk Baldursdóttir og Þórey Íris Halldórsdóttir. Umsjónarhóparnir skiptust í einn 23 nemenda hópa og einn 22 nemenda hóp. Linda Rán Úlfisdóttir skólaliði var sérlegur aðstoðarmaður kennarateymisins og barnanna.

Aðrir kennarar sem kenndu 3.-4. bekk voru Davíð Örvar Ólafsson íþróttir, Guðrún Dóra Jónsdóttir myndmennt, Steinþór Þorsteinsson og Guðný Margrét Magnúsdóttir kenndu smíði og hönnun. Hrafnhildur Sævarsdóttir sund, Silja Kristjánsdóttir textílmennt, Ólafur Schram tónmennt..

Aðrar námsgreinar en þær sem hafa verið taldar upp hér að framan kenndu umsjónarkennarar hópsins. Sigríður Ólafsdóttir sérkennari fylgdi eftir námi nokkurra nemenda en einnig vann hún nánar með hópa sem kröfðust frekari þjálfunar t.d. í hraðlestrarnámskeiði, lestrarfærni og stærðfræðiþjálfun. Harpa Maren Sigurgeirsdóttir námsráðgjafi aðstoðaði nemendur við áætlunargerð sem og ræddi við nemendur eftir óskum og ábendingum umsjónarkennara. Sigríður Gísladóttir yfirproskapjálfi var 3 stundir á viku til stuðnings í hópnum fyrir áramót en eftir áramót tók Steinunn G. Thorarensen við þeim stuðningi.

Skipulag námsins

Kennslustundir nemenda skiptust í 60 mínútna lotur, fjórar lotur á dag, 20 lotur á viku. Nemendur voru 12 lotur á viku með umsjónarkennurum á heimasvæði bekkjarins. Námið fór fram að stórum hluta í þemum (sjá kafla um þemu) og voru námsgreinar samþættar. Íslenska og stærðfræði voru á föstum tímum í stundatöflu en var einnig fléttað inn í þemun. Samfélagsfræði, náttúrufræði, kristinfræði, og lífsleikni var samþætt þemalotum. Fjöldi kennslustunda í hverri námsgrein var mismikil eftir því hvert viðfangsefnið var að undanskildum íslensku og stærðfræði eins og áður kom fram. Útikennsla var að minnsta kosti tvær lotur á viku þar sem leitast var við að tengja hana við þemun. Tónmennt og íþróttir voru kenndar í eina klukkustund á viku. Textílmennt, myndmennt, smíði og hönnun, og heimilisfræði og enskar voru kennd í níu vikna lotum og fengu nemendur úthlutað þremur klukkustundum á viku. Sund var kennt einu sinni í viku í 40 mínútur og tölvur og

upplýsingamennt var kennt einu sinni í viku í 40 mínútur. Við vetrarlok er gert ráð fyrir að viðmiðunarstundum námsgreina hafi verið náð.

Helstu áherslur

Hugsmíðahyggja og hugmyndafræðin um einstaklingsmiðað nám var rauði þráðurinn í öllu skólasterfinu hjá 3. og 4. bekk í vetur. Leitast var við að nota fjölbreytta kennsluhætti til að mæta þörfum flestra. Hlutbundin vinna, leikir og spil, leitarnám, uppgötvunarnám og skapandi vinna voru þær aðferðir sem voru helst notaðar. Verkefni og námsgreinarnar voru mismunandi og fjölbreyttar. Unnið var út frá sterkum hliðum hvers einstaklings og námið byggt upp og skipulagt út frá þeim.

Helsta markmið vetrarins var að skapa nemendum gott og jákvætt námsumhverfi til að vaxa og þroskast. Lögð var áhersla á jákvæða upplifun nemenda á skóla og byggja upp góðan bekkjaranda. Reglulega var farið yfir reglur, boð og bönn og almenn skólafærni æfð.

Lestur og orðaskrift er megin verkefni nemenda heima við. Nemendur unnu einnig heima eftir áhuga og hvatningu frá kennurum í stærðfræði. Á miðvikudögum skiluðu nemendur sem unnu heima sinni heimavinnu og fengu umsögn frá kennara.

Í öllum námsgreinum var stuðst við markmið Aðalnámskrár grunnskóla. Hér eftir eru taldar upp helstu áherslur í undirstöðu námsgreinum.

Íslenska

Fjórum sinnum í viku hófust dagarnir á hljóðlestrarstund. Í heimanámi nemenda var lögð rík áhersla á lestur eins og áður hefur komið fram. Ætlast var til að allir læsu minnst 15 mínútur á dag og fullorðinn kvittaði í þar til gert lestrarhefti. Kennarar kvittuðu einnig og skrifuðu jákvæðar og uppbyggjandi athugasemdir til nemenda sem gafst afar vel. Nemendur skrifuðu heima í stílabók eftir upplestri, þrjú til fimm orð sem þeir höfðu lesið eða nokkrar setningar.

Ritun var yfirleitt unnin í tengslum við útikennslu þar sem nemendur gerðu grein fyrir upplifun sinni í tengslum við verkefni sem lögð voru fyrir og hvað þeir lærðu. Þeir áttu einnig að nota viðurkennd vinnubrögð við slíkum dagbókarskrifum eins og tilgreina dagsetningu, setja fyrisögn, hafa upphaf, miðju og endi.

Skriftarkennsla var unnin að mestu þannig að nemendur æfu sig í bókunum *Skrift 2-6* og við að skrifa upp ljóð þar sem hver og einn nemandi fékk leiðbeiningar um hvernig hann mætti bæta skriftarkunnáttu sína. Nemendur voru hvattir til að nota þessa skrift í öðrum verkefnum

einnig s.s. orðaskrift og ritun. Það gekk hins vegar ekki nógu vel að fá nemendur til að skrifa þá skrift sem þau æfðu í skrifarbókunum, í ritun og orðaskrif

Unnið var markvisst með lesskilning, málfræði og stafsetningu í tengslum við bækurnar *Litlu landnemarnir* og *Hugarflug* einu sinni í viku. Í málfræði var lögð áhersla á eftirfarandi hugtök og skilgreiningar á þeim:

- Andheiti/samheiti
- Sérnöfn/samnöfn
- Samsett orð
- Eintala/fleirtala
- Sérhljóðar/samhljóðar (tvöfaldir)
- Kyn orða
- Sagnorð/nafnorð/lýsingarorð

Eldri nemendurnir og einhverjir yngri unnu einnig með fallbeygingu nafnorða. Unnið var markvisst með stafrófið bæði í formi söngva, leikja og æfinga.

Í stafsetningu var ætlast til að nemendur skrifuðu stóran staf á eftir punkti og í sérnöfnum. Ætlast var til að þeir skrifuðu ekki stóran staf í miðju orði eða setningu. Einnig var áhersla lögð á að þeir kynnu einfaldar reglur um n og nn.

Að auki unnu nemendur ýmsar námsbækur í íslensku svo sem *Ritrún 1*, *Ritrún 2*, *Ritrún 3*. Ás, Tvistur ásamt málfræðiheftum af skólavefnum og unnin voru gagnvirk íslenskuverkefni í tölvutímum.

Stærðfræði

Stærðfræðin var kennd skipulega í lotum í vetur ásamt því að vera tvinnuð saman við þemun. Unnið var með samlagningu, frádrátt, margföldun, deilingu, flatarmál, ummál, námundun, hnitakerfi, form og flutninga, hlutföll, mynstur og algebru, almenn brot og mælingar. Teknar voru kannanir eftir hverja lotu. Innlagnir voru í upphafi hvernar lotu og verkefni tengd lotunni unnin. Ætlast var til að nemendur lærðu margföldunartöfluna heima frá 0-10.

Námsbækurnar *Sproti*, *3a*, *3b*, *4a* og *4b* lágu til grundvallar þessarar lotukennslu en að auki voru nemendur með aukabækurnar *Við stefnum að margföldun*, *Við stefnum að deilingu*, *Æfingahefti í Sprotu 3a*, *3b*, *4a* og *4b*.

Þemaverkefni vetrarins

Þemun sem nemendur unnu voru eftirfarandi:

Þemaverkefni	Helstu áherslur í verkefninu
Náttúran og tíminn	Hringrásir; ár og árstíðir, mánuðir og vikur, klukkan. Undirbúningur fyrir samræmdu prófin – stærðfræði og íslenska
Lína Langsokkur	stærðfræði, lífsleikni, leiklist, tónmennt og íslenska
Jólin	Kristnifræði
Afríka	Landafræði og samfélagsfræði, söngvar og leikir, tónmennt, mynsturgerð í stærðfræði, að setja sig í spor Afríkubúa
Ísland	Staðarhættir, landafræði, höfuðáttirnar, bókmenntir og ljóð.
Húsdýr	Náttúrufræði, Íslenska; orðflokkar, stafróf.

Náttúran og tíminn 29. ágúst - 23. september 2011

Þemað *Náttúran og tíminn* hófst í byrjun september og lauk mánuði seinna.

Í útikennslu var góða veðrið notað og hjólað um Garðabæ, haustlitir skoðaðir, laufblöð tínd, pressuð og búin til bókamerki úr. Farið var í Hellisgerði með spæjarabók þar sem nemendur áttu að vinna verkefni tengd trjám, blómum, berjum og fleira. Þá var farið í gönguferð upp að Vífilstöðum og fleiri laufblöð tínd.

Í krók á morgnana var rætt um veðrið, veðurtáknin, vindstigin, vindáttir og lásam bókina Tré.

Hvað tímann varðar var unnið markvisst í stærðfræði með klukkuna. Í þematímum var gerð hringbók sem innihélt fjórar blaðsíður – klukkuhring, árstíðarhring, mánaðarhring og vikudagahring. Þessi vinna mæltist vel fyrir og höfðu nemendur gaman af. Þemahringbókin var metin og fór heim með námsmatsmöppu októbermánaðar.

Í ensku vann einn listgreinahópurinn í days, months and seasons og kaflanum weather.

Þemað var skemmtilegt og vel heppnað í alla staði en það verður að segjast eins og er að kennsla á klukku gekk erfiðlega þrátt fyrir að hafa sent æði marga pósta heim á foreldra og beiðni um hjálp. Að læra á klukku er auðvitað langtímamarkmið en þetta þema var góð kveikja að læra á klukku.

Lína Langsokkur 3. október – 25. nóvember 2011

Þemað Lína langsokkur hófst 10. október og lauk átta vikum síðar.

Þemað var mjög yfirgripsmikið þar sem fléttað var saman listum, íslensku og stærðfræði. Lögð var mest áhersla á talað mál og framsögn þar sem sett var upp leiksýningu í sjö þáttum þar sem allir nemendur tóku þátt. Einnig var unnið með réttitun þar sem Lína er afleit í að skrifa rétt. Í stærðfræði var unnið markvisst og lengi með margföldunartöfluna og peninga og það tengt við fargmöldrun Línu. Nemendur útbjuggu margföldunarhús, bjuggu til peninga og spiluðu spil sem reyndi á margföldun og vinnu með peninga.

Tónmennt, textílmenn og myndmennt skipuðu einnig stóran sess í þessu þema þar sem nemendur æfðu söng fyrir leiksýninguna en Línu leikritið var söngleikur. Í myndmennt unnu nemendur að gerð leikmyndar, þeir bjuggu til sjóræningjaskip, hest, afmælisköku auk þess að búa til alla leikmyndina sjálfa. Í textílmenn saumuðu nemendur í samvinnu við Svanhildi stuðningsfulltrúa stóran hluta af búningum leikritsins.

Í útikennslu var margt gert í tengslum við þemað. Farið var á þrjú bókasöfn til að fræðast um Astrid Lindgren og skoðaðar bækur eftir hana. Fyrst var farið í Norræna húsið þar sem tekið var á móti hópnum og haldin stutt kynning á Astrid og verkum hennar. Þar á eftir var Borgarbókasafnið heimsótt og að lokum bókasafn Garðabæjar. Á skólalóð Sjúalandsskóla voru haldnir Línuleikar þar sem reyndi á ýmsar þrautir nemenda auk þess sem þeir bökuðu Línu lummur úti.

Æfingar í tengslum við leiksýninguna voru fyrirferðamiklar en þær skiluðu í frábærri leiksýningu nemenda sem urðu samtals þrjár. Haldin var sýning fyrir leikskólann Sjúaland, fyrir foreldra og síðan var leikritið sýnt í morgunsöng fyrir allan skólann.

Jólin 8. desember – 15. desember 2011

Jólabemað stóð yfir í eina viku frá 8. desember – 15. desember. Lesnir voru valdir kaflar úr bókinni Birtan um jólahald og boðskap jólanna. Unnin var þemabók þar sem nemendur áttu

að skrifa stutta samantekt um jólatré, aðventuna og fæðingu frelsarans ásamt því að myndskreyta.

Á morgnana í desember lásum við bókina *Ég, afi og jólastubbur* eftir Ole Lund Kirkegaard og höfðu krakkarnir mjög gaman af þeirri bók. Upphaflega stóð til að lesa bókina *Jólaævintýri* eftir Charles Dickens en hún reyndist of þung fyrir þennan aldurshóp.

Afríka 9. janúar – 10. febrúar 2012

Afríkupemað hófst 12. janúar og lauk 10. Febrúar, síðasta kennsludag fyrir vetrarfrí.

Þemað hófst á hugarflugi í krók þar sem kennarar skrifuðu á maskínupappír allt sem nemendur töldu sig vita um Afríku. Það var margt skemmtilegt sem skrifað var á pappírinn sem hengdur var upp á vegg. Daginn eftir var nemendum skipt upp í fjögurra manna hópa sem áttu að vinna saman og verða sérfræðingar í einu landi Afríku. Hóparnir drógu sér land og næstu þematímar fóru í að afla sér upplýsinga um landið. Nemendur fengu allir möppu sem innihéldu upplýsingar um hvað væri ætlast til af hópnum og hvaða helstu upplýsingar þyrftu að koma fram á veggspjaldi sem nemendur útbjuggu. Að öðru leyti höfðu nemendur frjálssar hendur með veggspjaldavinnuna. Þessi vinna gekk framur vonum og var gaman að sjá hvað mörg veggspjaldanna voru vel unnin.

Í krók á morgnana lásum við valda kafla úr bókinni *Er til lím í Afríku* þar sem nemendur fræddust heilmikið um heimkynni Afríkubúa, siði þeirra, leiki, mataræði og venjur. Þessi bók er ætluð miðstigi en ákveðnir kaflar úr henni voru mjög áhugaverðir fyrir krakkana þá sérstaklega þeir kaflar sem lýsa lífi barna í Afríku.

Hópurinn fékk heimsókn frá Ragnari Schram en hann vinnur fyrir SOS barnaþorpin og hefur búið í Epíópíu. Krakkarnir voru mjög ánægð með þessa heimsókn enda hafði hann frá mörgu að segja og sýndi þeim fallegar myndir og myndbönd.

Horft var á þrjár myndir um Afríku sem eru á vef námsgagnastofnunar og í lok þemans fengu krakkarnir að horfa á grínmyndina *The gods must be crazy*.

Í öðrum þematímum unnu nemendur í stærri hópum að hárkollugerð, vinaböndum, elduðu afrískan bananarétt og teiknuðu hver fyrir sig upp einn fána í réttum hlutföllum af einu Afríkuríkjana.

Í útikennslu voru haldnir Afríkuleikar þar sem krakkarnir léku afríska leiki. Reynt var að höfða til knattspyrnuáhugamannana í nemendahópnum og haldið Afríkumót í fótbolta. Mótið var

með þeim hætti að nemendum var skipt í átta lið sem hétu eftir þeim löndum sem eiga bestu afrísku fótoltamennina eins og E'eto og fleiri. Nemendur þurftu að leika berfættir með handónýta fótoltatuðru. Þetta var mjög skemmtilegt mót þótt mörgum hafi verið ansi kalt.

Þemanu lauk með tónleikum á sal í morgunsöng þar sem foreldrum var að sjálfsögðu boðið. Ólafur tónmenntakennari hafði veg að vanda með tónlistinni og höfðu nemendur æft afrísk lög þá aðallega frá Kenía. Í myndmennt höfðu krakkarnir einnig búið til ótrúlega fallegar hristur og í smíði Afríska stafi sem notaðir voru á tónleikunum. Eftir tónleikana var foreldrum boðið að koma inn á heimasvæðið og skoða afrakstur veggspjaldavinnunar, hljóðfærasmíðinnar og fánana sem hengd voru svo fallega á svæðið. Boðið var upp á afrískt bananabrauð sem heimilisfræði hópurinn hafði bakað.

Ísland 27.febrúar – 30. mars 2012

Íslandspemað hófst 1.mars og því lauk 23.mars.

Íslandspemað var sérstakt að því leyti að kennaranemar á 5 og 6.misseri frá KÍ sáu alfarið um skipulagningu og framkvæmd þess með nemendum.

Þemað hófst á hugstormun í krók þar sem kennaranemar skráðu á maskínupappír allt sem nemendur vissu um Ísland. Upplýsingarnar voru síðan hengdar upp á vegg á svæði nemenda. Í útikennsu var síðan farið í Ráðhús Reykjavíkur þar sem nemendur fengu að skoða stóra Íslandskortið undir leiðsögn kennaranemanna. Í þematímum voru þemaverkefni tvískipt. Annars vegar útbjuggu nemendur Íslandsmöppu sem þeir áttu að geyma í gögn sem þeir voru að vinna með hverju sinni, þetta voru mest megnis útprentuð eyðufyllingarverkefni þar sem nemendur áttu að finna jökla, ár, vötn og fjöll og skrifa upplýsingar um. Nemendur fengu þessu tengt að vinna með kortabækur, bækur um Ísland og tölvur. Hitt þemaverkefnið var Íslandskort sem nemendur máluðu og merktu inn á og útbjuggu fjöll, vötn, ár og jökla úr pappamassa. Unnið var í þessum verkefnum á hverjum fimmtudegi og föstudögum og kennaranemarnir misreiknuðu heldur tímann því nemendur náðu engan veginn að klára verkefni á þessum tíma. Var því ákveðið að leggja fleiri tíma til þannig að sem flestir næðu að klára möppurnar sínar.

Samhliða þemavinnunni lásu kennaranemar úr bókum upplýsingar um skjaldamerkið, höfðuáttirnar, fánann og fleira.

Í útikennslu var farið í mjög skemmtilegan ratleik þar sem nemendur áttu að svara hinum ýmsu spurningum er tengjast landinu. Fyrir hvert rétt svar fengu nemendur hluta úr púslu,

Þannig söfnuðu nemendur alltaf fleiri og fleiri púslum þannig að úr varð Ísland. Mjög vel útfærð og flott útikennsla sem nemendur höfðu mjög gaman af.

Það var margt sem betur hefði mátt fara í þessu þema sérstaklega hvað varðaði skipulag og tímaáætlanir. Verkefnin hefðu líka mátt vera meira skapandi. Kveikjan hefði mátt vera betri eins og t.d. hefðum við viljað sjá nemendur í upphafi þemans teikna Ísland fríhendis og svo aftur í lok þemans til að sjá muninn og hvað þau væru búin að læra um lögun landsins.

Húsdýr 10. apríl – 25. maí 2012

Húsdýrþemað hófst með sýningu á myndinni Dalalíf. Þetta átti að vera kveikja að þemanu en börnunum líkaði myndin ekkert mjög vel. Í vikunni á eftir vorum við búin að skipta nemendum í litla hópa (2-3 saman) og drógu hóparnir dýr sem þau áttu að vinna áfram með. Allir nemendur fengu bókina Hani, krummi, hundur,svín eftir Sigrúnu Helgadóttur til að hafa sem lestrarbók á meðan á þemanu stóð. Bókin var einnig lesin fyrir nemendur í krók á morgnanna í skólanum.

Bókina notuðu krakkarnir þegar þau svo teiknuðu dýr sitt upp á maskínu pappír og máluðu. Þessi dýr voru hengd upp á vegg ásamt skýringarspjölum sem upplýstu um heiti líkamsparta dýranna.

Eftir þá vinnu áttu allir að skrifa samantekt um sitt dýr (einstaklingslega) og nota upplýsingar úr námsbókinni til þess.

Við tengdum íslensku við verkefnið og létum krakkana finna nafnorð, sagnorð og lýsingarorð sem tengdust dýrinu/sveitinni. Nafnorðin áttu þau að skrifa upp á renning og hafa þau í eintölu og fleirtölu. Sagnorðin voru skrifuð á annan renning og þau voru í nútíð og þátíð. Enn annan renning fengu svo krakkarnir til að skrifa lýsingarorð á.

Listgreinarnar kom í þemað með ýmiskonar vinnu í listum t.d. voru síðustu tvær vikurnar af listgreinatímabilinu helgaðar húsdýrþeamnu þar sem nemendur tálguðu dýr úr greinum, bjuggu til stóra kýr úr pappamassa, bjuggu til klippimynd og þæfðu ull.

Í útikennslu fórum við í Húsdýragarðinn, útbjuggum ratleik á skólalóðinni og fórum í hjólaferðir.

Í lok þemans lögðum við fyrir könnun úr efni bókarinnar Hani, krummi, hundur, svín þar sem reyndi á að nemendur hefðu lesið bókina vel. Niðurstaðan var sú að nemendur í 4 bekk áttu

auðveldara með þennan undirbúning og þ.a.l. kom 3. Bekkur ekki eins vel út. Engu að síður var þetta mjög lærdómsríkt fyrir báða hópa.

Þemað höfðaði vel til krakkanna, þau voru áhugasöm og tóku virkan þátt og tímasetningin hentaði vel þar sem vorhugur er kominn í alla.

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og umsjónarkennara. Kennarar sendu út vikuleg fréttabréf um starfið í vikunni sem leið. Foreldrar höfðu þó nokkur samskipti við umsjónarkennara í gegnum tölvupóst í tengslum við vinnulotur og ýmis önnur mál. Nemendur unnu nokkur heimaverkefni. Þeir sem óskuðu eftir því fengu heimavinnu í stærðfræði og íslensku.

Bekkjjarfulltrúarnir skipulögðu vinarhópa í samráði við kennara og eins stóðu þeir fyrir tveimur bekkjarsamkomum í vetur. Einu sinni hittust nemendur og foreldrar í skólanum og spiluðu spil og í maí hittust foreldrar og nemendur í Sandahlíð í Heiðmörk, léku leiki og grilluðu saman.

Ferðir, útikennsla og aðrar uppákomur

Hér að neðan má sjá yfirlit yfir þær ferðir og útikennslu sem nemendur tóku þátt í í vetur:

Ferðir og útikennsla	Helstu áherslur í verkefninu
Gönguferð á Vífilsstaði	Leikið í skóginum og laufblöð tínd (haust)
Hjólaferð um Garðabæ	Hreyfing
Ferð í Hellisgerði	Nemendur fengu spæjarabók þar sem verkefnið var að skoða tré og svara spurningum.
Heimsókn í Þjóðmenningarhús á sýninguna óskabarnið – Jón Sigurðsson og sögustund á Borgarbókasafninu.	Hópnum skipt í tvennt, helmingur fer í Þjóðmenningarhús og helmingur á bókasafnið
Rattleikur á skólalóð	Íslenska og stærðfræði

Heimsókn í Norræna húsið –	Kveikja fyrir þema um Línu Langsokk
Gönguferð á bókasafn Garðabæjar.	Skoðum bækur eftir Astrid Lindgren .
Línuleikar – í tenslum við þema.	8 stöðvar sem börnin fara á milli s.s hlaup, stökk úr rólu, ganga á stultum, lummubakstur o.fl.
Ferð í Reykjanesbæ.	Skessuhellir og Víkingaheimar skoðaðir
Heimsókn í Leikskólann Sjáland	
Þjóminjasafnið	Stekkjastaur kom til byggða
Vasaljósaferð í Gálgahraun.	Skoðuðum hvernig endurskinsmerkin virka í myrkrinu
Heimsókn í Burstagerðina	Framleiðslan skoðuð
Heimsókn í Mjólkursamsöluna í Reykjavík	Framleiðslan skoðuð
Stöðvavinna á skólalóð	Íslenska, stærðfræði og þema tengt verkefni
Afríku bolta keppni	Nemendum skipt í lið (Afríkulönd) sem kepptu í fótbolta á tánnum með lélegan bolta.
Hönnunarsafn Íslands, sýningin sjálfsagðir hlutir skoðuð.	Nemendur settu sig í spor hönnuða.
Tónlistarsafn Íslands, heimsókn, kynning á Johanni Strauss	
Strætóferð í miðbæinn, Íslandskort í Ráðhúsi Reykjavíkur skoðað	Kveikja að þema um Ísland
Rattleikur á skólalóð	Í tengslum við þemað um Ísland
Stöðvavinna á skólalóð	Hnitakerfi og höfuðáttir - orðflokkar

Fjallaganga á Úlfarsfell	Endir á þema um Ísland
Gönguferð í Gálgahraun	Nemendur tíndu 7 hluti á leiðinni. Hlutunum raðað í stafrófsröð og orðunum svo breytt í fleirtölu. Frjáls leikur.
Ruslatínsla	Dagur umhverfisins
Hjólaferð	Hjólað frá Sjálandsskóla, upp Kópavogsdalinn, niður Fossvoginn, fyrir Kársnes, yfir Arnarnesið og aftur í Sjálandsskóla
Heimsókn í Húsdýragarðinn	Í tengslum við þema um húsdýrin.
Rattleikur á skólalóð	Í tengslum við þemað um húsdýr
Hjólaferð í Heiðmörk	Skoða náttúruna vakna til lífsins í vorinu
Íþróttadagur	Allur skólinn saman í ýmsum íþróttum

Samræmd próf

Sjá nánar samræmd próf í Sjálandsskóla 2011 í fylgiskjali 5.

Ástundun

Skóladagar í vetur voru samtals 180. Töluvert var um umsóknir um leyfi. Alls voru nemendur 112 dagar og 28 stundir í leyfi á árinu. Veikindadagar samtals í umsjónarhópunum voru 210 dagar og 28 stundir, seinkomur í 323 tíma og fjarvistir í 2 dagar og 15 stundir.

Námsmat

Námsmatsmöppur voru sendar heim í október og júní. Námsmat í desember, febrúar og apríl var birt í mentor. Í desember voru íslenska, stærðfræði og listir birt í mentor. Í febrúar bættust svo íþróttir og tónmennt við og í apríl kom inn námsmat fyrir þemavinnu. Í júní var allt námsmat birt í mentor en nemendur fengu námsmatsmöppurnar sínar heim með námsmati frá skólabyrjun og umsögn fyrir skólaárið. Námsmat var unnið samhliða þeim verkefnum sem unnin voru hverju sinni og metin jafnóðum. Þemu voru metin við lok hvers þema. Kannanir voru lagðar reglulega fyrir í íslensku og stærðfræði, hraðlestrarpróf og

lesskilningskannanir (sjá skýrslu fyrir sérkennslu). Nemendur gerðu í nokkrum tilvikum sjálfsmat og einnig var einu sinni lögð fyrir könnun eftir þema.

Almennt mat á vetrinum

Starfið í vetur gekk mjög vel. Nemendahópurinn var yfirleitt jákvæður og námsfús og samvinna kennarateymisins var mjög góð. Örfáir nemendur þurftu mjög mikla aðstoð og fengum við aðstoð frá sérkennara og þroskaþjálfara. Vel tókst að halda utan um loturnar og gafst einkar vel þrískiptir íslensku, stærðfræði og ljóðatímar þar sem nemendahópurinn var fámennur eða aðeins 15 nemendur í hóp. Þessir tímar voru því að mestu notaðir í innlagnir fyrir einstaka þætti stærðfræðinnar og íslenskunnar. Námsmat var sent heim á fyrirfram ákveðnum tímum og tímalengd þema hélst mjög vel.

Skýrsla umsjónarkennara í 5. og 6. bekk

Skólaárið 2011-2012 stunduðu 65 nemendur nám í 5. og 6. bekk. Skiptust þeir þannig að 31 nemendur voru í 5. bekk og 34 nemendur í 6. bekk. Kynjaskipting hópsins var þannig að stúlkur voru 32 og drengir voru 33.

Nemendahópurinn skiptist í þrjá umsjónarhópa með þremur umsjónarkennurum. Þeir voru Margrét Helgadóttir, Margrét Tómasdóttir og Sigurbjörg Ósk H. Sigurðardóttir. Fjöldi í hópum voru 22, 23 og 20 nemendur. Ævar Örn Magnússon var stuðningsfulltrúi frá hausti og til 1. desember. Við tók Jóhanna Fleckenstein en hún vann að mestu með börnunum að bættum samskiptum og líðan. Hún hvarf svo til annarra starfa innan skólans og við tók Þórhildur Gunnarsdóttir sem starfaði sem stuðningsfulltrúi til vorsins.

Aðrir kennarar sem kenndu hópnum voru Eygló Ragnheiður Sigurðardóttir með tölvu og upplýsingatækni Steinþór Þorsteinsson sá um smíðakennslu og síðar tók Guðný Margrét Magnúsdóttur við. Davíð Örvar Ólafsson kenndi íþróttir en Hrafnhildur Sævarsdóttir sá um sundkennslu. Silja Kristjánsdóttir kenndi textílmennnt og Guðrún Dóra Jónsdóttir kenndi myndmennt. Að venju sá Ólafur Schram um tónmenntakennslu.

Aðrar námsgreinar en þær sem hafa verið taldar upp hér að framan kenndu umsjónarkennarar hópsins. Bryndís Rail hafði umsjón með stuðningi við nemendur og fann úrlausnir vegna námsins. Harpa Maren Sigurgeirsdóttir námsráðgjafi ræddi við nemendur eftir óskum og ábendingum umsjónarkennara, foreldra eða að óskum nemendanna sjálfra.

Skipulag

Kennslustundir nemenda skiptust í 60 mínútna lotur, fjórar lotur á dag, 20 lotur á viku. Nemendur voru 13 lotur á viku með umsjónarkennurum á heimasvæði bekkjarins. Námið fór fram að stórum hluta í þemum (sjá kafla um þemu) og voru námsgreinar samþættar. Íslenska, stærðfræði, enska, lífsleikni, tölvu og upplýsingatækni var einnig kennt í föstum tímum í stundatöflu. Samfélagsfræði, náttúrufræði, kristinfræði var samþætt þemalotum. Fjöldi kennslustunda í hverri námsgrein var mismikil eftir því hvert viðfangsefnið var að undanskildum íslensku og stærðfræði eins og áður kom fram. Útikennsla var einu sinni í viku. Tónmennt, íþróttir, tölvur og upplýsingatækni voru kenndar í eina klukkustund á viku. Textílmennnt, myndmennt, smíði og hönnun, leiklist og heimilisfræði voru kennd í sjö vikna lotum og fengu nemendur úthlutað þremur klukkustundum á viku. Sund var kennt einu sinni í viku í 40 mínútur sem. Við vetrarlok er gert ráð fyrir að viðmiðunarstundum námsgreina hafi verið náð.

Helstu áherslur hópsins

Einstaklingsmiðað nám var haft að leiðarljósi í kennslu í 5. - 6. bekk í vetur og reynt að koma til móts við nemendur á sem mestan hátt. Notast var við fjölbreytta kennsluhætti til að mæta þörfum flestra. Hlutbundin vinna, leikir og spil, leitarnám og skapandi vinna voru þær aðferðir sem voru helst notaðar en einnig má nefna sýnikennslu, skoðunarferðir, gestafyrirlesara, heimsóknir, skriflegar æfingar, vinnubókarkennslu, töflukennslu, heimildaröflun, umræður, leikræna tjáningu og leiki. Verkefni og námsgreinarnar voru mismunandi og fjölbreyttar. Unnið var út frá sterkum hliðum hvers einstaklings og námið byggt upp og skipulagt út frá þeim.

Meginmarkmið í starfi vetrarins var að byggja upp gott og heilbrigt námsumhverfi fyrir nemendur. Í upphafi og lok hvers dags hittist umsjónarhópurinn með umsjónarkennara þar sem farið var yfir daginn og ýmis mál rædd.

Mikið var lagt upp úr einstaklingsmiðuðu námi en þar er lykilatriði að fram fari meira nám en kennsla og var því mikil og stöðug áhersla á sjálfstæði í vinnubrögðum nemenda og að þeir beri sjálfir ábyrgð á eigin vinnu. Nemendur unnu allir einstaklingsverkefni og kynntu það fyrir samnemendum og foreldrum.

Í upphafi skólaárs var nemendum skipt í fjóra hópa í grunnfögunum íslensku, stærðfræði og ensku. Þeir hópar héldust að allan veturinn með einhverjum smávægilegum breytingum. Hóparnir fengu markvissar innlagnir og fylgdust námslega að. Námsefni í þessum fögum var fjölbreytt og miðað að þörfum hvers og eins. Þar mætti telja í íslensku: *Málrækt I og II, Skinnu I og II, Skruddu I og II, Skræðu I og II, Mál til komið, Mál í mótun, Skrift 5, 6 og 7, Réttitunarbók I-III, Blákápu, Rauðkápu, Trunt, trunt og tröllin, Ljóðspor, Skólaljóð* og ýmis konar efni af vef Námsgagnastofnunar og af Skólavefnum. Í stærðfræði voru *Geislabækurnar 1 og 2* kenndar ásamt *Stærðfræði 8+* og *Hringur 1 og 2* heima ásamt efni af Skólavefnum. Í ensku voru aðallega bækurnar *Work out, Build up 1 og Build up 2* notaðar en einnig var notuð málfræðihefti eftir Barbro Carlsson og Lena Sjöholm og ýmis konar efni í tölvutæku formi. Jafnframt voru notaðar þemabækurnar *Into hobbies, Heroes og A Year of Fun*. fyrir suma nemendur. Fagabók var einnig notuð þar sem nemendur unnu ýmis verkefni og lærðu tækni við glósugerð o.fl. sem á vonandi eftir að nýtast þeim áfram næstu árin.

Þemu voru kennd í þrjár til fimm vikur allt eftir umfangi og markmiðum þeirra. Í þemunum var leitast við að samþætta námsgreinar til að dýpka þekkingu nemenda og nálgast viðfangsefnin frá sem flestum hliðum. *Norðurlöndin, Auðvitað 1 og 2, Sagan um Bláa hnöttinn, trúarbragðabækurnar*, (frá Námsgagnastofnun og *Miðaldafólk á ferð* voru

grunnbækurnar í þemum vetrarins en fjöldi annarrar fræðibóka á bókasafni skólans voru notaðar ásamt efni á vef.

Útikennsla var einu sinni í viku í tvær til þrjár klukkustundir í senn. Leitast var við að tengja sem flestar námsgreinar og þemu við útikennsluna og var reynt var að fara í vettvangsferðir á þessum dögum. Má nefna ferð í Norræna húsið sem tengdist þemanu um Norðurlöndin, mælingar í tengslum við stærðfræði, stafaleik í íslensku og traustleiki í lífsleikni.

Þemaverkefni vetrarins: Þemun sem nemendur unnu voru eftirfarandi:

Yfirheiti vinnulotunnar	Helstu áherslur í verkefninu
Norðurlönd	Að nemendur þekki Norðurlöndin, höfuðborgir þeirra og helstu einkenni hvers lands.
Rafmagnið	Að nemendur geri sér grein fyrir að í stöðurafmagni er um tvenns konar hleðslu að ræða. Að nemendur geri sér grein fyrir að lokaða straumrás þarf til að rafmagn leiði.
Vinavika	Að nemendur auki umburðarlyndi gagnvart öðrum einstaklingum og fræðist um afleiðingar eineltis.
Trúarbragðafræði	Að nemendur kynnist fjölmennustu trúarbrögð heims.
Blái hnötturinn	Að nemendur sjái ferlið frá lestri bókar í uppsetningu á söngleik. Að nemendur fái að velja sér áhugasvið sem tengist vinnunni t.d. markaðsmál, búningagerð, sviðsmynd, dans og leik. Að nemendur kynnist betur hvert öðru og auki tengsl milli hópa (5. og 6. bekkur/7. bekkur).
Einstaklingsverkefni	Hver nemandi valdi sér verkefni sem tengist áhugasviði. Útfærði það og kynnti fyrir samnemendum og foreldrum..
Miðaldir	Að nemendur kynnist lífi fólks á miðöldum og hvernig heimurinn tengdist á þeim tíma.

Uppgjör á ofantöldum þemum

Norðurlönd 5. – 30. september 2012

Umgjörðin á þemanu var nokkuð góð. Kennari las fyrsta hluta bókarinnar (almenna) með nemendum og svo fengu nemendur lestrarplan sem þeir áttu að fylgja sjálfir heima. Það má segja að lestrinum hafi ekki verið fylgt nógu vel eftir. Hægt hefði verið að láta nemendur svara spurningum í tíma úr textanum. Spurningarnar sem fylgja bókinni á nams.is eru helst til þungar sérstaklega fyrir 5. bekk. Þematímarnir í skólanum voru notaðir til að vinna hópverkefni en hópnum var skipt upp í ca. 4 manna hópa og fékk hver hópur eitt land þar sem þeir áttu annars vegar að skipuleggja ferð til landsins(ferðaskrifstofa) og hins vegar skipuleggja ferðalag sem farin var til landsins(ferðamenn). (Sjá blöð). Einnig áttu hóparnir að segja frá landinu, lýsa landsháttum, stærð, fjölda og fleira. Krakkarnir fengu að fara í tölvur og leita sér upplýsinga en oft rakst það á við aðra nemendur skólans sem höfðu líka bókað tölvurnar. Flestir nemendur nýttu tölvurnar vel en vissulega var einn og einn sem ekki nýtti tímann eins vel. Í lokin var kynning á verkefnum en þá var hópnum skipt í tvennt og fóru kynningar fram á tveimur stöðum. Farið var í Norræna húsið þar sem tekið var á mótí hópnum og hann fékk að hlusta á tónlist frá Grænlandi og Finnlandi og fékk einnig stuttan fróðleik um öll Norðurlöndin. Í lokin fengu þau að skoða bækur á hinum Norðurlandamálunum. Þau unnu svo verkefnablað eftir þessa ferð. Á meðan helmingur hópsins fór í Norræna húsið var hinn hópurinn hér í námunda við skólann og eldaði Norræna rétta, m.a. grænlenzkan ís og sænskar kjötbollur.

Tíminn

Þemað tók 4 vikur og var það hæfilegur tími. Unnið var tvisvar í viku eina klukkustund í senn og hluti af útikennslu tíma var líka nýttur.

Árangur

Árangur var misgóður eftir hópum, samvinnan gekk í heildina vel og flestir voru virkir. Nemendur mátu hvern annan í lok þemans.

Hvað mætti betur fara

Þemað gekk í heildina vel. Hóparnir mega ekki vera stærri. Kynningar fór um að sumu leyti fyrir ofan garð og neðan. Þau áttuðu sig mörg hver illa á þessum hluta verkefnisins og voru ekki næganlega vel undirbúin. Sá þáttur var heldur ekki metinn. Hefði mátt vera einhver utanaðkomandi sem kæmi inn í það mat. Svo má segja að ekki sé næganlegt að hafa bara jafningjamat á hópavinnunni, hefði þurft að vera líka kennaramat.

Rafmagnið 10. okt – 4. nóv. 2012

Þetta þema var að mestu einstaklingsvinna þar sem nemendur unnu bæði verkefni úr bókinni og ýmis verkefni heima tengt rafmagnsnotkun. Kennarar lásu með nemendum kafla tengdan rafmagni í námsbókinni Auðvitað 1 og var spurningum svarað eftir hvern kafla. Farið var í hringekju sem skiptist í þessar fjórar tilraunir: stöðurafmagn, rafstraumur, seríur og seglar. Nemendur skrifuðu svo skýrslu eftir hverjar tilraun. Vettvangsferð var farin í Hafnarfjörð til að skoða gamlan rafal við lækinn og nemendur fóru einnig í svokallaðan 50. leik með spurningum tengt rafmagni. Í lok þemans söfnuðu nemendur verkefnum sínum saman í vinnubók, bjuggu til forsíðu og skiluðu. Einnig var lögð fyrir könnun úr lesefninu í lok þemans.

Tíminn

Þemað tók 4 vikur og var það hæfilegur tími. Unnið var tvisvar í viku ein lota í senn og einnig var útikennslutíminn nýttur 3 lotur í senn.

Árangur

Árangur var góður þar sem nemendur voru virkir í vinnu sinni og skiluðu flottri vinnubók í lokin. Einnig heppnaðist vel að fara í 50 leikinn þar sem nemendur náðu að tileinka sér betur efnið fyrir könnun. Námsmatið var vinnubók og könnun.

Hvað mætti betur fara

Þemað gekk í heildina mjög vel. Seríu tilraunin gekk reyndar ekki eins og skildi.

Kynnumst öðrum 21. nóv – 9. des 2012

Allir nemendur fengu að velja sér trúarbragð til að kynnst betur. Hópurinn skiptist nokkuð jafnt niður á búddatrú, hindúatrú og íslam. Allir byrjuðu á að vinna forkönnun um trúarbragðið, segja frá því sem þeir vissu. Hver hópur las svo námsbók sem tengdist trúarbragðinu í hóp

með kennara. Unnin voru einstaklingsverkefni og eins unnu allir hópar að hópverkefnum , bæði í búdda, hindú og islam.

Tíminn

Þemað tók 4 vikur og var það nokkuð hæfilegur tími. Þó komu óvæntar upptökur inni eins og dagur íslenskrar tónlistar og hefði ekki veitt af þeim tíma. Unnið var tvisvar í viku eina klukkustund í senn og einnig var útikennsla tími líka nýttur.

Árangur

Árangur var misgóður eftir hópum, samvinnan gekk í heildina vel og flestir voru virkir. Nemendur mátu hvern annan í lok þemans.

Hvað mætti betur fara

Þemað gekk í heildina vel. Í lokin buðum við foreldrum að koma og sjá afrakstur en það hefði þurft að vera betra skipulag á kynningum. Allir hópar í hverju trúarbragði voru fyrir framan sín verkefni og ætlunin var að krakkarnir segðu frá sinni vinnu/verkefni óformlega (þ.e.a.s. ekki skipuleg röð) en fyrir suma gekk það ekki. Foreldrar höfðu ekki frumkvæði að spurningum og þau höfðu sum ekki burði í að byrja að segja frá. Betra hefði verið að hafa ákveðna röð og láta það ganga þannig því allir hópar voru búnir að undirbúa stutta kynningu.

Blái hnötturinn 8. – 21. janúar 2012

Umgjörðin á þemanu var mjög góð. Allt miðstig tók þátt og lásu allir nemendur bókina *Sagan um bláa hnöttinn* og unnu verkefni tengd bókinni. Nemendur völdu sér síðan áhugasvið sem þeir unnu við. Þessi verkefni voru leiklist, búningar og förðun, tæknimenn, leikmunir og sviðsmynd, dans og söngvarar og markaðsmál. Stundaskrá nemenda var breytt og unnið var í þemanu 10 tíma á viku í þrjár og hálfu viku. Umsjónakennarar og listgreinakennara unnu saman að þemanu og skiptu kennarar á milli sín listrænni stjórnun hópanna. Samráðsfundir voru tíðir og mátti segja að ekki hafi verið rætt um annað þegar kennarar hittust.

Farið var í vettvangsferð í Borgarleikhúsið til að kynna sér hvernig atvinnumenn gera. Góðir gestir komu og hittu nemendurna, þeir Andri Snær Magnason og Jón Jósep Jónsson. Andri fjallaði um bókina og hvernig ein lítil hugmynd varð að þessari mögnuðu sögu en Jón Jósep um tæknileg atriði sem leikari. Nemendur höfðu mjög gaman af þessu uppbroti.

Lokahnykkurinn var svo sýningin sjálf þar sem nemendur tóku allir á einhvern hátt þátt í sýningunni sem leikari, dansari, söngvari, miðasölu, leikskrágerð, poppsölu, hljóðmenn,

sviðsmenn og fleira. Þrjár sýningar voru á Bláa hnettinum, foreldrasýning, sýning fyrir skólann og fyrir 4. bekk í Garðabæ.

Tíminn

Þemað tók 3 og hálfu vikur og var það hæfilegur tími. Unnið var alla daga, tvo tíma á dag með breyttri stundaskrá.

Árangur

Árangur var mjög góður, hópurnir þjappaðist og meiri samkennd myndaðist í hópnum. Ekkert mat var á þemanu nema á vinnslu við bókina.

Hvað mætti betur fara

Þemað gekk í heildina vel. Hóparnir mega ekki vera stærri og var stundum vandamál að manna tímana þar sem stundaskrá var breytt. Sýningin tókst mjög vel og hefði mátt sýna hana oftari fyrir foreldra þar sem hún sprengdi húsið og erfitt fyrir þá sem sátu aftast að heyra það sem fram fór á sviðinu. Gott væri að láta foreldra panta eða raða sér niður á tvær til þrjár sýningar þegar svona stór sýning er sett upp.

Gaman hefðir verið ef allir hefðu fengið draumavinnuna en þrátt fyrir að reynt hafi verið að koma til móts við óskir nemenda gekk það ekki fullkomlega upp. Það hefði einnig verið gaman að vinna frekar með bókina *Bláa hnöttinn* í íslensku og lífsleikni og jafnvel tengja hana umhverfismennt.

Einstaklingsverkefni 30. jan – 24. feb 2012

Hefðbundin umgjörð var á einstaklingsverkefninu. Nemendur fengu blað til að skrá hvað þeir ætluðu að gera, hvernig þeir ætluðu að vinna verkefnið og hvaða hjálp þeir þyrftu. Nemandi, foreldri og kennari skrifa svo undir um að nemandinn muni ná markmiði sínu. Í lokin skilaði nemandinn svo skýrslu sem innihélt dagbók um verkefnavinnuna, viðtal við sérfræðing, heimildaskrá og mat á eigin verki. Nemandinn kynnti svo afurðina fyrir samnemendum og foreldrum.

Tíminn

Verkefnið var að mestu unnið heima og fengu þeir þrjár vikur auk vetrarfrís til að ljúka verkefninu. Þetta var of langur tími þar sem nemendur voru mislengi að vinna verkefnið og sumir búnir undir lokin.

Árangur

Árangurinn af verkefninu var góður enda gaman að sjá flesta blómstra við að segja frá áhugasviðum sínum.

Hvað mætti betur fara

Það sem mætti skoða betur er að halda betur um skráningarblaðið sem nemendur ætluðu að vinna eftir og meta þá út frá þeirri hugmynd og hvernig hún þróaðist í gegnum dagbókina. Brýna þarf fyrir nemendum að skila skýrslu og vanda til vinnslu hennar. Kennarar þurfa einnig að vera meira vakandi fyrir hvers konar verkefni nemendur taka sér fyrir hendur. Það er einnig mikilvægt að nemendur virði samnemendur sína og hlusti á kynningar þeirra.

Einu sinni var

Umgjörðin á þemanu var mjög góð. Nemendum var skipt upp í hópa og drógu þeir ákveðið þema eða tímabil til að vinna frekar með úr bókinni *Miðaldafólk á ferð*. Hóparnir unnu að handriti og afurð og áttu svo að leika leikritið fyrir samnemendur sína. Nemendur lásu bókina *Miðaldafólk á ferð* heima og unnu glósublað sem þeir máttu nota í könnuninni.

Tíminn

Þemað tók 4 vikur og var það hæfilegur tími. Útikennslutímarnir fóru að mestu í þemað þar sem þeir voru einu tímarnir sem voru samliggjandi í stundartöflunni.

Árangur

Árangur hefði getað verið betri, það vantaði meiri festu þar sem nemendur fengu alveg frjálssar hendur með handrit og afurð. Hóparnir voru misduglegir og of oft vantaði metnað í hópastarfið. Könnunin gekk ekki nógu vel þar sem margir nemendur höfðu ekki nægjan sjálfsaga til að lesa sjálfstætt heima og vinna glósublað.

Hvað mætti betur fara

Það vantaði meiri festu í alla vinnslu á þemanu. Nemendur þurftu meira utanumhald varðandi lestur og kannski hefði vinnubók eða verkefni í skóla hvatt þau áfram til að lesa sér betur til heima. Hið sama mátti segja um hópavinnuna en nemendur voru ekki með nægjanlega skýr markmið með hvernig afurðin ætti að vera eða um hvað leikritið átti að fjalla. Nemendur áttu einnig erfitt með að fylgjast með leikritum samnemenda sinna.

Gagnlegra hefði verið að hafa heimapróf úr bókinni þegar heimalestur á að vera sjálfstæður og gætu nemendur þá leitað sér upplýsingar ef þeir voru ólesnir. Gaman hefði verið að fara í einhverjar vettvangsferðir tengdar þemanu eða tengja útikennslu meira inn í þemað.

Jarðfræði 16. apríl - 21. maí 2012

Í þessu jarðfræði þema var áherslan lögð á eldgos og jarðskjálfta. Kveikjan var að sýna stutt myndband frá Vestmannaeyjagösinu og hélt Svanhildur Gísladóttir stuðningsfulltrúi í skólanum fyrirlestur þar sem hún sagði nemendum frá upplifun sinni á gösinu. Kaflann *Jörðin og landið okkar* í námsbókinni Auðvitað 1 var lesinn. Unnin voru verkefni bæði úr námsbókinni ásamt öðrum verkefnum tengt þemanu. Farið var í hringekju sem stýrðist á fjórum verkefnum: Eldgos - finna og skrásetja eldgos á Íslandi á Íslandskort, Jarðskjálfti – byggja sterkt hús úr Kapla kubbum og búa til jarðskjálfta, Steinar – tilraun þar sem nemendur skoðuðu einkenni steina og svo Eyjan mín þar sem nemendur sköpuðu sína eigin draumaeyju. Farið var í vettvangsferðir í Gálgahraun og Landnámssýninguna *Reykjavík 871* +-. Nemendur söfnuðu svo verkefnum saman í vinnubók sem þau skiluðu svo í lok þemans.

Tíminn

Þemað tók 5 vikur og var það hæfilegur tími. Unnið var tvisvar í viku ein lota í senn og einnig var útikennsla tíminn nýttur 3 lotur í senn.

Árangur

Árangurinn var mjög góður þar sem nemendur sýndu mikinn áhuga og voru virkir í vinnu sinni. Verkefnin voru fjölbreytt og voru unninn bæði sjálfstætt og í samvinnu. Í lokin var vinnubók metin með öllum þeim verkefnum sem þau höfðu unnið í þemanu.

Hvað mætti betur fara

Þemað gekk í heildina mjög vel en það hefði mátt fara nánar út í heimildarvinnu í tengslum við ritgerðina.

Útikennsla og ferðir

Farið var í margar skemmtilegar ferðir í tengslum við þemavinnuna. Hér að neðan má sjá yfirlit yfir þær ferðir og útikennslu sem nemendur tóku þátt í í vetur:

Dags	Ferðir og útikennsla	Helstu áherslur í verkefninu
25/8	Hjólaferð í Maríuhella	Hellarnir skoðaðir með vasaljósi og tínd ber

1/9	Gönguferð að Gálgakletti	Nemendum var sýnd merkt gönguleið að Gálgakletti og ótroðnar slóðir til baka
8/9	Útiöldun Norræna húsið	5. bekkur eldaði norræna rétti 6. bekkur fór í Norræna húsið.
13/9	Gróðursetningarferð	Allir nemendur skólans fóru í Guðmundarlund og gróðursettu tré í Sandahlíð.
15/9	Hópavinna í Norðurlandapema	Nemendur unni inni víð í þemanu.
22/9	Útiöldun Norræna húsið	6. bekkur eldaði norræna rétti 5. bekkur fór í Norræna húsið.
29/9	Vífilsstaðir	Nemendur fræddust um lífríki. Vífilsstaðarvatns hjá Bjarna Jónssyni og fóru í ratleik um Norðurlöndin.
6/10	Ratleikur á skólalóð	Nemendur unnu ratleik um nánasta umhverfi sitt.
14/10	Kajak	Nemendur sigldu út á voginn í hópum. Sáu um að koma bátunum út og gengu að lokum frá bátum og öðru dóti.
20/10	Umbunardagur vegna Fjársjóðsleitar [bíó og veitingar]	Nemendur horfðu á mynd í skólanum.
27/10, 3/11	Hafnafjörður/50 leikur um rafmagn	Hópnum var skipt í tvennt. Helmingur fór í Hafnafjörð og skoðaði minnismerki um fyrstu rafstöðina á Íslandi og velti fyrir sér staðsetningu hennar ofl. Hinn hópurinn var í spurningaleik á

		skólalóð um rafmagn (úr efni bókar).
10/11	Góðverkadagur	Nemendur völdu sér góðverk og framkvæmdu það. Eftir að það hafði verið unnið var það skráð.
17/11, 24/11, 1/12	Trúarbragðapema – hópavinna	Nemendur unnu inni við í þemanu.
8/12	Trúarbragðapema – kynningar	Nemendur kynntu þemavinnuna og buðu foreldrum.
15/12	Sameiginlegt jólaföndur	Allir nemendur skólans unnu að jólaföndri.
16/12	Kirkjuferð	Allir nemendur sem vildu fóru í kirkjuferð í Vídalínskirkju.
5/1, 12/1, 19/1, 26/1	Blái hnötturinn	Unnið að sameiginlegu þema á miðstigi.
2/2	Sleðaferð	Fórum í brekku í nágrenni skólans og renndum okkur.
9/2, 23/2, 1/3	Sjóminjasafnið og ratleikir	1/3 hluti hópsins fór á Sjóminjasafnið, 2/3 voru heima við og fóru í 50 leik með fjölbreyttum spurningum.
16/2	Vetrarfrí	
8/3, 15/3, 22/3	Miðaldapema – hópavinna	Nemendur unnu inni við í þemanu.
29/3	Miðaldapema – kynningar	Nemendur kynntu verkefnið fyrir hvert öðru.
5/4	Páskar	
12/4	Gönguferð og traustleikir	6. bekkur fór í Hellisgerði í traustleiki 5. bekkur fór í gönguferð um

		Garðabæ með viðkomu í ísbúð.
26/4	Umhverfisdagur og eldfjallakökur	Skípt var í 3 stöðvar. Tíndum rusl úti við fjöruna, ströndina og að Gálgahrauni. Bökuðum eldfjallakökur og fórum í leiki.
3/5	KSÍ og 871+-	5. bekkur fór í heimsókn í KSÍ og skoðuðu aðstöðuna og fræddist um starfsemina. 6. bekkur fór á sýninguna 871+-
10/5	KSÍ og 871+-	5. bekkur fór í heimsókn í KSÍ og skoðuðu aðstöðuna og fræddist um starfsemina. 6. bekkur fór á sýninguna 871+-
	Lionshlaupið	Nemendur í 5. bekk tóku þátt í boðhlaupi Lionshreyfingarinnar og keppt var milli bekkja. 6. bekkingar hvöttu liðin áfram.
	Sveifluháls/Krísuvík	Allir nemendur skólans fóru í gönguferð á Sveifluháls og nágrenni Krísuvíkur.

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og umsjónarkennara. Kennarar sendu fréttabréf á miðvikudögum með upplýsingum um starfið og skipulag námsins. Foreldrar höfðu þó nokkur samskipti við umsjónarkennara í gegnum tölvupóst í tengslum við vinnulotur, samskipti og líðan nemenda og ýmis önnur mál. Heimavinna var í auknum mæli skrá inn á mentor þannig að foreldrar gátu fylgst með. Foreldrafulltrúar nemendahópsins stóðu fyrir skautiferð í Skautahöll Reykjavíkur fyrir jólin og fengu Spilavini í heimsókn á spilakvöldi. Eins tók hluti foreldra þátt í að taka á móti erlendum nemendum í Comeníusarheimsókn og lögðu hönd á plóg við að gera innileguna sem skemmtilegasta.

Ástundun

Skóladagar í vetur voru samtals 180. Töluvert var um umsóknir um leyfi. Alls voru nemendur 204 daga í leyfi á árinu. Veikindadagar samtals í umsjónarhópunum voru 248 dagar og 20 stundir, seinkomur í 347 tíma og fjarvistir í 32 tíma.

Námsmat

Námsmat var sent heim með nemendum fyrsta mánudag annan hvorn mánuð það er október, desember. Í apríl og júní var námsmatið í mentor. Í febrúar fór ekki heim námsmat það sem mesta vinnan var í tengslum við Bláa hnöttinn og lítið um aðra vinnu. Námsmatið byggðist á könnunum, verkefnum, vinnusemi, sjálfs- og jafningjamati. Kannanir voru lagðar fyrir í íslensku og stærðfræði jafnt og þétt yfir árið.

Almennt mat á vetrinum

Starfið í vetur gekk almennt vel. Mikið var unnið með framkomu og samskipti allra nemenda og framfarir urðu miklar þegar leið á veturinn. Vel tókst að halda utan um loturnar og tímalengd þeirra stóðst oftast. Námsárangur nemenda var almennt góður og var hann metinn útfrá markmiðum hvernar lotu og markmiðum aðalnámskrár. Útikennslan tókst vel einkum þegar hópnum var skipt upp í smærri hópa.

Það sem okkur þykir hafa tekist einkar vel á þessum vetri var hópaskiptingin í grunnfögunum, stærðfræði, íslensku og ensku. Þetta fyrirkomulag teljum við mikilvægt að halda í. Slík hópaskipting hentar einstaklingsmiðuðu námi vel og kennslan verður markvissari. Það sem einnig stóð upp úr eftir veturinn er vinnan með Bláa hnöttinn í samstarfi við 7. bekk og alla listgreinakennarana.

Áætlunarvinnu þarf að taka til endurskoðunar. Í vetur var hún bæði einstaklingsmiðuð, þ.e. nemendur ákváðu sjálfir hvað þeir vildu gera heima. Þegar líða fór á veturinn var það algengara að nemendur kláruðu verkefni heima og fengju fyrirmæli um ákveðin verkefni heima. Skólakompan var lítið notuð og leggjum við til að notkun hennar verði endurskoðuð.

Eftir á hefði verið heppilegt að hafa þema um lífríki í vatni þar sem 5. og 6. bekkur fær tækifæri til að fara að Vífilsstaðarvatni og gera meira úr heimsókn nemenda að vatninu og nýta hana betur við bóklega vinnu. Hópurinn var of stór til að hver nemandi nyti sín sem best þannig að þessa ferð þarf að endurskoða.

Skýrsla umsjónakennara í 7. bekk

Nemendur í 7. bekk voru 29 í vetur. Umsjónarkennarar 7. bekkjar voru Hrafnhildur Sigurðardóttir og Margrét Þorleifsdóttir. Sigríður Gísladóttir þroskaþjálfari kom inn í bekkinn sem stuðningur til áramóta en þá tók Steinunn Guðlaug Thorarensen þroskaþjálfari við. Aðrir kennarar sem kenndu hópnum voru Hrafnhildur Sævarsdóttir sem kenndi sund, Davíð Örvar Ólafsson kenndi íþróttir, Guðný Margrét Magnúsdóttir kenndi smíði, Guðrún Dóra Jónsdóttir myndmennt, Silja Kristjánsdóttir kenndi textílmennnt og Ólafur Schram kenndi tónmennt. Bryndís Rail sá um sérkennslu í stærðfræði í bekknum.

Kennslustundir

Nemendur fengu 14 kennslustundir (miðað við 60 mínútna kennslustundir) með umsjónarkennurum á viku að meðaltali yfir veturinn. Námsgreinar voru íslenska, stærðfræði, úti-kennsla, enska, danska, líffræði, náttúrufræði, eðlisfræði, samfélagsfræði, landafræði og heimilisfræði. Fjöldi kennslustunda í hverri námsgrein var mismikill eftir því hvaða viðfangsefni var um að ræða hverju sinni. Flestar námsgreinarnar voru teknar fyrir í þeim að undanskildum tungumálum. Hvert þema stóð yfir í 4 til 6 vikur í senn. Listir voru fastar í stundatöflu, tvær klukkustund á viku, tónmennt var ein klukkustund á viku, íþróttir voru ein klukkustund á viku og sund einu sinni í viku 40 mínútur í senn. Enska og danska voru kenndar í tvær klukkustundir á viku í 6 vikna lotum. Íslenska og stærðfræði voru með þrjá fasta klukkutíma í töflu. Heimilisfræði var í heimilisvikum tvisvar yfir árið og einnig þegar það átti við í þeim.

Helstu áherslur hópsins

Umsjónarkennarar settu upp áætlun í íslensku sem nemendur fylgdu eftir. Í þeirri áætlun var búið að skipta námsefninu niður á vikurnar og gat hver nemandi ákveðið hvenær verkefni voru unnin innan þeirrar viku. Í stærðfræði sáu umsjónarkennarar um að setja upp áætlun og stýrðu henni. Megináherslur hópsins voru að koma á reglu og skipulagi í tengslum við námið. Heimavinna tengdist þeim, lestri og stærðfræði. Mikil áhersla var á að vinna með samskipti í hópnum. Markmið umsjónarkennara var að efla samstöðu nemenda og samkennd. Við vildum ná þeim sem einum samheldnum hópi og að hver og einn einstaklingur fengi að njóta sín. Í upphafi og lok hvers dags hittist umsjónarhópurinn með umsjónarkennurum þar sem dagurinn var ræddur og fengu nemendur þar stöðuga endurgjöf kennara á samskipti, framkomu og almennu gengi hópsins.

Þemaverkefni vetrarins

Yfirheiti vinnulotunnar	Helstu áherslur í verkefninu
Vilja og virða	Kynnast hvert öðru, efla hópinn og mynda tengsl innan hópsins.
Evrópa	Fái heildræna mynd af Evrópu "smæð" hennar, sögu og menningu.
Einstaklingsverkefni	Nemendur fá að velja eitt viðfangsefni sem þeir hafa áhuga á að fræðast meira um. Vinna með það og kynna niðurstöður fyrir bekkinn og foreldra sína.
Veður	Kynnast því hvaða þættir í umhverfinu hafa áhrif á veður og veðurfar og hvernig veður hefur áhrif á daglegt líf.
Söngleikur	Nemendur lásu bókina Blái hnötturinn eftir Andra Snæ og settu svo upp söngleik með 5.-6. bekk út frá handriti úr bókinni. Kynnast störfum leikhússins t.d söng, dansi, leiklist, búningahönnun, sviðsmynd og leikmunagerð o.s.frv.
Frá Róm til Þingvalla	Nemendur kynnast sögu fornaldar, einkum Rómaveldi og upphaf kristni, hins vegar á fyrstu aldir Íslandsbyggðar, frá landnámi og fram yfir kristnitöku. Einnig fræddust nemendur um Norðurlöndin allt frá steinöld og Vestur-Evrópu frá þjóðflutningum til víkingaaldar.
Líkami mannsins	Kynnast mannlíkamanum og þeim breytingum sem verða á honum frá fæðingu til dauða.
Efni og eðli	Kynnast frumeindum og sameindum og læri um sérkenni efna. Gera tilraunir og læra skýrslugerð og rannsóknarvinnu.
Heimilisvikur	Tileinka sér heimilisstörf og þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum í eldhúsinu.
Einstaklingsverkefni	Nemendur velja sér viðfangsefni út frá áhugasviði sínu. Fræðast um það og kynna fyrir samnemendum sínum og foreldrum.

Skipulag kennslunnar

Stuðst var við fjölbreyttar kennsluaðferðir, beina kennslu, leiki, leitarnám, samvinnunám, uppgötvunarnám og vettvangsnám þar sem samþætting námsgreina bar hæst. Hvert þema var kennt í tvær til sex vikur allt eftir umfangi og markmiðum þemans. Í þemunum var leitast við að samþætta námsgreinar til að dýpka þekkingu nemenda og nálgast viðfangsefnin frá sem flestum hliðum.

Námsefni

Vanda málið – minnsta málið, lesbækur 1 og 2 og vinnubækur 1 og 2, Finnbjörg, Fallorð, Ljóðspor og sumir nemendur unnu með Mál er miðill.

Geisli 3 grunnbók og vinnubækur og plánetubækurnar.

Start og Smart, lesbækur og vinnubækur.

Action, lesbók og vinnubækur A og B. Wright Right vinnubók. Léttlestrarbækur.

Líkami mannsins

Maðurinn – hugur og heilsa

Evrópa

Evrópa, álfan okkar

Auðvitað II og III

Veður

Frá Róm til Þingvalla

Blái hnötturinn

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og umsjónarkennara. Kennarar sendu vikulega fréttabréf um starfið og skipulag námsins og veittu upplýsingar sem voru gagnlegar fyrir foreldra. Foreldrar höfðu þó nokkur samskipti við umsjónarkennara í gegnum tölvupóst og síma í

tengslum við vinnulotur, samskipti nemenda og líðan þeirra og ýmis önnur mál. Foreldraviðtöl voru tvisvar yfir árið og svo hittu kennarar foreldra eftir þörfum.

Ferðir

Ferð í Guðmundarlund

Kirkjuferð

Skíðaferð í Bláfjöll

Ferð á Reyki í Hrótafirði

Gönguferð frá Krísvík til Vigdísarvalla.

Útikennsla

Hellaferð	Nemendur fóru á hjólum að skoða hella í Heiðmörk.
Berjamó	Nemendur fóru í berjamó að týna ber og til að nota í heimilisfræði.
Kajak	Nemendur fóru í æfingarferð út á Arnarnesvoginn.
Hjólaferð í Öskjuhlíð	Rattleikur í Öskjuhlíðinni og nemendur fengu að prufa klettaklifur og sig.
Evrópa	Nemendur fóru í hringekju með Evróputengdum verkefnum.
Útiöldun	Nemendur fengu að smakka og kynna rússneskum mat, elduðu Borsh, rússneska rauðrófusúpu.
Útiöldun	Nemendur fengu að smakka og kynna þýskum mat s.s schnitzel, pretzel og wüistel.

Útiöldun	Nemendur fengu að smakka og kynna ífélaskum mat.
Útiöldun	Nemendur fengu að smakka og kynna frönskum mat.
Fimleikasalurinn í Ásgarði	Nemendur fengu að fara í fimleikasalinn í Ásgarð með leiðbeinanda. Þetta var umbun fyrir góða vinnusemi.
Hjálparsveit skáta í Garðabæ	Nemendur fræddust um störf Hjálparsveitar skáta í Garðabæ og rætt var um björgunaraðgerðir sem tengdist veðurþemanu. Nemendur unnu fjölbreytt verkefni í tengslum við veðurþemað.
Vindhanar	Nemendur bjuggu til vindhana í tengslum við veðurþemað.
Fit for life - fit for Europe	Nemendur fóru út í ýmsa leiki í tengslum við Comeniusar verkefnið.
365 – miðlar	Nemendur fóru í heimsókn í 365 miðla að kynna sér störf fyrirtækisins. Sérstaklega veðurfræðinga í tengslum við þemað „veður“.
Stöðvavinna á skólalóð – íslenska og stærðfræði	Nemendur unnu með stærðfræði og íslenskuverkefni á skólalóð
Sleðaferð og steiktur piparkökur	Nemendur fóru í sleðaferð við göngubrúna í Garðabæ og steiktu þar piparkökur á pönnu.
Enska og ýmsir leikir á skólalóð	Nemendur fóru í ýmsar leiki og voru nokkrir þeirra á ensku. M.a. Actionary úr enskum sögnum.
Leikhúsheimsókn	Nemendur fengu að fara í heimskókn í Borgarleikhúsið þar sem starfsmaður veitti þeim leiðsögn og fræðslu í tengslum við

	söngleikjapemað.
Hellisgerði	Nemendur fóru um Hellisgerði og svöruðu spurningum úr þemanu „líkaminn“.
Stöðvavinna á skólalóð – þýskir nemendur í heimsókn.	Nemendur fóru í stöðvavinnu á skólalóð og voru þýskir nemendur og kennarar í heimsókn sem tóku þátt í að leysa fjölbreytt verkefni á stöðvunum, s.s. útiöldun, rannsóknarvinna í fjörunni, smásjárnotkun, athuganir á fuglum o.s.frv.
Stöðvavinna á skólalóð – erlendir kennarar í heimsókn (Comeniusarverkefni) .	Erlendir kennarar á Comeniusar námskeiði tóku þátt í ratleik um líkamann í tengslum við þemað. Þar var fjölbreyttum spurningum svarað, útiöldun, púls tekinn og líkamsæfingar gerðar, farið í boðhlaup þar sem fundin voru sem flest orð tengd líkamanum, o.s.frv.
Útiöldun	Nemendur kveiktu eld og hituðu súpu. Þeir steiktu einnig brauð á pönnu.
Ferð í Hörpuna	Nemendum 7. - 10. bekkjar var boðið í Hörpuna á tónleika með Sinfó – Lög úr Rómeó og Júlíu með leiklestri.
Tilraunir og danska	Nemendur unnu ýmsar tilraunir í tengslum við þemað „eðli og efni“. Þau æfðu sig í skýrslugerð og æfðu sig á 2 stöðvum í dönsku, m.a. á dönskum tölum.
Tilraunir	Nemendur gerðu tilraunir á skólalóðinni í tengslum við þemað „eðli og efni“.
Hreinsun	Nemendur hreinsuðu lækinn hjá skólanum.
Listadagar	Nemendur bjuggu til fuglahræðu í tenglum við listadaga Garðabæjar.

Nauthólsvík – hjólaferð	Nemendur hjóluðu í Nauthólsvík, fóru í sjósund og heita pottinn og grilluðu pylsur.
Elliðarárdalurinn – hjólaferð	Nemendur hjóluðu í Elliðaárdal og fengu að hoppa í hylinn sem þar er og njóta góða veðursins.
Útiöldun	Nemendur elduðu fisk og kartöflur yfir eldi og bjuggu til brauðbollur. Æfðu sig í notkun á prímusum.
Fjallganga	Nemendur fóru í fjallgöngu frá Krísuvík yfir á Vigdísarvelli sem tók um 3-4 tíma að ganga.

Ástundun

Veikindadagar samtals í hópnum voru 172 dagar og 9 stundir.

Leyfisveitingar voru 154 dagar og 59 stundir.

Námsmat

Nemendur 7. bekkjar þreyttu samræmd próf og var árangurinn mjög góður og að mestu í samræmi við væntingar. Námsmat var unnið samhliða þeim verkefnum sem unnin voru. Kannanir voru lagðar fyrir í þeim greinum sem kenndar voru þvert á þemu með jöfnu millibili. Annan hvern mánuð yfir skólaárið birtist námsmat nemenda á mentor þar sem mat var lagt á einstaka námsþætti og mat á þemalotunum. Námsárangur nemenda var almennt ágætur og var það metið út frá markmiðum hvernar lotu og markmiðum aðalnámskrár.

Almennt mat á skólastarfi

Starfið í vetur gekk almennt mjög vel. Teymisvinna umsjónarkennara og stuðningsaðila gekk mjög vel. Fyrri hluta vetrar var lögð áhersla á að skapa hópkennd og innleiða markviss vinnubrögð. Þegar búið var að koma hlutunum í góðan farveg tóku við vinnuglaðir, duglegir og afkastamiklir nemendur sem voru þakklátir fyrir aga og eftirfylgni en jafnframt ábyrgð og frelsi. Lögð var áhersla á að innleiða ákveðin vinnubrögð og að nemendur tileinkuðu sér

kurteisi og tillitsemi við hvert annað. Samskiptavandamál sem upp komu í hópnum voru strax tekin föstum tökum og gekk farsællegra að leysa úr þeim.

Skýrsla umsjónarkennara í 8. bekk

Nemendur í 8. bekk voru í vetur 31 og skiptist í 15 stúlkur og 16 drengi. Í upphafi skólaárs voru nemendur 26 en í desember bættust 2 nemendur við, 1 í janúar, 1 í febrúar og 1 í mars. Umsjónarkennarar voru Berglind Þórðardóttir og Ingvar Þór Guðjónsson. Berglind kenndi stærðfræði, dönsku og þema. Ingvar kenndi stærðfræði, ensku, íslensku, tónmennt og þema. Aðrir kennarar sem kenndu hópnum voru, Ósk Auðunsdóttir sem kenndi sérkennslu í stærðfræði og val, Margrét Þorleifsdóttir sem kenndi dönsku, Ólafur Schram sem kenndi tónmennt og val, Hrafnhildur Sævarsdóttir sem kenndi sund og val, Davíð Örvar Ólafsson sem kenndi íþróttir og val og Anna Lilja Torfadóttir sem kenndi ensku og val, Elfa Hrönn Friðriksdóttir sem kenndi íslensku og val. Ásta Sölvadóttir kenndi sérkennslu í íslensku. Aðrir kennarar sem kenndu valgreinar voru; Eygló R. Sigurðardóttir, Helgi Grímsson, Guðrún Dóra Jónsdóttir, Sigurður Guðleifsson, Silja Kristjánsdóttir, Steinþór Þorsteinsson, Ólafur Ingi Grettisson, Guðný Margrét Magnúsdóttir, Raket Margrét Viggósdóttir, Raket Sölvadóttir, Rebekka Erin Moran og Anne Herzog.

Bryndís Rail sérkennari aðstoðaði einn nemanda í íslensku.

Kennslustundir

Nemendur fengu 36,13 kennslustundir á viku (miðað við 40 mínútna kennslustundir). Stærðfræði var kennd 6,75 kennslustundir á viku og íslenska var kennd 6,4 kennslustundir á viku. Danska var kennd 2,6 kennslustundir á viku en enskan var kennd 3 kennslustundir á viku. Þema var kennt í 6,4 kennslustundir á viku. Íþróttir voru kenndar í 1,1 kennslustund. Tónmennt var kennd 1,5 kennslustund í viku. Sund var kennt í 1,1 kennslustund á viku. Sérstök valnámskeið sem kennd voru 8-10 vikur í senn voru 6,75 kennslustundir á viku. Heimasvæði/vinnustundir var 2,25 kennslustundir á viku.

Námsgreinarnar voru ekki kenndar allar í senn heldur voru tekin fyrir ákveðin efni til umfjöllunar í þemunum og námsgreinum fléttað inn í það eins og við átti.

Helstu áherslur hópsins

Stærðfræðin og íslenskan var kennd í lotum eftir Vallaskólaleiðinni og um það bil 3-4 vikur gefnar í hverja lotu. Áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð og að hver nemandi skipuleggi vinnu sína og áætli sér heimavinnu þegar það átti við. Hver nemandi vann svo á sínum hraða en próf voru tekin í lok hvers lotu. Leyfilegt var að halda áfram í næstu lotu ef henni var

lokið innan þriggja vikna. Heimanám var undir hverjum kennara komið og jafnframt almennt skipulag hvernar kennslustundar. Þema var kennt í mislögum lotum. Mikil áhersla var að kenna nemendum að temja sér góð vinnubrögð og snyrtilegan frágang á verkefnum. Einnig var áhersla lögð á að nemendur bæru ábyrgð á eigin námi og að nemendur héldu áfram að tileinka sér þau viðhorf að skólinn sé vinnustaður þeirra.

Þemaverkefni vetrarins

Upp um fjöll og firnindi

Í þemavinnunni kynntust nemendur ýmsum þáttum sem tengjast útiveru og útivist. Nemendur lærðu m.a.: skyndihjálp, á áttavita, kortalestur, og um útbúnað og útiöldun. Nemendum var líka skipt í hópa og áttu þeir að vinna verkefni sem tengdust útivist, s.s. búnaði, mat, veðri, ferðamáta o.s.frv. Vinna nemenda var bæði einstaklings- og hópavinna og fór að mestu leyti fram í skólanum. Þemað endaði á því að allir nemendur fóru í útilegu og gistu í skála sem heitir Þrymheimur og er við Hellisheiðarvirkjun. Tilgangur ferðarinnar var að nemendur fengu tækifæri til að nýta sér kunnáttu sína og reynslu sem þeir höfðu tileinkað sér í vinnunni. Einnig til að tengjast bekkjarfélögum betur og styrkja böndin fyrir veturinn.

Tónlist og 20. öldin

Markmið var að nemendur öðluðust skilning á sögu 20. aldarinnar í gegnum tónlist, kvikmyndir og tísku. Nemendur heyrðu tónðæmi frá allri öldinni og fengu hraðferð yfir sögu tónlistar síðustu aldarinnar. Þemað var unnið í nánú samstarfi við Ólaf tónmenntakennara og fléttaðist tónmennt að miklu leyti inn í úrvinnslu verkefna. Unnin voru bæði einstaklings og hópverkefni og próf var tekið úr lesefni þemans.

1918

Markmið þemans var að nemendur fengu tækifæri til þess að skoða byrjun 20.aldar á Íslandi og fengu innsýn yfir þær aðstæður sem landsmenn bjuggu við á þessum tíma. Spænska veikin, frostaveturinn mikli, Kötlugos og fullveldið voru þættir sem nemendur kynntu sér ítarlega með lestri bókarinnar 1918 eftir Helga Grímsson. Hóparnir bjuggu til heimsíðu með ýmis konar fróðleik. Próf var tekið í lokin.

Aðeins ein jörð

Markmið þemans var m.a. að nemendur fengju tækifæri til þess að kynna völdum þáttum úr sögu náttúruvísinda sem vörpuðu ljósi á þróun lífvísinda. Innlögn var í upphafi hvers kafla

og glósu tími. Lokapróf var lagt fyrir nemendur í lok þemans. Nemendur skiluðu einstaklingsritgerð í lokin.

Í fullorðinna tölu

Í þemaverkefninu Í fullorðinna tölu takast nemendur á við sögunámið á annan hátt en vanalega. Fermingin í sögulegu tilliti er útgangspunktur verkefnisins og reynt að tengja hana við ýmsa þætti Íslandssögunnar. Samþætting við íslensku og listgreinar er áberandi í þemanu. Aðallega er notast við söguaðferðina “storytelling” við kennslu og farið eftir skipulagi námsefnis í því. Nemendur útbjuggu Leiðarabók með verkefnum í þemanu.

Ég og þú

Í byrjun þemans var kynfræðsla og horfðu nemendur á þættina Forfallakennarann. Nemendur unnu forvarnar auglýsingar varðandi skaðleg vímuefni. Markmið þemans var m.a. að nemendur þekktu hættur samfara neyslu ávana- og fíkniefna, væru meðvitaðir um að siðvit og ábyrgð, gagnkvæma virðingu og að persónuréttur væru helstu mælikvarðar á siðlega kynímynd, kynupplifun og kynhegðun hvers og eins. Nemendur unnu bæði sem einstaklingar og í hóp.

Skipulag kennslunnar

Þemun voru unnin út frá hugmyndum “hugsmíðahyggjunnar” og hugmyndum um einstaklingsmiðað nám. Hugsmíðahyggjan leggur áherslu á möguleika mannsins til að greina heiminn á heildrænan hátt og sjá leiðir í að betrumbæta hann.

Stuðst var við fjölbreyttar kennsluaðferðir en hlutbundin vinna, leitarnám, samvinnunám, uppgötvunarnám, vettvangsnám og skapandi vinna voru þær aðferðir sem voru helst notaðar.

Stærðfræði og íslenska var kennd í 3-4 vikna lotum. Í upphafi hvernar lotu er 1 megin viðfangsefni, verkefnum skilað í lok hvernar lotu, sjálfspróf tekið og svo lotupróf. Ef nemandi nær ekki viðmiðunartölu sinni (einkunn ákveðin í samráði við kennara og foreldra) þá fer nemandi í upprifjun og tekur aftur próf.

Kennsluaðferðir í öðrum námgreinum voru í höndum hvers kennara og misjafnar eftir viðfangsefni.

Námsefni

Námsefni hópsins var fjölbreytt og miðað að þörfum hvers og eins. Í íslensku voru notaðar bækurnar Skerpa 1, Hrafnkel saga Freysgoða, Mályrkja 1, Málfinnur, Skrífinnur, Ritbjörg, Orðabækur, 2 kjörbækur og ljósrit frá kennara.

Í stærðfræði voru notaðar bækurnar Almenn stærðfræði 1 og Átta/tíu 1 og 2. Fyrir sérkennslunemendur voru notaðar bækurnar 8+ og stika 1a.

Í dönsku var bókin Tænk lesbók og verkefnabók. Í ensku voru notaðar bækurnar Matrix Foundation og ýmiss konar efni frá kennara.

Bækurnar *Hljóðspor og Úr sveit í borg* voru notaðar í þemanu Tónlist og 20. öldin. Í þemanu 1918 var höfð til hliðsjónar ný bók eftir Helga Grímsson sem heitir 1918. Ýmsar bækur s.s *Öldin okkar, Ísland í aldanna rás* og fleiri bækur af bókasafni voru líka notaðar. Í þemanu Í fullorðinna tölu var námsbókin *Í fullorðinna tölu* notuð og bókin *Bréf og minningar*.

Lífheimurinn heitir bókin sem var notuð í þemanu Aðeins ein jörð. Í þemanu Ég og þú var horft á kennslumyndbandið Forfallakennarinn af nams.is ásamt bókinni *Um stelpur og stráka*.

Í öllum þemum var notast við Internetið og ýmsa kennsluvefi á skólavef og hjá nams.is

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og umsjónarkennara. Kennari sendi vikulega eða oftár fréttabréf um starfið og skipulag námsins og veittu upplýsingar sem voru gagnlegar fyrir foreldra. Foreldrar höfðu þó nokkur samskipti við umsjónarkennara í gegnum tölvupóst í tengslum við vinnulotur, samskipti og líðan nemenda og ýmis önnur mál.

Vettvangsferðir og uppbot í skólastarfi

Ekki voru sérstakir útikennsludagar í 8.bekk en farnar nokkrar vettvangsferðir. Bekkurinn fór í útilegu í tengslum við þemað Upp um fjöll og firnindi. Gist var í skátaskála sem staðsettur er við Helligshéðarvirkjun. Í desember fór bekkurinn í kirkjuferð í Vídalínskirkju með öllum nemendum og starfsfólki Sjúlandsskóla. 13. – 16. mars fóru nemendur í unglíngadeild Sjúlandsskóla í skíðaferð til Dalvíkur. 11. apríl fóru nemendur í 7. – 10. bekk í Hörpuna til að hlusta á Sinfóníuhljómsveit Íslands flytja verkið Rómeó og Júlía í Eldborgarsal. Þriðjudaginn 17. apríl fóru allir nemendur í Sjúlandsskóla í skíðaferð í Bláfjöll. Í lok skólaársins fór 8. bekkur einnig með 9. bekk í vorferð í Skorradal og var gist eina nótt.

Félagsstarf

Unglingastig Sjálandsskóla hefur aðgang að félagsmiðstöðinni Garðalundi ásamt öllum öðrum unglingum í Garðabæ. Þangað sóttu nemendur opin hús og dansleiki, jafnframt voru vikuleg opin hús í Sjálandsskóla á fimmtudagskvöldum þar sem nemendur mættu nokkuð vel. Í upphafi árs 2012 fengu nemendur Sjálandsskóla sína eigin félagsmiðstöð, Herkulez. Árshátíð Sjálandsskóla var haldin fimmtudaginn 26. apríl. Nemendur og kennarar áttu ánægjulegan kvöldverð saman í Sjálandsskóla, kennarar og nemendur voru með skemmtiatriði. Eftir hátíðarmat var ball í Garðaskóla.

Námsmat

Nemendur voru metnir eftir hvert þema og námsmat sett inn á mentor. Í stærðfræði og íslensku voru lotupróf á þriggja - fjögurra vikna fresti og einkunn sett inn á mentor. Í ensku og dönsku voru reglulega metin verkefni nemenda. Í lok skólaársins var nemendum afhent heildarmat vetrarins þar sem mat var lagt á einstaka námsþætti og mat á þemalotunum. Námsárangur nemenda var almennt ágætur og var það metið út frá markmiðum hvernar lotu og markmiðum aðalnámskrár.

Ástundun og fjarvistir

Ástundun var send heim til foreldra vikulega. Yfir veturinn voru: veikindadagar alls 203 dagar og 25 stundir, leyfi var veitt 188 daga og 73 stundir, fjarvistir 8 dagar og 196 stundir og seinkomur 193 stundir.

Starfið í vetur gekk almennt mjög vel. Fyrrihluta vetrar var lögð áhersla á að skapa hópkennd og innleiða markviss vinnubrögð. Skipulag námsefnis hélst vel í gegnum skólaárið.

Skýrsla umsjónarkennara í 9. bekk

Nemendur í 9. bekk voru 16 talsins. 4 stúlkur og 12 drengir. Umsjónarkennari var Elfa Hrönn Friðriksdóttir. Umsjónarkennari kenndi íslensku og þær greinar sem kenndar voru í þemum

ásamt valgreinunum Dýrafræði og Heimstyrjaldir. Aðrir kennarar sem kenndu hópnum voru, Berglind Þórðardóttir sem kenndi stærðfræði og val, Margrét Þorleifsdóttir sem kenndi dönsku, Hrafnhildur Sævarsdóttir sem kenndi sund og val, Davíð Örvar Ólafsson sem kenndi íþróttir og val og Anna Lilja Torfadóttir sem kenndi ensku og val. Aðrir kennarar sem kenndu valgreinar voru; Eygló R. Sigurðardóttir, Helgi Grímsson, Guðrún Dóra Jónsdóttir, Ólafur Schram, Sigurður Guðleifsson, Ólafur Ingi Grettisson, Silja Kristjánsdóttir, Steinþór Þorsteinsson, Guðný Margrét Magnúsdóttir, Rakel Margrét Viggósdóttir, Rakel Sölvadóttir, Rebekka Erin Moran og Anne Herzog og Aldís Pálsdóttir. Sérkennslu í íslensku sinnti Ásta Sölvadóttir og Ósk Auðunsdóttir var með sérkennslu í stærðfræði.

Kennslustundir

Nemendur fengu 37,5 kennslustundir á viku (miðað við 40 mínútna kennslustundir). Stærðfræði var kennd 5,25 kennslustundir og íslenska 6,75 kennslustundir á viku. Danska var kennd 4,2 kennslustundir og enska var kennd 2,6 kennslustundir á viku. Þema var kennd 7,5 kennslustundir á viku. Val var kennt 6,75 kennslustundir á viku. Svokallaðir skiptitímar voru 90 mínútur á viku.

Íþróttir voru kenndar 1,1 kennslustund á viku. Sund var kennt 1,1 kennslustund á viku.

Námsgreinarnar voru ekki kenndar allar í senn heldur voru tekin fyrir ákveðin efni til umfjöllunar í þemunum og námsgreinum fléttað inn í það eins og við átti.

Helstu áherslur hópsins

Stærðfræðin og íslenskan var kennd í lotum eftir Vallaskólaleiðinni. 3 vikur í hverri lotu. Áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð og að hver nemandi náði að skipuleggja vinnu sína og áætla sér heimavinnu þegar við átti. Hver nemandi vann svo á sínum hraða en verkefni og próf tekin í lok hvernar lotu. Leyfilegt var að halda áfram í næstu lotu ef henni var lokið innan þriggja vikna. Heimanám var undir hverjum kennara komið og jafnframt almennt skipulag hvernar kennslustundar. Þema var kennt í mismörgum lotum. Mikil áhersla var að kenna nemendum að temja sér góð vinnubrögð og snyrtilegan frágang á verkefnum. Einnig var áhersla lögð á að nemendur bæru ábyrgð á eigin námi og að nemendur héldu áfram að tileinka sér þau viðhorf að skólinn sé vinnustaður þeirra.

Þemaverkefni vetrarins

Stríðsárin

Nemendur lærðu um seinni heimsstyrjöldina og áhrif hennar á íslenskt samfélag. Þeir fræddust um ofsóknir nasista gegn gyðingum og ýmsum minnihlutahópum. Kveikjan að þemanu var kvikmyndin Strákurinn í röndóttu náttfötunum sem er átakanleg mynd um útrýmingu gyðinga. Í upphafi þemans fóru nemendur í vettvangsferð í Öskjuhlíðina þar sem hópurinn skoðaði ýmsar minjar frá stríðsárunum m.a. loftvarnarbyrgi og víggrafir úr torfi og grjóti. Aðallesefni þemans var kennslubókin *Stríðsárin á Íslandi*, nemendur leystu verkefni í tengslum við hana og tóku próf að henni lokinni. Nemendur gerðu heimildaritgerð (einstaklings-/eða paraverkefni) og leituðu upplýsinga í bókum og á interneti. Til skemmtunar og fróðleiks lásu nemendur einnig skáldsöguna *Grafarþögn* eftir Arnald Indriðason og skiluðu einstaklingsverkefni í tengslum við hana í lok þemavinnu.

Heimsreisan mín

Nemendur lærðu um heimsálfurnar sjö; Afríku, Asíu, Evrópu, Eyjaálfu (Ástralíu), Norður-Ameríku, Suður-Ameríku og Suðurskautslandið. Kveikjan að þemanu var kynning frá Ósk Auðunsdóttur um upplifun í eigin heimsreisu. Nemendur lásu kennslubókina *Landafræði handa unglíngum, 2. hefti* og unnu verkefni í tengslum við hana. Próf var tekið í lokin. Stærsta verkefni þemans var hópverkefni þar sem nemendur skipulögðu sína eigin 3 mánaðar heimsreisu og áttu að gera hana á sem ódýrastan máta. Nemendur þurftu að tilgreina til hvaða heimsálfa þeir fóru og lýsa tveimur ítarlega, hvaða lönd þeir heimsóttu, hvaða staði þeir skoðuðu, hvar þeir gistu, gera nákvæma kostnaðaráætlun. Í lok þemavinnu kynnti hver hópur sína ferð með ca. 40 mín power point fyrirlestri fyrir bekkinn.

Nýbúar

Nemendur kynntust hugtökunum nýbúar og fjölmening. Kveikjan að þemanu var heimsókn frá Amal Tamimi þingmanni og starfar hún jafnframt hjá Jafnréttishúsi. Í þemanu kynntust nemendur því að vegna aðildar Íslands að EES og Schengen er Ísland hluti af evrópskum atvinnumarkaði og því hafi fjöldi fólks flust hingað til lands á uppgangstímum síðari ára. Á sama hátt eru margir Íslendingar nú að flytja erlendis í leit að vinnu og betra lífi. Nemendur rifjuðu upp þekkingu sína um landnám Íslands og tengdu þá þekkingu við hugtakið nýbúar. Nemendur horfðu á heimildarmyndina *Vegurinn heim* sem er um fjölmeningu á Íslandi. Nemendur tóku einnig þátt í vefleiknum *Flótti* sem Rauðu krossinn sér um. Stærsta verkefni

Þemans var viðtal sem nemendur tóku við nýbúa, nemendur lærðu að undirbúa viðtal og framkvæma það. Í lokin kynntu nemendur niðurstöður viðtals fyrir samnemendum. Í þemanu voru einnig margir umræðutímar þar sem nemendur ræddu saman í smáum hópum eða hópurnir sem heild. Mikil þörf var í bekknum á umræðum og umfjöllun um nýbúa og atriðum tengdu fjölmenningslegu samfélagi.

Hvað kostar dæmið

Nemendur unnu saman í 4 manna hópum að einu stóru hópverkefni þar sem þeir undirbyggðu og kostnaðargreindu einn viðburð sem markaðs tímamót á æviferlinum, t.d. brúðkaup, útskrift, stórafmæli eða jólahald og áramót. Hver hópur ákvað samsetningu á sinni fjölskyldu sem var að fara að halda viðburðinn. Hópurinn fann síðan út meðallaun og meðalneyslu sinnar fjölskyldu með því að fara inn á vef Hagstofu Íslands. Með þeim forsendum gat hópurnir reiknað út hve lengi fjölskyldan yrði að safna fyrir viðburðinum því hver hópur átti að gera nákvæma kostnaðaráætlun í excel. Hver hópur tók allar ákvarðanir sem varðaði viðeigandi undirbúning og framkvæmd viðburðarins, t.d. útbjuggu matseðla og boðskort. Í upphafi verkefnis útbjó hver hópur til verklýsinga sem var skilað til kennara. Á meðan verkefni stóð skrifaði hver hópur dagbók. Í lok verkefnis héldu nemendur fyrirlestra um sinn viðburð.

Erum við ein í alheiminum

Nemendur lásu bækurnar *Erfðir og Þróun*; og *Sól, tungl og stjörnur*. Nemendur unnu verkefni í tengslum við hvern kafla og tóku kaflapróf. Kennaranemi kenndi bekknum í 3 vikur og hjá honum unnu nemendur að stóru hópverkefni sem fjallaði um sólkerfið Sumarbrautina. Vísindamenn höfðu fundið nýtt sólkerfi í 100 ljósárafjarlægð frá jörðinni og allar pláneturnar voru byggilegar mönnum. Nemendur áttu að vera sölumenn og útbúa sölukynningu á sinni plánetu. Nemendur sögðu frá því af hverju þeirra pláneta væri byggilega og hvaða kosti hún hefði fram yfir aðrar plánetur í sólkerfinu. Verkefninu var skilað í tveimur hlutum, annarsvegar sem skriflegri frásögn og hinsvegar sem fyrirlestri með glærum.

Vinnan göfgar manninn

Í þemanu kynntust nemendur íslenskum atvinnuvegi og fengu náms- og starfsfræðslu. Unnin voru m.a. verkefni úr námsefninu *Margt er um að velja*. Einnig tóku nemendur þátt Raunveruleikum sem er gagnvirkur hermíleikur, hannaður sem fjármála- og neytendafræðsla fyrir efstu bekk Grunnskóla, <http://raunveruleikurinn.is/>. Nemendur unnu fjölbreytt verkefni í þemanu. Nemendur tóku viðtal við foreldri eða ættingja og spurðu út í starf hans og héldu kynningu fyrir samnemendum. Einnig útbjuggu nemendur ferilskrá og

sóttu um ákveðið starf sem þeir höfðu séð auglýst. Með umsókninni skrifuðu þeir formlegt umsóknarbréf. Í þemanu öðluðust nemendur aukna þekkingu á sjálfum sér og umhverfi sínu. Í byrjun þemans fór bekkurinn í heimsókn í Nýbúadeild Lækjarskóla í Hafnarfirði og kynnti sér kennsluhætti þar og tóku viðtöl við nemendur.

Skipulag kennslunnar

Þema var unnið út frá hugmyndum „hugsmíðahyggjunnar“ og hugmyndum um einstaklingsmiðað nám. Hugsmíðahyggjan leggur áherslu á möguleika mannsins til að greina heiminn á heildrænan hátt og sjá leiðir í að betrumbæta hann.

Stuðst var við fjölbreyttar kennsluaðferðir en hlutbundin vinna, leitarnám, samvinnunám, uppgötvunarnám, og skapandi vinna voru þær aðferðir sem voru helst notaðar.

Stærðfræði og íslenska var kennd í 3 vikna lotum. Innlagnir voru samkvæmt áætlun sem nemendur fengu afhenta í upphafi lotunnar. Í hverri lotu er 1 megin þema. Verkefnum var skilað í lok hverrar lotu og lotupróf tekið. Ef nemandi náði ekki viðmiðunartölu sinni (einkunn ákveðin að í samráði við kennara og foreldra) þá fer nemandi í stutta upprifjun og tekur aftur próf.

Kennsluaðferðir í öðrum námgreinum var í höndum hvers kennara og misjafnar eftir viðfangsefni.

Námsefni

Námsefni hópsins var fjölbreytt og miðað að þörfum hvers og eins. Í íslensku voru notaðar bækurnar Skerpa 2, Laxdæla, Mályrkja 2, Málfinnur, Skrifinnur, Ritbjörg, Orðabækur, 2 kjörbækur og valbækur ásamt ljósriti frá kennara.

Í stærðfræði voru notaðar bækurnar *Almenn stærðfræði II* og *Átta/tíu 3 og 4*.

Í dönsku var bókin *Dejlige Danmark; lesbók og verkefnabók*. Í ensku var bókin *Matrix Pre-Intermediate; lesbók og verkefnabók* ásamt ýmsum verkefnum frá kennara.

Bókin *Stríðsárin á Íslandi* og skáldsagan *Grafarþögn* voru notaðar í þemanu Stríðsárin.

Bókin *Landafræði handa unglíngum, 2. hefti* var notað í þemanu Heimsreisan mín.

Bækurnar *Erfðir og þróun ásamt Sólf, tungl og stjörnur* voru notaðar í þemanu Erum við ein í alheiminum.

Námsefnið *Margt er um að velja* var notað í þemanu Vinnan göfgar manninn.

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og umsjónarkennara. Kennari sendi vikulega eða oftár fréttabréf um starfið og skipulag námsins og veitti upplýsingar sem voru gagnlegar fyrir foreldra. Foreldrar höfðu þó nokkur samskipti við umsjónarkennara í gegnum tölvupóst í tengslum við vinnulotur, samskipti og líðan nemenda og ýmis önnur mál.

Útikennsla og ferðir

Ekki voru sérstakir útikennsludagar í 9.bekk en farnar voru nokkrar vettvangsferðir. Í upphafi skólaárs fór bekkurinn í Öskjuhlíðina að skoða gamlar stríðsminjar í tengslum við þemað Stríðsárin. Í lok september fóru nemendur í einna náttu ferð á Úlfjótuvatn þar sem farið var í fjallgöngu og sigturninn prófaður. Í desember fórum við í kirkjuferð í Vídalínskirkju með öllum nemendum og starfsfólki Sjúalandsskóla. Bekkurinn fór í heimsókn í Lækjarskóla í Hafnarfirði í janúar. Í apríl var öllum nemendum unglíngadeildar boðið á símfóníutónleika í Eldborgarsal Hörpu. Nemendur í unglíngadeild fóru í hjólaferð í Nauthólsvík þann 1. júní. 5. -6. júní fóru nemendur í 8. og 9.bekk í útilegu í Skorradal og áttu nemendur þar góðar stundir.

Félagsstarf

Unglíngastig Sjúalandsskóla hefur aðgang að félagsmiðstöðinni Garðalundi ásamt öllum öðrum unglíngum í Garðabæ. Í vetur var sett á laggirnar ný starfsstöð, útibú frá Garðalundi, í Sjúalandsskóla. Nemendur gáfu félagsmiðstöðinni nafnið Herkúlez. Starfsmaður var ráðinn í 75% starfshlutfall í Herkúlez. Vikulega var opið hús í Sjúalandsskóla á fimmtudagskvöldum þar sem nemendur mættu nokkuð vel. Nemendur í unglíngadeild Sjúalandsskóla sóttu viðburði á vegum Garðalundar/Herkúlezar nokkuð vel í vetur, þar á meðal samskólaball, Samfés og fleiri uppákomur. Hálfum mánuði fyrir árshátíð hélt 9. og 10. bekkur „sleepover“ þar sem markmið næturinnar var að skipuleggja árshátíð unglíngadeildarinnar. Nemendum var skipt í fjóra hópa þar sem hver hópur vann að ákveðnu verkefni fyrir árshátíðina. Árshátíð Sjúalandsskóla var haldin fimmtudaginn 26. apríl. Nemendur og kennarar áttu ánægjulega kvöldstund saman, kennarar og nemendur voru með skemmtiatriði. Eftir hátíðarmat var ball í

Garðaskóla. Bekkjarfulltrúar héldu tvær uppákomur, annarsvegar DVD kvöld og hinsvegar skautuferð.

Námsmat

Nemendur voru metnir eftir hvert þema og voru einkunnir settar inn í verkefnabók í mentor. Í stærðfræði og íslensku voru lotupróf á þriggja vikna fresti. Í ensku og dönsku voru reglulega metin verkefni nemenda. Í lok skólaársins var nemendum afhent heildarmat vetrarins.

Námsárangur nemenda var almennt ágætur og var það metið út frá markmiðum hverrar lotu og markmiðum aðalnámskrár. Nemendur tóku samantektarpróf í stærðfræði, íslensku og ensku í lok maí.

Þrír nemendur luku 9. og 10. bekkjar námsefni í ensku. Tveir nemendur voru í fjarnámi í ensku við FG.

Ástundun og fjarvistir

Ástundun var send heim til foreldra vikulega. Yfir veturinn voru: veikindadagar alls 102 dagar og 25 stundir, leyfi var 104 dagar og 43 stundir, fjarvistir voru 5 dagar og 57 stundir og sein komur 104 stundir.

Almennt mat á vetrinum

Starfið í vetur gekk almennt mjög vel. Fyrrihluta vetrar var lögð áhersla á að innleiða markviss vinnubrögð og jákvætt andrúmsloft í bekknum sem tókst með ágætum. Nemendur bekkjarins eru ágætir félagar, vinnusemi einkennir bekkinn. Skipulag námsefnis náði að haldast mjög vel með litlum tilfæringum.

Skýrsla umsjónarkennara í 10. bekk

Nemendur í 10. bekk voru í vetur 16. 4 stúlkur og 12 drengir. Umsjónarkennari var Ósk Auðunsdóttir. Umsjónarkennari kenndi jafnframt stærðfræði og þær greinar sem kenndar voru í þeim samt valgreininni Kemur sprenging. Aðrir kennarar sem kenndu hópnum voru, Anna Lilja Torfadóttir sem kenndi íslensku/ensku og val, Margrét Þorleifsdóttir sem kenndi dönsku, Hrafnhildur Sævarsdóttir sem kenndi sund og val, Davíð Örvar Ólafsson sem kenndi íþróttir og val. Aðrir kennarar sem kenndu valgreinar voru; Aldís Pálsdóttir, Anne Herzog, Elfa Hrönn Friðriksdóttir, Eygló R. Sigurðardóttir, Guðný Margrét Magnúsdóttir, Guðrún Dóra Jónsdóttir, Helgi Grímsson, Ólafur Schram, Ólafur Ingi Grettisson Raket Sölvadóttir, Raket Viggósdóttir, Sigurður Guðleifsson, Silja Kristjánsdóttir, Steinþór Þorsteinsson og Valur Örn Arnarsson,

Ásta Sölvadóttir kom að sérkennslu fyrir einstaka nemendur í íslensku og umsjónarkennari sá um sérkennslu í stærðfræði.

Kennslustundir

Nemendur fengu 37,5 kennslustundir á viku (miðað við 40 mínútna kennslustundir). Stærðfræði var kennd 6 kennslustundir og íslenska 6,4 kennslustundir á viku. Danska og enska var kennd 3 kennslustundir á viku. Þema var kennd í 7,9 kennslustundir á viku. Val var kennt 6,75 kennslustundir á viku. Heimasvæði/vinnustundir var 2,25 kennslustundir á viku,

Íþróttir voru kenndar í 1,1 kennslustundir á viku. Sund var kennt 1,1 kennslustundir á viku.

Námsgreinarnar voru ekki kenndar allar í senn heldur voru tekin fyrir ákveðin efni til umfjöllunar í þemunum og námsgreinum fléttað inn í það eins og við átti.

Helstu áherslur hópsins

Stærðfræði og íslenska var kennd í lotum eftir Vallaskólaleiðinni. 3 vikur í hverri lotu. Áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð og að hver nemandi náði að skipuleggja vinnu sína og áætla sér heimavinnu þegar við átti. Hver nemandi vann svo á sínum hraða en verkefni og próf voru tekin í lok hverrar lotu. Leyfilegt var að halda áfram í næstu lotu ef henni var lokið innan þriggja vikna. Heimanám var undir hverjum kennara komið og jafnframt almennt skipulag hverrar kennslustundar. Þema var kennt í mismörgum lotum. Mikil áhersla var að kenna nemendum að temja sér góð vinnubrögð og snyrtilegan frágang á verkefnum. Einnig var

áhersla lögð á að nemendur bæru ábyrgð á eigin námi og að nemendur héldu áfram að tileinka sér þau viðhorf að skólinn sé vinnustaður þeirra.

Þemaverkefni vetrarins

Orka

Fyrsta þema ársins nefndist *Orka og stóriðja*. Nemendur leystu skrifleg verkefni sem tengdust þeim námsbókum sem lágu til grundvallar s.s. *Orka og Efnisheimurinn* ásamt bókum af bókasafni um orkuver og stóriðju. Þá tóku nemendur þátt í hópverkefni þar sem þeir kynntu sér náið starfshætti eins stóriðjuvers og kynntu það fyrir skólafélögum sínum.

Verslun og viðskipti

Í öðru þema vetrarins beindum við sjónum nemenda að verslun og viðskiptum. Um eiginlegt námsefni var ekki að ræða heldur byggði þemað að stærstum hluta á hópverkefni þar sem nemendur settu upp eigið viðskiptamódel og stofnuðu verslun eða fyrirtæki. Þemað tengist fyrst og fremst markmiðum fyrir upplýsinga- og tæknimennt. Vinnan við þemað fór bæði fram heima og í skólanum. Í loka þemans kynntu nemendur sitt viðskiptamódel fyrir samnemendum.

Banvænn

Í þriðja þema vetrarins einbeittum við okkur að mannlíkamanum, með sérstakri áherslu á líffæra- og ónæmiskerfi hans. Í upphafi horfðu nemendur á myndina *Outbrake* sem var kveikjan að þemanu. Nemendur lásu bókina *Mannslíkamann* og unnu verkefni í tengslum við hana. Nemendur skrifuðu einnig heimildaritgerð um líffæra- og ónæmiskerfi mannsins, og völdu sér jafnframt einn banvænan sjúkdóm til að skrifa um. Ritgerðin var unnin einstaklingslega eða í pörum. Hver nemandi hélt síðan stuttan fyrirlestur um sjúkdóminn sinn fyrir skólafélaga. Þemað tengdist fyrst og fremst náttúrufræði en einnig upplýsinga- og tæknimennt. Vinnan við þemað fór bæði fram heima og í skólanum.

Þjóðfélagið

Í næst síðasta þema skólaársins einbeittum við okkur að íslenska þjóðfélaginu. Í upphafi horfðu nemendur á myndina *Draumalandið* sem var kveikjan að þemanu. Nemendur unnu að hluta til í hópum og einstaklingslega. Unnið var með námsbókina *Þjóðfélagið* og leyst margvísleg verkefni úr bókinni en að auki unnu nemendur í hópum að stóru rannsóknarverkefni. Rannsóknarverkefnið sem unnið var að tengdist hugtökunum sem fjallað

er um í bókinni. Þemað tengist fyrst og fremst þjóðfélagfræði og upplýsingatækni en í hópverkefninu réðu nemendur för við efnisval og úrvinnslu og því höfðu nemendur mikið um það að segja hvaða markmiðum var unnið að. Vinnan við þemað fór bæði fram heima og í skólanum. Í lok þemans varð uppskeruhátíð hópverkefna.

Tækið

Síðasta þema skólaársins var tileinkaðar kraftfræði og nýsköpun. Efnið tengdist því helst eðlisfræði og upplýsingatækni. Nemendur lásu bókina *Kraftur og hreyfing* og unnu úr henni fjölbreytt verkefni. Nemendur unnu saman í hópum að nýsköpunarverkefni, settu fram hugmynd, útbjuggu sýnishorn og kynntu fyrir samnemendum.

Skipulag kennslunnar

Þema var unnið út frá hugmyndum „hugsmíðahyggjunnar“ og hugmyndum um einstaklingsmiðað nám. Hugsmíðahyggjan leggur áherslu á möguleika mannsins til að greina heiminn á heildrænan hátt og sjá leiðir í að betrumbæta hann.

Stuðst var við fjölbreyttar kennsluaðferðir en hlutbundin vinna, leitarnám, samvinnunám, uppgötvunarnám, og skapandi vinna voru þær aðferðir sem voru helst notaðar.

Stærðfræði og íslenska var kennd í 3 vikna lotum. Innlagnir voru samkvæmt áætlun sem nemendur fengu afhenta í upphafi lotunnar. Í hverri lotu er eitt megin þema. Verkefnum var skilað í lok hverrar lotu og lotupróf tekið. Ef nemandi náði ekki viðmiðunartölu sinni (einkunn ákveðin að í samráði við kennara og foreldra) þá fer nemandi í stutta upprifjun og tekur aftur próf.

Kennsluaðferðir í öðrum námgreinum var í höndum hvers kennara og misjafnar eftir viðfangsefni.

Námsefni

Námsefni hópsins var fjölbreytt og miðað að þörfum hvers og eins.

Í íslensku voru notaðar bækurnar *Skerpa III*, *Mályrkja III*, *Skrifinnur*, *Málfinnur*, *Hugfinnur*, *Gísla Saga Súrssonar*, *Englar Alheimsins*, *orðabækur*, *ýmsar smásögur* og *ljóð ásamt ljósriti frá kennara*.

Í stærðfræði voru notaðar bækurnar *Almenn stærðfræði III* og *Átta/tíu 5 og 6*. Jafnframt voru notuðu gömul samræmd próf og æfingar tengd þeim.

Í dönsku var bókin *Ekko; lesbók og verkefnabók*. Í ensku var bókin *Matrix Intermediate*; lesbók og verkefnabók ásamt ýmsum verkefnum frá kennara.

Bókin *Orka* var notuð í þemanu Orka og stóriðja.

Bókin *Mannslíkaminn* var notuð í þemanu banvænn.

Bókin *Þjóðfélagsfræði* var notuð í þemanu Þjóðfélagið.

Bókin *Kraftur og hreyfing* var notuð í þemanu Tækið.

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og umsjónarkennara. Kennari sendi vikulega eða oftár fréttabréf um starfið og skipulag námsins og veitti upplýsingar sem voru gagnlegar fyrir foreldra. Foreldrar höfðu þó nokkur samskipti við umsjónarkennara í gegnum tölvupóst/síma í tengslum við vinnulotur, samskipti og líðan nemenda og ýmis önnur mál.

Útikennsla og ferðir

Ekki voru sérstakir útikennsludagar í 10. bekk. Í september var farið í haustferð til Vestmannaeyja. Nemendur gistu í félagsheimilinu Rauðagerði og ýmislegt var dundað. Hópurinn fór í gönguferð um eyjuna og skoðaði m.a. Pompei norðursins sem er uppgröftur á húsum sem fóru undir hraun og ösku í eldgosinu 1973. Hópurinn prófaði einnig að spranga og fór í sund. Í desember fórum við í kirkjuferð í Vídalínskirkju með öllum nemendum og starfsfólki Sjúalandsskóla. Í lok mars fóru nemendur ásamt námsráðgjafa í heimsókn í Fjölbautarskólann í Garðabæ. Þar fengu nemendur leiðsögn og fræðslu um skólann. Í apríl var öllum nemendum unglíngadeildar boðið á sínfóníutónleika í Eldborgarsal Hörpu. Nemendur í unglíngadeild fóru í hjólaferð í Nauthólsvík þann 1. júní. Skólaárinu luku nemendur síðan með vel heppnaðri ferð í Þórsmörk.

Félagsstarf

Unglíngastig Sjúalandsskóla hefur aðgang að félagsmiðstöðinni Garðalundi ásamt öllum öðrum unglíngum í Garðabæ. Í vetur var sett á laggirnar ný starfsstöð, útibú frá Garðalundi, í

Sjálundsskóla. Nemendur gáfu félagsmiðstöðinni nafnið Herkúlez. Starfsmaður var ráðinn í 75% starfshlutfall í Herkúlez. Vikulega var opið hús í Sjálundsskóla á fimmtudagskvöldum þar sem nemendur mættu nokkuð vel. Nemendur í unglingadeild Sjálundsskóla sóttu viðburði á vegum Garðalundar/Herkúlezar nokkuð vel í vetur, þar á meðal samskólaball, Samfés og fleiri uppákomur. Í desember fór bekkurinn út að borða á Caruso og í bíó. Hálfum mánuði fyrir árhátíð hélt 9. og 10. bekkur „sleepover“ þar sem markmið næturinnar var að skipuleggja árhátíð unglingadeildarinnar. Nemendum var skipt í fjóra hópa þar sem hver hópur vann að ákveðnu verkefni fyrir árhátíðina. Árhátíð Sjálundsskóla var haldin fimmtudaginn 26. apríl. Nemendur og kennarar áttu ánægjulega kvöldstund saman, kennarar og nemendur voru með skemmtiatriði. Eftir hátíðarmat var ball í Garðaskóla. Umsjónarkennari stóð fyrir einu bekkjarkvöldi þar sem pöntuð var pizza og horft á video.

Námsmat

Nemendur voru metnir eftir hvert þema og voru einkunnir settar inn í verkefnabók í mentor. Í stærðfræði og íslensku voru lotupróf á þriggja vikna fresti. Í ensku og dönsku voru reglulega metin verkefni nemenda. Í lok skólaársins var nemendum afhent heildarmat vetrarins. Námsárangur nemenda var almennt ágætur og var það metið út frá markmiðum hvernar lotu og markmiðum aðalnámskrár. Nemendur tóku samantektarpróf í stærðfræði, íslensku og ensku í lok maí.

Þrjú nemendur voru í fjarnámi í ensku við FG, einn nemandi var í fjarnámi í íslensku og einn nemandi í dönsku.

Ástundun og fjarvistir

Ástundun var send heim til foreldra einu sinni í viku. Þegar líða tók á veturinn kom í ljós að margir nemendur voru ekki nógu samviskusamir í ástundun. Margir mættu seint í kennslustundir hvort sem það var á morgnana eða miðjum degi. Örfáir höfðu óútskýranlegar fjarvistir. Yfir veturinn voru: veikindadagar alls 138 dagar og 40 stundir, leyfi var 63 dagar og 42 stundir, fjarvistir 1 dagur og 9 stundir og sein komur 30 stundir.

Almennt mat á vetrinum

Starfið í vetur gekk almennt mjög vel. Fyrrihluta vetrar var lögð áhersla á að innleiða markviss vinnubrögð og jákvætt andrúmsloft í bekknum sem tókst með ágætum. Nemendur bekkjarins eru ágætir félagar og vinnusemi einkennir bekkinn. Skipulag námsefnis náði að haldast nokkurn veginn en endurskoða þarf tímalengd á þeim þar sem oft þurfti lengri tíma en áætlaður var.

Skýrsla dönskukennara

Kennari: Margrét Þorleifsdóttir kenndi fjórum árgöngum dönsku skólaárið 2011 – 2012. Það voru nemendur í 7. 8. 9. og 10. bekk. sem fengu dönskukennslu, 29 nemendur í 7. bekk þar sem Hrafnhildur Sigurðardóttir kenndi einnig og 27 nemendur í 8. bekk þar sem Berglind Þórðardóttir kenndi einnig. Í 9. bekk voru 13 nemendur í dönsku og í 10. bekk voru þeir 14.

8. bekkur

Í 8. bekk voru 27 nemendur í dönsku, kennt var tvisvar sinnum í viku, ein 60 mínútna kennslustund og önnur 45 mínútna, alls 105 mínútur á viku.

Markmið

Markmið dönskukennslunnar skiptist í 5 flokka: Hlustun, lestur, talað mál – samskipti, talað mál – frásögn og ritun. Markmiðin eru byggð á Aðalnámsskrá grunnskólanna og í verkefnum vetrarins var reynt að ná sem flestum af þessum markmiðum.

Skipulag kennslunnar

Dönskukennslan miðaðist við að auka orðaforða með hlustun, lestri og ritun. Vekja áhuga á dönsku og kynna danska menningu og siði.

Kennsluhættir

Leitast var við að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta. Verkefni voru unnin bæði sem einstaklingsverkefni og í hópavinnu. Verkefni voru skrifleg og munnleg. Áhersla var lögð á jákvætt viðhorf gagnvart náminu og tungumálinu og að styrkja nemandann í trú á eigin getu í faginu. Heimanám var einu sinni í viku þar sem sett var fyrir á föstudegi og skilað á fimmtudegi. Heimanám var flestar vikurnar.

Hlustun

Áhersla var lögð á réttan, danskan framburð. Nemendur hlustuðu á framburð kennara og annarra nemenda auk þess sem að þeir fengu að hlusta á tónlist og horfa á tvær kvikmyndir yfir veturinn. Einnig var notast við hlustunarefni námsbókanna.

Lestur

Unnið var í námsbókum og öðru námsefni.

Talað mál – samskipti

Í ákveðnum verkefnum höfðu nemendur samskipti við kennara á dönsku, einnig töluðu nemendur saman á dönsku í ákveðnum verkefnum. Áhersla var lögð á að kenna réttan, danskan framburð.

Talað mál – frásögn

Nemendur lásu til skiptis úr námsbókum, ræddu saman í pörum um námsefnið og einnig var notast við hlustunaræfingar sem fylgja námsbókunum. Einnig var farið í ýmsa leiki til að gera þau óhrædd við að tjá sig á dönsku. Áhersla var lögð á að kenna réttan, danskan framburð.

Ritun

Unnið var í námsbókum auk annarra verkefna, s.s. ritgerðir um danskar kvikmyndir og ýmis styttri og lengri ritunarverkefni út frá námsefninu.

Námsgögn og námsefni

Kennslubækur: Tænk: lesbók, vinnubækur A og B og hlustunarefni. Kennari notaði einnig bókina *Begynd uden bog* og *Snak løs til að finna leiki og spil* fyrir nemendur.

Annað námsefni: Leikir, spil, teikniverkefni, tónlist, ljóð, kvikmyndir og annað efni af netinu og frá kennara.

Verkefni

Helstu verkefni voru unnin í verkefnabækurnar *Tænk*, glósur og orðablóm í glósubók og önnur verkefni voru leikir, spil, teikniverkefni, ritgerðir, tónlistarverkefni, og annað efni frá kennara.

Heimavinna

Heimavinna var nokkur flestar vikurnar en einnig var ætlast til af nemendum að þeir klári heima það sem þeir ná ekki í kennslustundum.

Matsaðferðir

Símat var allt skólaárið og allar kannanir og próf sem tekin voru yfir veturinn höfðu vægi inn í heildareinkunn að vori, samtals 75%. Vinna í vinnubók, vinnusemi og virkni í tímum og skil á heimavinnu höfðu 25% vægi á móti vægi kannana og prófa. Kannanir og próf voru skrifleg, munnleg og hlustun. Námsmat fyrir kannanir og próf var gefinn í tölum og í lok skólaárs var gefin ein heildareinkunn. Við námsmat þar sem ákveðin markmið voru höfð að leiðarljósi merkti kennarinn hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir.

9. bekkur

Í 9. bekk voru 13 nemendur í dönsku, kennt var tvisvar sinnum í viku, tvær 60 mínútna kennslustundir og einn 45 mínútna kennslustund, alls 165 mínútur á viku.

Markmið

Markmið dönskukennslunnar skiptist í 5 flokka: Hlustun, lestur, talað mál – samskipti, talað mál – frásögn og ritun. Markmiðin eru byggð á Aðalnámskrá grunnskólanna og í verkefnum vetrarins var reynt að ná sem flestum af þessum markmiðum.

Skipulag kennslunnar

Dönskukennslan miðaðist við að auka orðaforða með hlustun, lestri og ritun. Vekja áhuga á dönsku og kynna danska menningu og siði.

Kennsluhættir

Leitast var við að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta. Verkefni voru unnin bæði sem einstaklingsverkefni og í hópavinnu. Verkefni voru bæði skrifleg og munnleg. Áhersla var lögð á jákvætt viðhorf gagnvart náminu og tungumálinu og að styrkja nemandann í trú á eigin getu í faginu.

Hlustun

Áhersla var lögð á réttan, danskan framburð. Nemendur hlustuðu á tónlist, alls kyns myndbönd og efni af netinu, kennarann og hver á annan. Auk þess fengu nemendur að horfa á nokkrar bíómyndir. Einnig var notast við hlustunarefni námsbókanna.

Lestur

Unnið var í námsbókum, lesnar léttlestrarbækur og ýmsir aðrir textar, s.s. lagatextar.

Talað mál – samskipti

Í ákveðnum verkefnum höfðu nemendur samskipti við kennarann á dönsku, einnig töluðu nemendur saman í þörum eða hópum á dönsku í ákveðnum verkefnum. Áhersla var lögð á að kenna réttan, danskan framburð.

Talað mál – frásögn

Nemendur komu fram og kynntu verkefni sín þegar það átti við. Lásu til skiptis úr námsbókum og einnig var notast við hlustunaræfingar sem fylgja námsbók. Áhersla var lögð á að kenna réttan, danskan framburð.

Ritun

Unnið var í námsbókum, ritgerð um kvikmynd og ýmis styttri ritunarverkefni.

Námsgögn og námsefni

Kennslubækur: Dejlige Danmark: lesbók, vinnubók og hlustunarefni. Málfræðibókin Grammatik og vinnubók 1. Ekko: lesbók og opgavebog A. Kennari notaði einnig bókina Snak løs til að finna leiki og spil fyrir nemendur.

Annað námsefni: Léttlestrarbækur, leikir, spil, sögur, ljóð, myndasaga, tónlist, kvikmyndir, verkefni af vefnum, s.s. danskediamanter.is og önnur verkefni frá kennara.

Verkefni

Helstu verkefni voru unnin í verkefnabók Dejlige Danmark, og Ekko opgavebog A og Grammatik vinnubók 1. Léttlestrarbækur voru lesnar og verkefni unnið í tengslum við hana bæði skriflegt og munnleg. Önnur verkefni voru leikir, spil, tónlist, ritgerð um kvikmynd, styttri ritunarverkefni, ljóða- sögu- og setningagerð, verkefni af danske diamanter.is og ýmis önnur verkefni frá kennara.

Heimavinna

Heimavinna var nokkur flestar vikurnar og einnig var ætlast til nemendur kláruðu heima það sem þeir náðu ekki að vinna í kennslustundum.

Matsaðferðir

Símat var allt skólaárið og allar kannanir og próf sem tekin voru yfir veturinn höfðu vægi inn í heildareinkunn að vori, samtals 80%. Vinna í vinnubók, vinnusemi og virkni í tímum og skil á heimavinna hafa 20% vægi á móti vægi kannana og prófa. Kannanir og próf voru bæði skrifleg, munnleg og hlustun. Námsmat fyrir kannanir og próf var gefið í tölum og í lok skólaárs var gefin ein heildareinkunn.

10. bekkur

Í 10. bekk voru 14 nemendur í dönsku. Kennt var tvisvar í viku, tvær 60 mínútna kennslustundir, alls 120 mínútur á viku.

Markmið

Markmið dönskukennslunnar skiptist í 5 flokka: Hlustun, lestur, talað mál – samskipti, talað mál – frásögn og ritun. Markmiðin eru byggð á Aðalnámskrá grunnskólanna og í verkefnum vetrarins var reynt að ná sem flestum af þessum markmiðum.

Skipulag kennslunnar

Dönskukennslan miðaðist við að auka orðaforða með hlustun, lestri og ritun. Vekja áhuga á dönsku og kynna danska menningu og siði.

Kennsluhættir

Leitast var við að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta. Verkefni voru unnin bæði sem einstaklingsverkefni og í hópavinnu. Verkefni voru bæði skrifleg, munnleg og hlustun. Áhersla var lögð á jákvætt viðhorf gagnvart náminu og tungumálinu og að styrkja nemandann í trú á eigin getu í faginu.

Hlustun

Áhersla var lögð á réttan, danskan framburð. Nemendur hlustuðu á tónlist, kennara og hver á annan. Auk þess fengu nemendur að horfa á bíómyndir. Einnig var notast við hlustunarefni námsbókar.

Lestur

Unnið var í námsbókum, lesin léttlestrarbók, lagatextar og ýmsir aðrir textar.

Talað mál – samskipti

Í ákveðnum verkefnum höfðu nemendur samskipti við kennara á dönsku, einnig töluðu nemendur saman á dönsku í þörum eða hópum. Áhersla var lögð á að kenna réttan, danskan framburð.

Talað mál – frásögn

Nemendur komu fram og kynntu verkefni sín þegar það átti við. Lásu til skiptis úr námsbókum, fóru í ýmsa leiki til að þjálfa þau í frásögn á dönsku og einnig var notast við hlustunaræfingar sem fylgja námsbókunum. Áhersla var lögð á að kenna réttan, danskan framburð.

Ritun

Unnið var í námsbókum, skrifaðar ritgerðir og styttri ritunarverkefni.

Námsgögn og námsefni

Kennslubækur: Ekko: lesbók, vinnubækur A og B og hlustunarefni. Kennari notaði einnig bókina Snak løs til að finna leiki og spil fyrir nemendur.

Annað námsefni: Léttlestrarbók, leikir, spil, saga, ljóð, kvikmyndir, myndasaga, tónlist, verkefni af vefnum danskediamanter.is og önnur verkefni frá kennara.

Verkefni

Helstu verkefni voru unnin í verkefnabækurnar Ekko A og B, Önnur verkefni voru leikir, spil, tónlist, ljóða- sögu- og setningagerð, horft á bíómyndir, verkefni af ýmsum netsíðum s.s. danske diamanter.is og önnur verkefni frá kennara.

Heimavinna

Heimavinna var oftast einu sinni í viku. Einnig var ætlast til af nemendum að þeir kláruðu heima það sem þeir náðu ekki að vinna í kennslustundum.

Matsaðferðir

Símat var allt skólaárið og allar kannanir og próf sem tekin voru yfir veturinn höfðu vægi inn í heildareinkunn að vori, samtals 75%. Vinna í vinnubók, vinnusemi og virkni í tímum og skil á heimavinnu hafa 25% vægi á móti vægi kannana og prófa. Kannanir og próf voru bæði skrifleg, munnleg og hlustun. Námsmat fyrir kannanir og próf var gefið í tölum og í lok skólaárs var gefin ein heildareinkunn.

Skýrsla enskukennara

Kennari: Anna Lilja Torfadóttir

Skólaárið 2011-2012, 8. 9. og 10. bekkur. Í 8. bekk voru 2 umsjónarhópar en þeim var kennt saman í enskunni, í 9. og 10. bekk var einn bekkur í hvorum árgangi.

8. bekkur

8. bekkur, 31 nemandi, kennsla tvisvar í viku, í 60 mínútur, alls 120 mínútur á viku.

Markmið

Markmið enskukennslunnar skiptist í 5 flokka: Hlustun, lestur, talað mál – samskipti, talað mál – frásögn og ritun. Markmiðin eru byggð á Aðalnámskrá grunnskólanna og í verkefnum vetrarins var reynt að ná sem flestu af þessum markmiðum.

Skipulag kennslunnar

Enskukennslan miðaðist við að auka orðaforða með hlustun, lestri og ritun.

Kennsluhættir

Leitast var við að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta. Verkefni voru unnin bæði sem einstaklingsverkefni og í hópavinnu. Verkefni voru skrifleg og munnleg. Áhersla var lögð á jákvætt viðhorf gagnvart náminu og tungumálinu og að styrkja nemandann í trú á eigin getu í faginu. Heimanám var nær eingöngu tengt stærri verkefnum, en einnig þurftu nemendur að klára viðfangsefni vikunnar heima ef þeir náðu ekki að klára í tímum.

Hlustun

Áhersla var lögð á sem réttastan framburð. Nemendur hlustuðu á framburð kennara og annarra nemenda. Einnig var notast við hlustunarefni námsbókanna.

Lestur

Unnið var í námsbókum og öðru námsefni.

Talað mál – samskipti

Í ákveðnum verkefnum höfðu nemendur samskipti við kennara á ensku, einnig töluðu nemendur saman á ensku í ákveðnum verkefnum.

Talað mál – frásögn

Nemendur komu fram og kynntu verkefni sín þegar það átti við. Nemendur og kennari lásu til skiptis úr námsbókum og einnig var notast við hlustunaræfingar sem fylgja námsbókunum ásamt öðrum hlustunaræfingum.

Ritun

Unnið var í námsbókum auk annarra verkefna.

Námsgögn og námsefni

Kennslubækur: Spotlight 8: lesbók, vinnubók og hlustunarefni.

Annað námsefni: Lesskilningshefti, kjörbækur, hlustunarefni af vefnum og ýmislegt annað efni frá kennara.

Verkefni

Helstu verkefni voru unnin í verkefnabók Spotlight 8. Önnur verkefni voru lesskilningur, glærुकynningar í tengslum við þema, kjörbókarkynning, ritunarverkefni, samvinnuverkefni og vinna með málfræði.

Heimavinna

Heimavinna tengdist aðallega stærri verkefnum, en einnig þurftu nemendur að klára viðfangsefni vikunnar heima ef þeir náðu ekki að klára þau í vinnustundum.

Matsaðferðir

Öll skilaverkefni voru metin til einkunnar. Vinnubók ásamt vinnusemi var líka hluti af einkunn. Tekin voru skrifleg kaflapróf, fjögur á haustönn og fjögur á vorönn. Einnig voru skrifleg málfræði- og lesskilningspróf í desember og maí, sem og hlustunarpróf. Námsmat fyrir kannanir og próf var gefinn í tölum og í lok skólaárs var gefin ein heildareinkunn. Þar gildi einkunn á haustönn 30% og vorönn 70%.

9. bekkur

9. bekkur, 16 nemendur (þar af 2 nemendur sem voru í fjarnámi frá FG og 3 nemendur sem tóku námsefni 9. bekkjar á haustönn og námsefni 10. bekkjar á vorönn), kennsla tvisvar í viku, einn tími í 45 mínútur og einn tími í 60 mínútur, alls 105 mínútur á viku.

Markmið

Markmið enskukennslunnar skiptist í 5 flokka: Hlustun, lestur, talað mál – samskipti, talað mál – frásögn og ritun. Markmiðin eru byggð á Aðalnámskrá grunnskólanna og í verkefnum vetrarins var reynt að ná sem flestu af þessum markmiðum.

Skipulag kennslunnar

Enskukennslan miðaðist við að auka orðaforða með hlustun, lestri og ritun.

Kennsluhættir

Leitast var við að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta. Verkefni voru unnin bæði sem einstaklingsverkefni og í hópavinnu. Verkefni voru skrifleg og munnleg. Áhersla var lögð á jákvætt viðhorf gagnvart náminu og tungumálinu og að styrkja nemandann í trú á eigin getu í faginu. Heimanám var nær eingöngu tengt stærri verkefnum, en einnig þurftu nemendur að klára viðfangsefni vikunnar heima ef þeir náðu ekki að klára í tímum.

Hlustun

Áhersla var lögð á sem réttastan framburð. Nemendur hlustuðu á framburð kennara og annarra nemenda. Einnig var notast við hlustunarefni námsbókanna.

Lestur

Unnið var í námsbókum og öðru námsefni.

Talað mál – samskipti

Í ákveðnum verkefnum höfðu nemendur samskipti við kennara á ensku, einnig töluðu nemendur saman á ensku í ákveðnum verkefnum.

Talað mál – frásögn

Nemendur komu fram og kynntu verkefni sín þegar það átti við. Nemendur og kennari lásu til skiptis úr námsbókum og einnig var notast við hlustunaræfingar sem fylgja námsbókunum ásamt öðrum hlustunaræfingum.

Ritun

Unnið var í námsbókum auk annarra verkefna.

Námsgögn og námsefni

Kennslubækur: New Matrix Pre-Intermediate: lesbók, vinnubók og hlustunarefni.

Annað námsefni: Kjörbækur, hlustunarefni af vefnum og ýmislegt annað efni frá kennara.

Verkefni

Helstu verkefni voru unnin í verkefnabók New Matrix Pre-Intermediate, Önnur verkefni voru lesskilningur, glærुकynningar, kjörbókarritgerð, ritunarverkefni, samvinnuverkefni og vinna með óreglulegar sagnir.

Heimavinna

Heimavinna tengdist aðallega stærri verkefnum, en einnig þurftu nemendur að klára viðfangsefni vikunnar heima ef þeir náðu ekki að klára þau í vinnustundum.

Matsaðferðir

Öll skilaverkefni voru metin til einkunnar. Vinnubók ásamt vinnusemi var líka hluti af einkunn. Tekin voru skrifleg kaflapróf, eitt á haustönn og eitt á vorönn. Einnig voru skrifleg málfræði- og lesskilningspróf í desember og maí, sem og hlustunarpróf. Námsmat fyrir kannanir og próf var gefinn í tölum og í lok skólaárs var gefin ein heildareinkunn. Þar gildi einkunn á haustönn 30% og vorönn 70%.

10. bekkur

10. bekkur, 16 nemendur (þar af 3 nemendur sem voru í fjarnámi frá FG), kennsla tvisvar í viku, í 60 mínútur, alls 120 mínútur á viku.

Markmið

Markmið enskukennslunnar skiptist í 5 flokka: Hlustun, lestur, talað mál – samskipti, talað mál – frásögn og ritun. Markmiðin eru byggð á Aðalnámskrá grunnskólanna og í verkefnum vetrarins var reynt að ná sem flestu af þessum markmiðum.

Skipulag kennslunnar

Enskukennslan miðaðist við að auka orðaforða með hlustun, lestri og ritun.

Kennsluhættir

Leitast var við að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta. Verkefni voru unnin bæði sem einstaklingsverkefni og í hópavinnu. Verkefni voru skrifleg og munnleg. Áhersla var lögð á jákvætt viðhorf gagnvart náminu og tungumálinu og að styrkja nemandann í trú á eigin getu í faginu. Heimanám var nær eingöngu tengt stærri verkefnum, en einnig þurftu nemendur að klára viðfangsefni vikunnar heima ef þeir náðu ekki að klára í tímum.

Hlustun

Áhersla var lögð á sem réttastan framburð. Nemendur hlustuðu á framburð kennara og annarra nemenda. Einnig var notast við hlustunarefni námsbókanna.

Lestur

Unnið var í námsbókum og öðru námsefni.

Talað mál – samskipti

Í ákveðnum verkefnum höfðu nemendur samskipti við kennara á ensku, einnig töluðu nemendur saman á ensku í ákveðnum verkefnum.

Talað mál – frásögn

Nemendur komu fram og kynntu verkefni sín þegar það átti við. Nemendur og kennari lásu til skiptis úr námsbókum og einnig var notast við hlustunaræfingar sem fylgja námsbókunum ásamt öðrum hlustunaræfingum.

Ritun

Unnið var í námsbókum auk annarra verkefna.

Námsgögn og námsefni

Kennslubækur: New Matrix Intermediate: lesbók, vinnubók og hlustunarefni.

Annað námsefni: Kjörbækur, kvikmyndir, hlustunarefni af vefnum og annað efni frá kennara.

Verkefni

Helstu verkefni voru unnin í verkefnabók New Matrix Intermediate. Önnur verkefni voru kvikmyndaverkefni, lesskilningur, glærुकynningar, kjörbókarritgerð, ritunarverkefni, samvinnuverkefni og vinna með óreglulegar sagnir.

Heimavinna

Heimavinna tengdist aðallega stærri verkefnum, en einnig þurftu nemendur að klára viðfangsefni vikunnar heima ef þeir náðu ekki að klára þau í vinnustundum.

Matsaðferðir

Öll skilaverkefni voru metin til einkunnar. Vinnubók ásamt vinnusemi var líka hluti af einkunn. Tekin voru skrifleg kaflapróf, eitt á haustönn og eitt á vorönn. Einnig voru skrifleg málfræði- og lesskilningspróf í desember og maí, sem og hlustunarpróf. Munnlegt próf var tekið í maí. Námsmat fyrir kannanir og próf var gefinn í tölum og í lok skólaárs var gefin ein heildareinkunn. Þar gildi einkunn á haustönn 30% og vorönn 70%.

Skýrslur list og verkgreinakennara

Skýrsla íþróttakennara

Kennarar: 1.-2. bekk Hrafnhildur Sævarsdóttir og 3.-10. bekk Davíð Örvar Ólafsson

1. og 2. bekkur

Markmið

Almenn markmið með íþróttakennslunni í Sjálandsskóla er fyrst og fremst að nemendur fái fjölbreytta hreyfingu í gegnum mismunandi æfingar og leiki. Einnig að allir fái eitthvað við sitt hæfi, að íþróttakennslan sé fjölbreytt, að nemendur fái stundum að velja hvað þeir gera í tímum og að stundum sé frjáls hreyfing. Einnig er markmiðið á að kynna ýmsa tegund hreyfingar fyrir nemendum hvort sem um er að ræða íþróttagrein eða almenna hreyfingu. Rík áhersla er lögð á að nemendur geti verið sjálfstæðir við eigin íþróttaiðkun óháð því hvað hópurinn gerir eða hvað honum finnst. Að síðustu er mikil áhersla lögð á samvinnu og að aðstoða og hvetja félagi sína áfram.

Tími og tölulegar upplýsingar

Nemendur fengu einn 60 mín tíma á viku í íþróttakennslu. Frá ágúst fram til loka október og frá apríl fram í júní var nær eingöngu um útikennslu að ræða. Annars voru nemendur inni í íþróttasal yfir háveturinn. Um var að ræða tvo námshópa í vetur með 27 nemendum í 2. bekk og 20 nemendum í 1. bekk.

Viðfangsefni

Með tilliti til nemendahópsins og aðstæðna til íþróttakennslu var lögð áhersla á eftirfarandi þætti í íþróttum í vetur: Þolþjálfun var mikið í gegnum hlaup, leiki og aðrar íþróttagreinar.

Styrktarþjálfun var m.a. í gegnum stöðvaþjálfun. Liðleikaþjálfun í gegnum teygjur.

Boltaíþróttir, dans, litlir boltaleikir eins og ýmis afbrigði af skotbolta, brennibolti og kýló.

Frjálsariþróttir, spretthlaup, kúla, spjót, þrístökk og langstökk og þar voru nemendur m.a. í hlutverkum tímavarða og mælitækna. Ratleikir, frjálsir tímar og hinn sívinsæli Tarzanleikur.

Inn í stöðvaþjálfun voru íslensku og stærðfræði þrautir. Nemendur fengu stundum að velja hvaða leiki var farið í eða hvað var gert í tímum, annars vegar var um frjálst val að ræða eða stýrt val. Boccia, krikket, kóngaleikur, munkur og frisbeegolf var kynnt fyrir nemendum.

Einnig var hjólatími og fjörutími. Viðfangsefni í íþróttum eru fjölbreytt og það sem við gerðum

Í vetur er ekki allt upptalið hér að framan. Það sem ekki var komist yfir í vetur verður bætt úr á næsta skólaári. Heimsókn er einu sinni á ári, að þessu sinni á vorönn, frá elsta hópi á leikskólanum Sjálandi og í þeim tímum (leikskólahópnum skipt í tvennt vegna fjölda) var þrautabraut og stöðvar.

Kennslu og vinnuaðferðir

Við undirbúning námsskipulags var farið eftir markmiðum aðalnámskrár í íþróttum líkams- og heilsurækt og var þeim náð að mestu leyti. Þær kennsluaðferðir sem aðallega voru notaðar voru samvirkt nám, ýmiskonar stöðvaþjálfun og svo voru þrautbrautir. Í byrjun hvefarr annar er útbúin kennsluáætlun m.t.t. aðalnámskrá grunnskóla. Gerð er gróf áætlun þar sem ég merki hjá mér hvaða þætti ég mun taka fyrir hverju sinni. Þar næst geri ég annaráætlun og að lokum tímaseðla. Eftir fyrri önn þ.e. um jólin endurskoða ég svo áætlunina mína með tilliti til getu og áhugasvið hópsins, hvað ég tók fyrir í tímum, hvað virkaði vel og hvað ég á eftir að fara betur í. Ég vinn eftir þessu grófskipulagi en auðvitað vík ég frá þessu skipulagi allt eftir dagsformi mínu og nemendanna.

Tenging við lotur

Það tókst betur að tengjast lotunum í vetur en í fyrra, vinapema, líkamspema og tröllapema var tengt inn í íþróttirnar. Íslenska og stærðfræði var samþætt við íþróttir. Einnig tengdust íþróttir sameiginlegum viðburðum eins og íþróttadögum og gróðursetningardegum.

Námsgögn og efni

Þær bækur sem eru til og þau áhöld sem eru í íþróttageymslunni. Geisladiskar sem til eru.

Matsaðferðir

Í nóvember var lagt fyrir nemendur sjálfsmat þar sem kom meðal annars fram hvernig nemendum líður í tímum, hvort þeim finnst gaman eða ekki og hvort þau séu dugleg eða ekki. Í maí voru eftirfarandi atriði metin af kennara ásamt umsögn: sipp, 60m sprettur, þol, kraftur, liðleiki, samvinna, hegðun, virkni og/eða hvernig þau fara eftir reglum í leikjum. Allir nemendur í 1. bekk voru teknir í MOT 4-6 próf sem er hreyfiproskapróf.

Mat á því hvernig til tókst og úrbætur ef einhverjar eru

Almennt gekk kennslan vel í vetur og nemendahópurinn var orkumikill, fjölbreyttur og skemmtilegur. Hópnun var aldursskipt að þessu sinni. Það er voðalega gott að vera með tímuna í samfellu til að hægt sé að nýta uppsett áhöld. Það tekr 20 mín að stilla upp góðri þrautabraut og örlítið styttri tíma að taka hana niður með aðstoð nemenda, ég hefði verið miklu duglegri að láta báða hópana fara í þrautabrautir ef tímarnir hefðu verið í samfellu, annars gekk 1. bekkur fyrir í þrautabrautartímum.

3. og 4. bekkur

Markmið

Almenn markmið með íþróttakennslunni í Sjálandsskóla er að nemendur fái fjölbreytta hreyfingu í gegnum mismunandi æfingar og leiki. Einnig að allir fái eitthvað við sitt hæfi, að íþróttakennslan sé fjölbreytt, að nemendur fái stundum að velja hvað þau gera í tímum og að stundum sé frjáls hreyfing. Einnig er markmiðið á að kynna ýmsa tegund hreyfingar fyrir nemendum hvort sem um er að ræða íþróttagrein eða almenna hreyfingu. Rík áhersla er lögð á að nemendur geti verið sjálfstæðir við eigin íþróttaiðkun óháð því hvað hópurinn gerir eða hvað honum finnst. Að síðustu er mjög mikil áhersla lögð á samvinnu og aðstoða og hvetja félaga sína áfram.

Tími og tölulegar upplýsingar

Nemendur fengu einn klukkutíma tíma á viku í íþróttakennslu. Frá ágúst fram í lok september og frá maí til skólaloka í júní var mikið um útikennslu en einnig vorum við inni þegar veður var leiðinlegt. Að öðru leyti vorum við með kennslu í nýja íþróttahúsinu í Sjálandsskóla. Um var að ræða 2 námshópa, einn hópur var með 23 nemendur en hinn var með 24 nemendur. Vegna fæðingarorlofs kennara voru tveir forfallakennarar á þessu skólaári.

Viðfangsefni

Með tilliti til nemendahópsins og aðstæðna til íþróttakennslu var lögð áhersla á eftirfarandi þætti í íþróttum í vetur: Þolþjálfun var mikið í gegnum hlaup, leiki og aðrar íþróttagreinar. Styrktarþjálfun var m.a. í gegnum stöðvapþjálfun. Liðleikþjálfun í gegnum teygjur. Boltaíþróttir, litlir boltaleikir eins og ýmis afbrigði af skotbolta, brennibolti og kýló. Frjálsar

Íþróttir, spretthlaup, borðtennis, badminton, bandý. Ratleikir, frjalsir tímar og hinn sívinsæli Tarzanleikur. Nemendur fengu stundum að velja hvaða leiki var farið í eða hvað var gert í tímum, annars vegar var um frjálst val að ræða eða stýrt val. Einnig þessar hefðbundnu boltaíþróttir, fótolti, handbolti, körfubolti og blak. Viðfangsefni í íþróttum eru endalaus og það sem við gerðum í vetur er ekki allt upptalið hér að framan. Það sem ekki var komist yfir í vetur verður bætt úr á næsta skólaári.

Kennslu og vinnuaðferðir

Við undirbúning námsskipulags var farið eftir markmiðum aðalnámskrár í íþróttum líkams- og heilsurækt og var þeim náð að mestu leyti. Þær kennsluaðferðir sem aðallega voru notaðar voru samvirkt nám og ýmiskonar stöðvaþjálfun og einnig notaði ég þau aukalega þau rými sem nýja húsnæðið býður uppá, pallinn fyrir framan íþróttasalinn og einnig danssalinn uppi. Í byrjun hvernar annar glugga ég í aðalnámskrá grunnskóla og rifja upp hvaða þætti er gott að hafa í huga þegar kennsluáætlun er útbúin. Síðan geri ég grófa áætlun þar sem ég merki hjá mér hvaða þætti ég mun taka fyrir hverju sinni. Þar næst geri ég annaráætlun og styðst við mína tímaseðla og geri smávægilegar breytingar en grunnurinn er ávallt sá sami, upphitun, aðalþáttur og lok. Eftir fyrri önn þ.e. um jólin endurskoða ég svo áætlunina mína með tilliti til getu og áhugasvið hópsins, hvað ég tók fyrir í tímum, hvað virkaði vel og hvað ég á eftir að fara betur í.

Tenging við lotur

Lítið var unnið með umsjónarkennurum varðandi lotur en það væri sniðugt að gera meira af því á næsta ári. Einnig tengdust íþróttir sameiginlegum viðburðum eins og íþróttadegi og gróðurdegi.

Námsgögn og efni

Ýmsar bækur og geisladiskar.

Vettvangsferðir

Krakkarnir voru í útihlaupum á haust- og vordögum og hlaupa þá annaðhvort út að gálgahrauni eða að Amarnesinu.

Matsaðferðir

Fyrir jól fóru krakkarnir í píptest og í janúar og febrúar voru svo íþróttapróf og að þessu sinni var prófað í langstökki án atrennu, körfuhittni, að sippa og spretthlaupi, 80metrar.. Eins skrifaði kennari umsögn um hvern og einn nemanda og var umsagnarblað sent heim í skólalok. Vegna fæðingarorlofs var einungis sent heim eitt umsagnarblað þetta skólaár.

Mat

Mér fannst kennslan takast vel í vetur og hafði ég mjög gaman af að kenna þessum kappsfulla, fjölbreytta og skemmtilega nemendahópi. Við vorum meira inni þennan vetur en undanfarna vetur. Það var vegna þess að mér fannst mikilvægara að nemendur fengju jákvæða upplifun og góða hreyfingu inni í stað þess að vera með þau úti í slæmu veðri. Mér fannst hópaskiptingin koma vel ágætlega út.

1. og 7. bekkur

Markmið

Markmið með íþróttakennslu er að nemendur fái fjölbreytta hreyfingu í íþróttatímum, kynnast fjölmörgum íþróttagreinum í gegnum æfingar og leiki. Einnig að undirbúa og kenna nemendum að hugsa vel um líkama sinn og leiðbeina þeim að æfa sig í að gera æfingar og hreyfingar á réttan hátt. Íþróttakennslan er einnig undirbúningur og kynning á íþróttagreinum sem nemendur geta svo stundað sjálfir, annað hvort í hóp- eða einstaklingsíþróttum. Einnig er lagt áhersla á að nemendur vinni saman og hjálpi hvor öðrum í kennslunni, aðstoða og hvetja. Annaðhvort er að um að ræða fyrirfram ákveðna íþróttatíma en einnig er svokallaðir frjálsir tímar þar sem nemendur geta valið hvað þeir gera sjálfir en ávallt skal einhverskonar hreyfing eða áreynsla vera skylda í þessum frjálsum tímum.

Tími og tölulegar upplýsingar

Nemendur fengu einn klukkutíma tíma á viku í íþróttakennslu. Frá ágúst fram í lok september og frá maí til skólaloka í júní var mikið um útikennslu en einnig vorum við inni þegar veður var leiðinlegt. Að öðru leyti vorum við með kennslu í nýja íþróttahúsinu í Sjálandsskóla. Um var að ræða þrjá námshópa í 5.-6.bekk, stúlkur í 5.bekk, stúlkur í 6.bekk og strákar í 5.-6.

Saman. Þessar hópaskiptingar heppnuðust mjög vel og vonandi verður framhald þar á á næsta skólaári.

Viðfangsefni

Viðfangsefni vetrarins voru margvísleg, boltaleikir, útihlaup, leikir, ratleikir, stöðvápjálfun, frjálsar íþróttir, badminton, blak og golf svo eitthvað sé nefnt. Áhersla var lögð á að kynna fyrir nemendum þolpíjálfun og var útihlaup og stöðvápíjálfun notað til þess. Umhverfið í kringum skólann er stundum erfitt á veturnar, snjókast og að renna sér í brekkunum er einnig partur af íþróttakennslunni. Upphitunarleikir s.s stórfiskaleikur, stórt skip lítið skip, 12345 dimmalimm og fleiri leikir eru vinsælir, einnig brennó og skotbolti. Kýló og sparkó eru líka leikir sem leyndu á sér, krakkarnir gleyma oft hversu mikið þau hlaupa í svona leikjum og finnst það skemmtilegra en að hlaupa ákveðna vegalengd en oft er mikið kapp í slíkum leikjum. Boltaleikir ýmiss konar voru helstu viðfangsefni vetrarins og einnig var mikil áhersla lögð á að hita vel upp og bæta úthald og þol nemenda.

Kennsluáferðir

Íþróttakennarinn gerir grófa ársáætlun fyrir báðar annir og reyni ég að fara eftir henni nokkurn veginn en oft þurfti að fara útaf henni bæði vegna veðurs og stundum þarf að spila þetta eftir eyranu eftir því hvaða hópur er í tímanum. Samvinnuleikir eins og reipitog, boðhlaup og ratleikir eru notaðir til að láta hópana vinna saman og hjálpast að. Þessir leikir eru oft mjög hvetjandi og kennir krökkunum að vinna sem ein heild.

Ávallt er farið eftir aðalnámskránni.

Tenging við lotur

Ekki var um að ræða tengingu við starfið í umsjónarþekkingunum en því þarf að breyta.

Námsgögn og áhöld

Ég nota bækur um íþróttakennslu sem til eru í skólanum og eru gefnar útaf námsgagnastofnun, áhöldin eru í geymslunni okkar og fleira í íþróttarými. Í Ásgarði vorum við

svo með afnot af flestum áhöldum og tækjum sem þar eru fyrir, en það verður að segjast eins og er að þau eru af skornum skammti.

Vettvangsferðir

Þessir hópar voru meira í útihlaupum heldur en þeir yngri og einnig kenndi ég í haust úti á skólalóð í tæpa 2 mánuði.

Matsaðferðir

Fyrir jól fóru allir krakkarnir í svokallað bíp-test, sem mælir getu þeirra til að hlaupa eins lengi og þau geta, þetta er fínt próf til að mæla loftháð þol og hægt er að skoða niðurstöðurnar á heimsíðu prófsins og finna þannig út hámarkssúrefnisupptöku. Í janúar og febrúar lagði ég svo nokkur stutt og einföld próf fyrir nemendur til að kanna bæði fín- og grófhreyfingar hjá þeim. Langstökk án atrennu og körfuskot, spretthlaup, 80metrar og að sippa á tíma voru meðal þess sem lagt var fyrir þau og fengu þau einkunn eða umsögn um hvort þau þyrftu að bæta sig, væru á réttri leið eða hefðu góð tók á þessum viðfangsefnum.

Mat

Eins og gengur leggja sumir sig alltaf fram í hverjum tíma en aðrir hafa minni áhuga á íþróttum og mikilli hreyfingu. Það getur reynst erfitt að finna íþróttagreinar og leiki sem henta öllum. Farið var í flestar íþróttagreinar í vetur, bæði bolta- og síðan aðrar íþróttagreinar. Einnig var badminton og körfubolti nýtt í innikennslu í skólanum. Kaðlabrautin var nýtt vel eftir að hún kom upp.

8.-10. Bekkur

Markmið

Markmið með íþróttakennslu er að nemendur fái fjölbreytta hreyfingu í íþróttatímum, kynnast fjölmörgum íþróttagreinum í gegnum æfingar og leiki. Einnig að undirbúa og kenna nemendum að hugsa vel um líkama sinn og leiðbeina þeim að æfa sig í að gera æfingar og hreyfingar á réttan hátt. Íþróttakennslan er einnig undirbúningur og kynning á íþróttagreinum sem nemendur geta svo stundað sjálfir, annað hvort í hóp- eða einstaklingsíþróttum. Einnig

er lagt áhersla á að nemendur vinni saman og hjálpi hvor öðrum í kennslunni, aðstoða og hvetja. Annaðhvort er að um að ræða fyrirfram ákveðna íþróttatíma en einnig er svokallaðir frjálsir tímar þar sem nemendur geta valið hvað þeir gera sjálfir en ávallt skal einhverskonar hreyfing eða áreynsla vera skylda í þessum frjálsum tímum.

Tími og tölulegar upplýsingar

Þessir árgangar fá 45 mín á viku í íþróttum. Krökkunum var skipt upp í 4 hópa, 8 bekkur var saman, einn stelpuhópur og einn strákahópur og svo einn blandaður strákum og stelpum. Hópaskiptingin heppnaðist ágætlega en persónulega vil ég skipta þessu alfarið eftir kyni. Strákar sér og stelpur sér.

Viðfangsefni

Viðfangsefni vetrarins voru margvísleg, boltaleikir, útihlaup, leikir, ratleikir, stöðvabjálfun, frjálsar íþróttir, badminton, blak og golf svo eitthvað sé nefnt. Áhersla var lögð á að kynna fyrir nemendum þolbjálfun og var útihlaup og stöðvabjálfun notað til þess. Upphitunarleikir s.s stórfiskaleikur, stórt skip lítið skip, og fleiri leikir eru vinsælir, einnig brennó og skotbolti. Kýló og sparkó eru líka leikir sem leyndu á sér, krakkarnir gleyma oft hversu mikið þau hlaupa í svona leikjum og finnst það skemmtilegra en að hlaupa ákveðna vegalengd en oft er mikið kapp í slíkum leikjum. Boltaleikir ýmiss konar voru helstu viðfangsefni vetrarins og einnig var mikil áhersla lögð á að hita vel upp og bæta úthald og þol nemenda.

Kennsluaðferðir

Íþróttakennarinn gerir grófa ársáætlun fyrir báðar annir og reyni ég að fara eftir henni nokkurn veginn en oft þurfti að fara útaf henni bæði vegna veðurs og stundum þarf að spila þetta eftir eyranu eftir því hvaða hópur er í tímanum. Samvinnuleikir eins og reipitog, boðhlaup og ratleikir eru notaðir til að láta hópana vinna saman og hjálpast að. Þessir leikir eru oft mjög hvetjandi og kennir krökkunum að vinna sem ein heild.

Ávallt er farið eftir aðalnámskránni.

Tenging við lotur

Ekki var um að ræða tengingu við starfið í umsjónarþekkingunum.

Námsgögn og áhöld

Ég nota bækur um íþróttakennslu sem til eru í skólanum og eru gefnar útaf námsgagnastofnun, áhöldin og tæki í íþróttarými. Áhöld og tækjum til íþróttakennslu er alltaf að fjölga og vonandi bætist í íþróttageymsluna okkar nú í sumar.

Matsaðferðir

Fyrir jólfóru allir krakkarnir í svokallað bíp-test, sem mælir getu þeirra til að hlaupa eins lengi og þau geta, þetta er fínt próf til að mæla loftháð þol og hægt er að skoða niðurstöðurnar á heimsíðu prófsins og finna þannig út hámarkssúrefnisupptöku. Í janúar og febrúar lagði ég svo nokkur stutt og einföld próf fyrir nemendur til að kanna bæði fín- og grófhreyfingar hjá þeim. Langstökk án atrennu og körfuskot, spretthlaup, 80 metrar og að sippa á tíma voru meðal þess sem lagt var fyrir þau og fengu þau einkunn eða umsögn um hvort þau þyrftu að bæta sig, væru á réttari leið eða hefðu góð tækni á þessum viðfangsefnum. Nemendur í 8.-10. Fengu svo lokaeinkunn í íþróttum byggð á þessum prófum og mætingu og áhugi/virkni í tímum. Lokaeinkunn er á skalanum 1-10.

Mat

Sumir leggja sig alltaf fram í hverjum einasta tíma en aðrir hafa minni áhuga á íþróttum og mikilli hreyfingu. Það getur því reynst erfitt að finna íþróttagreinar og leiki sem henta öllum. Farið var í flestar íþróttagreinar í vetur, bæði bolta- og síðan aðrar íþróttagreinar. Einnig var badminton og körfubolti nýtt í innikennslu hérna í skólanum og voru krakkarnir ánægðir með þá viðbót. Á næsta ári verður svo geymslan full af nýjum áhöldum og getum við þá enn frekar bætt við fjölbreytnina svo sem fimleika og frjálssar íþróttir.

Skýrsla sundkennara

Kennari: Hrafnhildur Sævarsdóttir

1.- 2. bekkur

Markmið

Markmið sundkennslunnar er að nemendur hafi gaman af því að vera í vatni, séu óhræddir og geti notað sund sem holla og góða hreyfingu í framtíðinni. Markmiðið er líka að kenna þeim á búningsaðstöðu en mikilvægt er að foreldrar geri það sumarið fyrir skólabyrjun svo það taki nemendur styttri tíma að gera sig tilbúin fyrir sundtímana.

Samræmda sundstigið er eftirfarandi:

Markmiðin fyrir 1. bekk:

- Staðið í botni í grynri hluta laugar og andað að sér, andlitið fært í kaf og andað frá sér. Endurtekið 10 sinnum.
- Flotið á bringu eða baki með eða án hjálpartækja
- Gengið með andlit í kafi 2,5 metra eða lengra.
- Bringusundsfótatök við bakka með eða án hjálpartækja.
- Flot á bringu
- Flot á baki

Markmiðin fyrir 2. bekk.

- marglyttuflot með því að rétta úr sér.
- 10 metra bringusund með eða án hjálpartækja
- 10 metra skólábaksundsfótatök með eða án hjálpartækja
- spyrnt frá bakka og rennt með andlitið í kafi, að lágmarki 2,5 metra
- skriðsundsfótatök
- baksundsfótatök
- flot á baki
- hoppað af bakka í laug

Tími

Sundið er kennt einu sinni í viku 40 mínútur í senn allt skólaárið. Nemendum er blandað saman í tíma þ.e. úr 1. og 2. bekk.

Viðfangsefni

Vatnsaðlögun, leikir, fjórar sundaðferðir, köfun, öndun, flot o.s.frv.

Kennslu og vinnuaðferðir

Sundkennari er ofan í lauginni með nemendum alveg fram að jólum. Eftir jól var kennarinn stundum ofan í laug og stundum uppi á bakka til að auka hjá þeim sjálfstæði og áræðni. En það er nauðsynlegt fyrir framfarir nemenda að kennari sé eitthvað ofan í með þeim fyrstu tvö árin.

Farið var í köfun, flot, leiki og beina sundkennslu en lagt var upp með að börnin hefðu gaman af sundtímunum sem leiðir til þess að þau verði áhugasamari um að læra að synda.

Matsaðferðir

Í desember var sent matsblað heim til foreldra, þar sem nemendur höfðu sjálfir metið sig m.a. hvort þeim líði vel í sundtímum, hvort þeim finnst gaman og hvort þau fari oft í sund utan skólatíma. Foreldrum var einnig bent á að hafa samband við sundkennara ef spurningar vöknuðu. Í júní fengu nemendur sundmat þar sem fram kom hvort nemendur hefðu náð sundstigi viðkomandi árgangs eða ekki og umsögn um nemandann. Ég bætti inní námsmatið hjá 1. bekk flot á bringu, flot á baki, hoppa af bakka í laug og skriðsundsfótatök. Hjá 2. bekk bætti ég við skriðsundsfætur, baksundsfætur og flot á baki.

Námsgögn og efni

Bækur sem til eru um sundkennslu í skólanum og veraldarvefurinn.

Þau áhöld sem notuð eru við kennslu eru: Sundflár, sundblöðkur, sunduggar, hringir, ýmsar tegundir bolta og dót bæði til að kafa eftir og ekki.

Mat á því hvernig til tókst og úrbætur ef einhverjar eru

Mér fannst kennslan takast mjög vel í vetur. Nemendur tóku framförum og nær allir geta bjargað sér í djúpu vatni. Næsta ár ætla ég að vera með kennsluna meira í gegnum leiki.

3. – 4. bekkur

Markmið

Markmið sundkennslunnar er að nemendur hafi gaman af því að vera í vatni, séu óhrædd og geti hugsanlega notað sér sund sem holla og góða hreyfingu í framtíðinni.

Samræmdu sundstigin eru eftirfarandi:

Markmiðin fyrir 3. bekk.

- 12 m bringusund
- 12 m skólabaksund
- 8 m skriðsund
- 6 m baksund
- Kafað eftir hlut á 1 – 1,5 metra dýpi.
- Stunga úr kroppstöðu

Markmiðin fyrir 4. bekk

- 25 m bringusund
- 15 m skólabaksund
- 12 m skriðsund
- 12 m baksund
- Flugsundsfótatök
- Stunga úr kroppstöðu

Tími

Sundið er kennt einu sinni í viku 40 mínútur í senn allt skólaárið. Í einhverjum hópnum var árganginum blandað og í öðrum var árgangaskipt.

Viðfangsefni

Vatnsaðlögun, leikir, sundaðferðir, köfun, flot o.s.frv.

Kennslu og vinnuaðferðir

Skiptingin á hópunum var einn sterkur 4.bekkjjar hópur, einn hópur blandaður úr 3.- 4. bekk sem í voru mjög slakir nemendur og svo var einn 3. bekkjar hópur.

Farið var mikið í beina sundkennslu en lagt var upp með að börnin hefðu gaman af sundtímunum sem leiðir vonandi til þess að þau verði áhugasamari um að læra að synda. Fyrir áramót fengu nemendur þriðja hvern sundtíma frjálstan. Þess á milli syntu þau eins og herforingjar. Eftir áramót þurftu nemendur í hverjum hópi að vera mjög dugleg í fjóra tíma og fengu svo fimmta tímann frjálstan.

Matsaðferðir

Í desember var sett inn í mentor þeir þættir sem metnir voru fyrir áramót. Einnig kom fram hvað vantar hjá nemendum og úrbætur sem foreldrar geta gert t.d. sent nemendur á sundnámskeið eða farið oftari í sund og gert ákveðnar æfingar sem gefnar voru upp. Foreldrum var einnig bent á að hafa samband við sundkennara ef spurningar vöknuðu. Í júní fengu nemendur sundmat einnig í mentor þar sem fram kom hvort nemendur hefðu náð sundstigi viðkomandi árgangs eða ekki og umsögn um nemandann.

Námsgögn og efni

Bækur sem til eru um sundkennslu í skólanum og internetið.

Þau áhöld sem notuð eru við kennslu eru: Sundflár, sundblöðkur, sunduggar, hringir, ýmsar tegundir bolta og dót bæði til að kafa eftir og ekki.

Mat á því hvernig til tókst og úrbætur ef einhverjar eru

Mér fannst kennslan í heildina takast mjög vel. Ég ætla samt fyrir næsta ár að vera með kennsluna meira í gegnum leiki. Þetta eru duglegir nemendur örfáir sem ekki ná öllum þáttum sundstigsins. Mikilvægt er að foreldrar aðstoði nemendur utan skólatíma við að ná tökum á þeim markmiðum sem þau ekki ná í sundkennslu.

5.-6. bekkur

Markmið

Markmið sundkennslunnar er að nemendur hafi gaman af því að vera í vatni, séu óhrædd, auki sundþolið og geti hugsanlega notað sér sund sem holla og góða hreyfingu í framtíðinni.

Samræmdu sundstigin eru eftirfarandi:

Markmiðin fyrir 5. bekk.

- 75 m bringusund
- 25 m skriðsund
- 25 m skólabaksund
- 12 m baksund
- Marvaði í 30 sek
- 10 m flugsundsfótat.
- Stunga af bakka
- Kafa eftir hlut 1-2m dýpi eftir 5m sund

Markmiðin fyrir 6. bekk.

- 200m bringusund
- 25m bringusund (35 sek)
- 50m skólabaksund
- 25m skriðsund
- 25m baksund
- 15m björgunarsund
- 8m kafasund
- 10m flugsund með hjálpartækjum
- Stunga

Tími

Sundið er kennt einu sinni í viku 40 mínútur í senn allt skólaárið. Nemendum var skipt eftir árgöngum.

Viðfangsefni

Mest áhersla var lögð á sundfærni, sundþol, á leiki og keppni.

Kennslu og vinnuaðferðir

Nemendum er skipt á fjórar brautir ýmist eftir verkefnum, kyni, vinum eða getu. Nemendur læra nær eingöngu í gegnum æfingar. Nemendur vinna sér inn frjálsan tíma með góðri hegðun sem er að meðaltali einu sinni í mánuði. Reynt er að blanda leikjum inn í kennsluna eins mikið og mögulegt er. Lögð er áhersla á kurteisi, góða hegðun, sjálfstæði og samvinnu.

Matsaðferðir

Í desember var sett inn í mentor þeir þættir sem metnir voru fyrir áramót. Einnig kom fram hvað vantar hjá nemendum og úrbætur sem foreldrar geta gert t.d. sent nemendur á sundnámskeið eða farið oftari í sund og gert ákveðnar æfingar sem gefnar voru upp. Foreldrum var einnig bent á að hafa samband við sundkennara ef spurningar vöknuðu. Í júní fengu nemendur sundmat einnig í mentor þar sem fram kom hvort nemendur hefðu náð sundstigi viðkomandi árgangs eða ekki og umsögn um nemandann.

Námsgögn og efni

Bækur sem til eru um sundkennslu í skólanum og veraldarvefurinn.

Þau áhöld sem notuð eru við kennslu eru: Sundflár, sundblöðkur, sunduggar, hringir, ýmsar tegundir bolta og dót bæði til að kafa eftir og ekki.

Mat á því hvernig til tókst og úrbætur ef einhverjar eru

Ég er ekki alveg nógu sátt með kennslu í 5. og 6. bekk í vetur bæði vegna þess að þau misstu mikið úr vegna klórleysis í sundlaug, vegna lélegrar mætingar nemenda, vegna frídaga og annarra verkefna. Hins vegar er þetta kraftmikill hópur og voru þau allt upp í 18 í tíma sem er ekki alveg að virka í lauginni. Þau eru hávaðsöm og maður þarf að vera á tánum í kennslu og þar sem ekki er mikrafónn þá reyndi mjög mikið á röddina að fá þau til að fylgjast með. Þau eru jafn dugleg í sundi og þau eru orkumikil þannig að þau koma vel út í námsmati en ég er ekki alveg sátt.

7. bekkur

Markmið

Markmið sundkennslunnar er að nemendur hafi gaman af því að vera í vatni og séu óhrædd. Að nemendur læri að synda (bringu-, bak-, skrið-, björgunar-, flug- og skólabaksund) m.a. svo þeir geti bjargað sér í vatni og öðrum. Að nemendur geti nýtt sér sund sér til heilsubótar í framtíðinni. Að nemendur læri að vinna saman og beri virðingu fyrir getu hvers annars. Að lokum að nemendur efli styrk og þol.

Markmiðin fyrir 7. bekk.

- 300 metra bringusund, tímamörk; synt á minna en 10 mínútum.
- 25 metra skólabaksund, stílsund.
- 25m skriðsund, stílsund
- 25m bringusund, stílsund
- 15 metra björgunarsund með jafningja, (skólabaksundsfótatök).
- 8 metra kafasund, stílsund.
- 50 metra bringusund á tíma
- 25 metra skriðsund á tíma
- 25mbaksund, stílsund
- Stunga af bakka, stíll

Tími

Sundið er kennt einu sinni í viku 40 mínútur í senn allt skólaárið. Annar tíminn var kynjaskiptur en í hinum tímanum voru strákar og stúlkur saman í kennslu.

Viðfangsefni

Mest áhersla var lögð á sundfærni, sundþol, á leiki og keppni. Eins var farið á inni kajaka, lært að velta og farið í leiki á kajökunum.

Kennslu og vinnuaðferðir

Nemendum er skipt á fjórar brautir ýmist eftir verkefnum, vinum, kyni eða getu. Nemendur læra nær eingöngu í gegnum æfingar. Nemendur vinna sér inn frjálstan tíma með góðri hegðun sem er að meðaltali einu sinni í mánuði fyrir áramót en á mánaðar fresti eftir áramót. Reynt er að blanda leikjum inn í kennsluna eins mikið og mögulegt er. Lögð er áhersla á kurteisi, góða hegðun, sjálfstæði og samvinnu. Nemendur fengu einn tíma í kajakkennslu sem kom mjög vel út.

Matsaðferðir

Í desember var sett inn í mentor þeir þættir sem metnir voru fyrir áramót. Einnig kom fram hvað vantar hjá nemendum og úrbætur sem foreldrar geta gert t.d. sent nemendur á sundnámskeið eða farið oftari í sund og gert ákveðnar æfingar sem gefnar voru upp. Foreldrum var einnig bent á að hafa samband við sundkennara ef spurningar vöknuðu. Í júní fengu nemendur sundmat einnig í mentor þar sem fram kom hvort nemendur hefðu náð sundstigi viðkomandi árgangs eða ekki og umsögn um nemandann.

Námsgögn og efni

Bækur sem til eru um sundkennslu í skólanum og internetið.

Þau áhöld sem notuð eru við kennslu eru: Sundflár, sundblöðkur, hringir, ýmsar tegundir bolta.

Mat á því hvernig til tókst og úrbætur ef einhverjar eru

Í þessum árgangi eru mjög duglegir og flottir sundkrakkar sem gera vel og hafa gaman af öllu sem þeim er sett fyrir.

8. bekkur

Markmið

Markmið sundkennslunnar er að nemendur hafi gaman af því að vera í vatni, séu óhrædd, auki sundþolið og geti hugsanlega notað sér sund sem holla og góða hreyfingu í framtíðinni.

Markmiðin fyrir 8. bekk.

- 400 m þolsund, val um aðferð
- 75m skriðsund
- 50m baksund
- 50m bringusund (67sek)
- 25m skriðsund (30 sek)
- 25m flugsund m/hjálpartækjum
- 10x50m ýmsar sunaðferðir
- Marvaði 60 sek
- 8m kafsund, ná í hlut á 2m dýpi og endurtekið eftir 10 sekúndur.

Tími

Sundið er kennt einu sinni í viku 40 mínútur í senn allt skólaárið. Sundtímarnir voru kynjaskiptir.

Viðfangsefni

Mest áhersla var lögð á sunaðferðirnar og að nemendur fái jákvæða upplifun af sundi. Einnig var áhersla á leiki og keppni. Þegar nemendur eru komnir í 8. bekk þá vil ég að þau séu búin að ná mjög góðum tókum á sunaðferðunum og að kennslan byggist aðallega á að ná góðum hraða og þoli.

Kennslu og vinnuaðferðir

Nemendum er skipt á fjórar brautir ýmist eftir verkefnum, vinum eða getu. Nemendur læra nær eingöngu í gegnum æfingar. Nemendur vinna sér inn frjálsan tíma með góðri hegðun og vinnusemi sem er á sex vikna fresti. Reynt er að blanda leikjum inn í kennsluna eins mikið og mögulegt er. Lögð er áhersla á kurteisi, góða hegðun, sjálfstæði og samvinnu.

Matsaðferðir

Í desember var sett inn í mentor þeir þættir sem metnir voru fyrir áramót. Foreldrum var einnig bent á að hafa samband við sundkennara ef spurningar vöknuðu. Í júní fengu

nemendur sundmat einnig í mentor þar sem fram kom hvort nemendur hefðu náð sundstigi viðkomandi árgangs eða ekki.

Námsgögn og efni

Bækur sem til eru um sundkennslu í skólanum og internetið.

Þau áhöld sem notuð eru við kennslu eru: Sundflár, sundblöðkur, hringir, ýmsar tegundir bolta.

Mat á því hvernig til tókst og úrbætur ef einhverjar eru

Mér fannst sundkennslan takast ágætlega nema hvað nemendur mæta mjög illa í sund. Flestir þeir slöku virtust ekki hafa áhuga á að bæta sig. Ég bauð þeim all oft að bæta tímana sína eða bæta einkunnirnar en áhugi var ekki fyrir hendi

9. bekkur

Markmið

Markmið sundkennslunnar er að nemendur hafi gaman af því að vera í vatni, séu óhrædd, auki sundþolið og geti hugsanlega notað sér sund sem holla og góða hreyfingu í framtíðinni.

Markmiðin fyrir 9. bekk

- 75m þrisund (baksund, bringusund, skriðsund – stílsund)
- 8m kafsund - stílsund

- 100m bringusund (2,25 sek)
- 50m skriðsund (62 sek)
- 25m baksund (34 sek)
- 500m þolsund
- Fatasund

Tími

Sundið er kennt einu sinni í viku 40 mínútur í senn allt skólaárið. Nemendum var kennt saman þar sem nemendafjöldinn í bekknum bauð ekki upp á annað,

Viðfangsefni

Mest áhersla var lögð á sundþol og að nemendur fái jákvæða upplifun af sundi. Einnig var áhersla á leiki og keppni. Þegar nemendur eru komnir í 9. bekk þá vil ég að þau séu búin að ná mjög góðum tókum á sundaðferðunum og að kennslan byggist aðallega á að ná góðum hraða og þoli.

Kennslu og vinnuaðferðir

Nemendum er skipt á fjórar brautir ýmist eftir verkefnum, vinum eða getu. Nemendur læra nær eingöngu í gegnum æfingar. Nemendur vinna sér inn frjálsan tíma með góðri hegðun og vinnusemi sem er á fjögur vikna fresti. Reynt er að blanda leikjum inn í kennsluna eins mikið og mögulegt er. Lögð er áhersla á kurteisni, góða hegðun, sjálfstæði og samvinnu.

Matsaðferðir

Í desember var sett inn í mentor þeir þættir sem metnir voru fyrir áramót. Foreldrum var einnig bent á að hafa samband við sundkennara ef spurningar vöknuðu. Í júní fengu nemendur sundmat einnig í mentor þar sem fram kom hvort nemendur hefðu náð sundstigi viðkomandi árgangs eða ekki.

Námsgögn og efni

Bækur sem til eru um sundkennslu í skólanum og internetið.

Þau áhöld sem notuð eru við kennslu eru: Sundflár, sundblöðkur, hringir, ýmsar tegundir bolta.

Mat á því hvernig til tókst og úrbætur ef einhverjar eru

Mér fannst sundkennslan takast ágætlega nema hvað nokkrir nemendur mæta mjög illa í sund. Flestir þeir slöku virtust ekki hafa áhuga á að bæta sig. Ég bauð þeim all oft að bæta tímana sína eða bæta einkunnirnar en áhugi var ekki fyrir hendi

10. bekkur

Markmið

Markmið sundkennslunnar er að nemendur hafi gaman af því að vera í vatni, séu óhrædd, auki sundþolið og geti hugsanlega notað sér sund sem holla og góða hreyfingu í framtíðinni.

Markmiðin fyrir 10. bekk

- 600m þolsund á innan við 20 mín.
- Val um tvær tímatökur:
 - 100m bringusund
 - 50m skriðsund
 - 50m baksund
 - 25m flugsund
- Stílsund:
 - 12m kafsund
 - 50m bringusund
- Björgunarsund með jafningja 25m eftir 30 sek marvaða í fötum.

Tími

Sundið er kennt einu sinni í viku 40 mínútur í senn allt skólaárið.

Viðfangsefni

Mest áhersla var lögð á sundþol og að nemendur fái jákvæða upplifun af sundi. Einnig var áhersla á leiki og keppni. Þegar nemendur eru komnir í 9.-10. bekk þá vil ég að þau séu búin að ná mjög góðum tókum á sunaðferðunum og að kennslan byggist aðallega á að ná góðum hraða og þoli.

Kennslu og vinnuaðferðir

Nemendum er skipt á fjórar brautir ýmist eftir verkefnum, vinum eða getu. Nemendur læra nær eingöngu í gegnum æfingar. Það var einn bóklegur tími þar sem nemendum gafst kostur á að skipuleggja skemmtilegan sundtíma sem kennari myndi síðar kenna. Nemendur vinna sér inn frjálsan tíma með góðri hegðun og vinnusemi sem er á sex vikna fresti. Reynt er að

blanda leikjum inn í kennsluna eins mikið og mögulegt er. Lögð er áhersla á kurteisi, góða hegðun, sjálfstæði og samvinnu.

Matsaðferðir

Í desember var sett inn í mentor þeir þættir sem metnir voru fyrir áramót. Foreldrum var einnig bent á að hafa samband við sundkennara ef spurningar vöknudu. Í júní fengu nemendur sundmat einnig í mentor þar sem fram kom hvort nemendur hefðu náð sundstigi viðkomandi árgangs eða ekki.

Námsgögn og efni

Bækur sem til eru um sundkennslu í skólanum og internetið.

Þau áhöld sem notuð eru við kennslu eru: sundflár, sundblöðkur, hringir, ýmsar tegundir bolta.

Mat á því hvernig til tókst og úrbætur ef einhverjar eru

Mér fannst sundkennslan takast ágætlega nema hvað sumir nemendur mæta mjög illa í sund. Flestir þeir slöku virtust ekki hafa áhuga á að bæta sig. Ég bauð þeim all oft að bæta tímana sína eða bæta einkunnirnar en áhugi var ekki fyrir hendi

Ábendingar um kennsluna.

Sundlaug Sjálandsskóla er mjög góð.

Lykilatriði í sundkennslunnar er að hafa hópana ekki of stóra. Litlir hópar skila tvímælalaust betri árangri.

Í eldri bekkjunum er nauðsynlegt að hafa sundtímana kynjaskipta frá 7. bekk og upp úr. Eins komu upp vandræði í tímum þegar 9. og 10. bekkur voru blandaðir saman. Þegar 8. bekkjar strákar voru að fara í sundtíma á eftir 9. og 10. bekkjar piltum skapaðist vandamál í klefunum. Nemendur verða að bæta mætingar á næsta skólaári.

Það vantar hljóðkerfi í sundlaugina.

Skýrsla myndmenntakennara

1.- 2. bekkur

Kennari: Guðrún Dóra Jónsdóttir.

Í myndmennt í 1.-2. bekk var unnið eftir markmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla. Samkensla var í árgöngunum og unnið með markmið beggja árganga. Horft var til þess að sem flest markmið yrðu tekin á tveggja ára tímabili. Nemendur í 1. – 2. bekk voru alls 47 og var kennt í 4 hópum með 11 – 12 nemendur í hverjum hóp. Nemendahóparnir komu í lotum yfir skólaárið tvisvar sinnum í viku í sjö vikur, klukkutíma í senn. Námið byggðist upp af skylduverkefnum og stundum aukaverkefnum. Í lok hvorrar annar fóru allir nemendur árgangsins í 3-4 vikna þemavinnu þar sem allar listgreinar unnu saman, *Jólaþema* á haustönn og *Indíánaþema* á vorönn.

Verkefni

- Litafræðitilraun
- Sjálfsmynd
- Grunnform
- Náttúrulegform
- Fiskar í þrívídd

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau töl og tæki sem við höfðum til umráða í listastofunum.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikensla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Námsmat var gefið eftir hverja lotu. Þá var markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi og kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Allt námsmat var fært beint inn í Mentor (1. þrep). Færni nemenda var metin á eftirfarandi skala:

- Hefur náð settu markmiði
- Hefur ekki náð fullum tókum á markmiði
- Hefur ekki náð settu markmiði

3. – 4. bekkur

Kennari: Guðrún Dóra Jónsdóttir.

Í myndmennt í 3. – 4. bekk var unnið eftir markmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla.

Samkenntla var í árgöngunum og unnið með markmið beggja árganga. Horft var til þess að sem flest markmið yrðu tekin á tveggja ára tímabili. Nemendur í 3. – 4. bekk voru alls 46 og var kennt í 4 hópum með 11 – 12 nemendur í hverjum hóp. Nemendahóparnir komu í lotum yfir skólaárið þrisvar sinnum í viku í sjö vikur, klukkutíma í senn. Námið byggðist upp af skylduverkefnum og stundum aukaverkefnum. Í lok hvorrar annar fóru allir nemendur árgangsins í 3-4 vikna þemavinnu þar sem allar listgreinar unnu saman, *Jólabema* á haustönn og *Húsdýrabema* á vorönn.

Verkefni

- Litatónar
- Árstíðirnar
- Leirverkefni – fingrapottar
- Þrykk

Námsgögn og námsefni .

Námsgögn voru öll þau tól og tæki sem við höfðum til umráða í listastofunni og ýmis mynddæmi úr bókum og Listavefur krakka - Námsgagnastofnun.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Námsmat var gefið eftir hverja lotu. Þá var markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi og kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Allt námsmat var fært beint inn í Mentor (5. þrep). Færni nemenda var metin á eftirfarandi skala:

- Hefur náð settu markmiði
- Hefur ekki náð fullum tókum á markmiði
- Hefur ekki náð settu markmiði

5. – 6. bekkur

Kennari: Guðrún Dóra Jónsdóttir.

Í myndmennt í 5. - 6. bekk var unnið eftir markmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla.

Samkenntla var í árgöngunum og unnið með markmið beggja árganga. Horft var til þess að sem flest markmið yrðu tekin á tveggja ára tímabili. Nemendur í 5. – 6. bekk voru alls 64 og var kennt í 5 hópum með 11 – 14 nemendur í hverjum hóp. Nemendur komu í lotum yfir skólaárið þrisvar í viku í sjö vikur, klukkutíma í senn. Námið byggðist upp af skylduverkefnum og stundum aukaverkefnum. Í lok haustannar fóru allir nemendur árgangsins í jólaþema og í byrjun vorannar fóru allir nemendur í 5.-7. bekk í þriggja vikna þemavinnu tengda leikritinu um Bláa hnöttinn.

Verkefni í myndmennt

- Fiskur - teikning
- Leirmótun – rúlluaðferð
- Vatnslitun

Námsgögn og námsefni .

Námsgögn voru öll þau töl og tæki sem við höfðum til umráða í listastofunum. Bækur um listamenn ásamt upplýsingum á netinu voru líka notaðar.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Námsmat var gefið eftir hverja lotu. Þá var markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi og kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Allt námsmat var fært beint inn í Mentor (9. þrep). Færni nemenda var metin á eftirfarandi skala:

- Hefur náð settu markmiði
- Hefur ekki náð fullum tókum á markmiði
- Hefur ekki náð settu markmiði

7. bekkur

Kennari: Guðrún Dóra Jónsdóttir.

Í myndmennt í 7. bekk var unnið eftir markmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla. Nemendur í 7. bekk voru alls 29 og var kennt í 3 hópum með 9 – 10 nemendur í hverjum hóp. Nemendur komu tvisvar í viku í ellefu vikur. Námið byggðist upp af skylduverkefnum en stundum voru aukaverkefni. Í lok haustannar fóru allir nemendur árgangsins í jólaþema og í byrjun vorannar fóru allir nemendur í 5.-7. bekk í þriggja vikna þemavinnu tengda leikritinu um Bláa hnöttinn.

Verkefni

- Leturgerð
- Leirmótun
- Abstrakt
- Vatnslitun

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau töl og tæki sem við höfðum til umráða í listastofunum ásamt gersemum úr umhverfi skólans. Við nýttum bókakost og tölvur skólans eftir því sem hentaði hverju sinni.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Námsmat var gefið eftir hverja lotu. Þá var markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi og kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Allt námsmat var fært beint inn í Mentor (13. þrep). Færni nemenda var metin á eftirfarandi skala:

- Hefur náð settu markmiði
- Hefur ekki náð fullum tókum á markmiði
- Hefur ekki náð settu markmiði

8. – 10. bekkur / val

Kennari: Guðrún Dóra Jónsdóttir.

Nemendur í 8 – 10. bekk voru með myndmennt sem valfag í lotum. Valið var kennt í átta vikna lotum. Nemendur komu einu sinni í viku í 1 1/2 -2 klst í senn, í hópunum voru 13 til 14 nemendur.

Verkefni í myndmennt

Teikning. Unnið var með olíu- og þurrpastellit. Byrjað var á einföldum teikniæfingum sem urðu flóknari eftir leikni hvers nemanda.

Leirmótun. Nemendur lærðu grunnaðferðir við leirmótun. Með aukinni leikni þeirra með leirinn þá unnu þau meira í mótun og þá var unnið með dýr.

Skartgripagerð. Í byrjun bjuggu nemendur til hugmyndabók þar sem þau skráðu niður hugmyndir sínar. Unnið var með fjölbreytt efni í hverjum tíma en frjáls sköpun nemenda réði til um útkomuna.

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau töl og tæki sem við höfðum til umráða í listastofunum ásamt gersemum úr umhverfi skólans. Við nýttum bókakost og tölvur skólans eftir því sem hentaði hverju sinni.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Við námsmat voru markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Tekið er mið af verkefnum, frágangi þeirra, áhuga nemanda, mætingu, sjálfstæði, sköpun, umgengni, vandvirkni og vinnusemi.

Allt námsmat var fært beint inn í Mentor.

Námsmat var eftir lotuna þar sem færni nemenda var metin með eftirfarandi skala.

A - Nemandi hefur mjög góð tók á námsefninu og náð 85 – 100% af settum markmiðum

B - Nemandi hefur góð tók á námsefninu og náð 70 – 84% af settum markmiðum.

C - Nemandi er á réttri leið og náð 50 – 69% af settum markmiðum.

D - Námsárangur er ófullnægjandi. Nemandi hefur náð 0 – 49% af settum markmiðum

Skýrsla textílkennara

1.- 2. bekkur

Kennari: Silja Kristjánsdóttir

Nemendur í 1. – 2. bekk voru alls 47 og var kennt í 4 hópum í textílmennt með 11 – 12 nemendur í hverjum hóp. Í textílmennt í 1.-2. bekk var unnið eftir markmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla. Samkenntla var í árgöngunum og var unnið með markmið beggja árganga. Horft var til þess að sem flest markmið yrðu tekin á tveggja ára tímabili.

Nemendur komu í lotum yfir skólaárið, 2 svar í viku í 7 vikur, klukkutíma í senn. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna aukaverkefni. Í lok hvorrar annar fóru allir nemendur árgangsins í 3-4 vikna þemavinnu þar sem allar listgreinar unnu saman, *Jólabema* á haustönn og *Indjánaþema* á vorönn.

Verkefni í textílmennt unnin af 1. - 2. bekk skólaárið 2011 - 2012

- Hamingjuvefur - ský
- Óskasteinn – þæft utan um litla fjörusteina
- Poki utan um óskastein
-

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau töl og tæki sem við höfðum til umráða í textílstofu. Stuðst var við námsefni á vef Námsgagnastofnunar.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Við námsmat voru markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Námsmat var gefið eftir hverja lotu. Allt námsmat var fært beint inn í Mentor (3. þrep). Færni nemenda var metin með eftirfarandi skala:

- Hefur náð settu markmiði
- Hefur ekki náð fullum tókum á markmiði
- Hefur ekki náð settu markmiði

3. – 4. bekkur

Kennari: Silja Kristjánsdóttir

Nemendur í 3. – 4. bekk voru alls 46 og var kennt í 4 hópum í textílmennt með 11 – 12 nemendur í hverjum hóp. Í textílmennt í 3. – 4. bekk var unnið eftir markmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla. Samkennsla var í árgöngunum og var unnið með markmið beggja árganga. Horft var til þess að sem flest markmið yrðu tekin á tveggja ára tímabili.

Nemendur komu í lotum yfir skólaárið 3 svar í viku í 7 vikur, klukkutíma í senn. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna meira frjálst þar sem að sköpun nemenda réð ríkjum. Í lok hvorrar annar fóru allir nemendur árgangsins í 3-4 vikna þemavinnu þar sem allar listgreinar unnu saman, *Jólabema* á haustönn og *Húsdýrabema* á vorönn.

Verkefni í textílmennt unnin af 3. – 4. bekk skólaárið 2011 - 2012

- Halasnælda – spinna 2 faldan plötulopa
- Garðaprjón
- Geimverur – þæft utan um steina úr fjörunni
- Handbrúða/bangsi – verkefni tengt þemavinnu hverju sinni, teiknað með fatatúss og saumað í saumavél

Tilraunaverkefni í textílmennt

Eitt af markmiðum textílkennslunnar hjá 3. og 4. bekk í vetur var að allir nemendur lærðu að prjóna garðaprjón. Til þess að það markmið næðist var ákveðið að gera tilraun með það að fá foreldra og ömmur og afa til liðs við okkur.

Þegar nemendur höfðu spunnið sitt garn var boðið til *prjónastundar*, klukkustundar samveru, þar sem nemendur lærðu að prjóna með hjálp mömmu, ömmu eða annars fjölskyldumeðlims. Þetta var ekki aðeins gert til þess að nemendur lærðu hraðar að prjóna heldur einnig til að reyna að auka áhuga nemenda á viðfangsefninu og mynda tengsl milli heimilis og skóla.

Tilraunin tókst mjög vel og mældist vel fyrir hjá nemendum og aðstandendum, sem þótti gaman að fá að taka þátt í skólastarfinu. Nánast allir nemendur 3. og 4. bekkjar kunnar nú vel að prjóna og hafa margir haldið áfram heima.

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau töl og tæki sem við höfðum til umráða í textílstofu. Stuðst við bókina Á þrjónunum, svo og aðrar bækur sem nemendur hafa aðgang að í textílstofu og gögn frá kennara.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, jafningjafræðsla og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Þá voru ömmur, afar og foreldrar fengnir til stuðnings við þrjónakennslu.

Matsaðferðir

Við námsmat voru markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Námsmat var gefið eftir hverja lotu. Allt námsmat var vært beint inn í Mentor (7. þrep). Færni nemenda var metin með eftirfarandi skala:

- Hefur náð settu markmiði
- Hefur ekki náð fullum tókum á markmiði
- Hefur ekki náð settu markmiði

5. – 6. bekkur

Kennari: Silja Kristjánsdóttir

Nemendur í 5. – 6. bekk voru alls 64 og var kennt í 5 hópum í textílmennt með 11 – 14 nemendur í hverjum hóp. Í textílmennt í 5. – 6. bekk var unnið eftir markmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla. Samkennsla var í árgöngunum og var unnið með markmið beggja árganga. Horft var til þess að sem flest markmið yrðu tekin á tveggja ára tímabili.

Nemendur komu í lotum yfir skólaárið 3 svar í viku í 7 vikur, klukkutíma í senn. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna meira frjálst þar sem að sköpun nemenda réð ríkjum.

Hver nemandi vann verkefnin á sínum eigin hraða. Mikil áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð, með skýrum kennsluleiðbeiningum. Skylduverkefni buðu upp á mikla sköpun

og náðu til fjölbreyttra textílaðferða. Í lok haustannar fóru allir nemendur árgangsins í jólaþema og í byrjun vorannar fóru allir nemendur í 5.-7. bekk í þriggja vikna þemavinnu tengda leikritinu um Bláa hnöttinn.

Verkefni í textílmennt unnin af 5. – 6. bekk skólaárið 2011 - 2012

- Skrímsli – nemendur hönnuðu og saumuðu eigið skrímsli.
- Taska – nemendur skreyttu efni og saumuðu tösku

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau tól og tæki sem við höfðum til umráða í textílstofunni. Vinnuleiðbeiningar frá kennara og fjöldi textílbóka.

Kennsluáferðir

Þær kennsluáferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræðu, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsáferðir

Við námsmat voru markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Námsmat var eftir hverja lotu. Allt námsmat var fært beint inn í Mentor (11. þrep). Færni nemenda var metin með eftirfarandi skala:

- Hefur náð settu markmiði
- Hefur ekki náð fullum tókum á markmiði
- Hefur ekki náð settu markmiði

7. bekkur

Kennari: Silja Kristjánsdóttir.

Nemendur í 7. bekk voru alls 29 og var kennt í 3 hópum í textílmennt með 9 – 10 nemendur í hverjum hóp. Í listum í 7. bekk bekk var unnið eftir markmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla.

Nemendur komu í lotum 2svar í viku í 11 vikur, klukkutíma í senn. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefni en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna meira frjálst þar sem að sköpun nemenda réð ríkjum. Þeir sem fljótastir voru með verkefnið sitt fengu meira rými fyrir frjálsa sköpun. Í lok haustannar fóru allir nemendur árgangsins í jólaþema og í byrjun vorannar fóru allir nemendur í 5.-7. bekk í þriggja vikna þemavinnu tengda leikritinu um Bláa hnöttinn.

Verkefni í textílmennt unnin af 7. bekk skólaárið 2010 - 2011

- Eyrnaband – prjónað hvítt og litað, slétt og brugðið
- Taska úr stuttermabol
- Frjálsverkefni

Önnur valverkefni hafa verið í boði fyrir þá nemendur sem hafa haft tíma s.s. prjón, hekl, vélsaumur, útsaumur eða annað sem nemandi óskaði eftir.

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau tól og tæki sem við höfðum til umráða í textílstofu, bókakostur skólans og kennarans, s.s. listaverkabækur, prjónabækur, saumablöð og skissubækur.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræðu, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Við námsmat voru markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Námsmat var eftir hverja lotu. Allt námsmat var fært beint inn í Mentor (14. þrep).

8. – 10. bekkur val

Kennari: Silja Kristjánsdóttir

Nemendur í 8. – 10. bekk voru með textílmennt sem valfag í lotum. Nemendur komu einu sinni í viku í 8 vikur, 2 klukkutíma í senn. Nemendur unnu einföld skylduverkefni og fengu rúman tíma til þess að vinna frjáls verkefni, þar sem sköpun nemenda réði ríkjum.

Valgreinar sem kenndar voru:

Fatahönnun/fatasamur: nemendur saumuðu 2 einföld skylduverkefni, pils og tösku.

Skylduverkefnin undirbjuggu nemendur undir sjálfstæða vinnu í frjálsu verkefni. Afurðirnar voru mjög fjölbreyttar s.s. kjólar, þeygur, pils, toppar, töskur, veski og húfur. Nemendur skiluðu einnig hugmyndabókum og fengu heimsókn frá starfandi hönnuði.

Tíska: nemendur unnu saman sem einn hópur að því að gera tískublað. Hver nemandi gat ákveðið hvernig hann vildi skila inn sínu rannsóknarverkefni, viðtali eða grein. Hægt var að skila einstaklingsverkefnum eða hópverkefnum inn í blaðið. Nemendur fengu einnig fyrirlestra um tísku og skoðuðu sýningu á íslenskum kjólum í Þjóðminjasafninu.

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau töl og tæki sem við höfðum til umráða í textílstofu, bókakostur skólans, s.s. listaverkabækur, þrjónabækur, saumablöð og skissubækur.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræðu, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Við námsmat voru markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Tekið er mið af verkefnum, frágangi þeirra, áhuga nemanda, mætingu, sjálfstæði, sköpun, umgengni, vandvirkni og vinnusemi. Allt námsmat var fært beint inn í Mentor. Námsmat var eftir hverja lotu þar sem færni nemenda var metin með eftirfarandi skala, auk umsagnar:

A - Nemandi hefur mjög góð tók á námsefninu og náð 85 – 100% af settum markmiðum

B - Nemandi hefur góð tók á námsefninu og náð 70 – 84% af settum markmiðum.

C - Nemandi er á réttri leið og náð 50 – 69% af settum markmiðum.

D - Námsárangur er ófullnægjandi. Nemandi hefur náð 0 – 49% af settum markmiðum

Textílmennt í hádegishléinu

Kennari: Silja Kristjánsdóttir

Í vetur var ákveðið að gera tilraun með það að hafa textílstofuna opna í hádeginu á miðvikudögum. Þá gátu nemendur komið og unnið, hvort sem var áfram með þau skylduverkefni sem voru í gangi eða í frjálsum verkefnum. Textílkennarinn var alltaf til staðar en hvatti nemendur einnig til að leita til annarra nemenda.

Nemendur tóku þessu fagnandi og voru duglegir að nýta sér þetta. Í hverri viku mættu 20-50 nemendur frá 1. – 7. bekk og unnu í hádeginu. Áhersla var lögð á nýtni og endurnýtingu, saumað upp úr gömlum fötum og allar afklippur og afgangar nýttir.

Skýrsla smíðakennara

1.- 2. bekkur

Kennarar: Fyrir áramót kenndi Steinþór Þorsteinsson smíði og hönnun en eftir áramót kenndi Guðný Magnúsdóttir fagið.

Í smíði 1.-2. bekk var unnið eftir markmiðum Aðalnámsskrár. Samkensla var í árgöngunum og unnið með markmið beggja árganga. Horft var til þess að sem flest markmið yrðu tekin á tveggja ára tímabili.

Verkefni

Nafnspjald skrifað á krossvið með brennipenna.

Teningar úr við og merktir frá 1 -6.

Flugvél úr við, máluð í lit.

Bíll sem hægt er að keyra, málaður lit.

Rúm sem var málað í litum.

Ýmis aukaverkefni sem nemendur gerðu eftir sinni hugmynd.

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau tól og tæki sem við höfðum til umráða í Smíðastofu.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Og málstokkur sem er þjálfun í framsögn.

Matsaðferðir

Námsmat var gefið eftir hverja lotu. Þá var markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi og kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Færni nemenda var metin með eftirfarandi skala:

- Góð tók
- Er á réttri leið
- Á erfitt með

3. – 4. bekkur

Verkefni

Bíll ,málaður í lit.

Fuglahús úr við.

Tálguð strengjabrúða sem hægt er að stjórna hreyfingum handa og fóta.

Teningar brenndir með tölum.

Bátar með húsi og segli.

Tálgaðir pennar með blekfyllingu.

Lykklakippur með bandi og hring.

Tálgað tré, ýmis form.

Frjálsir tímar sem nemendur vinna að þeirra hugmynd.

Samvinnuverkefni

Fuglahús

Námsgögn og námsefni .

Námsgögn voru öll þau tól og tæki sem við höfðum til umráða í smíðastofu.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Námsmat var gefið eftir hverja lotu. Þá var markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi og kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Færni nemenda var metin með eftirfarandi skala:

- Góð tók
- Er á réttri leið
- Á erfitt með

5. – 6. bekkur

Verkefni :

Púsl sem nemandi sakapar eftir sinni hönnun.

Brauðbretti.

Lampi renndur í rennibekk.

Brúða sem hægt er að stjórna gerð í rennibekk.

Skúta með segli.

Fuglahús - endurvinnsal

Plast mótað í skálar.

Frjáls verkefni.

Kassi úr smíðavið fyrir smádót.

Kertastjaki tálgaður út í tré.

Skartgripir úr málmum kopar og silfri.

Samvinnuverkefni

Snorra saga og sverð úr mjúku frauði. Heiti á staðháttum með seglum fyrir segul töflu.

Draumaherbergið mitt var starfræðiverkefni þar sem 3cm var 1 metri um reiknað á blað síðan var það smíðað í réttum hlutföllum og gert innbú í herbergið.

Námsgögn og námsefni .

Námsgögn voru öll þau tól og tæki sem við höfðum til umráða í smíðastofu , auk efniviðar úr skóginum.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Framsögn þjálfuð með s.k. málstokk.

Matsaðferðir

Námsmat var gefið eftir hverja lotu. Þá var markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi og kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Færni nemenda var metin með eftirfarandi skala:

- Góð tók
- Er á réttri leið
- Á erfitt með

7. bekkur

Í Hönnun og smíði 7. bekk var unnið eftir markmiðum aðalnámsskrár. Kennari var Árni Már Árnason frá 2010 til 2011. Nemendur í 7. bekk voru alls 38 og var kennt í 3 hópum með 11 – 13 nemendur í hverjum hóp. Nemendur komu tvisvar í viku. Námið byggðist upp af skyldu- og aukaverkefnum.

Verkefni:

Mappa fyrir ferminguna - gestabók.

Fuglahús.

Skarpgripa gerð úr málm og grjóti.

Lampi unnin í rennibekk.

Ísland sagað út úr MDF og málað.

Ostabakki úr plasti eða við.

Flugvél eða annað úr við.

Unnin ýmiss form í plast.

Frjálsir tímar sem nemendur vinna að eigin hugarefnum.

Tálgun í skóginum.

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau töl og tæki sem við höfðum til umráða í smíðastofu ásamt gersemum úr umhverfi skólans. Við nýttum bókakost og tölvur skólans eftir því sem hentaði hverju sinni. Efniviður m.a. úr skóginum.

Kennsluáferðir

Þær kennsluáferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsáferðir

Námsmat var gefið eftir hvora lotu fyrir sig. Þá var markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi og kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Færni nemenda var metin með eftirfarandi skala:

- Góð tók
- Er á réttri leið
- Á erfitt með

8. – 9. bekkur / val

Nemendur í 8 – 9. bekk voru með Hönnun og smíði sem valfag í lotum. Valið var kennt í átta vikna lotum. Nemendur komu einu sinni í viku í 11/2 -2 klst í senn, í hópunum voru 13 til 14 nemendur.

Verkefni í Hönnun og smíði.

Gjervinna. Mótaðar skálar, krossar í gler, kertastjakar o.fl.

Rafmagnsvinna. Smíðaður lampi og tengdur með peru og rofa. Almenn fræðsla um rafmagn.

Plastvinna mótaðir ýmsir hlutir úr plasti s.s. skálar o.fl.

Tálgað úr viði ýmsir hlutir s.s., stafir, karlar, smjörhnífur og snagar.

Frjálsir tímar þar sem nemendur vinna hluti eftir eigin teikningum.

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau töl og tæki sem við höfðum til umráða í smíðastofu ásamt gersemum úr umhverfi skólans. Við nýttum bókakost og tölvur skólans eftir því sem hentaði hverju sinni.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Við námsmat voru markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Tekið er mið af verkefnum, frágangi þeirra, áhuga nemanda, mætingu, sjálfstæði, sköpun, umgengni, vandvirkni og vinnusemi.

Námsmat var eftir lotuna þar sem færni nemenda var metin með eftirfarandi skala:

A - Nemandi hefur mjög góð tök á námsefninu og náð 85 – 100% af settum markmiðum

B - Nemandi hefur góð tök á námsefninu og náð 70 – 84% af settum markmiðum.

C - Nemandi er á réttri leið og náð 50 – 69% af settum markmiðum.

D - Námsárangur er ófullnægjandi. Nemandi hefur náð 0 – 49% af settum markmiðum

Skýrsla tónmenntakennara

Í vetur var mismunandi eftir tímabilum hve mikil tónmennt var kennd. Nemendur í 1. og 2. bekk fengu tónmennt aðra hvora viku, nemendur í 3. -7. bekk fengu tónmennt einu sinni í viku og 8. bekkur fékk tónmennt aðra hvora viku fyrir utan þann tíma sem þemað 20. öldin og tónlist var í gangi en þá var tímum fjölgað. Kór var starfandi við skólann allan veturinn og var 2 klst. og 40 mínútur helgaðar honum á viku. Fimm valnámskeið voru kennd í vetur fyrir nemendur á unglíngastigi. Á haustönn voru kennd námskeiðin *Tónlist og tölvur* og *Tónlist og myndbönd* og á vorönn námskeiðin *Rafmagnað samspil 1*, *Rafmagnað samspil 2* og *Söngur*.

Kennslan í 1. – 2. bekk

Viðfangsefni vetrarinnss voru eftirfarandi.

- Söngur. Mikil áhersla hefur verið lögð á söng og að nemendur læri ný lög í tengslum við morgunsönginn. Í undirbúningi uppsetningar leikrítisins *Kardimommubærinn* æfðu nemendur lögin úr leikritinu í tónmennt.
- Taktur. Nemendur hafa spilað takta eftir nótum og hefur verið farið í ýmsa leiki þar sem unnið er með takt. Einnig hefur verið spilað á skólahljóðfæri í takt við tónlist og eftir fyrirmælum og stjórnun kennara eða samnemenda.
- Spuni. Nemendur hafa spunnið á sílafóna yfir undirspil.
- Sköpun. Í tengslum við Comeniusarverkefni hópsins um vatn sömdu nemendur tónverk á skólahljóðfæri sem túlkuðu lífið neðansjávar. Nemendur túlkuðu á eigin vísu veður á skólahljóðfæri á meðan samnemendur giskuðu á hvaða veður væri verið að túlka.
- Hljóðfæri. Nemendur hafa unnið mikið með og leikið á skólahljóðfæri bæði takt- og laglínuhljóðfæri og m.a. tekið upp nokkur lög til birtingar á heimasíðu skólans, spunnið og skapað á þau.
- Hlustun. Í tengslum við Comeniusarverkefnið um vatnið var hlustað á ýmsa tónverk sem tengjast hafinu og regni.
- Tónfræði. Sérstaklega hefur verið unnið með eftirfarandi þætti tónfræðinnar:
 - styrkleika (sterkt-veikt, vaxandi-minnkandi)
 - langa og stutta tóna
 - tónhæð (háir og lágir tónar)
 - óhefðbundna nótnaskrift
- Hreyfing. Nemendur fóru í ýmsa takt- og hreyfileiki og dönsuðu einfalda dansa.

Námsgögn

Námsgögn voru hin ýmsu skólahljóðfæri, fjöldi geisladiska og ýmis skrifleg verkefni í tengslum við tónfræði og hlustun.

Námsefni

Mest var unnið með námsefni tilbúið af tónmenntakennara. Einnig var unnið með námsefnið *Það var lagið*, bæði hlustunarefni og tónfræðiverkefni auk verkefna úr

verkefnabók 1 fyrir tónmennt. Þá voru þýdd og staðfærð verkefni úr enska námsefninu *Music Express year 1 og year 2*.

Matsaðferðir:

Þeir þættir sem voru metnir í 1. og 2. bekk voru:

- tekur virkan þátt í söng
- getur leikið einfaldan spuna á tréspil í takt við undirspil
- getur leikið á takthljóðfæri við undirspil
- getur í hóp skapað og leikið einfalt hljóðverk
- þekkir hugtökin sterkt, veikt, vaxandi og minkandi og getur notað þau í hljóðfæraleik
- getur á einfaldan hátt túlkað tiltekið veður á skólahljóðfæri
- getur spilað einfaldan undirleik við lag á skólahljóðfæri

Námsmat var gert með skriflegum könnunum, verklegum könnunum, videoupptökum af hljóðfæraleik og söng nemenda og hljóðupptökum af hljóðfæraleik og söng nemenda. Merkt var við hvort nemandi hafi *náð settu markmiði, hefur ekki náð fullum tókum á markmiðum og hefur ekki náð settu markmiði*.

Kennslan í 3. – 4. bekk

Viðfangsefni vetrarinns voru eftirfarandi.

- Söngur. Mikil áhersla hefur verið lögð á söng og að nemendur læri ný lög í tengslum við morgunsönginn. Í tengslum við þemað *Lína langsokkur* lærðu og æfðu nemendur lög leikritsins. Í Afríkubema lærðu nemendur afrísk lög og í Íslandsþema lærðu nemendur valin ættjarðarlög.
- Taktur. Unnið hefur verið með takt og lögð áhersla á að nemendur fái tilfinningu fyrir takti og geti leikið í takt og heyrt breytingar á takti bæði taktstkipti og hraðabreytingar. Þetta hefur verið unnið með hlustun og hljóðfæraleik á takt- og laglínuhljóðfæri auk líkams rytma. Nemendur unnu með afríska takta í tengslum við Afríku-þema hópsins.
- Spuni. Nemendur hafa spunnið á sílafóna yfir undirspil og hefur spuni þeirra verið tekinn upp reglulega og framfarir metnar.
- Tónsköpun. Í tengslum við Íslands-þemað sömdu nemendur lag við kvæðið *Íslandsvísur* eftir Jón Trausta.

- Hlustun. Nemendur hafa hlustað á og rætt um fjölbreytta tónlist frá ýmsum tímabilum tónlistarsögunnar og unnið með þau á fjölbreyttan hátt. Sérstaklega var unnið með tónverkið *Moldá* eftir Smetana. Í tengslum við Afríku-þema var hlustað á tónlist álfunnar. Í Íslands-þema var hlustað á íslensk ættjarðarlög.
- Hljóðfæri. Nemendur hafa leikið einfaldar útsetningar af lögum á skólahljóðfæri, bæði laglínuhljóðfæri og takthljóðfæri. Í tengslum við Afríku-þemað léku nemendur afríska takta og afrísk lög á skólahljóðfæri. Í þemanu um Ísland útsettu og æfðu nemendur ásamt kennara frumsömdu lögin sín og tóku upp. Í kjölfar hlustunar á tónverkið *Moldá* voru hljóðfæri sinfóníuhljómsveitar skoðuð og hljóðfæraflokkar þeirra.
- Tólistarsaga. Nemendur kynntust tékkneska tónskáldinu Smetana. Í tengslum við þemað *Afríka* kynntust nemendur afrískri tónlist og einkennum og sögu afrískra hljóðfæra. Í tengslum við þemað um Ísland kynntust nemendur völdum lögum frá seinni hluta 19. aldar og fyrri hluta þeirrar 20.
- Tónfræði. Unnið var með:
 - styrkleika (piano – forte, vaxandi styrkur-minnkandi styrkur)
 - ritun og lestur algengustu nótnagilda
 - g- lykil
 - hraða (hratt – hægt)
 - tónhæð (háir og lágir tónar)
 - óhefðbundna nótnaskrift
 - þrískiptan og fjórskiptan takt auk taktbreytinga
 - tónbil (þríundir og fimmundir)
- Hreyfing. Nemendur fóru í ýmsa takt- og hreyfileiki.

Námsgögn

Námsgögn voru hin ýmsu skólahljóðfæri, tónlistarforrit, fjöldi geisladiska og ýmis skrifleg verkefni í tengslum við tónfræði og hlustun. Þá voru þýdd og staðfærð verkefni úr enska námsefninu Music Express year 3 og year 4.

Námsefni:

Mest var unnið með námsefni tilbúið af tónmenntakennara. Einnig var unnið með námsefnið *Það var lagið*, bæði hlustunarefni og tónfræðiverkefni, kennsluefnið *Það var lagið* og tölvuforritið *Háskaleik*. Þá voru þýdd og staðfærð verkefni úr enska námsefninu Music Express year 3 og year 4.

Matsaðferðir:

Þeir þættir sem voru metnir í 3. og 4. bekk voru:

- tekur virkan þátt í söng
- þekki helstu hljóðfæri símfóníuhljómsveitar
- getur spilað einfalt undirspil á skólahljóðfæri
- getur spunnið einfaldan spuna á skólahljóðfæri
- getur í hóp samið lag við ættjarðarljóð
- getur leikið undirleik við frumsamið lag á hljóðfæri
- getur leikið einfalda afríska takta á eigin hljóðfæri

Námsmat var gert með skriflegum könnunum, verklegum könnunum, videoupptökum af hljóðfæraleik og söng nemenda og hljóðupptökum af hljóðfæraleik og söng nemenda. Merkt var við hvort nemandi hafi *náð settu markmiði, hefur ekki náð fullum tókum á markmiðum* og *hefur ekki náð settu markmiði*.

Kennslan í 5. og 6. bekk

Viðfangsefni vetrarinnss voru eftirfarandi.

- Söngur. Mikil áhersla hefur verið lögð á söng og að nemendur læri ný lög í tengslum við morgunsönginn. Nemendur sungu þrjár söng og sömdu og tóku upp sitt eigið rapplag. Í tengslum við norðurlandapema voru sungin lög frá norðurlöndunum. Nemendur miðstígs settu up söngleikinn Bláa hnöttinn og æfðu þeir nemendur sem völdu söng, lög leikritsins og fluttu á sýningum. Einnig kynntust nemendur nokkrum lögum frumbyggja Ameríku og sungu þau.
- Taktur. Mikið hefur verið unnið með takt og lögð áhersla á að nemendur fái tilfinningu fyrir takti og geti leikið í takt og heyrt breytingar á takti bæði taktstkipti og hraðabreytingar. Þetta hefur verið þjálfað með hlustun og hljóðfæraleik á takt- og laglínuhljóðfæri auk líkamsrytma. Í tengslum við Íslandssögu-þema voru rímur kynntar og mikilvægi taks í flutningi þeirra skoðaður sérstaklega. Í kjölfarið var svo unnið með rapp þar sem taktur og textaflutningur fléttast órjúfanlegum böndum.
- Sköpun. Nemendur sömdu sitt eigið rapplag og tóku upp. Lögin voru svo birt á vef skólans.

- Hlustun/tónlistarsaga. Hlustað var á fjölbreytta tónlist frá ýmsum löndum og ólíkum tímum. Í tengslum við norðurlandapemað var hlustað á norræna tónlist allt frá Eurovision lögum til klassískrar tónlistar Sibeliusar og Griegs. Hlustað var á rímnakveðskap í tengslum við Íslandssögpemað og raplög í undirbúningi tónsköpunarinnar.
- Hljóðfæri. Nemendur léku undirleik á hljóðfæri í ýmsum sönglögum og í ýmsum tónlistarstílum. Indjánaalagið Heyja var útsett, æft og tekið upp með bekkjunum þar sem hver nemendi fékk að velja sér hljóðfæri til að leika á. Margir nemendur nýttu sér hljómsveitarherbergi skólans þar sem þeir geta fengið tíma til að æfa sig saman eða ein á hefðbundin popp/rokk hljómsveitar hljóðfæri.
- Tónfræði. Í viðfangsefnum vetrarins og sérstaklega tónsköpun hefur verið unnið með frumþætti tónlistar, s.s. tónhæð, tónlengd, hljóma, tónblæ, tónstyrk, form og túlkun.
- Tölvur. Nemendur hafa unnið með upptökuforritið Garage band og tekið upp eigin tónlist, söng, rapp og hljóðfæraleyk.

Námsgögn

Námsgögn voru hin ýmsu skólahljóðfæri, tónlistarforritin Garage band og Pro tools, fjöldi geisladiska og ýmis skrifleg verkefni í tengslum við tónfræði og hlustun. Þá var notað kennsluforritið Háskaleikur.

Námsefni:

Mest var unnið með námsefni tilbúið af tónmenntakennara en einnig var unnið með verkefnabókina Tónmennt 4. Enska námsefnið Music express year 6 hefur verið þýtt og staðfært.

Matsaðferðir:

Þeir þættir sem kennari mat í 5. og 6. bekk voru:

- tekur virkan þátt í söng
- getur sungið fjölradda söng
- getur leikið undirleik við lag á hljóðfæri
- getur notað hljóðbútaforrit við að semja rapplag

Námsmat var gert með skriflegum könnunum, verklegum könnunum, videoupptökum af hljóðfæraleik og söng nemenda og hljóðupptökum af hljóðfæraleik og söng nemenda. Merkt var við hvort nemandi hafi *náð settu markmiði*, *hefur ekki náð fullum tókum á markmiðum* og *hefur ekki náð settu markmiði*.

Kennslan í 7. bekk

Viðfangsefni vetrarinnss voru eftirfarandi.

Í vetur hefur verið lögð áhersla á skapandi vinnu hjá 7. bekk. Unnin voru ýmis tónsköpunar verkefni m.a. veðratónlist, kvikmyndatónlist og hringitónn.

Unnið var með frumpætti tónlistar út frá kvikmyndatónlist og annarri sköpun nemenda og í tengslum við hana unnu nemendur með eftirfarandi þætti:

- Hlustun/Tónlistarsaga. Saga kvikmyndatónlistar á 20. öld kennd. Kvikmyndatónskáldið John Williams kynnt. Einnig var unnið með jazz og swing tónlist og m.a. hlustað á tónlist Miles Davis.
- Blær – tilfinning. Í tónsköpun unnu nemendur sérstaklega með þessa þætti.
- Spuni. Nemendur hafa spunnið á skólahljóðfæri sem og þau hljóðfæri sem þeir sem stunda hljóðfæranám leika á.
- Tónsköpun. Nemendur hafa samið eigin tónlist við stuttmyndir, samið hljóðverk sem túlkar ákveðið veður og búið til hringitón.
- Tónfræði. Í viðfangsefnum nemenda var unnið með tónhæð, þagnir, tónlengd, hljóma, tónblæ, tónstyrk, form og túlkun.
- Tölvur. Nemendur hafa unnið með tónlistarforritið Garage band og samið með aðstoð þess eigin tónlist og tekið upp.

Samvinnuverkefni

Í tengslum við veðrapema á vorönn sömdu nemendur hljóðverk sem túlkuðu ákveðið veður.

Námsgögn

Námsgögn voru hin ýmsu skólahljóðfæri, tónlistarforritin Garage band og Pro tools, fjöldi geisladiska og kvikmynda.

Námsefni:

Mest var unnið með námsefni tilbúið af tónmenntakennara. Einnig var unnið var með námsefnið *Það er gaman að hlusta á kvikmyndatónlist*.

Matsaðferðir:

Þeir þættir sem voru metnir í 7. bekk voru:

- tekur virkan þátt í söng
- getur spilað einfalt undirspil á hljóðfæri í swing takti
- getur spunnið einfaldan spuna í swing takti
- getur í hóp samið og leikið tónverk sem túlkar tiltekið veður
- þekkir nokkur verk kvikmyndatónskáldsins John Williams
- getur samið hringitón í forritinu Garge Band
- getur samið tónlist við stuttmynd

Námsmat var gert með skriflegum könnunum, verklegum könnunum, videoupptökum af hljóðfæraleik og söng nemenda og hljóðupptökum af verkum og söng nemenda auk sjálfsmats. Merkt var við hvort nemandi hafi *náð settu markmiði, hefur ekki náð fullum tökum á markmiðum og hefur ekki náð settu markmiði*.

Kennslan í 8. bekk

Viðfangsefni haustannar voru eftirfarandi.

Tónlist 20. aldarinnar var yfirskrift vetrarins hjá 8. bekk. Reynt var að kynna fjölbreytileika aldarinnar og leyfa nemendum að prófa sjálfir að vinna með ólíka stíla og aðferðir sem voru notaðar og þróaðar á öldinni. Unnið var með eftirfarandi þætti:

- Hlustun/Tónlistarsaga. Í tengslum við þemað tónlist 20. aldarinnar var unnið með Bókina Hljóðspor eftir Pétur Hafþór Jónsson og hlustun tengda henni þar sem farið er í þróun dægurtónlistar fram til 1970. Þá var unnið með íslenska tónlist í upphafi 20. aldar þar sem sérstaklega var unnið með tónlist Jóns Leifs.
- Blær – tilfinning. Í tónsköpun unnu nemendur sérstaklega með þessa þætti.
- Tónsköpun.

- Í tengslum við þemað Tónlist 20. aldarinnar völdu nemendur sér einn tónlistarstíl og sömdu lag í þeim stíl, æfðu og tóku upp. Þá sömdu nemendur tónverk í anda Jóns Leifs sem túlkaði fyrirbæri úr íslenskri náttúru.
- Tónfræði. Í viðfangsefnum nemenda var unnið með tónhæð, þagnir, tónlengd, hljóma, tónblæ, tónstyrk, form og túlkun.
- Tölvur. Nemendur hafa unnið með tónlistarforritin: Garage band og Pro tools. Í þeim hafa nemendur samið eigin tónlist og tekið upp.

Samvinnuverkefni

Í október var unnið í samstarfi við umsjónakennara þemað *Tónlist 20.* aldarinnar en þar var fléttað saman þróun í dægurtónlist, tísku og menningu og þau áhrif sem samfélagsbreytingar höfðu á tónlistina og öfugt.

Námsgögn

Námsgögn voru hin ýmsu skólahljóðfæri, tónlistarforritin Garage band og Pro tools, nótnaskriftarforritið Sibelius, fjöldi geisladiska og kvikmynda.

Námsefni:

Mest var unnið með námsefni tilbúið af tónmenntakennara. Einnig var unnið var með námsefnið *Hljóðspor.*

Matsaðferðir:

Námsmat fór að mestu fram með könnunum og mati á tónsköpun og flutningi nemenda. Um símat var að ræða þar sem nemendur fengu matið jafn óðum og verkefni hafði verið klárað. Einnig var námsmat birt í uppgjöri á þemanu um tónlist 20. aldar.

Val á unglíngastigi í tónmennt

Eftirfarandi valfög voru kennt á unglíngastigi:

- Tónlist og myndbönd
- Tónlist og tölvur
- Rafmagnað samspil 1 og 2

- Söngur

Tónlist og myndbönd

Námskeiðið var tvískipt. Í fyrri hluta þess sömdu nemendur eigin tónlist í tónlistarstíl að eigin vali og tóku upp. Í seinni hlutanum unnu nemendur handrit að myndbandi við lagið, tóku svo upp myndbandið og klipptu í tölvu.

Námsgögn

voru annarsvegar bókin Tónlist og tölvur eftir Flosa Einarsson og hinsvegar heftið Að segja frá með myndum eftir Karl Jeppesen og Marteín Sigurgeirsson.

Tónlist og tölvur

Á námskeiðinu kynntust nemendur þróun tölvunotkunar í tónlist seinni hluta 20. aldar og upphafi þeirrar 21. Nemendur unnu svo undir handleiðslu kennara þrenn verkefni þar sem unnið var á tölvur, bæði hljóðbúta og upptökur. Nemendur lærðu einfalda hljóðblöndun eigin laga.

Námsgögn

Bókin Tónlist og tölvur eftir Flosa Einarsson og verkefni og glærur tónmenntakennara.

Rafmagnað samspil 1 og 2

Í námskeiðinu unnu nemendur í hópum eða hljómsveitum. Nemendur kynntust hljóðfærum og tækjum popp/rokk hljómsveitar og lærðu grunn atriði hljóðfæraleiks á þau. Fjögur verkefni voru unnin í námskeiðinu. Í fyrstu tveim verkefnum fengu nemendur þekkt hljómsveitarlög (standarða) sem nemendur útsettu með kennara og æfðu. Í þriðja verkefninu átti hópurinn (hljómsveitin) að semja sitt eigið lag eftir ákveðnum aðferðum. Í síðasta verkefninu fengu nemendur að velja sér hvaða lag sem var eða semja sitt eigið og útsetja og æfa með hljómsveitinni. Lög hljómsveitanna voru svo tekin upp og fengu nemendur þá innsýn í upptökutækni og hljóðblöndun.

Söngur

Í námskeiðinu kynntust nemendur nokkrum söngstílum vestrænnar tónlistar í innlögnum, hlustung og söng. Kennnd var raddbeyting og upphitunartækni. Nemendur æfðust í að búa til þrúundarröddun við þekkta laglínu.

Tvö verkefni voru unnin í námskeiðinu. Hið fyrra var lag sem kennari útsetti og nemendur lærðu og sungu hver sinn part inn á upptöku. Seinna verkefnið var lag að eigin vali þar sem nemendur æfðu og sungu einir eða í litlum hópum lagið inn á upptöku undir leiðsögn kennara.

Námöggn

Útsetningar eftir kennara námskeiðsins.

Stuðningsþjónusta

Skýrsla sérkennara

Í vetur störfuðu tveir sérkennarar við skólann, Sigríður Ólafsdóttir í 82% starfshlutfalli og Bryndís Rail í 50% starfshlutfalli. Í unglingsdeild sinni Ásta Sölvadóttir 33% starfshlutfalli í íslensku- og nýbúakennslu og Ósk Auðunsdóttir 25% starfshlutfalli í stærðfræði. Sigríður hafði eftirlit með sérkennslu í 1.-4. bekk og lagði fyrir allar Logos greiningar. Bryndís hafði eftirlit með sérkennslu fyrir 5.-7. bekk. Einnig starfaði þroskajálfí Steinunn Guðlaug Thorarensen í 100 % starfshlutfalli. Auk þess starfaði Jóhanna Elísa Magnúsdóttir leikskólakennari sem meðferðarfulltrúi í 1.-4. bekk í 80% starfshlutfalli. Sérkennslan fór fram bæði inni á kennslusvæðum og í sérkennslustofum, ýmist sem hóp- eða einstaklingskennsla. Skólasálfræðingar og talmeinafræðingur komu tvisvar í mánuði í skólann.

Umsóknir

Kennarar óska skriflega eftir sérkennslu fyrir nemendur sína. Lausnarteymi valdi og raðaði niður einstaklingum í sérkennslu eftir aldri og þörfum. Ef ábendingar komu frá umsjónarkennara var brugðist strax við og lausnir fundnar. Stuðst var við niðurstöður skimunar í lestri, stærðfræði og skólagöngu nemenda, þegar sérkennslan var skipulögð. Foreldrar eru ávallt upplýstir um stöðu mála og óskað eftir samþykki þeirra ef barn þeirra á að fá sérkennslu. Á hverju vori leggja umsjónarkennarar fram skriflega beiðni til skólastjórnenda og óska eftir sérkennslu fyrir komandi vetur. Allir nemendur í 1.-6. bekk voru lestrarprófaðir af sérkennara að hausti og vori og auk þess voru lögð fyrir ýmis skimunarpróf í lestri og stærðfræði, sjá greiningar. Þegar niðurstöður prófanna lágu fyrir var tekin ákvörðun um frekari aðstoð við nemendur og sérkennslan endurskipulögð og verkefnum forgangsraðað.

Kennslufyrirkomulag

Áherslupættir sérkennslu voru grunnlestrarþjálfun, ritun, stærðfræði og almenn vinnubrögð. Haustönn hófst með því að sérkennarar lestrarprófuðu alla nemendur í 1.-6. bekk og hluta af nemendum í 7. bekk. Auk þess var LTL skimunarprófunum lagt fyrir 1. bekk. Unnið var úr niðurstöðum prófanna og kennslan endurskipulögð. Logos greiningar voru gerðar tvisvar á

ári, fyrri og seinni hluta skólaárs. Sérkennsla 1.-4. bekk í lestri fór fram ýmist einstaklingslega eða í hópum (4-10 börn í hópum). Hópkennslan var tímabundin og kennt var í lotum, oftast daglega í 4-6 vikur í senn. Einstaklingskennsla miðaði að því að byggja upp grunnfærni í lestri. Margir nemendur tóku sjálfviljugir á sig auka heimavinnu til þess að bæta getu sína og var henni fylgt eftir og þeir hvattir áfram. Í stærðfræði í 1.- 4. bekk var líka kennt í litlum hópum og lögð áhersla á grunnfærni í talnaskilningi.

Sérkennsla í 5.-7. bekk í lestri var fyrst og fremst einstaklingsþjálfun tvisvar til fjórum sinnum í viku, þar sem kennt var námsefnið Lesum lipurt. Í stærðfræði var lögð áhersla á að nemendur fylgdu námskrá bekkjarins. Þeir sem réðu illa við hana fengu afslátt og einstaklingsstuðning. Ef grunur vaknaði um að námið gengi ekki sem skyldi voru gerðar ráðstafanir og reynt að finna lausnir í samráði við lausnar-teymi. Einnig var lögð áhersla á að nemendur tileinkuðu sér góð vinnubrögð. Í 1.-4. bekk var einn nemandi með einstaklingsnámskrá, í 5. bekk var einn nemandi, í 6. bekk einn, í 7. bekk einn nemandi, í 8. bekk fjórir nemendur, í 9. bekk þrjú nemendur og tveir nemendur í 10. bekk.

Í unglíngadeild voru nokkrir tvítyngdir nemendur í 8. og 9. bekk sem meðal annars komu úr Alþjóðaskólanum sl. haust, einn nýbúi sem hóf nám í lok febrúar auk nokkurra nemenda sem þurfa sér stuðning vegna annarra greininga. Lögð var áhersla á að nemendur fylgdu hópnum eftir fremsta megni og var námsefnið og áætlanir aðlagðar að getu hvers og eins. Nokkrir nemendur voru með sér námsefni, þar sem þeir réðu ekki við almennt námsefni. Tveir nemendur fengu einstaklingsþjálfun þar sem kennt var námsefnið Lesum lipurt auk annars efnis þar sem framburður var æfður sérstaklega. Sérkennari kom í inn íslenskutíma tvisvar í viku hjá nemendum í 8. – 10. bekk og létti undir með fagkennurum.

Sérkennari í stærðfræði aðstoðaði hvern árgang tvær kennslustundir á viku. Hjá 8. og 9. bekk var sú aðstoð í stærðfræðitímum en hjá 10. bekk fór sérkennslan fram á öðrum tímum. Eftir áramót bættist í sérkennsluna hjá 10. bekk og sinnti þá sérkennari fjórum kennslustundum á viku fyrir þann árgang.

Fjöldi nemenda sem fengu sérúrræði og aðstoð á skólaárinu:

1.-2. bekkur: 11 nemendur.

3.-4. bekkur: 15 nemendur

5.-6. bekkur: 12 nemendur

7. bekkur: 2 nemendur. 2 stúlkur.

8. bekkur: 10 nemendur. 4 drengir, 6 stúlkur.

9. bekkur: 3 nemendur. 2 drengir og 1 stúlka.

10. bekkur : 5 nemendur. 4 drengir og 1 stúlka.

Tvítýngdir: 10 nemendur.

Nýbúi: 1 nemandi í 8. bekk frá Kenýa

Ráðgjöf var veitt foreldrum í sambandi við nám barnanna.

Greiningar

Helstu greiningar og próf sem unnið var með í vetur.

- Hraðlestarprófað haust, janúar og vor.
- Lesskilningspróf
- LTL prófið
- Les próf f. 1. bekk.
- Logos prófað ágúst, janúar og maí.
- Samræmd próf í september.
- GPR 14
- Skrautlestrar próf
- Greinandiþróf í talna og aðgerðarskilningi

Notuð voru lestrarviðmið skv. lestrarviðmiðum skólans. Unnið var að breytingum á viðmiðum og kennsluáðferðum. Allir nemendur eru hraðlestrarprófaðir þar til þeir hafa náð að lesa 200 atkv./mín og eftir það er prófaður skrautlestur.

Lágmarksviðmið í raddlestri voru ákveðin að hausti og yngstu nemendum gefið tækifæri til að fara rólega af stað við upphaf lestrarnámsins. Viðmið í 1 og 2. bekk voru því höfð mjög sanngjörn og áhersla lögð á að leggja góðan grunn að lestrarnáminu.

Hraðaviðmið í raddlestri:

1. bekkur 0 - 50 atkvæði lesin á mínútu

2. bekkur 50 - 95 atkvæði lesin á mínútu
3. bekkur 95 -150 atkvæði lesin á mínútu
4. bekkur 200 atkvæði lesin á mínútu
5. bekkur 230 atkvæði lesin á mínútu
6. bekkur 265 atkvæði lesin á mínútu

Skýrsla þroskaþjálfra

Skólaárið 2011 -2012 var einn þroskaþjálfari í 100 % starfi í Sjúlandsskóla. Um áramót lét Sigríður Gísladóttir af störfum og var Steinunn G. Thorarensen ráðin tímabundið í hennar stað. Áherslubreytingar voru gerðar um áramótin þar sem aðaláherslan hafði verið vinna með nemanda í 5. bekk. Það var endurskoðað á síðari hluta annarinnar og gerðar breytingar þannig að þroskaþjálfinn sinnti einnig vinnu með nemendum í 3. – 4. bekk , kom að vinnu með nemanda í 7. bekk og nemanda í 8. bekk.

Þroskaþjálfari gerir einstaklingsáætlun í samvinnu við sérkennara og umsjónarkennara og fylgir henni eftir allt skólaárið. Þroskaþjálfari útbýr og aðlagar námsefni að þörfum hvers nemanda og skipuleggur kennslustundir nemenda sem hann hefur umsjón með. Þroskaþjálfari aðstoðar einnig nemendur við að skipuleggja heimanám og gera vikuáætlanir.

Þroskaþjálfari vinnur í teymi með umsjónarkennurum nemendanna svo og sérgreinakennurum. Einnig er náið samstarf milli þroskaþjálfra og sérkennara. Þroskaþjálfari fylgir nemendum í kennslustundir og í sérgreinatíma eftir þörfum. Notast er við fjölbreyttar kennsluáðferðir og fjölbreytta umbun og hvatningu til nemanda. Auk námslegra þátta vinnur þroskaþjálfari með atferlismótun, samskiptabækur og vinnur að því að efla félagsþroska nemanda, styrkja sjálfsmynd þeirra og sjálfstæði. Í þeirri vinnu eru notuð ýmiss konar verkfæri s.s. félagsfærnisögur og Cat – kassinn.

Í vinnu þroskaþjálfra á vinnusvæði nemenda sinnir þroskaþjálfari einnig öðrum nemendum. Hann er til staðar fyrir alla sem leita eftir aðstoð hverju sinni þó áhersla sé lögð á ákveðna nemendur og þarfir þeirra. Í völdum stundum fara nemendurnir af svæðinu þegar þörf er á meira næði við úrlausn tiltekinna verkefna. Í vinnu þroskaþjálfra með nemendum er mikilvægt að geta unnið þar sem nemendur verða ekki fyrir truflun frá umhverfi. Þroskaþjálfari situr vikulega fundi í lausnateymi skólans og tekur þátt í kennarafundum. Þroskaþjálfari situr einnig fundi með foreldrum og umsjónakennurum eftir þörfum.

Skýrsla meðferðarfulltrúa

Í vetur var einn meðferðarfulltrúi starfandi við skólann í 66,6% starfi. Hún starfaði í nánu samstarfi við umsjónarkennara í 1-2 bekk. Hún var aðallega í almennri kennslu s.s. íslensku, stærðfræði, þemu, lífsleikni og útikennslu. Einnig sótti hún fundi einu sinni í viku með lausnarteimi skólans. Meðferðarfulltrúinn var Jóhanna Elísa Magnúsdóttir

Skýrsla námsráðgjafa

Skólaárið 2011-2012 sinnti Harpa Maren Sigurgeirsdóttir starfi náms- og starfsráðgjafa í 50% starfshlutfalli við skólann. Var það í fjórða sinn sem skólinn bauð upp á þjónustu náms- og starfsráðgjafa. Meginhlutverk námsráðgjafa er að vinna með nemendum, forráðamönnum, kennurum, skólastjórnendum, starfsmönnum skólans, starfsfólki á fræðslu- og menningarsviði og félags- og heilbrigðissviði Garðabæjar að þáttum sem snúa að námi, líðan og framtíðaráformum nemenda.

NÁMS - OG STARFSRÁÐGJÖF

Einstaklingsmiðuð ráðgjöf

Einstaklingsviðtöl voru umfangsmikil í starfinu. Nemendur komu helst vegna vanda sem tengdist líðan, námi og samskiptaerfiðleikum. Einstaklingsmiðaða ráðgjöf má flokka í þrjá flokka.

1. Ráðgjöf við náms- og starfsval

Náms- og starfsráðgjöf miðar að því að nemendur efli og þroski þekkingu á sjálfum sér s.s. viðhorfum, áhuga, hæfileikum, getu og væntingum, námsleiðum, störfum og atvinnulífi til að auðvelda þeim ákvörðun um nám eða starf að loknum grunnskóla.

2. Persónuleg ráðgjöf og stuðningur

Persónuleg ráðgjöf og stuðningur er veitt nemendum, forráðamönnum og kennurum.

Ráðgjöfin snýst aðallega um:

- persónuleg og einstaklingsbundin mál s.s. félags- og tilfinningalegan vanda, veikindi, sjálfstraust og sjálfsmynd.
- samskiptavanda s.s. vináttu, ágreining og einelti.
- námstengdan vanda s.s. sértæka námserfiðleika, prófkvíða og námsleiða.

3. Ráðgjöf um vinnubrögð

Markmið fræðslu og ráðgjafar í námstækni er að nemendur kynnist hugsun, viðhorfum, námsaðferðum og námsvenjum sem rannsóknir og reynsla hafa sýnt að eru árangursríkar.

Alls komu 108 nemendur í einstaklingsviðtal til námsráðgjafa í eitt skipti eða oftari og voru margir nemendur í reglulegum viðtölum allan veturinn. Af þessum 108 voru drengir 51 talsins eða 47% og stúlkur 57 eða 53%. Nemendur skiptust á eftirfarandi árganga:

Árgangur	Fjöldi	Hlutfall
2.	16	15%
3.	1	1%
4.	3	2%
5.	16	15%
6.	22	20%
7.	12	11%
8.	18	16%
9.	6	5%
10.	16	15%
Samtals	108	100%

Hópráðgjöf

Námsráðgjafi fræddi nemendur í 7. – 10. bekk um námstækni og tók þátt í bekkjarfundum hjá einstaka árgöngum ásamt fleiru. Námsráðgjafi sinnti eftirfarandi verkefnum.

5.-6. bekkur

- Gerð var tengslakönnun og könnun um líðan hjá stúlkum í 5. bekk.
- Bekkjarfundir hjá stúlkum í 5. bekk.
- Fundir með stúlknaþópum í 5. og 6. bekk.

7. bekkur

- *Námstækni fyrir samræmd próf:* nemendur komu í litlum hópum til námsráðgjafa og fengu leiðbeiningar um undirbúning fyrir samræmd próf.
- Fundir með stúlknaþópum í 7. bekk.
- Fundur með drengjum í 7. bekk.

8. bekkur

- *Námstækni:* allir nemendur í 8. bekk fengu bókina *Náðu tökum á náminu*. Fjallað var um góðar og slæmar námsvenjur.
- *Námstækni:* allir nemendur fengu fræðslu um prófundirbúning og próftöku.

9. bekkur

- *Námstækni:* fjallað var um skipulag á tíma.
- *Námstækni:* nemendur fengu fræðslu um prófundirbúning og próftöku.

10. bekkur

- *Námstækni fyrir samræmd próf:* nemendur fengu leiðbeiningar um undirbúning fyrir samræmd próf.
- *Námstækni:* námsráðgjafi fór yfir nokkrar aðferðir í glósutækni.
- *Námstækni:* prófundirbúningur og próftaka.
- Nemendur fengu kynningu á framhaldsskólakerfinu og þeim skólum sem bjóða upp á nám á framhaldsskólastigi.
- Námsráðgjafi kynnti fyrir nemendum inntökuskilyrði og umsóknarferli í framhaldsskólana.
- Haldin var sameiginleg framhaldsskólakynningu fyrir nemendur í 10. bekk í Sjúlandsskóla, Garðaskóla og Álfтанesskóla.
- Nemendur fóru og heimsóttu Fjölbautaskólann í Garðabæ.
- Nemendum gafst tækifæri til að taka rafræna áhugakönnun, *Bendill I*. Könnunin var tekin í hóp og farið var yfir niðurstöður í einstaklingsviðtali.

ÝMIS VERKEFNI NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFNA

Gegn einelti í Garðabæ

Í skólanum er starfandi eineltisteymi, sem í sitja námsráðgjafi og aðstoðarskólastjóri. Ef eineltismál koma upp hefur umsjónarkennari samband við aðila úr eineltisteyminu og unnið er eftir eineltisáætlun skólans. Námsráðgjafi hefur verið virkur í þessu vinnuferli og fylgt eftir þeim nemendum sem hafa orðið fyrir einelti.

Teymið tekur þátt í verkefninu *Gegn einelti í Garðabæ*, en það er samstarfsverkefni grunnskóla í Garðabæ. Þar mætast eineltisteymi úr Sjúlandsskóla, Flataskóla,

Hofsstaðaskóla og Garðaskóla. Hópurinn hittist nokkrum sinnum á skólaárinu. Helstu verkefni snúa að því að samræma aðgerðir skólanna í eineltismálum.

Forvarnir

Námsráðgjafi sá um að skipuleggja forvarnafræðslu fyrir nemendur skólans.

Ofbeldi gegn börnum - Blátt áfram

- 2. bekkur Nemendur sáu brúðuleikhúsið *Krakkarnir í hverfinu*. Fjallað var um forvarnir gegn líkamlegu- og kynferðislegu ofbeldi gegn börnum.
- 8. bekkur Fræðsla í lífsleiknitíma um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi.

Sjálfsmynd

Nemendur í 5. og 6. bekk ásamt foreldrum fengu fræðslu frá Maríta samtökunum „*Vertu þú sjálfur*“. Fjallað var um sjálfsmynd og hvað beri að varast í tölvuheimum.

Forvarnardagurinn

Nemendur í 9. bekk tóku þátt í hinum árlega Forvarnardegi þann 5. október. Unnin voru skemmtileg verkefni sem lögð voru upp af forsvarsmönnum Forvarnardsins.

Áfengi og vímuefni

Nemendur í 9. og 10. bekk fengu fræðslu frá Maríta samtökunum „*Hættu áður en þú byrjar*“. Þetta eru áfengis- og fíkniefnaforvarnir.

Tölvunotkun

Nemendur í 7. – 10. bekk fengu fræðslu frá SAFT (Samfélag, fjölskylda og tækni). Rætt var um góðar netvenjur og þá ábyrgð sem fylgir því að vera á netinu.

Önnur verkefni námsráðgjafa voru m.a.

- Hæ-hópurinn í Garðabæ: hópurinn er ætlaður útvöldum nemendum í Sjálandsskóla, Flataskóla og Hofsstaðaskóla. Markmið hópstarfsins er að efla félagsfærni þátttakenda sem hittast einu sinni í viku allt skólaárið. Námsráðgjafi sá um að velja

þátttakendur úr Sjálandsskóla ásamt því að sitja samráðsfundi með aðstandendum Hæ-hópsins.

- Móttaka nýrra nemenda: námsráðgjafi tók á móti öllum nýjum nemendum og hitti þá einstaklingslega.
- Fundir með foreldrum og forráðamönnum eftir þörfum.
- Fundir með umsjónarkennurum vegna einstakra nemenda.
- Nemendaverndarráð: námsráðgjafi sat fundi í nemendaverndarráði á tveggja vikna fresti.
- Lausnateymi: námsráðgjafi sat vikulega fundi í lausnateymi skólans.
- Kennarafundir: námsráðgjafi tók vikulega þátt í kennarafundum.
- Samráðsfundir námsráðgjafa í Garðabæ: námsráðgjafar í Garðabæ hittast reglulega yfir veturinn og hafa samráð um fagleg vinnubrögð.
- Próf í unglingsdeild: námsráðgjafi hefur veitt aðstoð með yfirsetu, lestur eða það sem til fellur í prófum.

Skýrsla kennsluráðgjafa í tölvu – og upplýsingatækni

Starf kennsluráðgjafi felst í umsjón tölva-og tækja skólans ásamt að sjá um uppbyggingu og þróun tölvu- og upplýsingatækni við skólann. Það felur í sér ráðgjöf við kennara í tengslum við tölvu- og upplýsingatækni í kennslu og aðstoð við ýmis tæknileg vandamál sem upp koma í daglegu skólastarfi. Kennsluráðgjafi hefur einnig umsjón með heimasíðu skólans, tekur myndir í skólastarfinu og sér um Mentor. Kennsluráðgjafi Sjálandsskóla hefur einnig umsjón með bókasafni skólans og sér um innkaup á öllum námsbókum og bókum fyrir bókasafn. Kennsluráðgjafi hefur því yfirumsjón með upplýsingamiðstöð skólans. Kennsluráðgjafi tekur einnig fullan þátt í öllu skipulagi skólastarfsins, kennarafundum, þróunarverkefnum, umbótavinnu, vettvangsferðum og sérstökum þemadögum.

Kennsluráðgjafi aðstoðar kennara eftir þörfum með minni tæknileg vandamál varðandi tölvur ásamt því að hafa yfirumsjón með myndavélum, myndbandstökuvélum o.fl. Kennsluráðgjafi fylgdist með nýjungum, vefsíðum og námsefni sem nýtist í tölvu-og upplýsingatækni fyrir kennara í tengslum við kennslu þeirra á hverjum tíma.

Starf kennsluráðgjafi felur einnig í sér að halda utan og setja upp kannanir sem gerðar eru í skólanum, s.s. foreldra-, nemenda- og starfsmannakannanir. Kennsluráðgjafi leggur einnig fyrir kannanir Skólalúpsins sem nemendur í 6.-10.bekk taka þátt í.

Í vor tók kennsluráðgjafi þátt í þróunarvinnu með starfshópi Garðabæjar við gerð greinargerðar varðandi möguleika á innleiðingu spjaldtölva í skólastarfi og að leggja mat á notkun á smarttöflum. Helstu verkefni starfshópsins var að kanna innleiðingu á spjaldtölvum og greina framboð og gæði mismunandi tegunda, gera samanburð á spjaldtölvum og fartölvum, leggja mat á notkun Smarttaflna og vinna að drögum að stefnu Garðabæjar varðandi tölvunotkun í skólastarfi á næstu árum.

Í vetur sá kennsluráðgjafi um nokkra stutta fræðslufundi sem haldnir voru á kennarafundum um ýmis tæknileg mál og forrit.

Kennsluráðgjafi starfaði í vinnuhóp á vegum Garðabæjar sem hafði það verkefni að móta stefnu bæjarins í tölvumálum skólanna. Hlutverk hópsins var að kynna sér og gera greinargerð varðandi möguleika á innleiðingu spjaldtölva í skólastarfi og að leggja mat á notkun á smarttöflum.

Samstarf kennsluráðgjafa í grunnskólum Garðabæjar

Kennsluráðgjafi fundaði reglulega í allan vetur með hinum kennsluráðgjöfunum þremur í grunnskólum Garðabæjar. Á fundum voru ýmis mál rædd varðandi tölvumál, s.s. heimasíðugerð, námskeiðahald, Mentor, ný og gömul forrit, hugbúnaður, nýjungar í tölvumálum, áhugaverðir vefir og margt fleira.

Tölvukostur skólans

Á tölvupalli skólans eru 24 tölvur. Skipulag tölvuversins er þannig að sex tölvur eru saman á löngu borði og snúa þær að skjávarpatjaldi. Vegna þess hve tölvupallurinn er á opnu rými með stórum gluggum þá nýtist skjávarpinn illa sökum birtu, en ekki er hægt að draga fyrir gluggatjöld til að myrkva tölvuverið. Ókostur við uppsetninguna er einnig að kennaraborðið er langt frá skjávarpatjaldinu og því erfitt að halda athygli nemenda í kennslu.

Í skólanum er tölvuvagn með 12 fartölvum sem staðsettur er í unglíngadeild. Þar nýtist hann mjög vel og aðgengi að vagninum er gott. Kennarar í unglíngadeild sjá til þess að vagninn sé í sambandi og að fartölvurnar séu því alltaf fullhlaðnar að morgni. Aðrir nemendur skólans hafa einnig aðgang að fartölvuvagninum. Sælukot og Alþjóðaskólinn nýtir einnig tölvupallinn og fartölvuvagninn.

Fimm tölvur eru inn á heimasvæðum nemenda, ein á svæði 1.-4. bekkjar, tvær á svæði 5.-6. bekkjar, ein á svæði 7. bekkjar og ein í unglingadeild.

Þar sem tölvupallur er þétt setinn flesta daga getur reynst erfitt að fá fleiri tími fyrir hópa sérstaklega í kringum þemu. Huga þarf að fleiri tölvum á heimasvæðum. Síðastliðinn vetur voru um 7,3 nemendur á hverja tölvu (Sjálundsskóli og Alþjóðaskólinn)

Kennsluráðgafi fylgist með því að tölvur í tölvustofu og jaðartæki í tölvustofu og á heimasvæðum séu í lagi. Hann er í samskiptum við tæknimann varðandi vandamál varðandi tölvur og hugbúnað. Huga þarf að uppsetningum og lagfæringum. Útvega jaðartæki, hugbúnað og annað sem vantar til að halda stofunni í horfinu og koma til móts við þá þætti sem verið er að vinna að með nemendahópnum hverju sinni. Með auknu álagi á tölvustofunni gengur búnaður hraðar úr sér og endurnýjunar er þörf.

Tæknimaður er ekki á staðnum heldur veitir símaþjónustu og kemur þegar á þarf að halda. Töluverður tími kennsluráðgjafa fer í að leysa úr vandamálum er upp koma með fartölvur og tölvur á tölvupalli. Eftirlit með tölvubúnaði og umgengni við hann tekur einnig drjúgan tíma.

Myndasöfn

Í skólanum hefur verið lögð mikil áhersla að taka myndir af starfinu. Myndirnar eru verðmætar heimildir um það starf sem börnin hafa tekið þátt í. Kennsluráðgjafi sá markvisst um að taka myndir af starfinu á hverjum tíma. Kennarar voru einnig mjög duglegir í því sambandi og hefur hver árgangur eða teymi myndavél til umráða. Kennsluráðgjafi hefur umsjón með myndavélunum og myndbandstökuvélum. Einnig að aðstoða nemendur og kennara með ýmis tæknileg atriði varðandi myndavélar, myndbandstökuvélar og forrit tengd þeim.


Heimasíða

Kennsluráðgjafi sér um að halda úti heimasíðu skólans <http://www.sjalandsskoli.is> Nær daglega eru settar inn myndir og/eða fréttir úr skólastarfinu. Einnig eru sýnishorn af vinnu nemenda bæði í myndum og stafrænu formi sett á heimasíðuna. Mikið af tónlistarefni sem tónmenntakennari vann með nemendum er að finna þar.

Heimasíðan er mikið skoðuð og samkvæmt teljara er fjöldi notenda um 1200 – 1800 á mánuði. Virka daga er fjöldi notenda um 100-150 en fer allt upp í 200 notendur á dag.

Vinsælustu síðurnar eru forsíðan, fréttasíður, myndasíður og upplýsingar um starfsmenn og skólann.

Fjöldi notenda á mánuði:



Kennslufyrirkomulag

Kennsluáætlanir kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni í Garðabæ voru hafðar til hliðsjónar við kennsluna en markmið þemu stýrðu einnig mikið vinnunni í tölvu- og upplýsingatækinni. Umsjónarkennarar í 1.-4.bekk sáu um tölvukennsluna hjá sínum nemendum en kennsluráðgjafi sá um kennsluna hjá 5.-7.bekk. Í unglingsdeild sáu umsjónarkennarar um tölvukennslu í samþættingu við allar námsgreinar.

Kennslan í tölvustofu og notkun nemenda á tölvum og kennsluefni þar miðast fyrst og fremst við það að kenna nemendum að nýta sér tölvurnar í tengslum við annað nám þeirra. Vinnan miðaðist að sjálfsögðu við markmið námskrár í tölvu- og upplýsingatækni. Þjálfunarforrit voru nýtt þar sem við átti.

Allir hópar skólans áttu fasta tíma á tölvupalli eða með tölvuvagninn, einu sinni í viku.

Fjórir tímar í viku voru lausir á tölvupallinum og þá gátu kennarar komið með litla hópa og nýtt sér tölvurnar í ýmis konar upplýsingaleit og tölvuvinnu í tengslum við þemaverkefni.

Alþjóðaskólinn nýtti tölvurnar einnig mjög mikið í sinni kennslu. Nýting á tölvupalli var mikil og var hann þétt setinn flesta daga.

1. - 2. bekkur

Umsjónarkennarar 1. – 2. bekkjar sáu um tölvukennsluna. Nemendur komu að jafnaði hálf klukkustund í viku á tölvupallinn í vetur. Kennt var eftir kennsluáætlun í tölvu- og upplýsingatækni. Í byrjun hvers tíma var innlögn og síðan var hver nemandi á sínum hraða. Fingrasetning var æfð í Fingrafimi og einnig voru önnur forrit og kennsluefni frá Námsgagnastofnun notað í tölvukennslunni. Unnið var með teikniforritin Kidpix og 2Creatastory þar sem nemendur teiknuðu mynd og settu texta með. Einnig var unnið með Word og Paint. Teiknað var og unnið í tengslum við þemavinnu sem var í gangi hverju sinni. Einnig var unnið með helstu grunnmarkmið í tölvukennslu, s.s. umgengnisreglur, rétta líkamsbeitingu, lyklaborð, opna og vista skjöl o.fl.

3. - 4. bekkur

Umsjónarkennarar 3.-4. bekkjar sáu um tölvukennsluna. Nemendur komu að jafnaði einu sinni í viku á tölvupallinn, 40 mínútur í senn. Unnið var í ýmsum leikjaforritum og kennsluforritum. Tímarnir byrjuðu oft á Fingrafimi í u.þ.b. 10 mínútur þar sem fingrasetning var æfð. Unnið var í Word í tengslum við þemað um Húsdýrin en einnig í verkefnum þar sem þau áttu að segja frá sjálfum sér. Skrifaðir voru textar og myndir settar í skjölin. Nemendur teiknuðu myndir í Málun (Paint) þau öfluðu sér upplýsinga á vefnum með hjálp leitarvéla (Google) og notuðu líka Google Earth m.a. í tengslum við þemað um Ísland.

5. - 6. bekkur

Kennsluráðgjafi sá um tölvukennsluna í 5.-6. bekk. Nemendur voru með fasta eina klukkustund í viku á tölvupalli. Í hverjum hópi voru rúmlega 20 nemendur í tölvum í einu. Nemendur unnu Wikisíðu um Norðurlöndin í tengslum við þema, þar sem þeir settu inn texta, myndir, myndbönd og kort á vefsíðu um Norðurlönd. Þá unnu nemendur með texta og myndir í Word-ritvinnsluforritinu og myndir í myndvinnsluforritunum Picture Manager og Paint.net. Nemendur bjuggu til myndasögu í Photostory þar sem þeir settu inn myndir og hljóð. Æfð var fingrasetning í Ritfinni, Typingmaster og með lyklaborðsforriti frá Stoðkennaranum. Farið var í námsefni SAFT um örugga netnotkun og um höfundarétt á netinu, kennd upplýsingaleit á netinu og nemendum kennt að nota Mentor. Einnig fengu nemendur að æfa sig á ýmsum kennsluforritum og leikjum frá Námsgagnastofnun.

7. bekkur

Kennsluráðgjafi sá um tölvukennsluna í 7. bekk. Nemendur voru með fasta eina klukkustund í viku á tölvupalli. Nemendur unnu verkefni í Word og Exel þar sem þeir bjuggu til töflur og línurit. Æfð var fingrasetning í Ritfinni, Typingmaster og með lyklaborðsforriti frá Stoðkennaranum. Nemendur tóku ljósmyndir og unnu með myndirnar í Paint.net myndvinnsluforriti. Farið var í námsefni SAFT um örugga netnotkun og um höfundarétt á netinu, kennd upplýsingaleit á netinu og nemendum kennt að nota Mentor. Nemendur bjuggu til myndasögu í Photostory þar sem þeir settu inn myndir og hljóð.

Einnig fengu nemendur að æfa sig á ýmsum kennsluforritum og leikjum frá Námsgagnastofnun.

8. bekkur

Engin sérstök tölvukennsla var í 8. bekk í vetur en bekkurinn hafði fastan tíma á tölvupalli einu sinni í viku. Auk þess nýttu þeir fartölvuvagninn fyrir og eftir áramót. Tölvurnar voru nýttar í ýmis konar verkefnavinnu og upplýsingaöflun í tengslum við þemu vetrarins. Nemendur æfðu sig mikið í Word í ritgerðarvinnu, uppsetningu bréfa, heimildaskráningu o.fl. Allir gerðu sína heimasíðu á Wikispaces og einnig voru ýmis kennsluforrita af vef Námsgagnastofnunar notuð. Nemendur unnu verkefni á netinu sem eru tengd íslenskuæfninu Skerpu, s.s. verkefni og próf. Kennarar töluðu um að auka þyrfti tíma 8. bekkjar í tölvum þar sem mörg verkefni krefjast þess að nemendur hafi aðgang að tölvum.

9. bekkur

Engin sérstök tölvukennsla var í 9. bekk í vetur en bekkurinn hafði aðgang að fartölvuvagni þegar bekkurinn var í þematímum. Tölvurnar voru nýttar í ýmis konar verkefnavinnu og upplýsingaöflun í tengslum við þemu vetrarins. Nemendur unnu í Excel í tengslum við kostnaðaráætlanir í þema. Einnig unnu þeir verkefni í Word, PowerPoint og Publisher í tengslum við þemavinnu. Sumir nemendur voru með sínar eigin tölvur og það nýttist þeim vel í allri verkefnavinnu og það minnkaði því álagið á fartölvur skólans. Nemendur fengu internetaðgang í sínar tölvur en ekki aðgang að sameign skólans.

10. bekkur

Engin sérstök tölvukennsla var í 10. bekk í vetur en bekkurinn hafði aðgang að fartölvuvagni þegar bekkurinn var í þematímum. Ekki var kennd á sérstök forrit enda kunna nemendur í

10.bekk á flest þau forrit sem þau nota og ef ekki þá fengu þeir aðstoð hjá kennara, sérstaklega á Excel. Öll vinna á tölvur var í tengslum við þemaverkefni og voru tölvurnar því nánast alltaf notaðar sem vinnutæki og verkfæri í öllu skólstarfinu. Margir nemendur voru með sínar eigin tölvur sem nýttist þeim vel í allri verkefnavinnu.

Námsmat í Mentor

Í vetur var byrjað að nota svokallaða námsframvindu í Mentor. Þar geta kennarar skráð inn ýmsar upplýsingar varðandi námsgetu hvers nemenda og birt foreldrum. Kennsluráðgjafi sá um að setja inn öll markmið fyrir hvert fag inn í kerfið í Mentor. Hver kennari getur þannig metið nemendur út frá markmiðum í hverri námsgrein. Mikill tími hefur farið í þetta verkefni í vetur og í lok vetrar eru flestar námsgreinar komnar inn í námsframvinduna í Mentor. Kennarar hafa verið að prófa sig áfram með þetta kerfi og hefur það reynst mjög vel. Stefnt er að því að næsta haust verði allar námsgreinar í 1.-7.bekk komnar í námsframvinduna í Mentor. Unglingadeild hefur í vetur notað annað kerfi í Mentor, verkefnabækurnar, þar sem kennarar meta og setja inn jafnóðum hvert verkefni sem nemendur vinna. Þannig geta foreldrar og nemendur fylgst með gangi mála í verkefnum nemendanna.

Kannanir (Survey Console)

Í vetur voru sjálfsmatskannanir skólans unnar í Survey Console kannanakerfinu sem skólinn hefur aðgang að. Um var að ræða foreldrakönnun og starfsmannakönnun. Kennsluráðgjafi sá um að setja efnið inn í kerfið og senda á markhópinn, fylgja því eftir og taka saman gögnin þegar þau höfðu borist. Skólastjóri sá síðan um úrvinnslu og kynningu. Kennsluráðgjafi sá einnig um að leggja fyrir kannanir Skólalúpsins sem voru lagðar fyrir úrtak í 6.-10.bekk, þrisvar sinnum á vetrinum.

Skýrsla Bókasafns Sjúlandsskóla 2011

Helstu verkefni

Mesta vinnan felst í því að tengja nýjar námsbækur, merkja þær og plasta ef tími gefst til.

Svo auðvitað að afgreiða nemendur með bækur og finna bækur fyrir þá og reyna að

leiðbeina þeim. Svo þarf að taka á móti bókunum og koma þeim á rétta staði og reyna að halda öllu í röð og reglu.

Síðan þarf að fylgjast með bókaútgáfunni og lista upp hvað er ráðlegast að kaupa inn og er einnig nauðsynlegt að punkta niður fyrirspurnir nemendanna því sumir fylgjast vel með bókaútgáfunni.

Opnunartími

Safnið er opið frá 8.30 til 14.00 en lokað í 40 mínútur í kaffitímum alla daga og í klukkutíma í hádeginu á Þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum. Starfsmaður safnsins leysir af á símanum í kaffi og matartímum þess vegna er lokað svona lengi.

Útlán - innkaup

Eintakafjöldi í safninu er nú 11.219 og fjölgaði um 1.465 eintök í vetur.

Fjöldi titla í safninu um síðustu ármót var 3.146 en var í fyrra 2.882.

Skráð útlán í vetur eru 4.927 sem er 334 fleiri en í fyrra sem er líklega vegna þess að við höfum passað betur upp á að skrá námsbækurnar en kennarar hafa oft tekið bunkana án þess að skrá þá og séð sjálfir um að passa upp á að nemendur skili bókunum, einnig höfum við skráð öll spil og tæki í kerfið og munar nokkuð um það.

Við bættum við talsverðu af orðabókum á árinu. Smávegis var keypt af nýútkomnum bókum fyrir jólin en aðal bókakaupin voru gerð á útsölumarkaði eftir áramótin.

Syrpa er mikið skoðuð og gerðumst við aftur áskrifendur að henna í janúar en áskrift var sagt upp í ársbyrjun 2009.

Við höfum talsvert fengið lánað hjá hinum söfnunum í bænum, þar sem okkar safn er eðlilega minnst og vantar hér ýmsar bækur og gögn sem til eru í hinum söfnunum, þau samskipti hafa alltaf gengið vel.

Þess að skrá þá og séð sjálfir um að passa upp á að nemendur skili bókunum, einnig höfum við skráð öll spil og tæki í kerfið og munar nokkuð um það.

Við höfum talsvert fengið lánað hjá hinum söfnunum í bænum, þar sem okkar safn er eðlilega minnst og vantar hér ýmsar bækur og gögn sem til eru í hinum söfnunum, þau samskipti hafa alltaf gengið vel.

Fjöldi útlána úr Gegni eftir lánþegastaðu og efnistegund

	Lánþegastaða	Lán	Tegund	Lán
01	Nemandi 1. Til 3. Bekkur	1.509	Snælda/hljóðbók	1
02	Nemandi 4. Til 7. Bekkur	2.018	Bók	4.746
03	Nemandi 8. Til 10. Bekkur	717	Spil	33
04	Kennari grunnskóla	509	Geisladiskur	1
05	Starfsmaður	48	Geisladiskur/hljóðbók	1
06	Aðrir	97	Tæki	49
07	Nemandi	28	Tímaritshefti	96
80	Innlend söfn	1		
	Samtals	4.927	Samtals:	4.927

Tómstundaheimilið Sælukot

Starfsmannamál

Í Sælukoti í vetur störfuðu 11 ráðnir starfsmenn og voru þeir allir í hlutastarfi nema umsjónarmaður. Stöðugildin í Sælukoti eru 3-6, mismunandi eftir dögum og fer eftir nemendafjölda hvern dag. Forfallastarfsmenn voru einnig kallaðir inn nokkrum sinnum þegar starfsmenn voru veikir eða í fríi.

Þetta skólaár gekk vel að ráða starfsfólk og vorum við nokkurn veginn klár með starfsmannafjölda þegar tómstundaheimilið tók til starfa.

Fastráðnir starfsmenn í vetur voru eftirfarandi:

Sigurður Grétar ágúst-febrúar, Sigurður Sveinn nóvember-maí, Darri allt skólaárið, Tandri jan-maí, Hilmar apríl-maí, Aron febrúar-júní, Tinna ágúst- mars, Hanna ágúst-desember, Sandra Ólöf ágúst – janúar, Svavar janúar-maí, Starri afleysingar í lok skólaárs, Davíð Örvar Ólafsson, umsjónarmaður, allt skólaárið

Hlutverk þeirra var almenn gæsla úti og inni og umsjón með ýmsum verkefnum t.d. hafa til nesti í kaffitíma, lesa upp nemendur, og aðstoð á völdum svæðum í daglegu starfi.

Þegar allir þessir starfsmenn voru við störf var Sælukot vel mannað alla daga og miðað við 12 nemendur á starfsmann vorum við vel mönnuð meirihlutann í vetur.

Starfsvið umsjónarmanns er að hafa umsjón með öllum þáttum Sælukots, allt frá því að sjá um skráningu nemenda inn og útúr Sælukoti, öll samskipti við Garðabæ útaf greiðslum og öðru slíku, samskipti við foreldra og yfirmenn Sjálandsskóla. Hann sér um agamál, innkaup, tímamál starfsmanna og heildarskipulagningu starfsins í samvinnu við aðra starfsmenn Sælukots.

Starf leiðbeinanda felur í sér umsjón með nemendum frá því skóla lýkur og þar til þeir fara heim. Álagstími er fyrst eftir að skóla lýkur þegar nemendafjöldinn er sem mestur. Eftir að nemendur hafa safnast saman og komuskráningu er lokið fara nemendur að borða. Að því loknu velja nemendur sér svæði eða verkefni og dreifast starfsmenn á þau svæði til eftirlits og aðstoðar. Eftir því sem nemendum fækkar minnkar starfsmannapörfin. Einn starfsmaður ber ábyrgð á að loka tómstundaheimilinu. Það felur í sér að tryggja að allir nemendur séu örugglega farnir heim, frágangur á svæðum sé í lagi, ljós séu slökkt og nemendainngangur sé læstur. Starfsmannafjöldi má, af öryggisástæðum, ekki vera færri en tveir starfsmenn á hverjum tíma.

Tillögur að úrbótum.

Það sem liggur helst við núna eftir þetta skólaár er að finna betri lausnir á töskum, fötum og öðrum fatnaði sem krakkarnir koma með úr skólanum. Töskuskáparnir eru löngu sprungnir og einnig er fatahengið svona þínu leiðinlegt. Síamálin eru í betri farvegi og einnig voru fleiri starfsmannafundir haldnir en áður en þar má klárlega gera betur. Einnig stendur til að bæta aðstöðuna, fara yfir tæki og áhöld og koma þessu í betra horf og snyrtilegra fyrir alla að ganga að.

Sælukot í vetur

Rúmlega 90 krakkar komu í Sælukot í vetur, hámarksfjöldinn var yfir 80 nemendur í sama mánuði og yfir 70 krakkar sama daginn. Aldursdreifingin er frá 1.-4. bekk, langflestir úr 1. og 2. bekk. Sælukot er alltaf að stækka og krökkunum hefur fjölgað mjög síðustu 2 ár. Einnig fjölga krökkum sem koma í Sælukot úr Alþjóðaskólanum, sem er staðsettur í Sjálandsskóla.

Ekki var um sérstaka hópamyndun eftir aldri, krakkarnir fá að ráða þessu alveg sjálf. Krakkarnir hópa sig saman eftir aldri en þegar leið á veturinn blandast þetta saman og engin teljandi vandamál útaf aldri.

Starfstíminn er frá því að skóla lýkur og lokar Sælukot 17.15 alla daga. Eitthvað var um að foreldrar voru sein að sækja börnin sín og kom fyrir að starfsfólk þurfti að bíða með barni til að verða 18.00 einhverja daga en þeir voru sem betur fer mjög fáir. Eftir klukkan 16.30 fer börnunum að fækka umtalsvert og því er hægt að fækka starfsfólki eftir þann tíma. Á þeim dögum sem ekki er skóli en Sælukot er opið, s.s. jólafrí, páskafrí, skipulagsdaga og vetrarfrí. Þá er opið frá klukkan 8:30 til 17:00 og var töluverð fjölgun þessa daga frá fyrri árum, sérstaklega um jól, páska og vetrarfrí.

Viðfangsefni vetrarins

Á hverjum degi eru ákveðin svæði í boði fyrir krakkana sem þau velja sér sjálf og er þeim síðan frjálst að skipta um svæði yfir daginn. Mælst er til að krakkarnir haldi sig á sama svæði fyrsta klukkutímann en síðan er mikið um að krakkar skipti um svæði. Krökkunum líkar þetta ákaflega vel, kerfið er einfalt, þau hafa sér nafnspjald með mynd af sér og nafni sem þau líma á ákveðin svæðisspjöld og því er auðvelt að finna hvern og einn. Eini gallinn við þetta er að krakkarnir gleyma stundum að færa nafnspjaldið sitt og þá getur tekið tíma að finna barnið þegar það er sótt eða á að fara heim. Áhersla var lögð á þetta frelsi þeirra í vetur þar sem þau koma úr miklu skipulögðu starfi úr skólanum og vilja fá að ráða sér sjálf í Sælukoti.

Námskeið

Nokkur námskeið voru í boði í vetur bæði á vegum Sælukots, Alþjóðaskólanum og einkaaðila sem heimsækja okkur og eru með námskeið í skólanum.

Tækni-Lego námskeið var haldið, músíknámskeið, enskunámskeið og spænskunámskeið hjá Alþjóðaskólanum. Einnig var reynt að halda dansnámskeið núna í maí en það var fellt niður vegna dræmrar þátttöku.

Húsnæði

Sælukot er staðsett í nýju byggingunni í Sjálandsskóla. Þar er glæsileg aðstaða, við höfðum íþróttasali, 2 talsins til að athafna okkur í, nýjar höfuðstöðvar á efri hæðinni og einnig matsal skólans til að borða nestið okkar í. Einnig fórum við svo í tölvurnar á tölvupallinum og í einingakubba undir stiganum. Einnig er svo útisvæðið óupptalið en veturinn var leiðinlegur sérstaklega fyrir jól og fyrstu mánuði ársins. Núna í vor höfum við eiginlega verið úti alla daga frá páskum.

Eftirlit

Þar sem starfsemin í Sælukoti dreifist á mörg svæði á degi hverjum eru ekki starfsmenn á hverju svæði allan daginn, þetta hefur gengið ágætlega í vetur og er þetta hluti af því frelsi sem krakkarnir eru svo ánægðir með. Að sjálfsögðu er mesti hasarinn á íþróttasvæðinu og útisvæðinu og reynum við því að hafa sérstakar gætur á þessum svæðum yfir daginn. Fótboltastrákarnir hafa fengið sérstakt leyfi til að vera stundum einir úti en við kíkjum þá á þá með reglulegu millibili og hefur umsjónarmaðurinn einnig haft samband við foreldra þeirra útaf þessu. Best væri ef við gætum haft starfsmenn á hverju svæði en það er ekki svo og þess vegna ganga starfsmenn á milli svæða á daginn og fylgjast þannig með. Eftir áramót fækkuðum við svæðunum og reyndum því að hafa alltaf einn starfsmann á hverju svæði og gekk það mun betur en að hafa fleiri svæði en starfsmenn.

Að sjálfsögðu er lögð áhersla á að fara út með krökkunum en þá höfum við haft þá reglu að ákveðinn fjöldi verður að vera úti til að starfsmaður geti farið út með þeim. Tölvurnar eru í boði einu sinni í viku og hefur það mælst mjög vel fyrir hjá foreldrum og er þá yfirleitt umsjónarmaður með umsjón yfir tölvupallinum þann daginn. Krakkarnir hafa hlýtt þeim fyrirmælum sem fylgja tölvunotkun í skólanum og gildir það líka í Sælukoti. Mikilvægt er að kynna reglurnar fyrir krökkunum og sýna þeim hvernig tölvurnar virka.

Misjafnt er hvort krakkarnir séu sóttir eða fara heim sjálfir, oftast er það umsjónarmaðurinn sem hefur yfirumsjón með þessu á degi hverjum, athuga þarf hvort allir séu ekki mættir og ef

einhver sem er skráður skilar sér ekki þá þarf að finna hann og/eða skýringuna á því hvar hann er.

Umsjónarmaður sér um tímaskráningu til Garðabæjar og skilar inn tímum fyrirfram fyrir 20.hvers mánaðar. Þetta fyrirkomulag þarf að kynna nánar og betur fyrir foreldrum því of oft hringja foreldrar eftir þennan tíma og breyta tímafjölda eftir að greiðsluseðilinn hefur borist þeim. Við höfum verið mjög sveigjanleg og ber að geta þess að Alma hjá Garðabæ á heiður skilið fyrir frábært viðmót gagnvart öllum eftirá breytingum í Sælukoti.

Einnig þarf að kynna systkinaafslátt Garðabæjar enn betur fyrir foreldrum í Sælukoti, ef yngri systkini eru á leikskóla eiga þau rétt á afslætti í Sælukoti. Við höfum svolítið lent í því að þurfa að greiða foreldrum til baka eftir að þau föttuðu að þau áttu kost á systkinaafslætti, og oft langt aftur í tímann. Þetta er eitthvað sem þarf að laga fyrir næsta ár. Afsláttarkjör eru ávallt kynnt foreldrum í sérstökum bæklingi og því spurning hvort þetta ætti ekki að vera alfarið á ábyrgð foreldra !

Agamál

Ef upp koma agavandamál í Sælukoti hefur umsjónarmaður umsjón með eftirfylgni slíkra mála og hefur þá samband við foreldrar viðkomandi eða þá við kennara eða stjórnendur Sjálandsskóla eftir alvarleika málsins. Sælukot er ekki með sérstakt agakerfi. Agamál ekki verið mörg í vetur. Börnin hafa verið ljúf, tillitsöm, góð við hvert annað sem og starfsmenn.

Brýna þarf betur fyrir foreldrum er þegar þeir sem eru komnir í 3. og 4. bekk og eru skráð í Sælukoti en hafa hálfgerð leyfi til að fara sjálf heim eða mæta í Sælukot þegar þeim hentar, nokkrir einstaklingar virðast vera á slíkum samningi við foreldra sína og þarf að taka betur á þessum málum næsta haust.

Samstarf og samskipti

Sælukot er í að sjálfsgöðu í miklum samstarfi og samskiptum við Sjálandsskóla og við foreldra. Umsjónarmaður hefur góðan og greiðan aðgang að kennurum og stjórnendum Sjálandsskóla og auðvelt að bera saman bækur sínar við þá um einstaka mál og einstaklinga. Upplýsingaflæði og samskipti voru góð í vetur en alltaf má gera betur og gæti verið ágætt að setjast niður í haust og ákveða einhverjar ákveðnar reglur um samstarf meðal umsjónarkennara og umsjónarmanns Sælukots. Oft koma foreldrar einhverju á framfæri í foreldraviðtölum í sambandi við Sælukot og umsjónarmaður gæti þá komið inn í það eða fengið að koma sínum skoðunum á framfæri í þeim viðtölum.

Foreldrar

Samskipti við foreldra í Sælukoti er stór partur af starfi umsjónarmanns. Símhringingar, tölvupóstur og stutt spjall eða fundir eru nánast daglegur partur af starfinu hjá umsjónarmanni. Ekki er ákveðinn fundardagur í Sælukoti með foreldrum en spurning hvort slíkt ætti að taka upp svo að foreldrar gætu komið sínum skoðunum á framfæri. Símhringingar eru fjölmargar á hverjum degi og tekur mikinn tíma og einnig að svara tölvupósti.

Eftirfarandi reglur voru settar í haust og sendum þær heim í byrjun skólaárs til foreldra í sérstökum kynningarbækling:

Ef barn í Sælukoti ætlar að fá að fara heim með öðrum úr Sælukoti á að láta vita af því daginn fyrir eða áður en Sælukot hefst. Ekki verður gefið leyfi til að hringja heim samdægurs og spyrja leyfis þannig.

Krakkar fá ekki að hringja í foreldra nema að um neyðartilvik eða sér tilfelli sé að ræða.

Foreldrum er ekki leyft að hringja í Sælukot og láta senda krakkana út til að sækja. Foreldrar eiga að koma inn og sækja börnin sjálf – ALLTAF.

Barnið má ekki vera með síma sjálft í Sælukoti.

Tölvupóstar eiga að berast fyrir klukkan 14.00 til umsjónarmanns með hugsanlegum breytingum á hætti barnsins þann sama dag.

Fréttabréf sent heim til foreldra um dagskrá Sælukots allavega 2svar á hvorri önn. Ábyrgð Umsjónarmanns.

Betri upplýsingamiðlun á heimsíðu Sælukots. Ábyrgð Umsjónarmanns.

Tilkynningar um breytta dagvistun skal berast til umsjónarmanns fyrir 20.hvers mánaðar, annars er hætt á að breytingar gangi ekki í gegn.

Ofantaldar reglur voru til góða en næsta ár þyrfti að kynna þær enn betur og framfylgja enn frekar og þá sérstaklega í sambandi við símanotkun.

Önnur tómsundaheimili og fleiri möguleikar

Nánast ekkert samstarf er á milli tómsundaheimila í Garðabæ og eru þau 3. Gaman væri að ef hægt væri að koma á einhverju sambandi þarna á milli þó ekki væri nema til að skiptast á hugmyndum og skoða starfið hjá hinum með opnum huga. Hægt væri að kíkja í heimsóknir með litla hópa eða hittast t.d. á Stjörnuvelli og vera með eitthvað sprell og gaman þar. Einnig er hægt að athuga með nærliggjandi sveitarfélög og skóla þar, t.d. Álftanes eða Hafnarfjörð.

Við höfum fengið þónokkrar heimsóknir frá starfsfólki annara tómsundaheimila og það er alltaf gagnlegt að skiptast á upplýsingum og hugmyndum frá öðrum tómsundaheimilum.

Samstarf við Stjórnuna gæti líkað verið hentugt, íþróttaskóli eða heimsóknir þjálfara frá deildum innan Stjórnunnar í Sælukot, kynna vetrarstarfið fyrir þeim og hugsanlegt samstarf um fylgd úr skóla á æfingar og öfugt

Brúum bilið er samstarf hjá Garðabæ á milli skóla og leikskóla í Garðabæ og fengum við heimsókn frá leikskóla í fyrra en í ár fengum við enga heimsókn en leikskólinn Sjáland notaði aðstöðu okkar á morgnanna og ættu því að þekkja aðeins til þegar og ef þau hefja nám í Sjálandsskóla í haust. Það er gott tækifæri fyrir hugsanlega nemendur í skólanum að kynnst hvað tekur við þegar skóla lýkur á daginn kl.14.00 og sýna þeim hvað tómsundaheimilið býður uppá.

Lokaorð

Starfið í vetur hefur gengið mjög vel. Við höfum haldið okkur á okkar heimavelli mest allan vetur, og gengið vel. Krakkarnir eru mjög hrifnir af frelsinu sem þau hafa til að leika sér við vini sína og við það sem þeim finnst skemmtilegast. Samskipti við skólann og foreldra hefur gengið vel og hafa fjölmargir foreldrar lýst yfir gríðarlegri ánægju með Sælukot og komið með gagnlega og uppbyggjandi gagnrýni.

Sundið sem gekk svo vel í fyrra var því miður ekki í vetur vegna nýrra reglna um réttindi þeirra sem sjá um börn í sundlaugum. Við ætlum að gera bragarbót á þessu í sumar og haust og vonandi verðum við með leiðbeinendur sem hafa réttindi til að vera með sund næsta haust.

Það er alltaf erfitt að flytja og læra nýja hluti, það komu gríðarlega margir nýir nemendur í skólann í fyrra og öll þurftum við að læra á nýja hluti við að flytja yfir í þetta húsnæði sem Sælukot er í núna og það tók bara sinn tíma. Núna á okkar 2.ári í nýju húsnæði gekk þetta allt miklu betur, krakkarnir höfðu flest öll verið hjá okkur árið áður. Með bættu skipulagi og góðu hugarfari er ég bjartsýnn fyrir hönd Sælukots á næsta ári. Foreldrar hafa verið duglegir að hrósa starfsfólkinu undanfarna daga og hafa ítrekað að barnið þeirra sé ánægt í Sælukoti og komi aftur á næsta ári.

Næsta haust er nú þegar í bígerð, við höfum verið að skoða möguleika á því að hafa fleiri námskeið fyrir krakkana og erum að raða þessu upp þessa dagana. Golf, skák, dans og fleiri slík námskeið eru í athugun og vonandi getum við boðið uppá fjölbreytta og skemmtilega dagskrá næsta haust.


Það er alltaf hægt að gera betur en síðast og er það að sjálfsgöðu það sem við höfum að leiðarljósi næsta haust, að gera enn betur en síðast þannig að krökkunum líði sem allra best í Sælukoti.

Umsjónarmaður Sælukots

Davið Örvar Ólafsson

Fylgiskjal 1

Skipurit Sjálandsskóla skólaárið 2011-2012



Fylgiskjal 2

Skýrsla sjálfsmatshóps 2011-2012

Sjálfsmatsteymi var skipað á kennarafundi í ágúst 2011. Í teyminu eru:

Bryndís Rail, sérkennari
Edda Björg Sigurðardóttir, skólastjóri
Ingunn Þóra Hallsdóttir, umsjónarkennari
Margrét Helgadóttir umsjónarkennari

Skólinn vinnur eftir sjálfsmatskerfinu Gæðagreinir. Skólaárið 2011-2012 stóð til að skoða sérstaklega:

Nám og kennsla

Viðhorfi foreldra til skólans, viðmót starfsfólks, líðan nemenda, gæði kennslunnar og upplýsingaflæði til forráðamanna.

Mannafli – aðstaða

Liðsheild og viðhorf starfsfólks til vinnustaðarins, traust á milli starfsmanna, starfsandi, starfsþróun og aðbúnaður.

Eftirfarandi kannanir voru lagðar fyrir foreldra, nemendur og starfsfólk skólaárið 2011-2012:

Könnun	Þátttakendur	Tími	Framkvæmdaraðili
Skólapúlsinn	nemendur í 6.- 10 bekk	Sept/jan/maí	Sjálandsskóli
Hagir og líðan	Nemendur í 8.- 10 bekk	Febrúar	Rannsókn og greining
Hreyfiþroskapróf	Nemendur í 1. bekk	September	Sjálandsskóli
Foreldrakönnun	Foreldrar	Febrúar/mars	Sjálandsskóli
Starfsmannakönnun	Starfsfólk	Febrúar/mars	Sjálandsskóli

Skólapúlsinn

Skólapúlsinn er vefkönnun sem lögð er fyrir nemendur þrisvar á skólaárinu í 6.-10. bekk og gefur vísbendingar um líðan nemenda miðað við aðra nemendur á landinu. Tekið er slembiúrtak úr nemendahópnum. Fyrri könnunin var lögð fyrir í október 2011 og seinni könnunin er lögð fyrir í apríl 2012. Markmið könnunarinnar er að útvega skólastjórnendum og skólaskrifstofu langtímamiðuð, samanburðarhæf og aðgengileg gögn um mikilvæga þætti skólastarfsins. Spurningum er skipt í þrjá þætti: Virkni nemenda í skólanum, líðan nemenda almennt og skóla- og bekkjaranda. Niðurstöður

benda til þess að nemendum líði vel í Sjúlandsskóla, séu virkir í námi sínu og að það ríki góður bekkjarandi. Í flestum liðum könnunarinnar er skólinn yfir landsmeðtali. Í þáttum þar sem mæld er trú á eigin vinnubrögðum í námi, sjálfáliti og stuðningi kennara við nemendur leiða niðurstöður í ljós að skólinn er vel yfir landsmeðaltali en þar er marktækur munur á landsmeðaltali. Nánar má finna um könnunina á : <http://skolapulsinn.is>

Hagir og líðan

Rannsókn og greining lagði fyrir nemendur í 5.-7. bekk í febrúar 2011 umfangsmikla könnun á landsvísu sem kynnt var á haustmánuðum 2011. Garðabær kaupir niðurstöður fyrir bæinn í heild og fyrir hvern skóla fyrir sig. Leitast er við að skoða hvort líðan barna tengist þáttum á borð við fjölskyldugerð, tengslum barna við foreldra og vini og þátttöku í hreyfingu og tómsundaiðu. Auk þess voru tengsl eineltis og líðan skoðuð. Niðurstöður komu vel út fyrir skólann en einn árgangur skar sig þó út. Unnið var með þann hóp í samráði við stjórnendur, umsjónarkennara og námsráðgjafa. Þá þess var fengin utanaðkomandi ráðgjöf til að styrkja viðkomandi hóp félagslega sem og í framkomu og viðmóti.

Í febrúar 2012 var lögð fyrir könnun meðal nemenda í 8.-10. bekk. Niðurstöður rannsóknarinnar verða kynntar í maí.

Hreyfiþroskapróf

Hreyfiþroskapróf er lagt fyrir alla nemendur í 1. bekk á haustönn. Niðurstöður eru kynntar foreldrum ef nemendur víkja frá eðlilegum hreyfiþroska og þær eru sömuleiðis kynntar á

nemendaverndarráðsfundi. Foreldrar fá ráðleggingar, s.s. æfingar til að gera heima ásamt því að unnið er sérstaklega með þjálfun fín- og grófhreyfinga með þeim nemendum sem þess þurfa samkvæmt niðurstöðum prófsins.

Foreldrakönnun

Könnun um ýmsa þætti skólstarfsins og tómsundaheimilins Sælukots var lögð fyrir foreldra Sjúlandsskóla í febrúar/mars 2012. Svar barst frá 123 foreldrum sem svarar til um helmingis nemenda. Í 63% tilfella svaraði móðir, í 28% tilfella svaraði faðir og í 9% tilfella báðir foreldrar. Þátttaka foreldra í sjálfsmati skólans er mest hjá foreldrum nemenda í 1.-4. bekk en 44 % þeirra tóku þátt, 34,4% foreldra nemenda í 5.-7. bekk og 21,6% foreldrar nemenda í 8.-10. bekk (sjá mynd 1). Í lok könnunar gafst foreldrum kostur á að svara opnum spurningum um það sem vel er gert og það sem betur má fara.

Unnið var úr könnunum út frá Likert kvarða þar sem niðurstöðum er skipt á þrjú bil: Styrkleiki, starfhæft og aðgerðir.




Helstu niðurstöður foreldrakönnunar. Á heildina litið eru foreldrar mjög ánægðir með skólann (sjá fylgiskjal 1). 91,74% foreldra er mjög sammála eða frekar sammála um að þeir geti mælt með Sjálandsskóla við aðra foreldra. 83,4% foreldra eru mjög sammála eða frekar sammála um að skólabragur í Sjálandsskóla sé góður. Foreldrar eru mjög ánægðir með viðmót starfsfólksins en 94,17% foreldra eru mjög sammála eða frekar sammála um að viðmót starfsfólks sé gott. Í 94,74% tilfella eru foreldrar mjög sammála eða frekar sammála um að barninu þeirra líði vel í skólanum. 85% foreldra eru mjög sammála eða frekar sammála um að barninu þeirra líði vel í frímínútum. 95,8% foreldra eru mjög sammála eða frekar sammála um að börnin þeirra fái fjölbreytt viðfangsefni og í 91,53% tilfella eru foreldra mjög sammála eða frekar sammála um að börnin þeirra fá nám við hæfi í Sjálandsskóla.

Eins og oft áður eru skiptar skoðanir um heimanámið. 67,8% foreldra eru sammála um að heimanámið sé hæfilegt en 25,62% foreldra telja það aðeins of lítið eins og sjá má á mynd 2. Heimanámið er eina atriðið sem fellur á starfhæft bil að meðaltali (sjá mynd 2).

M Mynd 2

Spurt var hvort foreldrar telji sig fá nægar upplýsingar um námslega stöðu barnsins en 65,29% foreldra eru mjög sammála eða frekar sammála og 15,7% eru hvorki sammála né ósammála. Spurt var hvort foreldrar teldu sig fá nægar upplýsingar um félagslega stöðu barnsins kom í ljós að 65% foreldra voru mjög sammála eða frekar sammála um að þeir fái nægilegar upplýsingar.



Í lok könnunar gefst foreldrum kostur á að svara þremur opnum spurningum um hvað vel er gert í skólanum og hvað betur mætti fara. Mörg atriði eru nefnd t.d. metnaður starfsfólk, velvilji og hlýlegt viðmót þeirra. Foreldra lýsa yfir ánægju með leikritin og þá þjálfun sem að nemendur fá í framkomu. Þá er útikennslan, morgunsöngurinn og þemun gjarnan nefnd. Foreldrar eru ánægðir með upplýsingaflæðið milli heimilis og skóla, fréttabréfin, heimasíðuna og aðbúnað nemenda.

Þegar foreldrar eru beðnir að nefna þrjú atriði sem betur mega fara er heimanámið nokkrum sinnum nefnt. Þá er ýmist beðið um meira heimanám eða minna. Einhverjir benda á að börnin kvarti undan hávaða í matsal og aðrir óska eftir að mötuneytið sé rekið af skólanum. Umferð á bílastæðinu er gjarnan nefnd og það kraðak sem myndast í hringtorginu við upphaf og lok skólans þegar foreldrar leggja bílum sínum í hringtorginu. Bent er á að umgengni nemenda og mikilvægi þess að ganga eftir því að þeir hengi upp útifötin og setji töskur í töskuskápa.

Niðurstöður foreldrakönnunar Sælukots

Þeir foreldrar sem eiga börn í tómsundaheimilinu Sælukoti voru spurðir þriggja spurninga um líðan barns og viðmót starfsmanna. 90 börn eru skráð í Sælukoti.

81,05% foreldra eru mjög sammála eða frekar sammála um að barninu þeirra líði vel í Sælukoti. 68,52% eru mjög eða frekar sammála um að þeir eigi góð samskipti við starfsfólkið í Sælukoti. 70% foreldra eru mjög sammála eða frekar sammála um að viðmót starfsfólks í Sælukoti sé gott. Spurningarnar lentu allar á styrkleika eða starfhæfu bili (sjá fylgiskjal 1).

Starfsmannakönnun

Könnun var lögð fyrir starfsmenn Sjálandsskóla í febrúar 2012. Spurt var um ýmsa þætti skólastarfsins eins og lagt var upp með samkvæmt Gæðagreinum. 25 starfsmenn af 39 luku könnunni eða 64,10% starfsmanna.

Könnunin var þrjúþætt. Í fyrsta hluta var spurt um líðan, viðhorf og samskipti starfsfólks á vinnustaðnum. Í öðrum hluta var um traust á milli starfsfólks annars vegar og stjórnenda hins vegar. Þá var spurt um upplifun starfsfólks hvernig tekið er á vandamálum sem upp koma. Í þriðja hluta var spurt um starfsþróun og upplýsingastreymi til starfshópsins.

Könnunin var byggð upp með sama hætti og foreldrakönnunin. Starfsmenn svöruðu fullyrðingum og opnum spurningum um það sem þeir telja styrkleika og það sem betur má gera. Niðurstöður voru teknar saman á Likert kvarða og súluritum.

Niðurstöður gefa tvímælaust í ljós að starfsfólkið er ánægt með vinnustaðinn og þar ríkir virðing og traust. Þegar meðaltöl höfðu verið reiknuð á Likert kvarða kom í ljós að í 18 af 23 spurningum fengu einkunnina 4,2 eða hærra og starfið því metið á styrkleika bili. Fimm þættir fengu lægri einkunn en eru á starfhæfu bili (sjá fylgiskjal 2).

Starfsmenn Sjúklandsskóla eru afar stoltir af vinnustaðnum en 100% starfsfólks eru mjög sammála eða frekar sammála um að þeir séu stoltir af því að vinna í skólanum. Þegar starfsmenn voru spurðir um hvort þeir teldu ríkja góðan starfsanda í skólanum kom í ljós að 100% starfsmanna telja svo vera. Starfsmenn eiga gott samstarf við vinnufélaga sína. Í 86,37% tilfella er starfsfólk mjög sammála eða frekar sammála um til hvers er ætlast af þeim og þekkja starfslýsingu sína. 95,45% starfsfólks er ánægt með upplýsingamiðlun skólans. 95,45% starfsfólks er ánægt með hvernig staðið er að fræðslumálum innan starfshópsins.

Spurt var hvernig starfsfólk teldi vera tekið á vandamálum sem upp koma í skólanum. Í 95,45% tilfella er starfshópurinn mjög sammála eða frekar sammála um að vel sé tekið á slíkum málum. 68,2% telja eru mjög sammála eða frekar sammála um að vel sé tekið á eineltismálum. Þá eru 95,45% starfsfólksins mjög ánægð eða frekar ánægð með stjórnunina. 100% starfsmanna telja að traust ríki á milli starfsfólksins og samstarf þeirra á milli sé gott.

Þeir þættir sem lentu samkvæmt Likert kvarða á starfhæfu bili eru félagslíf innan starfshópsins, vinnuaðstaða, hvernig tekið er á agamálum og að starfsfólk telur sig ekki vera nógu duglegt að hrósa hvert öðru.

Næstu skref

- Skerpa enn frekar á stefnu skólans um heimavinnu og hafa hana sýnilega á heimsíðu
- Kanna vilja foreldra um fyrirkomulag heimavinnu
- Byggja upp opin hús fyrir 5.-7. bekk í samstarfi við félagsmiðstöðina Herkulez.
- Efla jákvæða agastjórnun
- Heilsueflandi grunnskóli – næstu skref
- Grænfánaskóli

- Endurskoðun á námsmati m.t.t. nýrrar Aðalnámskrár
- Comeniusarverkefni á yngsta stigi
- Viðhalda og varðveita þann jákvæða starfsanda sem ríkir í Sjálandsskóla
- Grænfánaskóli - umhverfisnám
- Endurskoða einstaklingsnámskrár m.t.t. nýrrar Aðalnámskrár
- Halda áfram þróun á sérkennsluteymi Sjálandsskóla

Sjálfsmatsteymi skólans setti upp töflu um aðgerðaáætlun. Þessi áætlun var staðfest á fundi skólaráðs og kynnt á kennarafundi

Verkefni	Vor 12	Haust 12	Vor 13	Haust 13
Heimavinna	Undirbúningur	Framkvæmd	framkvæmd	Framkvæmd
Heimavinna - kanna vilja foreldra	Undirbúningur	Framkvæmd	framkvæmd	Framkvæmd
Félagsstarf á miðstigi	Undirbúningur	Framkvæmd	framkvæmd	Framkvæmd
Efla jákvæða agastjórnun	Undirbúningur	Framkvæmd	framkvæmd	Framkvæmd
Heilsueflandi grunnskóli	Framkvæmd	Framkvæmd	framkvæmd	Framkvæmd
Grænfánaskóli-umhverfisnám	Undirbúningur	Undirbúningur	framkvæmd	Framkvæmd
Endurskoðun námsmats	Undirbúningur	Framkvæmd	framkvæmd	Framkvæmd
Endurskoðun einstaklingsnámskrár	Undirbúningur	Undirbúningur	framkvæmd	Framkvæmd
Þróun sérkennsluteymis	Undirbúningur	Framkvæmd	framkvæmd	Framkvæmd
Aukin notkun Mentor upplýsingakerfis	Undirbúningur	Framkvæmd	framkvæmd	Framkvæmd
Comeniusarverkefni á yngsta stigi	Framkvæmd	Framkvæmd	Lokið	Lokið

Lokaorð

Sjálfsmatsteymið telur niðurstöður benda til að skólastarf Sjálandsskóla sé gott. Mikilvægt er að hlúa vel að þeim styrkleikum sem niðurstöður gefa til kynna og efla þá þætti sem mælast á starfhæfu bili í starfsmanna og foreldrakönnun skólans. Vinna við þróunarverkefni er liður í því og mikilvægt að festa í sessi þá þætti í skólastarfi Sjálandsskóla.

Sjálfsmatshópur Sjálandsskóla

Edda Björg Sigurðardóttir

Bryndís Rail

Ingunn

Margrét Helgadóttir

Foreldrakönnun í feb/mar 2011-2012

Samantekt á Likertkvarða

Til þess að skerpa samanburð á milli einstakra þátta var farin sú leið að gefa tilteknum svörum ákveðin stig á fimm bila kvarða (svokallaðan 5 punkta Likert kvarða sem notaður hefur m.a. verið til þess að reikna út meðaltal í félagsfræðilegum rannsóknum. Þannig fékk svarið mjög sammála, mjög ánægð(ur) og alltaf vel 5 stig.

Svarið frekar sammála, frekar ánægð(ur) eða oftast vel, fékk 4 stig. Svarið hvorki né, bæði og, stundum vel, fékk 3 stig. Svarið frekar ósammála, frekar óánægð(ur) eða oftast illa, fékk 2 stig. Svarið mjög ósammála, mjög óánægð(ur), alltaf illa 1 stig.

- 3 - Ekki var tekið tillit til svara þeirra foreldra sem töldu sig ekki hafa forsendur til að svara, eða svöruðu ekki. Með þessu móti var hægt að reikna út meðaltals niðurstöður þeirra spurninga sem þannig hagaði til um.

Til þess að varpa síðan skýrara ljósi á gildi meðaltalanna voru þau flokkuð í samanburðarbil. The Gallup Organization hefur m.a. notað þessa aðferð í vinnustaðagreiningum og byggist sú flokkun á tengslum starfsánægju og framleiðni starfsfólks. Til einföldunar var einnig notast við litamerkingar. Ef meðaltalið var hærra en 4,2 fékk það bláan lit og telst til styrkleika skólans (styrkleikabil). Fyrir meðaltal á bilinu 3,7 – 4,19 fær það grænan lit og telst viðunandi (starfhæft bil). Fyrir meðaltal lægra en 3,69 er gefin rauður litur og ljóst að aðgerða er þörf (aðgerðabil).

	Styrkleiki skólans
	Starfhæft bil
	Aðgerðar bil

Ég get mælt með Sjálandsskóla við aðra foreldra?	4,5124
Barninu mínu líður vel í Sjálandsskóla.	4,56667
Barnið mitt fær nám við hæfi í Sjálandsskóla	4,33898
Barnið mitt fær hvatningu í skólanum til að ná góðum námsárangri?	4,22034
Mér finnst fréttabréf umsjónarkennara upplýsandi og gagnleg	4,50847
Barninu mínu eru sköpuð góð skilyrði til að ná árangri í Sjálandsskóla	4,22689
Viðmót kennara virkar hvetjandi á barnið	4,28571
Barnið tekst á við fjölbreytt viðfangsefni	4,61345

Viðmót starfsmanna í Sjálandsskóla er gott	4,60833
Barninu líður vel í frímínútum	4,31933
Í Sjálandsskóla er hæfilegur agi	4,20833
Gerðar eru hæfilegar námskröfur til barnsins	4,1
Ég fæ nægilegar upplýsingar frá Sjálandsskóla um námslega stöðu barnsins	3,75207
Ég fæ nægilegar upplýsingar frá Sjálandsskóla um félagslega stöðu barnsins	3,725
Mér finnst upplýsingar á heimasíðu skólans vera gagnlegar	4,05085
Barnið tekur viðeigandi ábyrgð á náminu	3,98319
Barnið fær viðeigandi námslegan stuðning	4,11864
Mér finnst vel tekið á agamálum í Sjálandsskóla	4,05128
Kröfur um heimanám í Sjálandsskóla eru:	2,72727

Sælukot

Barninu mínu líður vel í Sælukoti	4,2
Samskipti mín við starfsfólk Sælukots eru góð	4,056
Viðmót starfsmanna Sælukots er gott	3,83

Fylgiskjal 3.2

Starfsmannakönnun í feb/mar 2011-2012

Samantekt á Likertkvaða

Til þess að skerpa samanburð á milli einstakra þátta var farin sú leið að gefa tilteknum svörum ákveðin stig á fimm bila kvarða (svokallaðan 5 punkta Likert kvarða sem notaður hefur m.a. verið til þess að reikna út meðaltal í félagsfræðilegum rannsóknum. Þannig fékk svarið mjög sammála, mjög ánægð(ur) og alltaf vel 5 stig.

Svarið frekar sammála, frekar ánægð(ur) eða oftast vel, fékk 4 stig. Svarið hvorki né, bæði og, stundum vel, fékk 3 stig. Svarið frekar ósammála, frekar óánægð(ur) eða oftast illa, fékk 2 stig.

Svarið mjög ósammála, mjög óánægð(ur), alltaf illa 1 stig.

- 3 - Ekki var tekið tillit til svara þeirra foreldra sem töldu sig ekki hafa forsendur til að svara, eða svöruðu ekki. Með þessu móti var hægt að reikna út meðaltals niðurstöður þeirra spurninga sem þannig hagaði til um.

Til þess að varpa síðan skýrara ljósi á gildi meðaltalanna voru þau flokkuð í samanburðarbil. The Gallup Organization hefur m.a. notað þessa aðferð í vinnustaðagreiningum og byggist sú flokkun á tengslum starfsánægju og framleiðni starfsfólks. Til einföldunar var einnig notast við litamerkingar. Ef meðaltalið var hærra en 4,2 fékk það bláan lit og telst til styrkleika skólans (styrkleikabil). Fyrir meðaltal á bilinu 3,7 – 4,19 fær það grænan lit og telst viðunandi (starfhæft bil). Fyrir meðaltal lægra en 3,69 er gefin rauður litur og ljóst að aðgerða er þörf (aðgerðabil).

	Styrkleiki skólans
	Starfhæft bil
	Aðgerðar bil

Ég er stolt/ur að vinna í Sjúlandsskóla	4,86364
Ég veit til hvers er ætlast af mér í starfi mínu / þekki mína starfslýsingu	4,36364
Á heildina litið er ég ánægð/ur að starfa í Sjúlandsskóla	4,72727
Ég fæ tækifæri til að þróast í starfi	4,36364
Ég er ánægð/ur með það hvernig staðið er að fræðslu og þjálfun á vinnustaðnum	4,36364
Ég er ánægð/ur með upplýsingamiðlun í Sjúlandsskóla	4,45455
Ég tel góðan starfsanda ríkja í Sjúlandsskóla almennt	4,95238
Ég tel góðan starfsanda ríkja á kaffistofunni	4,81818
Ég hlakka yfirleitt til að fara í vinnuna	4,68182
Ég er ánægð/ur með hvernig tekið er á vandamálum sem upp koma í Sjúlandsskóla	4,40909
Það ríkir traust á milli starfsmanna og stjórnenda í Sjúlandsskóla	4,5
Ég er almennt ánægð/ur með stjórnun í Sjúlandsskóla	4,81818
Ég tel mig metinn/metna að verðleikum á vinnustaðnum	4,40909
Starfsmenn Sjúlandsskóla mynda sterka liðsheimild	4,7619
Starfsmenn Sjúlandsskóla eru almennt jákvæðir	4,5
Samstarf meðal starfsmanna Sjúlandsskóla er gott	4,54545
Það ríkir traust á milli starfsmanna í Sjúlandsskóla	4,63636
Það ríkir traust á milli starfsmanna og stjórnenda í Sjúlandsskóla	4,5
Ég hef fengið hrós eða viðurkenningu fyrir vel unnin störf á síðustu vikum	3,81818
Ég hef hrósað samstarfsfólki mínu fyrir vel unnin störf á síðustu vikum	4
Ég tel að vel sé tekið á agamálum í Sjúlandsskóla	4
Ég er ánægð/ur með vinnuaðstöðu mína	4,18182
Félagslíf innan starfsmannahópsins er gott	4,04545

Fylgiskjal 4

Samræmd próf í Sjálandsskóla 2011



Samræmd könnunarpróf fóru fram í Sjálandsskóla ásamt öðrum grunnskólum landsins vikuna 19.-24. september 2011. Vel gekk að leggja prófin fyrir í öllum árgöngum skólans og stóðust allar tímaáætlanir í samræmi við tilmæli frá Námsmatsstofnun.

4. bekkur



19 nemendur þreyttu samræmd próf í íslensku- og stærðfræði í 4. bekk. Einn nemandi var með undanþágu en 3 nemendur fengu lengdan próftíma í báðum fögum vegna lestrarerfiðleika.

4. bekkur Stærðfræði	Lands - meðaltal	Samræmd einkunn Sjálandsskóla	Normaldreifð einkunn	Íslenska	Lands- meðaltal	Samræmd einkunn Sjálandsskóla	Normaldreifð einkunn
Heildareinkunn í stærðfræði	6,5	6,7	30,7	Heildareinkunn í íslensku	6,3	6,9	33,6
Reikningur og aðgerðir		7,3	32,2	Lestur		6,7	33,4
Rúmfræði		6,4	29,9	Ritun		5,2	30,8
Tölur og talnaskilningur		6,2	28,6	Stafsetning		7,3	35,7
				Málnotkun		7,4	31,4

Í **íslensku** var hæsta heildareinkunn 9,5 sem einn nemandi hlaut. Lægsta heildareinkunn í íslensku var 4 sem kom í hlut eins nemanda. Meðaltal heildareinkunna í Sjálandsskóla var 6,9, raðeinkunn 60,63 Re, normaldreifð einkunn 33,6 Sg. Í einstökum prófhlutum var meðaleinkunn raðeinkunna eftirfarandi: Stafsetning 65,3, lestur og hlustun 59, málnotkun 55,6 og ritun 52,3 Re.



Í stærðfræði var hæsta heildareinkunn 8,5 og fengu þrír nemendur þá einkunn. Tveir nemendur fengu heildareinkunnina 4 sem var lægsta einkunnin. Meðaltal heildareinkunna í Sjálandsskóla var 6,7 en raðeinkunn 52,4 Re, normaldreifð einkunn 30,7 Sg. Í einstökum prófhlutum var meðaleinkunn raðeinkunna eftirfarandi: Reikningur 57,8, rúmfræði 50,9, tölur 46,4.



Viðbrögð við niðurstöðum

Í íslensku í 4. bekk er árangur nemenda góður að mati stjórnenda skólans. Raðeinkunn nemenda í 4. bekk er frá 15-51. Meðaltal raðeinkunna nemenda í 4. bekk í Sjálandsskóla í íslensku var 60,6.

Umsjónarkennarar hópsins, sérkennari og skólastjórnendur funda um niðurstöður, skoða einstaka námsþætti og árangur einstakra nemenda í upphafi nýrrar annar. Unnið er að einstaklingsáætlun fyrir þá nemendur sem voru undir meðallagi í heildareinkunn eða í einstökum prófþáttum. Hópur nemenda sem var með raðtölueinkunn undir 30 hefur nú þegar verið í sérkennslu á haustönninni og verður þeirri vinnu haldið áfram. Þáttur ritunar kom vel út og sérstaklega hjá nemendum með raðeinkunn á bilinu 50-74. Markvisst hefur verið unnið með ritunarþáttinn í skólanum undanfarin ár þar sem hann hefur almennt reynst nemendum erfiður. Frá haustinu 2009 hefur markvisst verið unnið að því að efla lestur og lesskilning og verður áfram unnið eftir þeirri áætlun. Áhersla er lögð á samvinnu við foreldra með heimalesturinn og eiga allir nemendur í 1.-7. bekk að lesa heima á hverjum degi.



Í stærðfræði í 4. bekk er meðaltal heildareinkunnar nemenda svipað og landsmeðaltalið. Raðeinkunn nemenda er á bilinu 18-45, normaldreifð meðaleinkunn nemenda er 30,7. Enginn nemandi var með einkunn hærra en 8,5 en þá einkunn voru þrír nemendur með. Jafnhliða áætlun í íslensku er unnin áætlun í stærðfræði fyrir þá nemendur sem voru undir meðaltali á landsvísi í heildareinkunn eða í einstökum námsþáttum. Litið verður sérstaklega til hópa með meðaltals raðeinkunn 1-25.

7. bekkur

28 nemendur þreyttu samræmd könnunarpróf í íslensku, einn nemandi fékk undanþágu í stærðfræði.


7. bekkur Stærðfræði	Lands - meðaltal	Samræmd einkunn Sjálundsskóla	Normaldreifð einkunn	Íslenska	Lands- meðaltal	Samræmd einkunn Sjálundsskóla	Normaldreifð einkunn
Heildareinkunn í stærðfræði	6,7	7,6	35,4	Heildareinkunn í íslensku	6,4	7,3	36,1
Reikningur og aðgerðir		8,1	34,5	Lestur		7,3	35,4
Rúmfræði og mælingar		6,6	34,4	Ritun		7,6	37,25
Tölur og talnaskilningur		7,2	35	Stafsetning		7,5	34
				Málnotkun		7,0	33,7

Í **íslensku** var hæsta heildareinkunn 9 en þrír nemendur hlutu þá einkunn, einn nemandi var með 8,5 og sex nemendur hlutu einkunnina 8. Lægsta heildareinkunn í íslensku var 5,5 og voru tveir nemendur með þá einkunn. Meðaltal heildareinkunna í Sjálundsskóla var 7,3 og var raðeinkunnin 68, normaldreifð einkunn 36,1. Í einstökum prófhlutum var meðaleinkunn raðeinkunna eftirfarandi: Stafsetning 63, lestur og hlustun 66,7, málnotkun 61,3, ritun 71,4.



Í **stærðfræði** var hæsta heildareinkunnin 9,5 og voru tveir nemendur með þá einkunn. Fjórir nemendur voru með einkunnina 9 og fimm nemendur með 8,5. Einn nemandi hlaut heildareinkunnina 4,5 og var hann með lægstu heildareinkunnina. Meðaltal heildareinkunna í

Sjáländsskóla var 7,6, raðeinkunn 66,2 Re, normaldreifð einkunn 35,4 Sg. Í einstökum prófhlutum var meðaleinkunn raðeinkunna eftirfarandi: Reikningur 63,9, tölfræði 63,7, rúmfræði 63.





Viðbrögð við niðurstöðum

Árangur nemenda í 7. bekk í íslensku og stærðfræði var almennt mjög góður.

Í **íslensku** í 7. bekk er árangur nemenda mjög góður. Raðeinkunn nemenda í 7. bekk er frá 22-52 Re. Meðaltals raðeinkunn nemenda í 7. bekk í Sjáländsskóla í íslensku var 68, normaldreifð einkunn var 36,1.

Umsjónarkennarar hópsins, sérkennarar og skólastjórnendur funda um niðurstöður, skoða einstaka námsþætti og árangur einstakra nemenda m.t.t. hvernig hægt er að styrkja stöðu þeirra og tryggja að nemendur með raðeinkunn 35-52 fái námsefni við hæfi til að stuðla að frekari vexti þeirra og þroska í náminu.

Í **stærðfræði** var námsárangur einnig mjög góður. Raðeinkunn nemenda í 7. bekk er frá 14-99 sem mun teljast afar góður árangur. Meðaltals raðeinkunn nemenda í 7. bekk í Sjáländsskóla í stærðfræði var 66,2, normaldreifð einkunn 35,4. Nemendur með raðeinkunn 14-25 fá einstaklingsnámskrá í stærðfræði. Mun skipulagið á henni fara fram í samráði við foreldra nemenda með það í huga að efla styrk og sjálfstraust þeirra í stærðfræði.





10. bekkur

16 nemendur þreyttu samræmt próf í íslensku. Enginn fékk undanþágu en fimm fengu lengdan próftíma vegna lestrarörðugleika. Í stærðfræði þreyttu 16 nemendur prófið, enginn fékk undanþágu og fimm fengu lengdan próftíma. Í ensku þreyttu 15 nemendur prófið, eins og í fyrri prófunum fékk enginn undanþágu en einn nemandi var veikur á prófdaginn.



10. bekkur Stærðfræði	Lands - meðaltal	Samræmd einkunn Sjálundsskóla	Normaldreifð eink.	Íslenska	Lands- meðaltal	Samræmd einkunn Sjálundsskóla	Normaldreifð eink.
Heildareinkunn í stærðfræði	6,1	6,1	31,2	Heildareinkunn í íslensku	6,6	6,5	29,8
Reikningur og aðgerðir		6,3	28,4	Lestur og bókmenntir		6,9	30,3
Hlutfall og prósentur		7,5	31,75	Málfræði		5,9	31,2
Rúmfræði		5,6	32	Ritun		5,6	27,3
Algebra		5,7	32,1				

Enska	Lands- meðaltal	Samræmd einkunn Sjálundsskóla	Normaldreifð eink.
Heildareinkunn í ensku	7,5	8,2	34,6
Lestur		8,2	32,8
Málnotkun		8	36,5



Í **íslensku** fengu þrjú nemendur 8,5 sem var hæsta heildareinkunnin og einn nemandi hlaut einkunnina 7,5 sem var næsta einkunn fyrir neðan hæstu heildareinkunn árgangansins. Lægsta heildareinkunn í íslensku var 5 sem einn nemandi hlaut. Meðaltal heildareinkunna í Sjálundsskóla var 6,5, raðeinkunn 47,9 Re normaldreifð einkunn 29,8 Sg. Í einstökum prófhlutum var meðaleinkunn raðeinkunna eftirfarandi: málfræði 53,25, lestur og bókmenntir 49,9, ritun 40,9.




Í **stærðfræði** var hæsta heildareinkunnin 9 sem einn nemandi hlaut, næsta einkunn þar á eftir var 8,0 sem einn nemandi hlaut. Einn nemandi hlaut heildareinkunnina 3 sem var lægsta heildareinkunnin og tveir nemendur hlutu heildareinkunnina 3,5. Meðaltal heildareinkunna í Sjálandsskóla var 6,1 raðeinkunn 34,6 Re, normaldreifð einkunn 31,2 Sg. Í einstökum prófhlutum var meðaleinkunn raðeinkunna eftirfarandi: Reikniaðgerðir 42,9, hlutföll 56,8, algebra 58,8, rúmfræði 57,1.



Í **ensku** var hæsta heildareinkunnin 10 sem einn nemandi hlaut. Einn nemandi var með 9,5 og þrír nemendur voru með 9. Einn nemandi hlaut einkunnina 6 sem var lægsta heildareinkunnin. Meðaltal heildareinkunna í Sjálandsskóla var 8,2 raðeinkunn 63,6 Re, normaldreifð einkunn 34,6 Sg. Í einstökum prófhlutum var meðaleinkunn raðeinkunna eftirfarandi: Lestur 58,7, málnotkun 67,5.






Viðbrögð við niðurstöðum

Árangur nemenda í 10. bekk var viðunandi. Að gefnu tilliti til þess hversu margir nemendur voru með meiri framfarir en almennt gerist og í meðallagi má segja að sá árangur sem náðst hefur með hópinn sé ásættanlegur.

Í **íslensku** var árangur nemenda undir meðallagi, m.v. normaldreifðu einkunnina 30 sem er meðaltal landsins. Raðeinkunn nemenda í 10. bekk er frá 16-91. Normaldreifð einkunn nemenda í 10. bekk í Sjálandsskóla í íslensku var 29,8.

Umsjónarkennarar hópsins, sérkennarar og skólastjórnendur funda um niðurstöður, skoða einstaka námsþætti og árangur einstakra nemenda m.t.t. hvernig hægt er að styrkja stöðu þeirra og tryggja að nemendur með raðeinkunn 16-25 fái námsefni við hæfi til að stuðla að frekari vexti þeirra og þroska í náminu.

Í **stærðfræði** var námsárangur góður. Raðeinkunn nemenda í 10. bekk er frá 3-97 sem er ásættanlegur árangur. Normaldreifð einkunn nemenda í 10. bekk í Sjálandsskóla í stærðfræði var 31,2. Nemendur með raðeinkunn 14-25 fá einstaklingsnámskrá í stærðfræði. Mun skipulagið á henni



fara fram í samráði við foreldra með það í huga að efla styrk og sjálfstraust nemendanna í stærðfræði.

Í **ensku** var námsárangur mjög góður. Raðeinkunn nemenda í 10. bekk er frá 21-99 sem mun teljast afar góður árangur. Normaldreifð einkunn

nemenda í 10. bekk í Sjálandsskóla í ensku var 34,6. Meðaleinkunn nemenda í lestri í ensku var 8,2. Meðaleinkunn nemenda í málnotkun var 8.

Viðbrögð við þessum niðurstöðum eru tvímælaust að halda áfram að þróa það fyrirkomulag sem er í unglingadeild Sjálandsskóla. Niðurstöður nemenda sem eru undir meðaltali verða skoðaðar og gerð verður einstaklingsmiðuð áætlun út frá einstökum prófþáttum og heildarniðurstöðum. Markmiðið er að undirbúa nemendur eins og best verður á kostið fyrir áframhaldandi nám að grunnskóla loknum.

Fylgiskjal 5

Fréttadagbók af heimasíðu

21. júní 2012

[Innkaupalistar og skóladagatal](#)

Innkaupalistar allra árganga eru komnir á heimasíðuna (sjá tengil vinstra megin á síðunni)

Skóladagatal 2012-2013 er einnig vinstra megin á síðunni ... [\[náðnar\]](#)



21. júní 2012

[Sumarlokun skrifstofu Sjálandsskóla](#)

Skrifstofa Sjálandsskóla verður lokuð vegna sumarfrís 25.júní - 7.ágúst. Skrifstofan opnar aftur 8.ágúst. Nemenda- og foreldravíðtalsdagur er 22.ágúst og kennsla hefst 23.ágúst. ... [\[náðnar\]](#)



19. júní 2012

[Íslandsvísur 3.-4.bekk](#)

Í vor sömdu nemendur í 3. og 4. bekk tvö lög við ljóð Jóns Trausta, Íslandsvísur, í tengslum við Íslandspema. Nemendur völdu sér hljóðfæri til að leika lagið og útsettu svo ásamt kennara lögin, æfðu og tóku þau upp. Í innilegunni komu hóparnir svo í tónmenntastofuna ... [\[náðnar\]](#)



08. júní 2012

[Skólaslit og útskrift 10.bekkjara](#)

Í dag voru skólaslit hjá nemendum í 1.-9.bekk og í gærkvöldi var 10.bekkur útskrifaður úr Sjúalandsskóla. Þar með er sjöunda starfsári skólans lokið. Starfsmenn Sjúalandsskóla óska nemendum og foreldrum gleðilegs sumar og hlakkar til að sjá ykkur í haust. Myndir á myndasíðunni... [\[nánar\]](#)

08. júní 2012

[Skrifstofan lokuð](#)

Skrifstofa Sjúalandsskóla verður lokuð frá hádegi í dag, föstudag 8.júní vegna námsferðar starfsfólks. Skrifstofan opnar aftur föstudaginn 15.júní... [\[nánar\]](#)



07. júní 2012

[Vorferð 8.-9.bekk](#)

Þriðjudaginn 5. Júní fór 8. og 9. Bekkur í vorferð í Skorradal. Ferðin hófst með sundferð í Lágafellslaug en síðan var haldið áfram í Skorradalinn. Við gistum í húsi í eigu Skátafélags Akranes. Það er óhætt að segja að nemendur hafi skemmt sér vel. Farið var í fótbolta, ýmsa leiki og svo voru nokkur hreystimenni sem fóru og skelltu sér í ískalt vatnið.... [\[nánar\]](#)



06. júní 2012

[Fjallganga og innilega](#)

Í gær fóru nemendur í 1.-7.bekk í fjallgöngu við Krísuvíkuvatn. Hópnum var skipt í tvennt þar sem allir fengu gönguferð við hæfi. Að því loknu var haldið upp í skóla þar sem nemendur gistu í nótt. Í gærkvöldi fengu allir kvöldmat og síðan var kvöldvaka þar sem nemendur voru með alls konar skemmtiatriði og fjör. Nemendur fengu svo morgunmat í morgun og fóru heim um ellefuleytið. ... [\[nánar\]](#)



04. júní 2012

[Hjólaferð í Nauthólsvík-unglingadeild](#)

Eftir prófatörnina gerði unglíngadeildin sér dagamun og hjólaði hópurinn í Nauthólsvík á föstudaginn. Þar nutu þau veðurblíðunnar eins og sjá má á myndunum á myndasíðu unglíngadeildar. ... [\[nánar\]](#)



04. júní 2012

[Íþróttadagur](#)

Í dag var íþróttadagur í Sjálandsskóla. Fyrir hádegi voru stöðvar í íþróttasal, á skólalóð og við ylströndina þar sem nemendur gátu valið á milli fjölda leikja-og íþróttagreina. Í hádeginu voru grillaðar pylsur og eftir hádegi var fótboltamót, hjólaferð, ratleikur og línuskautar. ... [\[nánar\]](#)



30. maí 2012

[Móðir mín í kví kví 1.-2.bekkur](#)

Undanfarið hefur 1. og 2. bekkur verið að vinna með mismunandi styrkleikamerki í tónmennt. Sérstaklega var unnið með: veikt, sterkt, vaxandi- og minnkandi styrkur. Í tengslum við það æfðu nemendur undirspil við þjóðlagið Móðir mín í kví kví, tóku það upp ásamt eigin söng þar sem reynt var að hafa miklar breytingar í styrk. ... [\[nánar\]](#)



30. maí 2012

[Vortónleikar kórs Sjálandsskóla](#)

Í dag, miðvikudag 30.maí, heldur kór Sjálandsskóla vortónleika í sal skólans. Tónleikarnir hefjast kl.17.00 og aðgangseyrir er kr.300 fyrir 16 ára og eldri.... [\[nánar \]](#)



29. maí 2012

[Síðasti kennsludagurinn hjá 10.bekk](#)

Á föstudaginn var slegið upp veislu í 10.bekk þar sem seinasti formlegi kennsludagurinn var þá. Borðaðar voru dýrindis kökur, m.a. regnbogakaka sem stelpurnar í bekknum höfðu bakað. Nú eru prófadagar í unglingadeild og í næstu viku er útilega. ... [\[nánar \]](#)



25. maí 2012

[Eurovision í morgunsöng -myndband](#)

Í morgun sungu nemendur skólans Eurovision lag Íslands í morgunsöng. Hægt er að hlusta á lagið á YouTube. Við sendum bestu kveðjur til Baku og vonumst auðvitað til að Ísland vinni keppnina á morgun. Áfram Ísland ! Slóðin á myndbandið: <http://www.youtube.com/watch?v=TFKDCc2shTI...> [\[nánar \]](#)



24. maí 2012

[1.bekkur fær hjálma](#)

Í dag fengu nemendur í 1.bekk afhenta reiðhjól hjálma. Það er Kiwanis í samstarfi við Eimskip sem gefur öllum nemendum í 1.bekk hjálmana. Krakkarnir voru að mjög ánægðir með nýju hjálmana sína og þökkum við Kiwanis og Eimskip fyrir þessa frábæru gjöf. ... [\[nánar \]](#)



24. maí 2012

Fótbolti -unglingadeild vs. starfsfólk

Í vetur hefur starfað íþróttaráð unglunga í Sjálandsskóla. Ráðið sá um að skipuleggja einn íþróttaviðburð á viku sem fór fram á miðvikudögum eftir skóla. Ýmsir viðburðir voru haldnir, m.a. var farið í skotbolta, körfubolta og tarzan leik. Í gær skipulagði ráðið keppni á milli unglunga og starfsfólks. Keppt var í fótbolta ... [\[nánar \]](#)



23. maí 2012

Sushi-gerð í vali í unglingadeild

Þessi vika er síðasta vikan í valgreinum hjá unglingadeildinni. Núna eru flestir búnir að velja valgreinar fyrir næsta vetur en í Sjálandsskóla er hægt að velja um mjög margar valgreinar á unglingastiginu. Eitt af því sem hægt var að velja í vetur var sushi-matargerð og á myndasíðunni má sjá nemendur matreiða girnilega sushi-rétti núna í vikunni. ... [\[nánar \]](#)



22. maí 2012

Indíánapema í listum hjá 1.-2.bekk

Í dag voru nemendur í 1.-2.bekk að búa til indíánatjöld, súlur, fána og fleira fallegt í stauraskóginum með myndmennta- textíl- og smíðakennurunum. Þemað í listum þessa dagana hjá 1.-2.bekk er indíánar og mátti sjá litskrúðugt garn, efni, málningu og annan efnivið eins og sjá má af myndunum sem teknar voru úti í góða veðrinu í dag. ... [\[nánar \]](#)



21. maí 2012

[Föt sem framlag - 7.bekkur](#)

Í dag kláraði 7.bekkur að pakka fötunum í söfnun Rauða krossins, sem kallast "Föt sem framlag". Skólinn er þátttakandi í söfnunarátaki Rauða krossins og hafa nemendur skólans verið að safna fötum undanfarna daga. Nú er áttakinu lokið og tókst að safna í tæplega 100 poka. Fötin eru flokkuð í pokana eftir kyni, aldri og stærð. ... [\[nánar\]](#)



16. maí 2012

[Lionshlaup 5.bekkjara](#)

Lionshlaupið var haldið í dag, 16.maí. Nemendur í 5.bekk tóku þátt og var þetta boðhlaup á milli umsjónarhópanna þriggja. Það voru félagar úr Lionsklúbbnum Eik í Garðabæ sem stóðu fyrir hlaupinu eins og undanfarin ár og spjölluðu þeir aðeins við nemendur áður en hlaupið hófst. Gunnhildur Yrsa Sigurðardóttir knattspyrnukona úr Stjörnunni og íþróttakona Garðabæjar kom einnig og ræddi við nemendur ... [\[nánar\]](#)



14. maí 2012

[Heimsókn Menntamálaráðherra í Sjálandsskóla](#)

Í dag kom menntamálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, í heimsókn í Sjálandsskóla ásamt fleiri starfsmönnum Menntamálaráðuneytisins. Þau mættu í morgunsöng þar sem allir nemendur sungu tvö lög að venju og kórinn söng einnig eitt lag. Að því loknu skoðuðu þau skólann, ræddu við nemendur og kynntu sér stefnu og starfssemi skólans... [\[nánar\]](#)



11. maí 2012

[Árshátíð hjá 7.bekk](#)

Í gær héldu nemendur í 7.bekk árshátíð í skólanum. Nemendur elduðu sjálfir allan matinn, forrétt, aðalrétt og eftirrétt og sáu um öll skemmtiatriðin. Árshátíðin heppnaðist vel og allir skemmtu sér konunglega eins og sjá má á myndunum á myndasíðu 7.bekkjara. ... [\[nánar\]](#)



07. maí 2012

[5. bekkur heimsækir KSÍ](#)

Í síðustu viku fór 5.bekkur í heimsókn í höfuðstöðvar Knattspyrnusambands Íslands. Mikill fótboltaáhugi er hjá nemendum í 5.bekk og margar upprennandi fólboltastjörnur í hópnum. Hjá KSÍ fengu nemendur fræðslu um starfsemi og aðstöðu KSÍ í Laugardal. ... [\[nánar\]](#)



Rauði kross Íslands

07. maí 2012

[Föt sem framlag](#)

Garðabæjardeild Rauða krossins hefur farið af stað með verkefni sem kallast Föt sem framlag - Hvíta Rússland. Sjálandsskóli ætlar að taka þátt í verkefninu og munu nemendur safna fötum og 7.bekkur sér svo um að flokka þau og merkja. ... [\[nánar\]](#)



02. maí 2012

[Gyðjukvöld í Sjálandsskóla](#)

Á morgun fimmtudag verður haldið Gyðjukvöld Garðabæjar í Sjálandsskóla. Það eru kennarar skólans sem eru að safna fyrir námsferð til Kanada í vor sem standa fyrir skemmtikvöldinu. Á gyðjukvöld verður margt um að vera, skemmtiatriði, happdrætti, veitingar, tískusýningar, snyrtikynning,

spákona, dansatriði og fleira skemmtilegt. Aðgangseyrir er kr.1.500 og eru veitingar og happdrættismiði innifalið ... [\[nánar \]](#)



02. maí 2012

[Tónlist frá 5.-6.bekk](#)

Undanfarið hefur 5. - 6. bekkur verið að æfa og taka upp lagið Heyja. Þau unnu með lagið í tengslum við nám um tónlist frumbyggja Norður-Ameríku. Í verkefninu var unnið með fjölröddun í söngnum og með fjölbreytt hljóðfæri í undirleik lagsins sem er allur spilaður af nemendum bekkjanna. ... [\[nánar \]](#)



25. apríl 2012

[Listadagar -dagskrá á Garðatorgi](#)

Í dag gengu allir nemendur í 1.-6.bekk í skúlgöngu að Garðatorgi á Listadaga hátíð. Þar voru samankomin börn úr leikskólum og grunnskólum bæjarins. Lúðrasveit Garðabæjar spilaði nokkur lög og krakkarnir sungu með. Síðan kom Góí og tók lagið með krökkunum og Ingó (Veðurguð) söng m.a. eurovisionlagið Stattu upp. ... [\[nánar \]](#)



24. apríl 2012

[Slæmur hárdagur](#)

Í dag er slæmur hárdagur hjá okkur í Sjálandsskóla. Þá koma allir ógreiddir eða með úfið hár. Það var gaman að sjá hversu fjölbreytt hárgreiðslan var hjá nemendum í morgunsöng í morgun eins og sjá má á myndasíðunni.... [\[nánar \]](#)



18. apríl 2012

[Starfsdagur á föstudag og listadagar í næstu viku](#)

Föstudaginn 21.apríl er starfsdagur í Sjálandsskóla. Listadagar verða haldnir í Garðabæ 19.-28.apríl. Við í Sjálandsskóla tökum að sjálfsögðu þátt í listadögum í næstu viku en síðustu daga hefur ýmislegt verið gert til að undirbúa listadagana. Á vef Garðabæjar má sjá nánari dagskrá listadaga en grunnskólar, leikskólar, Tónlistarskóli Garðabæjar og Fjölbrautarskólinn í Garðabæ taka m.a. þátt í listadögum. ... [\[nánar\]](#)



18. apríl 2012

[Bláfjöll í dásamlegu veðri](#)

Í gær fóru nemendur og starfsfólk Sjálandsskóla í vel heppnaða ferð í Bláfjöll. Veðrið lék við okkur allan daginn og þrátt fyrir langa bið hjá sumum í skíðaleigunni þá nutum við dagsins í sól og blíðu. Flestir fóru á skíði eða snjóbretti en aðrir voru á sleðum. Sumir voru að fara á skíði í fyrsta sinn og fengu þeir leiðsögn hjá kennurum skólans. 7.bekkur gisti í nótt í Bláfjöllum og kemur heim eftir hádegi í dag... [\[nánar\]](#)



16. apríl 2012

[Skíðaferð á morgun](#)

Á morgun, þriðjudag 17.apríl, verður farið í skíða- og vetrarferð í Bláfjöll. Nemendur eiga mæta stundvíslega kl.8.15 og rúturnar fara kl.8.30. Það er mjög mikilvægt að nemendur mæti á réttum tíma. Áætluð heimkoma er um kl.15.30. ... [\[nánar\]](#)



12. apríl 2012

[Undirbúningur listadaga](#)

Undirbúningur listadaga, sem haldnir verða í Garðabæ 19.-29.apríl, er hafin hjá okkur í Sjálandsskóla. Í dag voru nemendur í 1.-2. bekk að búa til alls konar listaverk úr bókum, t.d. bókabíl, lampa og bókavörðu. Næstu daga verður haldið áfram að búa til listaverk þar sem allir nemendur munu taka þátt. ... [\[nánar\]](#)



12. apríl 2012

[7. bekkur á kajak](#)

Það var líf og fjör í sundlauginni hjá 7. bekk í morgun þegar nemendur voru að æfa sig á kajak. Hrafnhildur sundkennari og Sígú kenndu þeim réttu tökinn við að fara í og úr kajaknum, velta sér og að róa.... [\[nánar\]](#)



10. apríl 2012

[Stærðfræðikeppni Fjölbrotaskólans í Garðabæ](#)

Þriðjudaginn 20. mars hélt Fjölbrotaskólinn í Garðabæ stærðfræðikeppni fyrir unglinga í Garðabæ og á Álftanesi. Alls tóku rúmlega 60 nemendur þátt í keppninni og þar af sex nemendur frá Sjálandsskóla. Tveir nemendur úr Sjálandsskóla lentu í verðlaunasæti. Keppt var í þremur flokkum 8., 9. og 10. bekk.... [\[nánar\]](#)



28. mars 2012

[Erlendir kennarar á útikennslunámskeiði í Sjálandsskóla](#)

Þessa viku hafa kennarar frá ýmsum Evrópulöndum verið í heimsókn hjá okkur í Sjálandsskóla. Þeir eru á útikennslunámskeiði á vegum endurmenntunarsjóðs Comeniusar og tóku okkar kennarar og nemendur þátt í að sýna þeim hvernig útikennsla í íslenskri veðráttu fer fram. ... [\[nánar\]](#)



28. mars 2012

[Myndir frá páskabingóinu](#)

Í gær stóð foreldrafélagið fyrir vel heppnu páskabingói í skólanum. Hægt var að kaupa pítsur og bingóspjöld og voru páskaegg í vinning. Myndir frá páskabingóinu má sjá á myndasíðunni... [\[nánar\]](#)



27. mars 2012

[Fjallganga á Úlfarsfell -3.-4.bekkur](#)

Krakkarnir í 3. 4.bekk létu ekki rok og rigningu á sig fá í gær. Þau gerðu sér lítið fyrir og gengu á Úlfarsfell í útikennslunni. Þau fóru með Strætó í Mosfellsbæinn og gengu þaðan upp á topp á Úlfarsfelli. Sannkallaðar hetjur þessir frábæru krakkar. ... [\[nánar\]](#)



23. mars 2012

[Ball hjá 4. og 5. bekk](#)

Haldið var kveðjuhóf fyrir þýsku krakkana og kennara þeirra á miðvikudaginn. Í því tilefni var dansað og borðaðar pylsur með öllu tilheyrandi ásamt nemendum 4. og 5. bekkjar í Sjálandsskóla. Krakkarnir skemmtu sér konunglega en hefðu verið tilbúin að eiga fleiri skemmtilegri stundir saman. ... [\[nánar\]](#)



22. mars 2012

[Skíðaferðinni frestað fram yfir páska](#)

Vegna veðurs hefur verið ákveðið að fresta skíðaferðinni í Bláfjöll fram yfir páska. Nógur snjór er í Bláfjöllum og því engin ástæða til að örvænta. Fylgist með fréttum á heimasíðunni. ... [\[nánar\]](#)



22. mars 2012

[Þýskir nemendur í heimsókn](#)

Í þessari viku hafa nokkrir þýskir nemendur, ásamt kennurum sínum, verið í heimsókn hjá okkur í Sjálandsskóla. Heimsóknin er í tengslum við Comeniusarverkefni sem skólinn tekur þátt í. Krakkarnir voru með kynningu á landinu sínu og síðan tóku þeir þátt í skólstarfinu með 5.-7.bekk. Krakkarnir koma frá bænum Gengenbach í Svartaskógi í Suður-Þýskalandi. ... [\[nánar\]](#)



20. mars 2012

[Skólahreysti í sjónvarpinu](#)

Í dag hefjast útsendingar á Skólahreysti á Rúv. Keppnin er sýnd næstu þriðjudaga en Sjálandsskóli tók þátt í keppninni og stóð sig með prýði. Þeir sem tóku þátt fyrir hönd skólans voru Adam Jarron, Ásdís Eva Diðriksdóttir, Bára Dís Böðvarsdóttir, Hilmar Matthiesen, Jón Helgi Steingrímsson og Kristín Helga Sigurðardóttir. ... [\[nánar\]](#)



19. mars 2012

[Veðurútlit ekki gott](#)

Veðurútlit er ekki mjög gott næstu daga fyrir vetrarferð í Bláfjöll. Besti dagur vikunnar virðist vera fimmtudagurinn en nánari ákvörðun um skíðaferð verður tekin þegar líða tekur á vikuna. Fylgist með fréttum á heimasíðunni.... [\[nánar\]](#)



15. mars 2012

[Líf og fjör í skíðabrekkunum á Dalvík](#)

Það er líf og fjör hjá krökkunum í unglingadeildinni sem fóru með félagsmiðstöðinni Herkúlez í skíðaferð til Dalvíkur á þriðjudaginn. Við fengum skemmtileg bréf frá þeim í gær og það er augljóst að krakkarnir okkar eru til fyrirmyndar og skemmta sér vel. Hægt er að sjá vefmyndavél frá skíðasvæðinu á vefnum www.skidalvik.is ... [\[nánar\]](#)



14. mars 2012

[Mannlíkaminn í 7.bekk](#)

Þessa dagana er 7.bekkur að læra um mannlíkamann og í dag fengu þau að skoða hjarta. Að vísu var ekki um mannshjarta að ræða heldur fengu þau lambahjörtu til að kryfja og skoða nánar. Á myndasíðunni má sjá hóp úr 7.bekk skera sundur og skoða hjörtu.... [\[nánar\]](#)



13. mars 2012

[Vetrarferð í Bláfjöll frestað](#)

Vegna slæmrar veðurspár hefur verið ákveðið að fresta vetrarferð í Bláfjöll sem fyrirhuguð var á morgun, miðvikudag 14.mars. Stefnt er að því að fara í næstu viku og verða nánari upplýsingar settar á heimsíðuna þegar nær dregur.... [\[nánar\]](#)



09. mars 2012

[Skíðaferðir í næstu viku](#)

Í næstu viku eru fyrirhugaðar tvær skíðaferðir, önnur hjá félagsmiðstöðinni Herkúlez í unglingadeild (13.-16.mars) og hin er árleg vetrarferð Sjálandsskóla (14.mars). Munum eftir skíðahjálminum!... [[nánar](#)]



07. mars 2012

[Skólakynningar á mánudaginn](#)

Kynningarfundur fyrir foreldra væntanlegra 1. og 8. bekkinga verður haldinn í skólanum mánudaginn 12. mars. Kynning fyrir yngra stig verður haldin kl. 17:00 og fyrir unglingadeild kl. 19.00 Að loknum kynningum verður gestum boðið að skoða skólann og tómsundaheimilið ... [[nánar](#)]



06. mars 2012

[Stóra upplestrarkeppnin](#)

Nemendur 7. bekkjar tóku þátt í undankeppni fyrir Stóru upplestrarkeppnina á þriðjudaginn 28. febrúar og gekk hún ljómandi vel fyrir sig. Hekla Mist Valgeirsdóttir og Thelma Sif Jónsdóttir voru valdar til að taka þátt í Stóru upplestrarkeppninni þann 15.mars.... [[nánar](#)]



02. mars 2012

[Aukasýningar á Hárið](#)

Vegna fjölda áskoranna þá verða tvær aukasýningar á Hárinu á mánudaginn kl. 18 og kl.20. Hægt er að panta miða í síma 590 3109 eða 617 1542 ... [[nánar](#)]



02. mars 2012

[Sjálansskóli í skólahreysti](#)

Í gær tók Sjálansskóli í fyrsta skipti þátt í Skólahreysti. Krakkarnir í unglingsdeild stóðu sig mjög vel enda voru þau með öflugt klapplið sem hvatti þau til sigurs. Nánari upplýsingar um Skólahreysti má sjá á vefsíðunni <http://www.skolahreysti.is/> ... [\[nánar\]](#)



28. febrúar 2012

[Hárið - frábær söngleikur](#)

Söngleikurinn Hárið sem félagsmiðstöðin Herkúles í Sjálansskóla sýnir hefur gengið mjög vel. Síðasta sýning verður í kvöld og á fimmtudag og föstudag verða sýnd atriði úr söngleiknum fyrir 7.bekkinga í Garðabæ og fyrir nemendur Sjálansskóla. ... [\[nánar\]](#)



24. febrúar 2012

[Söngleikurinn Hárið](#)

Unglingarnir í Sjálansskóla hafa unnið hörðum höndum að uppsetningu söngleiks. Verkið sem varð fyrir valinu er Hárið og verður frumsýnt um helgina. Sýningarnar verða fimm og eru á eftirfarandi tímum: ... [\[nánar\]](#)



22. febrúar 2012

Líf og fjör á öskudegi

Það var líf og fjör á öskudeginum í Sjúlandsskóla í dag. Nemendur og starfmenn mættu í alls konar búningum á öskudagshátíð skólans. Dagurinn hófst á morgunsöng að venju og síðan æfðu nemendur söng og skemmtiatriði. Sýndir voru dansar og allir komu svo út á gólfið og dönsuðu Fugladansinn og fleiri skemmtilega dansa. Að því loknu voru "búðir" opnar út um allan skóla þar sem nemendur gátu sungið og fengið nammi í staðinn.... [\[nánar\]](#)



20. febrúar 2012

Góðverk dagsins

Dagana 21.-25.febrúar verða Góðverkadagar haldnir um land allt undir yfirskriftinni "Góðverk dagsins". Við í Sjúlandsskóla töku að sjálfsgöðu þátt í verkefninu og munu nemendur leggja sig fram við að sýna hjálpssemi og náungakærleik þessa vikuna og gera góðverk á hverjum degi. Hægt er að skrá góðverkin á www.godverkin.is... [\[nánar\]](#)



10. febrúar 2012

Afríkubema hjá 3.-4.bekk

3.-4.bekkur hefur að undaförnu verið að vinna með Afríkubema þar sem nemendur hafa m.a. búið til hljóðfæri og sungið Afrísk lög. Í morgusöngungu þau og spiluðu tvö lög frá Afríku og héldu svo sýningu fyrir foreldra á því sem þau höfðu gert í tengslum við þemað. ... [\[nánar\]](#)



10. febrúar 2012

Skólahreysti í unglingsdeild

Fyrsta skólahreysti keppni Sjúlandsskóla var haldin miðvikudaginn 8. febrúar sl. Keppnin heppnaðist með eindæmum vel og voru um 20 krakkar sem tóku þátt. Þeir nemendur sem unnu sér þátttökurétt í aðalkeppninni eru: Hilmar (10.b.), Jón Helgi (10.b.), Adam (9.b.), Kristín Helga (9.b.), Bára Dís (8.b) og

Ásdís Eva (8.b.). Hægt er að lesa nánar um skólahreysti á vefsíðunni [http://www.skolahreysti.is/...](http://www.skolahreysti.is/) [[nánar](#)]



09. febrúar 2012

[Kardemommubærinn í 1.-2.bekk](#)

Í gær sýndi 1.-2.bekkur Kardemommubæinn fyrir foreldra. Nemendur hafa verið að æfa síðan í byrjun janúar og gekk sýningin ljómandi vel. Í morgun fengu svo aðrir nemendur Sjálandsskóla að sjá sýninguna í morgunsöng. Krakkarnir stóðu sig mjög vel, sungu og léku þetta vinsæla leikrit. ... [[nánar](#)]



08. febrúar 2012

[Listasýning á foreldraviðtalsdegi](#)

Í gær, þriðjudaginn 7. febrúar, á foreldraviðtalsdegi var haldin listasýning á verkum nemenda. Þar mátti sjá ýmis falleg listaverk sem nemendur í 1.-7.bekk hafa unnið í vetur í listgreinunum myndmennt, smíði og textíl. Á myndasíðunni má sjá sýnishorf af því sem var á listasýningunni. ... [[nánar](#)]



06. febrúar 2012

[Lífshlaupið](#)

Í síðustu viku hófst Lífshlaupið að fullum krafti hjá okkur í Sjálandsskóla. Nemendur og starfsmenn taka þátt í átakinu sem felst í því að hreyfa sig á hverjum degi næstu vikunnar. Á föstudaginn fóru allir í göngutúr á Arnarnesið eftir hádegi og á myndasíðunni má sjá myndir frá göngunni. ... [[nánar](#)]



01. febrúar 2012

[7.bekkur á Reykjum í Hrútafirði](#)

7. Bekkur er á Reykjum í Hrútafirði þessa vikuna og er ferðin búin að ganga ljómandi vel. Krakkarnir eru glaðir og jákvæðir og taka fullan þátt í dagskránni. Þau eru farin að kynna krökkunum úr hinum skólunum, Álftanesskóla og Síðuskóla á Akureyri og skemmta þau sér konunglega saman. Dagskráin er fjölbreytt og skemmtileg ... [\[nánar\]](#)



30. janúar 2012

[Blái hnötturinn - leiksýning 5.-7.bekkjara](#)

Í síðustu viku sýndi 5.-7.bekkur leikritið um Bláa hnöttinn við mikinn fögnuð áhorfenda. Á fimmtudag var sýning fyrir foreldra og mættu þar rúmlega 300 manns og meðal gesta var höfundur Bláa hnattarins, Andri Snær Magnason. Á föstudag voru haldnar tvær sýningar, fyrst fyrir nemendur Sjálandsskóla og síðan fyrir alla nemendur í 4.bekk í Garðabæ. ... [\[nánar\]](#)



26. janúar 2012

[Skákmót í unglingsdeild](#)

Í dag er íslenski skákdagurinn og verður hann haldinn ár hvert 26. janúar sem er afmælisdagur Friðriks Ólafssonar stórmeistara. Af því tilefni var haldið skákmót í unglingsdeild Sjálandsskóla. Þar kepptu um 40 unglingar. ... [\[nánar\]](#)



25. janúar 2012

[Fjör í snjónum](#)

Þó að snjórinn síðustu daga hafi kannski ekki kætt alla landsmenn þá voru börnin í Sjúlandsskóla ánægð með allan snjóinn og urðu margir snjókarlar til í frímínútunum í gær. Á myndasíðunni má sjá nokkrar myndir frá leikvellingum í Sjúlandsskóla þar sem nemendur léku sér í snjónum. Í dag er ekkert lát á snjókomunni og munu snjókörlunum sjálfsagt fjölga í dag. ... [\[nánar\]](#)



20. janúar 2012

[Heimsókn í Borgarleikhúsið](#)

Þessa vikuna hafa nemendur í 5.-7.bekk farið í nokkrum hópum og heimsótt Borgarleikhúsið, í tengslum við sýninguna um Bláa hnöttinn sem nemendur eru að vinna að. Þeir fengu að skoða búningageymsluna, leikmuni og fleira. Ennig fengur þeir að fræðast um það sem gerist baksviðs á leiksýningu. Á myndasíðunni má sjá myndir frá einni heimsókninni ... [\[nánar\]](#)



17. janúar 2012

[Náttfatadagur](#)

Í dag var Náttfatadagur í Sjúlandsskóla og komu nemendur og starfsfólk í náttfötum í skólann. Sumir mættu líka í náttslöpp eða með bangsana sína. Þetta var skemmtileg tilbreyting í skólstarfinu og á myndasíðunni má sjá myndir frá náttfatadeginum.... [\[nánar\]](#)



16. janúar 2012

[Jónsi í heimsókn hjá 5.-7.bekk](#)

Í dag heimsótti söngvarinn Jónsi nemendur í 5.-7.bekk. Hann fjallaði um söngleiki og leiksýningar og gaf nemendum góð ráð um hvernig maður kemur fram á sviði og hvað ber að varast. Tílefnið var

söngleikurinn um Bláa hnöttinn sem 5.-7.bekkur er að undirbúa þessa dagana. Lokasýningin verður haldin 26.janúar... [\[nánar \]](#)



09. janúar 2012

[Frístundabíll Garðabæjar](#)

Frístundabíll Garðabæjar verður áfram starfræktur á vorönn. Frístundabíllinn hefur það hlutverk að keyra börn frá tómstundaheimilum grunnskóla í þrótt- og tómstundastarf. Frístundabíllinn ekur alla virka daga kl. 14.30-17.00 Bíllinn fer eina ferð fram og til baka á hverjum 30 mínútum. Fyrsta ferð dagsins er frá Mýrinni kl. 14.30. ... [\[nánar \]](#)



09. janúar 2012

[Andri Snær Magnason rithöfundur í heimsókn](#)

Á föstudaginn kom Andri Snær Magnason rithöfundur í heimsókn í 5.-7.bekk og fjallaði um bók sína Blái hnötturinn. Tilefnið var að á næstu 3 vikum munu nemendur í 5.-7. bekk setja upp leiksýningu/söngleik um Bláa hnöttinn. Undibúningur mun taka mikinn tíma og hefur stundaskrá 5.-7.bekkjara verið breytt þannig að vinna við leiksýninguna mun fara fram alla daga í janúar þangað til sýningin hefst, en áætlað er að sýna í lok mánaðarins... [\[nánar \]](#)



05. janúar 2012

[Lög frá 8.bekk](#)

8. bekkur hefur nýlokið þemanu tónlist og 20. öldin. Í þemanu áttu nemendur að búa til hljómsveitir sem kynntu sér sérstaklega einn tónlistarstíl 20. aldarinnar. Hljómsveitirnar áttu svo að semja, æfa og taka upp lag í viðkomandi stíl... [\[nánar \]](#)



20. desember 2011

[Gleðileg jól!](#)

Í dag var haldin jólaskemmtun í Sjúlandsskóla og dansað í kringum jólatréð. Nemendur voru með skemmtiatriði í sal, kórinn söng og 5.bekkur sýndi helgileikinn. Þá voru haldin stofujól hjá hverjum hóp þar sem nemendur komu með smákökur og að lokum var dansað í kringum jólatréð. ... [\[nánar\]](#)



19. desember 2011

[Jólagleði 10.bekkar](#)

Þriðjudaginn 13. desember var jólagleði 10.bekkar, samstarfsverkefni Garðalundar og Sjúlandsskóla. Nemendur og kennarar gerðu sér glaðan dag með því að fara út að borða á veitingastaðinn Caruso og fara í bíó. Jólagleðin heppnaðist mjög vel og skemmtu allir sér konunglega... [\[nánar\]](#)



19. desember 2011

[Mugison í Sjúlandsskóla](#)

Í dag fengum við góðan gest í Sjúlandsskóla. Tónlistarmaðurinn Mugison kom með gítarinn og tók nokkur lög fyrir nemendur en tilefnið var að skólinn vann myndbandakeppni á degi íslenskrar tónlistar sem haldinn var 1. desember. ... [\[nánar\]](#)



16. desember 2011

[Jólaleikrit, kirkjuferð og jólamatur](#)

Í dag var jólalegt hjá okkur í Sjúlandsskóla. Í morgunsöng var 1.-2.bekkur með skemmtiatriði um jólasveinana. Síðan löbбуðu allir upp í Vídalínskirkju þar sem sungin voru nokkur lög, hlustað á jólaguðspjallið, jólasögu o.fl. og voru krakkarnir alveg til fyrirmyndar í kirkjuferðinni. Í hádeginu var jólamatur, hangikjöt og tilheyrandi meðlæti og ís í eftirrött. ... [\[nánar\]](#)



15. desember 2011

[Líf og fjör í Sjúlandsskóla og Alþjóðaskólanum](#)

Í dag var mikið um að vera í Sjúlandsskóla. Í morgunsöng spilaði Austin, 5 ára nemandi í Alþjóðaskólanum, á fiðluna sína og Þórdís í 7.bekk spilaði á selló. Eftir útvistina tóku allir nemendur Sjúlandsskóla og Alþjóðaskólans þátt í að búa til jólagjafir. Jólatónlist hljómaði um allan skóla og nemendur á öllum aldri hjálpuðust að við að búa til jólagjafir og jólapappír. Þar sem innihald jólapakkanna er algjört leyndarmál þá birtum við ekki myndir frá ... [\[nánar\]](#)



15. desember 2011

[Kórin með tónleika í dag](#)

Í dag, fimmtudag 15. desember, heldur kór Sjúlandsskóla tónleika í sal skólans kl.17.00. Við hvetjum alla til að koma og hlusta á þennan frábæra kór sem syngur undir stjórn og undirspil Ólafs Schram tónmenntakennara. Aðgangseyrir aðeins kr.300.... [\[nánar\]](#)



12. desember 2011

[Morgunsöngur í desember](#)

Síðustu morgna hefur verið mikið um að vera í morgunsöng. Á föstudaginn var foreldrakaffi þar sem margir foreldrar komu og áttu notalega morgunstud. Þá spiluðu 4 stúlkur úr 3.-4.bekk á hljóðfæri, þær Arna, Helena Ýr, Hrafnhildur Míng og Rakel. Í dag spilaði Bjarki Snær í 3.-4.bekk jólalag á

hljóðfærið sitt. Í síðustu viku var 3.-4.bekkur með leikritið um Línu langsokk og á föstudaginn verður 1.-2.bekkur með leiksýningu og þá er einnig foreldrakaffi. Mugison mun síðan kíkja í heimsókn til okkar næstu daga ... [\[nánar\]](#)



09. desember 2011

[Kór Sjálandsskóla á Garðatorgi á morgun](#)

Kór Sjálandsskóla mun syngja nokkur jólalög á Garðatorgi laugardaginn (10.des) klukkan 12:30. Við hvetjum alla til að koma og hlýða á þennan skemmtilega kór sem syngur undir stjórn Ólafs Schram tónlistarkennara. ... [\[nánar\]](#)



07. desember 2011

[Ævar vísindamaður heimsækir 3.-4.bekk](#)

Í dag fengu krakkarnir í 3. - 4.bekk til sín góða heimsókn frá Ævari vísindamanni en hann er jafnframt starfsmaður í fyrirtækinu Marel hér í Garðabæ. Ævar gaf sér góðan tíma með nemendum, sýndi þeim nokkrar tilraunir og spjallaði við þau og voru krakkarnir gríðarlega áhugasöm. Fyrirtækið Marel var svo rausnarlegt að gefa síðan öllum krökkunum Glósubók Ævars vísindamanns en í henni er að finna fjöldann allan af frábærum tilraunum ... [\[nánar\]](#)



05. desember 2011

[Syngjum saman - myndband](#)

Á degi íslenskrar tónlistar þann 1.desember tóku allir krakkar Sjálandsskóla, ásamt Alþjóðaskólanum og leikskólanum Sjálandi, þátt í fjöldasöng sem útvarpað var á öllum útvarpsstöðum samtímis. Söngurinn var tekinn upp á myndband sem skoða má á Youtube. ... [\[nánar\]](#)



05. desember 2011

[Leiklist í unglingsdeild](#)

Krakkar í áttunda, níunda og tíunda bekk hafa verið að hittast með leikstjóra einu sinni í viku í tvo mánuði. Þar hefur gengið á ýmsu svosem karaktersköpun, spunavinnu sem og alls kyns leikjum. Krakkarnir hafa staðið sig ofsalega vel og hópurinn stendur þétt saman. Núna eru allir komnir með hlutverk í hendurnar fyrir söngleik sem verður frumsýndur um miðjan febrúar. Að þessu sinni verður settur upp söngleikurinn "Hárið". ... [\[nánar \]](#)



01. desember 2011

[1. desember](#)

Í dag, 1. desember, var mikið um að vera í Sjálandsskóla. Það var rauður dagur þar sem allir mættu í einhverju rauðu. Í byrjun dags hittust allir á sal þar sem 8. bekkur fræddi okkur um 1. desember og um þemaverkefnið 1918 sem þau hafa verið að vinna með í haust. Klukkan ellefu komu svo allir aftur á sal og sungu saman þrjú íslensk lög í tilefni af degi íslenskrar tónlistar. Lögin voru spiluð á öllum útvarpsrásum landsmanna og sungu krakkarnir okkar með af fullum krafti.... [\[nánar \]](#)



01. desember 2011

[Foreldrakaffi á morgun](#)

Á morgun, föstudag 2. desember, er foreldrum boðið í kaffi í morgunsöng kl. 8.10 í boði foreldrafélagsins. Við hvetjum alla foreldra til að kíkja í morgunkaffi, eiga notalega stund og hitta aðra foreldra. Foreldrakaffið verður einnig næstu föstudagsmorgna 9. og 16. desember. ... [\[nánar \]](#)



30. nóvember 2011

[Rauður dagur á morgun](#)

Á morgun, 1. desember, verður rauður dagur hjá okkur í Sjúlandsskóla. Þá ætla allir að mæta í einhverju rauðu, rauðri peysu, rauðum buxum eða bara með rauða jólasveinahúfu. Á föstudaginn verður svo foreldrakaffi í morgunsöng. ... [\[nánar\]](#)



30. nóvember 2011

[9. bekkur heimsótti Lækjarskóla](#)

Í tilefni af Nýbúabæmanu í 9. bekk fórum við í heimsókn í Lækjarskóla (móttökudeild) og hittum þar nemendur og kennara og fengum að skoða aðstæður. Nemendur voru búnir að undirbúa kynningu fyrir okkur á íslensku um starf móttökudeildarinnar sem var mjög upplýsandi. Að auki tóku nemendur í 9. bekk viðtöl bæði við nokkra krakka úr móttökudeildinni ... [\[nánar\]](#)



28. nóvember 2011

[Jólaskreyttur skólinn](#)

Í morgun var kveikt á fyrsta aðventukertinu okkar í morgunsöng í Sjúlandsskóla. Þessa vikuna verður skólinn færður í jólabúning þar sem nemendur hengja upp jólaskraut og kveikt verður á jólaljósum víða um skólann. Í desember er alltaf nóg um að vera, kveikt verður á aðventukerti á hverjum mánudagsmorgni, ýmis atriðið frá nemendum verða í morgunsöng, jólaföndur, jólaskemmtun, kirkjuferð o.fl.... [\[nánar\]](#)



25. nóvember 2011

[Slökkviliðið heimsótti 3.-4.bekk](#)

Í dag kom slökkviliðið að heimsækja 3.bekk og fræddi nemendur um eldvarnir og viðbrögð við eldsvoða. Nemendur fengu síðan að skoða bæði sjúkra- og slökkviliðsbílinn. Myndir frá heimsókninni má sjá á myndasíðu 3.-4.bekkjar ... [\[nánar\]](#)



25. nóvember 2011

[Lög frá 7.bekk](#)

Nemendur í 7. bekk tóku nýlega upp lagið Manamana sem þekktast er í fluttningi prúðuleikaranna. Lagið var æft í tengslum við kennslu um swing taktinn og spuna æfingar. Nemendur völdu sér hljóðfæri sem þeir léku svo á í upptökunni en einnig eru tveir úr hverjum hópi sem spila sóló eða spuna um miðbik lagsins.... [\[nánar\]](#)



25. nóvember 2011

[1.-2.bekkur í safnaferð](#)

Í síðustu viku fóru krakkarnir í 1. Og 2.bekk í heimsókn á Hönnunarsafn Íslands og á Bókasafn Garðabæjar. Pamela De Sensi og Hjörtur Hjartarson tóku á móti krökkunum á Hönnunarsafninu og kenndu þeim að búa til margskonar hljóðfæri. Hljóðfærin verða geymd í skólanum og verða notuð á listadögum Garðabæjar sem verða síðar. Á bókasafninu tók Rósa bókasafnsfræðingur ... [\[nánar\]](#)



24. nóvember 2011

[Leiklistarhópur 5.-6.bekkjar](#)

Í morgun sýndi leiklistarhópur 5.-6.bekkjar leikrit um Óðinn og bræður hans. Þetta var annar hluti leikritsins, framhald af sýningu sem haldin var í október. Margrét Helgadóttir kennari í 5.-6.bekk hefur séð um leiklistarhópana í 5.-6.bekk og það er gaman að fylgjast með þessum skemmtilegu krökkum stíga á svið og láta ljós sitt skína. ... [\[nánar\]](#)



23. nóvember 2011

[Munum eftir endurskinsmerkjum](#)

Nú í svartasta skammdeginu er mikilvægt að öryggisbúnaður nemenda sé í lagi. Við viljum minna foreldra á að fara yfir endurskinsmerki á yfirhöfnum og töskum barna ykkar. Þeir nemendur sem eru á hjóli verða að vera með ljós á hjólinu. ... [\[nánar\]](#)



22. nóvember 2011

[Hattadagur í Sjálandsskóla](#)

Í Sjálandsskóla er ýmislegt gert til að brjóta upp skólastarfið. Tyllidaganefnd sér um að skipuleggja hinar ýmsu uppákomur og í dag var svokallaður hattadagur. Þá komu nemendur og starfsfólk með alls konar hatta og höfuðföt sem settu svip sinn á skólastarfið í dag. ... [\[nánar\]](#)



22. nóvember 2011

[3.-4. bekkur heimsækir Reykjanesbæ](#)

Í gær gerðu nemendur í 3. - 4.bekk sér glaðan dag í útikennslu og fóru með kennurum sínum í rútu til Reykjanesbæjar. Tilgangur ferðarinnar var að heimsækja Víkingaheima en nemendur hafa verið að lesa bókina Litlu landnemarnir í haust. Í leiðinni heimsóttu krakkarnir Skessuhelli og heilsuðu upp á skessuna sem býr þar. Nemendurnir voru stilltir og prúðir ... [\[nánar\]](#)



17. nóvember 2011

[Gleðidagur í lok vinaviku](#)

Vinavikan í síðustu viku endaði á miklum gleðidegi á föstudeginum 11.nóvember. Þá voru tilkynnt úrslit í ljóða- og sögukeppninni og vinalagið var frumflutt í morgunsöng. Einnig voru tilkynnt úrslit í ljósmyndakeppninni sem haldin var í tilefni vinavikunnar. Nemendur komu með veitingar á hlaðborð og allir voru í sparifötunum og skemmtu sér vel þennan mikla gleðidag. ... [\[nánar \]](#)



17. nóvember 2011

[Þjóðlegt á degi íslenskrar tungu](#)

Í tilefni af Degi íslenskrar tungu í gær var bryddað uppá ýmsu þjóðlegu í Sjálandsskóla. Starfsfólk mætti með íslenskar skotthúfur og sumir mættu í þjóðbúning. Íslenskir höfundar lásu upp úr verkum sínum, Gunnar Helgason las úr bók sinni Víti í Vestmannaeyjum. Í unglingsdeild var hefðbundið starf brotið upp, þar sem nemendur spiluðu borðspil sem reyndu á kunnáttu í íslensku... [\[nánar \]](#)



14. nóvember 2011

[Hljómsveitin Dikta í morgunsöng](#)

Á morgun, þriðjudaginn 15.nóvember, verður hljómsveitin Dikta í morgunsöng og mun spila fyrir nemendur.... [\[nánar \]](#)



10. nóvember 2011

[Sjálundsskóli fékk íslensku menntaverðlaunin](#)

Forseti Íslands afhenti í gærkvöldi, miðvikudaginn 9. nóvember 2011, Íslensku menntaverðlaunin fyrir árið 2011. Verðlaunin voru afhent við fjölmenna athöfn í Sjálundsskóla og hlaut skólinn verðlaun fyrir metnaðarfullt starf frá stofnum skólans. Við erum afar ánægð með þessa viðurkenningu og verður hún okkur hvatning til frekari uppbyggingar og nýsköpunar í framtíðinni... [\[nánar \]](#)



09. nóvember 2011

[Fyrirlestur um einelti](#)

Í dag fengu allir nemendur skólans fyrirlestur frá Jerico samtökunum um einelti. Elísabet Stefánsdóttir þolandi eineltis sagði frá reynslu sinni og ræddi um afleiðingar eineltis. Í síðustu viku fengu starfsmenn skólans sambærilegan fyrirlestur og annað kvöld (fimmtudag) verður haldinn fyrirlestur fyrir foreldra í sal skólans kl.20.00... [\[nánar \]](#)



08. nóvember 2011

[Kynningar hjá 7.bekk](#)

Nemendur 7. bekkjar unnu einstaklingsverkefni út frá áhugasviði sínu. Þeir völdu sjálfir umfjöllunarefnið, tóku viðtal við sérfræðing í tengslum við verkefnið. Þeir skrifuðu svo skýrslu og héldu að lokum fræðandi kynningar fyrir foreldra sína í skólanum. Kynningarnar voru mjög fjölbreyttar og vel undirbúnar og sömuleiðis afurðirnar sem nemendur skiluðu. ... [\[nánar \]](#)



07. nóvember 2011

[Vinavika í Sjálundsskóla](#)

Þessa vikuna er vinavika í Sjálundsskóla. Af því tilefni verður margt um að vera í skólanum og hófst dagurinn á því að fulltrúar frá Umboðsmanni barna komu og fræddu nemendur og fóru í leiki með elstu bekkjunum. Margir hafa sent inn myndir í ljósmyndakeppninni þar sem þemað var „vinir“ og verða myndirnar hengdar upp í vikunni. Úrslit í ljóða- og sögukeppninni verða kynnt í morgunsöng á

föstudaginn, en þá verður gleðidagur þar sem allir mæta þrúðbúnir með veitingar á hlaðborð. ... [[nánar](#)]



02. nóvember 2011

Tónlist frá 5.-6.bekk

5. og 6. bekkur hefur undanfarið verið að spila og syngja afríska lagið Nanuma. Nemendur lærðu nokkra takta sem svo var blandað saman til að fá almennilegan afrískan takt. Hver nemendi fékk svo að velja sér hljóðfæri sem hann lék á í upptöku lagsins. Að lokum sungu nemendur svo lagið í mörgum röddum yfir eigið undirspil ... [[nánar](#)]